6. Til jafnaðar við gjaldalið 2 .....	— 38600.00	
7. — — — — 4 .....	— 22500.16	
		Kr. 517685.25

### G j ö l d :

1. Útborgað af inneign .....	kr. 8378.84	
2. Lán veitt á árinu .....	— 38600.00	
3. Kostnaðarreikningur .....	— 2000.00	
4. Vaxtafgangur .....	— 22500.16	
5. Til jafnaðar við tekjulið 4, g .....	— 1072.46	
6. — — — — 5 .....	— 8994.14	
7. Eign í árslok 1939:		
a. Í lánum kirkna .....	kr. 220744.71	
b. — sparisjóði Landsbankans .....	— 77255.32	
c. Ríkisskuldabréf .....	— 90000.00	
d. Veðdeildarbréf .....	— 46500.00	
e. Kreppulánasjóðsbréf .....	— 530.00	
f. Skuldabréf Reykjavíkur .....	— 1000.00	
g. Í sjóði hjá gjaldkera .....	— 109.62	
		436139.65
		Kr. 517685.25

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 31. desember 1939.

Sigurgeir Sigurðsson.

1

## SKÝRSLA

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjusjóði Íslands árið 1939.

Kirkjur:	Eign í árs- lok 1938.	Lagt inn.	Tekið út.	Vextir á árinu.	Eign í árs- lok 1939.
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
<b>N.-Múlaprófastsdæmi:</b>					
1. Skeggjastaðakirkja ..	3390.13	»	»	135.60	3525.73
2. Hofteigskirkja .....	3207.54	»	»	128.30	3335.88
3. Kirkjubæjarkirkja ...	8466.54	»	»	338.66	8805.20
4. Hjaltastaðarkirkja ...	2121.93	»	»	84.87	2206.80
5. Eiðakirkja .....	866.45	»	»	34.65	901.10
6. Áskirkja í Fellum ...	6232.93	275.85	»	258.35	6767.13
7. Valþjófsstaðarkirkja .	2550.72	200.00	»	107.35	2858.07
8. Hofskirkja í V.f. ....	2172.94	»	»	86.95	2259.89
<b>S.-Múlaprófastsdæmi:</b>					
9. Vallaneskirkja .....	6.68	»	»	0.26	6.94
10. Þingmúlakirkja .....	1859.75	»	600.00	54.06	1313.81
11. Klippstaðarkirkja ....	775.87	»	80.00	31.03	726.90
12. Vestdalseyrarkirkja .	29.05	»	»	1.16	30.21
13. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45	»	»	»	2.45
14. Stöðvarkirkja .....	15.05	»	»	0.60	15.65
15. Neskirkja í Norðf. ....	8.75	»	»	0.35	9.10
16. Eydalakirkja .....	9411.45	»	»	376.45	9787.90
17. Hofskirkja í Álftaf. .	496.48	»	»	19.85	516.33
<b>A.-Skaftafellsprófastsdæmi:</b>					
18. Stafafellskirkja .....	2434.22	»	»	97.36	2531.58
19. Einholtskirkja .....	1.24	»	»	»	1.24
20. Kálfafellskirkja .....	60.98	»	»	2.43	63.41
21. Hofskirkja í Örafum	7728.92	120.00	»	313.95	8162.87
<b>V.-Skaftafellsprófastsdæmi:</b>					
22. Prestsbakkakirkja ...	5188.62	»	»	207.54	5396.16
23. Reyniskirkja .....	536.80	»	»	21.47	558.27
24. Grafarkirkja .....	2551.10	»	»	90.04	2341.14
25. Kálfafellsstaðark. ...	1391.37	»	»	55.65	1447.02
26. Skeiðflataarkirkja ....	581.79	»	500.00	14.94	96.72
27. Langholtskirkja .....	6133.57	»	»	245.34	6378.91
Flyt .....	67923.36	595.85	1180.00	2707.21	70046.42

Kirkjur:	Eign í árs- lok 1938.	Lagt inn.	Tekið út.	Vextir á árinu.	Eign í árs- lok 1939.
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Flutt ....	67923.36	595.85	1180.00	2707.21	70046.42
<b>Rangárvallaprófastsdæmi:</b>					
28. Stórolfshvolskirkja ..	73.99	4.00	»	3.07	81.06
29. Oddakirkja .....	59.34	»	»	2.37	61.71
30. Kálholtskirkja .....	89.74	»	»	3.59	93.33
31. Kr. sskirkja .....	1951.02	100.00	»	78.55	2129.57
32. Ásólfsskálakirkja ....	18.71	»	»	0.74	19.45
33. Eyvindarhólakirkja ..	4512.90	80.00	»	182.64	4775.54
34. Breiðabólstaðark. ....	24.98	»	»	1.00	25.98
35. Skarðskirkja .....	53.38	»	»	2.13	55.51
36. Landakirkja í Vestm.	16.63	»	»	0.66	17.29
<b>Árnessprófastsdæmi:</b>					
37. Mosfellskirkja í Grn. .	1384.15	»	»	55.36	1439.51
38. Þingvallakirkja .....	927.81	»	»	37.11	964.92
39. Strandarkirkja .....	163411.70	7054.85	1418.84	6564.02	175611.73
40. Gaulverjabæjark. ....	157.15	»	»	6.28	163.43
41. Haukadalskirkja ....	134.95	»	»	5.39	140.34
42. Hraungerðiskirkja ...	23.36	»	»	0.93	24.29
43. Stokkseyrarkirkja ...	2675.58	»	»	107.02	2782.60
44. Ólafsvallakirkja .....	254.12	»	»	9.16	263.28
45. Miðdalskirkja .....	8.09	»	»	0.32	8.41
46. Eyrarbyggjakirkja ...	99.20	21.05	»	4.38	124.63
47. Kotstrandarkirkja ...	37.12	»	»	1.48	38.60
<b>Kjalarnessprófastsdæmi:</b>					
48. Grindavíkurkirkja ...	868.35	»	»	34.73	903.08
49. Brautarholtskirkja ..	208.75	»	»	8.35	217.10
50. Reynivallakirkja .....	2548.67	»	»	101.94	2650.61
51. Lágafellskirkja .....	25.14	»	»	1.00	26.14
52. Njarðvíkurkirkja ....	48.57	»	»	1.94	50.51
53. Útskálakirkja .....	7.28	»	»	0.29	7.57
<b>Borgarfj. prófastsdæmi:</b>					
54. Saurbæjarkirkja .....	1786.65	»	»	71.46	1858.11
55. Hallgrímskirkja .....	22024.47	6368.51	»	1058.38	29451.36
56. Reykholtskirkja .....	3404.86	158.85	»	136.19	3699.90
57. Lundarkirkja .....	10.14	»	»	0.40	10.54
58. Bæjarkirkja .....	314.38	»	»	12.57	326.95
<b>Mýraprófastsdæmi:</b>					
59. Stafholtskirkja .....	10256.61	»	»	410.26	10666.87
Flyt ....	285341.15	14383.11	2598.84	11610.92	308736.34



1

Kirkjur:	Eign í árs- lok 1938.	Lagt inn.	Tekið út.	Vextir á árinu.	Eign í árs- lok 1939.
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Flutt ....	285341.15	14383.11	2598.84	11610.92	308736.34
60. Siðumúlakirkja .....	59.69	»	»	2.38	62.07
61. Hvammskirkja í Nd.	2435.13	»	»	97.40	2532.53
62. Borgarkirkja .....	2174.82	750.00	»	101.49	3026.31
<b>Snæfellsnessprófastsdæmi:</b>					
63. Breiðabólstaðark. ...	1672.97	»	»	66.91	1739.88
64. Narfeyrarkirkja. ....	700.14	»	»	28.00	728.14
65. Ytra-Rauðamelsk. ...	1169.02	»	500.00	61.76	730.78
66. Kolbeinsstaðakirkja.	4.84	»	»	»	4.84
<b>Dalaprófastsdæmi:</b>					
67. Stóra-Vatnshornsk. ...	20.17	»	»	0.80	20.97
68. Snóksdalskirkja .....	3885.73	»	»	155.43	4041.16
69. Hvammskirkja .....	29.17	»	»	1.16	30.33
<b>Barðastrandarpróf.dæmi:</b>					
70. Selárdalskirkja .....	62.07	»	»	2.48	64.55
71. Staðark. á R.nesi ...	250.69	400.00	»	18.02	668.71
72. Sauðlauksdalskirkja .	3754.40	»	»	149.17	3903.57
73. Flateyjarkirkja .....	30.42	»	»	1.21	31.63
74. Gufudalskirkja .....	680.88	95.95	»	27.55	804.38
75. Brjámslækjark. ....	16.05	»	»	0.64	16.69
76. Reykhólakirkja .....	»	1184.80	»	»	1184.80
<b>V.-Ísafjarðarprófastsdæmi:</b>					
77. Holtskirkja .....	643.56	»	»	25.74	669.30
78. Mýrakirkja .....	1047.83	»	»	41.91	1089.74
79. Sæbólakirkja .....	2.35	»	»	»	2.35
80. Staðark. í Súg.f. ....	89.96	»	»	3.60	93.56
81. Hraunskirkja .....	1940.90	»	»	77.63	2018.53
<b>N.-Ísafjarðarprófastsdæmi:</b>					
82. Ísafjarðarkirkja ....	»	4000.00	»	60.00	4060.00
<b>Strandaprófastsdæmi:</b>					
83. Staðark. í Stgrf. ....	4413.60	520.00	»	188.54	5122.14
84. Prestsbakkak. ....	2208.20	»	»	88.32	2296.52
85. Staðark. í Hrf. ....	1499.46	»	»	59.97	1559.43
86. Árnesskirkja .....	4921.32	»	550.00	194.69	4566.01
87. Óspakseyrark. ....	3304.14	»	3300.00	173.82	177.96
Flyt ....	322358.66	21333.86	6948.84	13239.54	349983.22

Kirkjur:	Eign í árs- lok 1938. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árs- lok 1939. Kr. au.
Flutt ....	322358.66	21333.86	6948.84	13239.54	349983.22
<b>Húnavatnsprófastsdæmi:</b>					
88. Staðarbakkakirkja ..	60.32	»	»	2.41	62.73
89. Melstaðarkirkja ....	4557.91	»	»	182.31	4740.22
90. Hofskirkja á Skg. ...	1438.62	50.00	»	59.21	1547.83
91. Bergsstaðakirkja ....	3.50	»	»	»	3.50
92. Höskuldsstaðak. ...	2033.55	»	»	81.34	2114.89
93. Efranúpskirkja .....	24.33	»	»	0.87	25.20
94. Spákonufellskirkja .	1.65	»	»	»	1.65
95. Blönduósskirkja ....	209.24	»	»	8.37	217.61
96. Tjarnarkirkja á Vn.	32.64	»	30.00	1.30	3.94
97. Auðkúlukirkja .....	1158.26	»	»	46.33	1204.59
<b>Skagafjarðarprófastsdæmi:</b>					
98. Sauðárkróskirkja .	2932.54	»	1400.00	93.96	1626.50
99. Rípurkirkja .....	10.34	»	»	0.41	10.75
100. Glaumbæjarkirkja ..	13.40	»	»	0.53	13.93
101. Mælifellskirkja .....	14.75	»	»	0.59	15.34
102. Barðskirkja .....	3886.68	78.45	»	157.02	4122.15
103. Hólakirkja .....	86.85	10.00	»	3.49	100.34
104. Goðdalakirkja .....	1002.10	»	»	40.08	1042.18
105. Miklabæjarkirkja ..	1558.08	»	»	62.32	1620.40
106. Flugumýrarkirkja ..	24.80	»	»	1.00	25.80
107. Ketukirkja .....	949.13	»	»	37.96	987.09
108. Viðvíkurkirkja .....	876.03	»	»	35.04	911.07
109. Hvammskirkja í L. .	490.29	»	»	19.61	509.90
110. Knappsstaðakirkja ..	423.79	»	»	16.95	440.74
<b>Eyjafjarðarprófastsdæmi:</b>					
111. Grimseyjarkirkja ...	28.13	»	»	1.12	29.25
112. Glæsibæjarkirkja ..	185.53	»	»	7.42	192.95
113. Kaupangskirkja ....	8.93	»	»	0.35	9.28
114. Saurbæjarkirkja ....	6470.49	»	»	258.82	6729.31
115. Munkaþverárkirkja .	12793.21	»	»	511.72	13304.93
116. Lögmannshlíðark. .	158.64	»	»	6.34	164.98
117. Bægisárkirkja .....	156.80	»	»	6.27	163.07
118. Vallakirkja .....	41.00	»	»	1.64	42.64
119. Tjarnarkirkja .....	3.50	10.00	»	0.10	13.60
120. Stærra-Árskógsk. ...	0.63	»	»	»	0.63
<b>S.-Þingeyjarprófastsdæmi:</b>					
121. Laufáskirkja .....	851.19	»	»	34.04	885.23
Flyt ....	364845.51	21482.31	8378.84	14918.46	392867.44

1

Kirkjur:	Eign í árs- lok 1938.	Lagt inn.	Tekið út.	Vextir á árinu.	Eign í árs- lok 1939.
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Flutt ....	364845.51	21482.31	8378.84	14918.46	392867.44
122. Hálskirkja .....	976.46	»	»	39.05	1015.51
123. Þóroddsstaðakirkja .	251.43	»	»	10.05	261.48
124. Skútustaðakirkja ...	65.37	»	»	2.61	67.98
125. Brettingsstaðak. ....	377.74	100.00	»	15.28	493.02
126. Illugastaðakirkja ...	13.75	»	»	0.55	14.30
127. Grenjaðarstaðark. ..	4415.40	»	»	176.61	4592.01
128. Þönglabakkakirkja .	2802.89	»	»	112.11	2915.00
129. Neskirkja í Aðaldal .	196.09	»	»	7.84	203.93
130. Grenivíkurkirkja ...	1720.27	»	»	68.81	1789.08
<b>N.-Þingeyjarprófastsdæmi:</b>					
131. Skinnastaðakirkja ..	3200.47	»	»	128.01	3328.48
132. Presthólakirkja ....	94.83	»	»	3.79	98.62
133. Ásmundarstaðak. ...	1.19	»	»	»	1.19
134. Svalbarðskirkja ....	5634.68	»	»	225.38	5860.06
135. Víðirhólskirkja ....	1.38	»	»	»	1.38
136. Sauðaneskirkja .....	125.01	»	»	5.00	130.01
Samtals	384722.47	21582.31	8378.84	15713.55	413639.49

ATHS.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni kr. 22500.16 bætt við ofangreinda upphæð kr. 413639.49, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 436139.65.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 31. desember 1939.

Sigurgeir Sigurðsson.

**Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins 2**  
**Eyjafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Grímsey. 29. febr.**

Með bréfi, dags. 4. júlí f. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Grímsey, ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Grímsey, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

Sandvíkurhraun að norðan, Borgarhöfði að sunnan og sýsluvegurinn að austan, að öðru leyti sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað, glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

**Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjóranna, um toll af reimhjólum. 3**

29. febr.

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir úrskurðað, að reimhjól skuli tollast undir nr. 32 í 72. kafla tollskrárinnar og bera því vörumagnstoll 2 aura af kg og 8% verðtoll.

**Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjóranna, um aðflutningsgjald 4**  
**af kassaefni. 1. marz**

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið, að aðflutningsgjöld af efni í kassa utan um fisk til útflutnings skuli innheimt svo sem um almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið meira en svo, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir. Tollurinn af kassaefninu verður því: Vörumagnstollur 10 aurar af 1 fet<sup>3</sup> og 8% verðtollur.

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskupsins, um skipt- 5**  
**ingum Borgarsóknar í Mýrprófastsdæmi í tvær sóknir. 13. marz**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og ályktun héraðsfundar Mýrprófastsdæmis, veitir ráðuneytið hér með, samkvæmt tillögum yðar, háeruverðugi herra, í bréfum dags. 22. nóv. f. á. og 12. f. m., og með skírskotun til laga nr. 45 16. nóvember 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess, að núverandi Borgarsókn í Mýrprófastsdæmi skiptist í tvær sóknir, Borgarsókn og Borgarnessókn frá síðustu áramótum að telja. Nái Borgarnessókn yfir Borgarneskaupþún og Bjarg, en Borgarsókn yfir aðra bæi Borgarsóknar.

Að öðru leyti eru sett þau ákvæði um skiptinguna:

1. Að Borgarnessókn hafi afnot af Borgarkirkju til kirkjulegra athafna, svo sem fermingu barna, jarðarfara, skirnar og hjónavígslu, þar til kirkja verður reist

- 5  
13. marz í Borgarnesi, enda leggi Borgarnessókn fram söngkrafta eins og þörf krefur við þessar athafnir.
2. Að afnot af kirkjugarði verði sameiginleg fyrst um sinn.
  3. Að um sjóð Borgarkirkju, eins og hann var um síðustu áramót, fari á þann hátt, sem samþykkt var á almennum safnaðarfundi fyrir Borgarsókn 14. janúar 1940. En kirkjugjöld gjaldenda, sem búsettir eru í Borgarnesi og á Bjargi, þau er féllu í gjalddaga 31. desember 1939, skulu innheimt af sóknarnefnd Borgarnessóknar.
- Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

6  
18. marz **Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um greiðslu innlands tollvörugjalds af svo kölluðum „Likörum“.**

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið að hinir svo kölluðu „Likörar“, sem gosdrykkjagerðir hér í bænum búa til og selja undir nöfnunum „Dom“ og „Kaloric“ o. fl., en drykkir þessir eru búnir til úr vatni, sykri, kjörnum og lit, skuli falla undir 8. lið, 4. kafla í 2. gr. laga nr. 60 30. des. 1939, og af þeim skuli greiða innlent tollvörugjald, 70 auro vörumagnsgjald fyrir hvern lítra.

7  
20. marz **Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, um skiptingu Geithellnahrepps í tvö sveitarfélög.**

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Geithellnahrepps og meðmælum sýslunefndar Suður-Múlasýslu, um skiptingu Geithellnahrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu skal skipt í tvö sveitarfélög, er nefnast Geithellnahreppur og Búlandshreppur. Búlandshreppur nær yfir jarðirnar Teigarhorn, Búlandsnes, Borgargarð, Háls með hjáleigum og Papey. Ennfremur heyra Berufjarðareyjar og Þvottáreyjar til Búlandshrepps. Hreppamörk Búlandshrepps eru að norðan landamerki jarðanna Teigarhorns og Urðarteigs, en að sunnan landamerki jarðanna Hamars og Háls.
2. Búlandshreppur leysir til sín hluta Geithellnahrepps í Kristfjórjörðunum Búlandsnesi og Borgargarði með því að greiða Geithellnahreppi 1100 — ellefu hundruð — krónur á ári í næstu 60 ár og fer fyrsta greiðsla fram árið 1940. Gjaldtagi er 1. desember ár hvert. Búlandshreppur fær einn öll umráð jarðanna og greiðir af þeim skatta og skyldur.
3. Barnaskólahúsið á Djúpavogi er séreign Búlandshrepps, svo og öll kennsluáhöld, er því fylgja, og snertir í engu skiptingu annara eigna.
4. Hlutdeild hvors hreppsins um sig, Geithellnahrepps og Búlandshrepps, í læknisbústaðnum á Djúpavogi verður þannig, að þann hluta læknisbústaðarins, sem núverandi Geithellnahreppur á, eignast Búlandshreppur að 60 hundruðustu hlutum, en Geithellnahreppur að 40 hundruðustu. Að sömu hlutföllum taka þeir að sér skuldir vegna læknisbústaðarins.
5. Öllum eignum öðrum en þeim, sem taldar eru í 2.—4. lið hér að framan, svo og öllum skuldum, sem ekki tilheyra sérstaklega barnaskólanum eða læknisbústaðnum skal skipt eftir vísitölum, 40% fyrir Geithellnahrepp og 60% fyrir Búlandshrepp.

6. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, sem 7  
kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Geithellnahrepp. Hreppsnefnd hvers 20. marz  
hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem  
heima eiga innan hvors hrepps um sig.

Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hvor hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu eigna og skulda. Um hver áramót skulu hreppsnefndir beggja hreppanna leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega.

Sá hreppanna, sem ekki hefir greitt til sameiginlegra styrkþega hlutfallslega upphæð sína af sameiginlegum framfærslukostnaði, skal þá greiða hinum hreppnum það, sem til vantar í hlutfallslega þátttöku í sameiginlegum framfærslukostnaði, sem er fyrir Geithellnahrepp 40% og fyrir Búlandshrepp 60%. Framlög hreppanna til elli- og örorkutrygginga móti framlagi annarsstaðar frá, sem ganga til sameiginlegra styrkþega, reiknast með kostnaði viðkomandi hreppa vegna kostnaðar við framfærslu sameiginlegra styrkþega.

7. Bækur þær, er hreppsfélagið á, skulu vera eign Búlandshrepps, en hreppsnefnd Geithellnahrepps skal eiga aðgang að þeim, þegar hún þarfnast.
8. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í Geithellnahreppi og 5 í Búlandshreppi.
9. Skiptingu eigna og skulda skal miða við 1. janúar 1940, en að öðru leyti skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa hafa lokið hreppaskiptum fyrir 15. apríl 1940. Verði ágreiningur út af skiptunum skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari aðgerðar og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gerð á hinum forna Geithellnahreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Sigurðar- 8**  
dóttur, Kristbjargar Marteinsdóttur og Sigríðar Hallgrímsdóttur, útgefin á venju- 2. jan.  
legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 2. janúar 1940.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Guðrúnar Sigurðardóttur frá Halldórsstöðum, Kristbjargar Marteinsdóttur frá Yztafelli og Sigríðar Hallgrímsdóttur frá Landamóti.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðrúnar Sigurðardóttur, Kristbjargar Marteinsdóttur og Sigríðar Hallgrímsdóttur.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1938 af samtíðar- og samstarfskonum hinna látnu kvenna, í Ljósavatns- og Þóroddsstaðarsóknnum, til minningar og þakkætis fyrir vel unnin störf þeirra, í þágu sveitarfélagsins.

Stofnfé sjóðsins 31. desember 1938, nam krónum 375.50 — þrjú hundruð sjötíu og fimm krónur 50/100 —. En síðan hefir sparissjóður Kinnunga, á 50 ára afmæli sínu 1939, gefið til sjóðstofnunarinnar 2000 krónur, er hann greiðir með 500 kr. á ári í næstu 4 ár.

8  
2. jan.

Tilgangur sjóðsins er:

Að veita hjálp fólki, á hvaða aldri sem er, sem verður fyrir slysum eða veikindum, enda njóti það ekki slysabóta eða annarar slíkrar hjálpar úr opinberum sjóðum á sama tíma. Við úthlutun styrks úr sjóðnum koma þessar ástæður aðallega til greina: Læknisvitjanir og læknisaðgerðir, lyfjakaup, sjúkrahússvist, langvarandi veikindi í heimahúsum og vinnutjón.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Vextir af innstæðufé hans, minningargjafir eftir dána menn og aðrar gjafir, áheiti, ágóði af samkomum og hvað annað, er einstakir menn eða fé-lög vilja af hendi láta til styrktar sjóðnum.

5. gr.

Sjóðurinn er sameign allra hreppsbúa í Ljósavatnshreppi aðeins, en hagnýta má fé sjóðsins eftir því sem skipulagsskrá þessi ákveður. Starfssvið sjóðsins er Ljósavatnshreppur og auk þess Úlfsbær, Arndísarstaðir, Hlíðarendi og Hvarf í Bárðdælahreppi og Ingjaldsstaðir í Reykdælahreppi, þó þannig, að því er snertir nefnda bæi, að þeir sem nú búa þar, börn þeirra og barnabörn, njóti styrks af sjóðnum, meðan þeir eiga lögheimili á tédum bæjum. En þegar þeir hverfa þaðan hurtu, hverfur og jafnframt réttur þessara bæja til styrks úr sjóðnum og verður þá starfssvið þessa minningarsjóðs aðeins Ljósavatnshreppur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu tveir þeirra kosnir sinn af hvorri kvenfélagsdeild í Ljósavatns- og Þóroddsstaðasóknum, en hinn þriðji sé kosinn af aðalfundi Sparisjóðs Kinnunga. Hætti kvenfélagsdeildirnar störfum, önnur eða báðar, flyzt kosningarrétturinn yfir til þeirra kvenna, 18 ára og eldri, sem búsettar eru í Ljósavatnshreppi. Skal þess jafnan gætt, að syðri og nyðri hlutar hreppsins eigi sinn fulltrúann hvor í stjórninni. Hætti sparisjóðurinn störfum, kýs hreppsnefnd Ljósavatnshrepps einn mann í stjórnina í stað sparisjóðsins.

Stjórnarkosning gildir til fjöggra ára í senn, og fara kosningar fram á sama ári og hreppsnefndarkosningar.

Stjórn sjóðsins vinnur kauplaust.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ræður úthlutun styrktarfjár samkvæmt 3. gr. Hún heldur gerðabók. Í hana skal færa allar fundargerðir sjóðstjórnar, ársreikninga sjóðsins, úthlutun styrktarfjár, hverjum sé veitt og hve mikið. Sömu leiðis skal þess getið, ef sjóðnum hefir hlotnast fé á árinu, frá hverjum og hve mikið það sé, og sé um minningargjöf að ræða, eftir látinn mann, þá að geta þess nákvæmlega.

Stjórnin gætir hugsmuna sjóðsins í einu og öllu. Og við úthlutun styrktarfjár skal þess jafnan gætt að full þörf viðtakanda standi á bak við hverja styrkveitingu, og að fátækari maður sitji jafnan fyrir þeim sem efnaðri er.

8. gr.

Þeir, sem óska styrks af sjóðnum, skulu í nóvembermánuði ár hvert senda stjórninni beiðni þar um. Þó má stjórnin veita styrk samkvæmt skipulagsskránni, án þess að umsókn hafi borizt, ef hún álitur þess fulla þörf.

Stjórn sjóðsins tekur fullnaðarákvörðun um allar styrkbeiðnir, er henni hafa borizt, í desembermánuði ár hvert.

Nú er eitthvert ár engum styrk úthlutað úr sjóðnum, eða aðeins einhverjum hluta af þeirri fjárhæð, sem heimilt er að veita, og skal þá þegar svo stendur á, það fé, sem eigi er úthlutað, leggjast við höfuðstól sjóðsins.

## 9. gr.

8

Vextir af innstæðufé sjóðsins, svo og allar aðrar tekjur, er honum kunna að berast, skulu leggjast við höfuðstól, þar til ársvextir sjóðsins nema 400 — fjögur hundruð — krónum, en úr því má árlega úthluta  $\frac{3}{4}$  vaxtanna samkvæmt þessari skipulagsskrá, en  $\frac{1}{4}$  vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 10. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Kinnunga. En hætti hann störfum skal fé þessa minningarsjóðs ávaxtað í Söfnunarsjóði Íslands, eða í annari tryggri peningastofnun.

## 11. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef til þess er álitin brýn nauðsyn. Þó skal aldrei breyta 1. gr. skipulagsskrárinnar og þess gætt, að öllu leyti, að sjóðurinn starfi sem nánast í samræmi við sinn upphaflega tilgang.

## 12. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ljósavatinshreppi, 18. desember 1939.

Kara Arngrímsdóttir.

Klara Guðlaugsdóttir.

Baldvin Baldvinsson.

## REGLUGERÐ

9

### um hundahald í Vestmannaeyjum.

10. jan.

## 1. gr.

Í Vestmannaeyjum má enginn hafa hund nema að hann hafi til þess leyfi bæjarstjórnar. Bæjarstjórn veitir leyfi því aðeins að umsækjandi hafi meðmæli lög-reglustjóra og sanni að um þarfahund sé að ræða.

## 2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100—1000 kr. og er hver hundur réttdræpur, sem fyrirfinnst í lögsagnarumdæminu, ef ekki er fengin heimild fyrir honum.

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8 4. júní 1924 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. janúar 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*



10  
25. jan.

## AUGLÝSING

### um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 1. febrúar þ. á. allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 5% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 13. nóvember 1939, um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. janúar 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

11  
29. jan.

## REGLUGERÐ

### fyrir rafveitu Eyrarbakka.

#### A. Stjórn og rekstur.

##### 1. gr.

#### Markmið rafveitunnar og orkuveitusvæði.

Rafveita Eyrarbakka er einkafyrirtæki, sem vinnur raforku, veitir henni um Eyrarbakkahepp, innan þess svæðis, sem raftaugar veitunnar ná nú yfir, og selur hana til ljósa og til annarar notkunar eftir því sem afl véla hennar nægir, enda trúfli sú notkun ekki góðan rekstur rafveitunnar til ljósa.

Rafveitan hefir einkarétt til sölu raforku á orkuveitusvæði sínu eftir samningi við hreppsnefnd Eyrarbakkahepps.

##### 2. gr.

#### Rafveitustjóri.

Framkvæmdastjórn rafveitunnar sé í höndum rafveitustjóra, og hafi hann lög-gildingunni rafmagnseftirlits ríkisins fyrir lágspennuveitur. — Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu rafveitunnar og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana, sér um viðhald, eftirlit og lagningu á raftaugum, raflögnum húsa og á öðrum útbún-aði. Hann ber ábyrgð á vandvirkni og hæfni starfsmanna sinna.

##### 3. gr.

#### Rafvirkjun.

Rafveitan hefir ein rétt til þess að leggja raftaugar utanhúss og innan, innan þess svæðis, sem raftaugar hennar ná yfir. — Skal hún hafa í þjónustu sinni til þess lög-gilta rafvirkja, er annist um og beri ábyrgð á vandaðri vinnu. Henni er skylt að gæta þess jafnan, að rafvirkjaverk, hvort heldur er um að ræða lagningu nýrra raflagna eða breytingar eða viðgerðir á eldri lögnum, dragist ekki og taki sem skemmstan tíma.

Rafveitunni er skylt að hafa jafnan nægar birgðir af nauðsynlegum varahlutum

til véla og línukerfis rafveitunnar, svo og af raflagningarefni, ljóskúlum, vartöppum og öðrum rafföngum til húsveitna.

11  
29. jan.

## B. Söluskilmálar.

### 4. gr.

#### Sala raforku.

Rafveita Eyrarbakka selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem raftaugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og í gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem tvítauga rakstraumur með 220 volta málsþennu.

### 5. gr.

#### Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, skal senda rafveitunni tilkynningu um það og skal hann skuldbinda sig til þess að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni.

### 6. gr.

#### Umsókn um heimtaug.

Hver, sem óskar eftir heimtaug eða breytingu á heimtaug að húsi sínu, skal senda rafveitunni tilkynningu um það. Heimtaugar teljast til raftaugakerfis rafveitunnar og eru eign hennar. Hún leggur þær á sinn kostnað og sér um viðhald þeirra notendum að kostnaðarlausu. Séu heimtaugar lengri en 40 m beinustu leið frá aðalveitu, getur rafveitan krafði eiganda þess húss, sem taugarnar verða lagðar til, um greiðslu á efniskostnaði þess hluta, sem er fram yfir 40 metra, en rafveitan lætur vinna verkið á sinn kostnað.

### 7. gr.

#### Umsókn um húsveitu.

Hver, sem óskar að fá raflögn í hús sitt, skal senda rafveitunni tilkynningu um það, og veita henni þær upplýsingar, sem hún telur sig þurfa, til þess að geta látið vinna verkið.

Sé um breytingar eða viðbætur við lögn að ræða, skal það tilkynnt eins og fyrir nýja lögn.

Rafveitan lætur síðan vinna verkið svo fljótt sem því verður við komið, eða eftir samkomulagi við húseigendur (sbr. 3. gr.).

### 8. gr.

#### Tenging húsveitu.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð um raforkuvirki og reglum rafmagnseftirlits ríkisins um raflagnir. — Nú hefir hús verið raflagt, breytt eða aukið við eldri lögn, og má þá ekki taka húsveituna til afnota, fyrr en rafveitustjóri hefir skoðað hana, reynt, að hún fullnægi settum kröfum rafmagnseftirlitsins um prófraunir, og að öðru leyti framkvæmt tengingu á veitunni, samkvæmt reglum rafmagnseftirlitsins.

## 9. gr.

**Eftirlit með húsveitum og tækjum.**

Rafveitustjóra er skylt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, rafföngum og tækjum og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til þess að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Notendur rafmagns skulu sjá um, að húsveitur og tæki séu ávallt í sem beztu lagi, og tafarlaust skýra rafveitustjóra frá því, ef þeir verða varir við bilun eða eitthvað það sem aflaga fer.

Rafveitustjóra, eða starfsmönnum hans, er heimilt að banna að nota gömul rafköng eða tæki, sem að þeirra dómi eru gölluð, ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er á húsveitu af rafveitunni eða rafmagnseftirliti ríkisins, að galli er á veitu eða tækjum og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til að láta gera við gallana á sinn kostnað. — Vilji eigandi ekki bæta úr, getur rafveitustjóri rofið samband við notandann eða gert ráðstörfun til að hindra notkun tækisins, þar til aðgerð á því, sem áfátt var, hefir farið fram.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefir samkvæmt reglugerð þessari, eða virði að vettugi fyrirskipanir rafveitustjóra, er rafveitunni heimilt að rjúfa samband hans við raftaugakerfi veitunnar fyrst um sinn, og að fullu með samþykki hreppsnefndar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir.

## 10. gr.

**Mælitæki.**

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, sem rafveitan leggur til. Mælarnir eru eign rafveitunnar, og leigir hún þá fyrir ákveðið gjald. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælis fyrir hverja húsveitu, svo og stað fyrir hann og um tengingu.

## 11. gr.

**Skemmdir á virkjum.**

Enginn má án leyfis rafveitunnar taka rafmagn úr taugakerfi hennar, né aðhafast neitt það, sem valdið getur skemmdum á raftaugum, vélum eða öðrum tækjum sem notuð eru í rafveitunni eða í sambandi við raftaugakerfi hennar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða allar skaðabætur, og sæta að auki sektum samkv. 13. gr.

## 12. gr.

**Stöðvanir á rekstri. Reksturstruflanir.**

Starfrækja skal rafveituna allan sólarhringinn allt árið um kring. Aflvélar rafveitunnar má aðeins stöðva þann tíma sem raforkunotkun er svo lítil, að rafgeymar veitunnar geta fullnægt orkuþörfinni. — Verði truflanir á rekstri vegna bilana eða aðgerða á vélum eða raftaugum veitunnar, skal rafveitustjóri sjá um, að viðgerðir hefjist þegar í stað og sé reglulegum rekstri komið á eins fljótt og auðið er.

Óhjákvæmileg stöðvun á rekstri eða truflun vegna bilunar eða aðgerðar hefir ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni. Stöðvun á rekstri skal tilkynna rafmagnsnotendum fyrirfram, ef unnt er.

**C. Almenn ákvæði.**

11

29. jan.

13. gr.

**Brot á reglugerð.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Vanræki rafveitan skyldur þær, sem á henni hvíla samkvæmt reglugerð þessari, skal leyfishafi sæta sektum, og ef miklar sakir eru, missa leyfi það, sem hann nú hefir til sölu raforku og til rafvirkjunar innan Eyrarbakkahepps.

Sektir renna í rikissjóð.

14. gr.

**Málsókn.**

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 1932, um raforkuvirki, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 10 11. febrúar 1921 um meðferð og notkun rafmagns á Eyrarbakka.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**G J A L D S K R Á**

12

29. jan.

**fyrir rafveitu Eyrarbakka.**

1. gr.

- Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og með því verði, sem hér segir:
- a. Öll raforka skal seld um mæli á 1 kr. hver kilóvattstund til ljósa og útvarpsviðtækja, en á 40 aura hver kilóvattstund til iðnaðar.
  - b. Mælar, sem eru eign rafveitunnar, eru leigðir rafmagnsnotendum, og greiði þeir í leigu af hverjum mæli 80 aura fyrir hvern mánuð.

2. gr.

Gjöld fyrir raforkuna og leiga af mælum greiðist eftir á, þegar eftir hvern álestur. Ef gjöld eru eigi greidd áður en mánuður er liðinn frá gjalddaga, er rafveitunni heimilt að rjúfa samband notandans við rafveituna eftir skriflega aðvörun.

3. gr.

Ef verðhækkun verður á olíum eða öðru, sem rafveitan þarf til daglegs reksturs síns, er hreppsnefndinni heimilt að hækka gjaldið fyrir raforkuna sem svarar hækkun vinnslukostnaðarins, þó ekki yfir 25%, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

4. gr.

Gjöldin fyrir raforku og leigu straummæla má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

12

29. jan.

5. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbakka frá 18. október 1933.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 1932, um raforkuvirki, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*

13

31. jan.

## G J A L D S K R Á

fyrir talsímanotendur utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

### A. Uppsetningargjald.

1. Fyrir hvert talfæri .....	kr. 50.00
2. — aukabjöllu .....	— 15.00
3. — tengilkvísil .....	— 20.00

Ofan nefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar, að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem vegna nýrra staura, nýs skiptiborðs eða ef rúmleysi er á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin í hvert skipti.

### B. Árlegt afnotagjald.

#### I. Stöðvar, sem hafa færri en 150 notendur.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri .....	kr. 80.00
2. — 1 línu með 2 talfærum í sama húsi .....	— 140.00
3. — hvert talfæri fram yfir 2 í sama húsi .....	— 50.00
4. — 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum .....	— 150.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður)	
5. — vanalega aukabjöllu í sambandi við talfæri .....	— 16.00
6. — stóra aukabjöllu í sambandi við talfæri .....	— 20.00
7. — aukaheyrnartól .....	— 12.00
8. — tengilkvísil .....	— 20.00

#### II. Stöðvar, sem hafa 150 notendur eða fleiri.

	Stöðin opin:		Allan sólarhringinn
	kl. 8—21	kl. 8—24	
1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri .....	80.00	90.00	100.00
2. — 1 lína með 2 talfærum í sama húsi ....	140.00	155.00	170.00
3. — hvert talfæri fram yfir 2 í sama húsi	50.00	55.00	60.00
4. — 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum ....	150.00	165.00	180.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður)			
5. — aukabjöllur, aukaheyrnartól og tengilkvísil eru gjöldin hin sömu og við stöðvar með færri en 150 notendum (sjá B I, 5.—8. lið).			

Gjöld þau, sem talin eru í 2., 3. og 4. lið undir B I og B II gilda því aðeins 13  
að sami maður eða sama firma hafi öll áhöldin.

31. jan.

Á 2. og 3. flokks stöðvum, þar sem notenda símafjöldinn er undir 10, færast símaafnotagjaldið ofan í kr. 50.00 á ári fyrir 1 línu með 1 talfæri og kr. 90.00 fyrir 1 línu með 2 talfærum í sama húsi og kr. 100.00 fyrir 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum (ef leyft verður).

Ofan nefnd gjöld í 1.—4. lið undir B I og B II hækka um 40% hjá alls konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá þeim mönnum, sem að áliti símastjóra nota símann mikið.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt símasamband er að ræða, greiðist í fyrsta sinn tiltölulegt gjald fyrir þann hluta ársfjórðungsins, sem eftir er, til næsta gjalddaga á eftir og telst þá partur úr mánuði sem heill mánuður.

### C. Gjald fyrir flutning á talsímatækjum.

1. Milli húsa fyrir hvert talfæri .....	kr. 35.00
(Flutningsgjald borgast að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í)	
2. Innanhúss, milli herbergja .....	— 15.00
3. — í sama herbergi .....	— 10.00
4. — fyrir aukabjöllu .....	— 10.00

Ofan nefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar, að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem vegna nýrra staura, nýs skiptiborðs eða ef rúmleysi er á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin í hvert skipti.

### D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús, þar sem sími er fyrir, eða taki við síma af öðrum manni án breytinga, skal hann greiða viðtökugjald kr. 35.00.

### E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhalð á einkalínu, sem stendur í sambandi við lands-símastöð, skal greiða tengigjald, kr. 10.00 árlega.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. október 1905, um ritsíma og talsíma o. fl., til að öðlast gildi 1. apríl næstkomandi og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 31. janúar 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Guðmundur Hlíðdal.*

14 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrkveitingasjóð Jóns Halldórssonar, 21. febr. húsgagnasmiðs, útgefin á venjulegan hátt 21. febrúar 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrkveitingasjóð Jóns Halldórssonar húsgagnasmiðameistara.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóni Halldórssyni húsgagnasmiðameistara árið 1938, til minningar um 30 ára starfsemi hans sem kennara við Iðnskólann í Reykjavík.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru 939 eintök af Ævisögu iðnaðarmanns, eftir C. C. Hornung, í þýðingu eftir Sigurð Skúlason magister, ásamt útgáfurétti, þar af 776 eintök heft, 139 eintök í shirtingsbandi og 24 eintök í skinnbandi. Er nemendum Iðnskólans falin sala bókana undir eftirliti stjórnar sjóðsins.

### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en þegar vaxtatekjur hans eru orðnar 150 krónur á ári má verja  $\frac{2}{3}$  af vöxtunum til þess að styrkja iðnnema eða iðnsveina til framhaldsnáms í Iðnskóla Reykjavíkur. Öðrum tekjum sjóðsins, svo sem gjöfum, áheitum, tillögum o. fl., má verja á sama hátt, en  $\frac{1}{3}$  vaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstól sjóðsins.

### 4. gr.

Þeir einir, sem lokið hafa burtfararprófi úr Iðnskóla Reykjavíkur og stunda framhaldsnám í dagskóla hans, geta notið styrks úr sjóðnum samkv. 3. gr. Skal styrkur til hvers ekki lægri en það, að samsvari skólagjaldi dagskólans.

### 5. gr.

Á meðan ekki er starfræktur neinn dagskóli við Iðnskólann í Reykjavík, leggjast allar árstekjur sjóðsins við höfuðstól hans.

### 6. gr.

Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík ásamt dómkirkjupresti Reykjavíkur stjórnar sjóðnum. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum.

### 7. gr.

Fé því, sem sjóðstjórnin ákveður að úthluta árlega samkvæmt 3. gr., skal úthluta 1. des. ár hvert.

### 8. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Peningum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem sjóðstjórnin telur tryggilegan.

### 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og á sama tíma og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

## 10. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvarðanir sínar um úthlutun úr sjóðnum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir.

14

21. febr.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta, nema til samrýmingar löggjöf, er kynni að koma í bág við ákvæði hennar.

## 12. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

## S A M Þ Y K K T

15

11. jan.

um breytingu á samþykkt nr. 63 8. júní 1937, um breytingu á samþykkt nr. 44 16. maí 1934, um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

## 1. gr.

1. Á eftir 10. tölulið 1. gr. samþykktarinnar komi nýr liður, töluliður 11, er orðist svo:  
11. Vesturvegur: Frá Miðvegi norðvestan Ketu um bæina Keldudal og Hróarsdal, að Kárastöðum.
2. 15. töluliður 1. gr. orðist þannig:  
Unadalsvegur frá Þjóðveginum vestan við Hof um Árhóla að Bjarnastöðum í Unadal.

## 2. gr.

Töluliðirnir 11—20 í 1. gr. samþykktarinnar breytist samkvæmt þessu og verði 12.—21. töluliður.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. janúar 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. janúar 1940.*

Ólafur Thors.

*Páll Pálmason.*

## A U G L Ý S I N G

16

16. febr.

um bann gegn leikföngum úr blýi.

Samkvæmt heimild í 6. tölulið 6. greinar laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (sbr. 8. tölulið 3. greinar sömu laga) er hér með bannað að framleiða, flytja inn, hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt afhenda hverskonar leikföng úr blýi eða efnum, sem innihalda blý eða önnur hættuleg efni, sem máluð eru eða lituð með þess háttar efnum.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. febrúar 1940.*

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

*Ragnar Bjarkan.*



17

19. febr.

## AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lög-  
reglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 80 17. des. 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1899, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um  
lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um  
breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað:

1. gr.

20. gr. lögreglusamþykktarinnar orðist svo:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt  
eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru  
á almannaferi. Börn yngri en 14 ára mega ekki vera á almannaferi seinna en kl. 9  
á kvöldin á tímabilinu 1. sept. til 14. maí, og ekki seinna en kl. 11 frá 15. maí til  
31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Bannað getur lögreglustjóri börnum, sem ekki ganga þar til vinnu eða eiga  
erindi, að vera á bryggjum bæjarins.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

18

19. febr.

## ARÐSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga.

Arður af veiði á félagssvæðinu er talinn í 1000 einingum, og kemur í hlut  
hverrar jarðar sú einingatala, sem hér segir:

Stóri-Ós .....	184 einingar.
Saurar .....	34 —
Ytri-Reykir .....	33 —
Syðri-Reykir .....	33 —
Torfustaðir, neðri bær .....	18 —
Torfustaðir, efri bær .....	9 —
Urriðaá .....	3,5 —
Bjarg .....	58 —
Bjargshóll .....	9 —
Uppsaliir .....	9,5 —
Litli-Bakki .....	7 —
Barkarstaðir og Sel .....	22 —
Skárastaðir .....	8,5 —
Núpsdalstunga .....	40 —
Efri-Núpur .....	15,5 —

Þverá .....	4 einingar.	18
Fosskot .....	4 —	19. febr.
Neðri-Núpur, syðri .....	3 —	
Neðri-Núpur, ytri .....	12,5 —	
Torfustaðir fremri .....	5 —	
Haugur .....	8 —	
Litli-Hvammur .....	8,5 —	
Litla-Tunga .....	78 —	
Litla-Þverá .....	2 —	
Skeggjastaðir .....	2 —	
Dalgeirsstaðir .....	2 —	
Húkur .....	2 —	
Kollufoss .....	2,5 —	
Huppahlíð .....	11 —	
Brekkulækur .....	161 —	
Króksstaðir .....	53 —	
Staðarbakki .....	46,5 —	
Melstaður .....	50 —	
Barð .....	50 —	
Sandar .....	11 —	

Samtals 1000 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1939.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. febrúar 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

### um framkvæmd jarðræktarlaga.

19

20. febr.

Samkvæmt jarðræktarlögum nr. 101 23. júní 1936 og lögum nr. 25 13. júní 1937, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

#### I. KAFLI

##### Um stjórn ræktunarmála.

###### 1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

###### 2. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt jarðræktarlögum, og hefir umsjón með árlegu viðhaldi þeirra mannvirkja.

## II. KAFLI

## Um styrki til jarðræktar og húsabóta.

## 3. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 14. gr.):

I. a.	Þvaggryfjur, alsteyptar .....	kr. 8.50 m <sup>3</sup>
b.	Safnþrær, steypar með járnpaki .....	— 5.00 —
c.	Áburðarhús, alsteypt .....	— 7.00 —
d.	Áburðarhús, steyp með járnpaki .....	— 5.00 —
e.	Áburðarhús og safnþrær úr öðru efni .....	— 1.50 —
f.	Haugstæði, steyp með steypu undirlagi og 1 m veggjum .....	— 3.00 m <sup>2</sup>
II. a.	Skurðir, dýpt 1 m og grynri .....	— 1.20 10 m <sup>3</sup>
b.	Skurðir, dýpt 1 m til 1,3 m .....	— 1.50 — —
c.	Skurðir, dýpt yfir 1,3 m .....	— 2.00 — —
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m og dýpri .....	— 1.70 10 m
e.	Viðarræsi, dýpt 1,1 m og dýpri .....	— 1.20 — —
f.	Hnausræsi, dýpt 1,1 m og dýpri .....	— 0.70 — —
g.	Pípuræsi, dýpt 1,1 m og dýpri .....	— 2.00 — —
III. a.	Þaksléttur í nýrækt .....	— 1.60 100 m <sup>2</sup>
b.	Græðisléttur í nýrækt .....	— 1.40 — —
c.	Sáðsléttur í nýrækt .....	— 2.50 — —
d.	Þaksléttur í túni .....	— 1.40 — —
e.	Græðisléttur í túni .....	— 1.25 — —
f.	Sáðsléttur í túni .....	— 2.00 — —
g.	Matjurtagarðar og sáðreitir, ræktaðir úr óræktuðu landi eða þýfðu túni .....	— 1.80 — —
h.	Grjótnám úr sáðreitum og túni, aldrei yfir 50 m <sup>3</sup> á býli árlega .....	— 1.00 m <sup>3</sup>
IV.	Girðingar um tún og sáðreiti, sem að vörn og varanleik jafngildir minnst 5 strengja gaddavirgirdingu .....	— 2.00 10 m
V. a.	Þurrheyshlöður, steypar með járnpaki .....	— 1.00 m <sup>3</sup>
b.	Þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnpaki .....	— 0.50 —
c.	Votheyshlöður, steypar með járnpaki .....	— 2.50 —

Þar, sem salerni er ekki á bæ, skal engan styrk veita til áburðarhirðingar, fyrr en úr því er bætt.

Styrkur til hlöðubygginga og áburðarhúsa greiðist ekki nema hlöðurnar og áburðarhúsin séu mæld til styrks það ár, sem verkinu er lokið.

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyshlöðu en að rúmmál hennar sé minnst 50 m<sup>3</sup>.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúabvag á býlinu.

## 4. gr.

Auk þeirra skilyrða, sem sett eru í 5.—13. gr. þessarar reglugerðar, fyrir því að mannvirki þau, sem talin eru í 3. gr., séu styrkhæf, verða þau að fullnægja ákvæðum handbókar trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands, er félagið setur með samþykki landbúnaðarráðherra.

## 5. gr.

a. **Alsteyptar safngryfjur:** Gryfjan og leiðslan til gryfjunnar skal vera lagarheld og með vatnslás. Ennfremur sé flór í fjósi, sem þvaggryfja er við, steypur. Afrennslislok gryfjunnar sé lukt með þéttu loki.

- b. **Safnþrær steyptar með járnþaki:** Auk þeirra skilyrða, sem felast í a-lið, skal 19 þak gryfjunnar þakið torfi. 20. febr.
- c. **Áburðarhús alsteypt eða steypt með járnþaki:** Veggir og gólf skal vera lagarhelt og tryggt að umbúnaður dyra sé þannig, að eigi komist rigningar- eða aðrennslisvatn í áburðinn. Nú eru gerðar steyptar áburðarþrær undir grindum í fjárhúsum, og reiknast þá styrkur á rými þeirra eins og fyrir lið I. d. samkvæmt 3. gr.
- d. **Áburðarhús og safnþrær úr öðru efni:** Þar með talin áburðarhús og safnþrær úr hlöðnu efni, steinlíndu grjóti eða torfi. Safnþrær úr slíku efni verða því aðeins styrktar, að þær séu lagarheldar og byggðar á lagarheldum grunni.
- e. **Haugstæði** má því aðeins meta styrkhæf að grunnflötur þeirra sé steyptur (eða hellulagður, steinlíndur og múrhúðaður) og steyptir veggir séu að minnsta kosti einn metri á hæð og tryggt að vatn geti ekki komizt í haugstæðið.

#### 6. gr.

- a. Opna framræsluskurði og lokræsi, sem gerð eru á landi, sem nota á til túnræktar, matjurtaræktar eða akuryrkju, má taka út til styrks, ef þeir eða þau fullnægja eftirgreindum skilyrðum:
1. Opnir affallsskurðir skulu vera svo djúpir, að tryggt sé að opnir viðtökuskurðir og lokræsi, sem að þeim liggja, nái þeirri dýpt að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, að ræktunarsvæðið verði fullþurrkað, og sé þá höfð hliðsjón af því, hvort nota á landið til matjurtaræktar eða almennrar grasræktar.
  2. Opnir viðtökuskurðir, sem lokræsi liggja út í, skulu að minnsta kosti vera 1,3 m að dýpt til þess að vera úttektarhæfir.
  3. Opnir þurrkskurðir 1 m að dýpt eða meira og sem að öðru leyti upp fylla skilyrði þau er handbók ákveður. — Þó er heimilt að veita styrk á grynri skurði, þar sem botnlag þeirra er vatnsleiðandi (möl, sandur eða hraun).
  4. Lokræsi má því aðeins meta styrkhæf, að dýpt þeirra sé að minnsta kosti 1,1 metri.

Til grjótræsa teljast öll ræsi, sem gerð eru úr grjóti, annaðhvort sem lokuð steinrenna eða malarræsi.

Til víðarræsa teljast þau ræsi, sem gerð eru úr ókurluðum skógarvíði eða hrisi. Grjótræsi og víðarræsi metast því aðeins styrkhæf, að þau hvili á þéttu botnlagi.

Hnausræsi teljast þau ræsi, þar sem botnrennu ræsisins er lokað með grasrótartorfi, og metast því aðeins úttektarhæf að trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telji jarðvegin hæfan til slíkrar ræsagerðar.

Til pípuræsa teljast þau ræsi, sem gerð eru af brenndum leirpípum, sementspípum, trépípum eða öðrum pípum sem eru þannig gerðar, að vatnið frá jarðveginum leiðist inn í pípunar hindrunarlaust á eigi lengra millibili en 30 cm.

#### 7. gr.

Skilyrði til þess að ræktun sé úttektarhæf eru:

1. Að landið sé girt fjárheldri girðingu og friðað gegn ágangi búfjár.
2. Að þurrkun landsins sé að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands svo fullkomin, að landið geti gefið fulla eftirtekju, enda sé tekið tillit til þess hvort landið á að nota til garðræktar eða akuryrkju og grasræktar.
3. Að jarðvinnslan sé framkvæmd á þann hátt, að landið sé unnið hæfilega djúpt og það vel, að sléttun þess verði varanleg og að landið sé véltækt.

19

20. febr.

## 8. gr.

Þaksléttur í nýrækt er heimilt að taka út til styrkgreiðslu, þegar að fullu hefir verið gengið frá vinnslu þeirra, jöfnun og þakningu, enda hafi þær fengið þann áburð, er að dómi trúnaðarmanns er nauðsynlegur.

Græðisléttur í nýrækt teljast fullgerðar til úttektar, þegar gengið hefir verið frá vinnslu landsins, jöfnun og völtun, enda sé tryggt að dómi trúnaðarmanns, að gróðurfar og jarðvegur á landi því, sem til ræktunar er tekið, sé hæft fyrir þessa ræktunaraðferð, og landið hafi fengið þann áburð sem nauðsynlegur er svo að um varanlega túnræktun verði að ræða.

Sáðsléttur í nýrækt teljast fullgerðar og úttektarhæfar þegar landið er fullunnið, jafnað, áborið, sáð í það grasfræi og valtað, enda sé tryggt að frágangur allur sé góður og sáðmagn nægilegt að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

Um sléttun á tünnum gilda sömu ákvæði að því er snertir vinnslu og frágang allan.

## 9. gr.

Matjurtagarða er heimilt að taka út sem fullgerða þegar fullnægt hefir verið ákvæðum 7. gr. þessarar reglugerðar, lið 1 og 2, enda sé vinnslu landsins að fullu lokið, að dómi trúnaðarmanns.

Sáðreitir ræktaðir úr óræktuðu landi eða þýfðu túni, telst ræktunarland það, sem er notað til grænifóðurræktar, kornyrkju eða til ræktunar fóðurjurta. Úttektarhæft er það, ef það fullnægir skilyrðum 1. og 2. lið 7. gr. og ef landið er fullunnið að dómi trúnaðarmanns, og í það hafi verið sáð fræi af nytjajurtum.

## 10. gr.

Til þess að úttekt fari fram á grjótnámi úr sáðreitum og túni, skal grjótinu þannig saman hlaðið, að rúmmál þess sé mælanlegt. Hafi grjótið verið flutt burtu af landinu áður en mæling fór fram, eða grafið niður, skal hlutaðeigandi sanna fyrir trúnaðarmanni með vottorði þess, er burt flutti, eða annars trúverðugs manns, hve margir bílar eða vagnhlöss hafi verið flutt burt, eða komið fyrir á annan hátt.

Nú hefir grjótið verið notað til garðahleðslu í girðingar um ræktað land og greiddur styrkur á girðinguna, og er þá eigi heimilt að reikna styrk á grjótnámið sérstaklega.

## 11. gr.

Girðingar má því aðeins meta styrkhæfar, að þær séu úr nýju efni, um ræktað land, tún, akra eða matjurtagarða. Enga girðingu má taka út fyrr en ræktunarland það, sem girðing á að friða, er algirt. Girðingar, sem styrks njóta, skulu vera fjárheldar, og verða þær að vörn og varanleik, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, að svara til 5 strengja gaddavirsgirðingar, sem er 1 m á hæð, strengd á stólpa, sem eigi eru með meira en 6 metra millibili, og sé fimmti hver máttarstólpi, og sé það djúpt festur í jörð, að hann nái niður fyrir klaka, nema þeir séu festir í klappir eða steina, sem eigi geta haggast.

Nú er innan girðingar meira af landi en ræktað er, eða ræktað verður, og skal þá trúnaðarmaður meta hve langa girðingu þyrfti um ræktaða landið, og er heimilt að reikna þann hluta af heildargirðingu styrkhæfan, ef girðingin að öðru leyti fullnægir settum skilyrðum.

## 12. gr.

Purrheyshlöður eru styrkhæfar, ef fullnægt er þessum skilyrðum:

1. Steyptar hlöður með járnþaki: Hlöðurnar skulu vera alsteyptar að veggjum og byggðar á tryggum og vatnsheldum grunni. Nú er hætta á, að dómi trúnaðarmanns, að grunnur leiði vatn til hlöðunnar og verður hún þá því aðeins metin styrkhæf, að vatn sé ræst frá grunninum og steypt gólf í hlöðuna.

2. Þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnþaki, eru styrkhæfar, ef þær að dómi trúnaðarmanns eru þannig að gerð og frágangi, að þær séu örugg heygeymsla. Votheyshlöður er heimilt að meta styrkhæfar, ef þær að veggjum og botni eru alsteyptar og járnþak er á gryfjunni. Heimilt er þó að veita styrk á votheysgryfju, sem fullnægir þessum skilyrðum, þótt hún sé undir sameiginlegu þaki annars húss.

Nú eru veggir að hlöðum steyptir að nokkru leyti og er þá heimilt að veita styrk samkvæmt 3. gr. V. a. í þessari reglugerð, á þann hluta hlöðunnar, sem steypur er, þó því aðeins að helmingur hlöðunnar að minnsta kosti sé steypur og veggir steyptir frá grunni.

### 13. gr.

Nú er þeim jarðræktar- eða byggingarframkvæmdum breytt, er styrks njóta samkvæmt jarðræktarlögum, á þann hátt, að við breytinguna koma þær í hærri styrktarflokk, og skal þá taka verkið út að nýju og greiða hækkunina.

### 14. gr.

Styrkur sá, er 9. gr. jarðræktarlaga ákveður, er háður þeim breytingum:

- að vegna býlis, sem fengið hefir samtals minna en 1000 króna styrk greiðist 20% hærri styrkur, en greinin tiltekur;
- að vegna býlis, sem fengið hefir samtals 4000—5000 króna styrk greiðist 20% minna fyrir hvert verk, en í greininni segir;
- að vegna býlis, sem fengið hefir yfir 5000 króna styrk greiðist enginn styrkur;
- vegna býlis, sem fengið hefir 1000—4000 króna styrk greiðist styrkur samkvæmt ákvæðum 9. gr. jarðræktarlaga.

Takmarkanir þær, er að framan getur, viðvíkjandi styrkgreiðslum til býla, skerða að engu leyti rétt nýbýla þeirra, er um getur í 11. gr. 2. og 4. málsgrein jarðræktarlaga. Frádráttur reiknast heldur ekki af jarðabótastyrk þeirra búna, er bæjarfélög reka, og starfrækt eru vegna þess, að ókleift er sakir erfiðleika og dýrleika að flytja nauðsynlega neyzlumjólki til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Býli telst í þessu sambandi jörð, sem er í sjálfstæðri ábúð, samkvæmt skilgreining ábúðarlaga nr. 87 19. júní 1933, I. kafla 1. gr. Nú eru tveir eða fleiri ábúendur á jörð, sem skráð hefir verið í fasteignamati sem eitt býli, og er þá trúnaðarmanni skylt við úttekt jarðabóta á jörðinni, að fá skilríki hjá hlutaðeigandi sýslumanni um, hve mikinn hluta jarðarinnar hver ábúandi hefir til ábúðar. Skilríki þessi fylgi jarðabótaskýrslum til Búnaðarfélags Íslands, er metur gildi þeirra. Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skilríkin bera það með sér, að ekki sé um löglega ábúð að ræða, og skal þá ekki taka tillit til slíkrar ábúðar við útreikning á styrk til jarðarinnar.

### 15. gr.

Hækkun á styrk samkvæmt a-lið 14. gr. þessarar reglugerðar reiknast af heildarstyrk að frádregnum hundraðshlutum hlutaðeigandi hrepps-búnaðarfélags og reiknast þessi hækkun þar til styrkur samkv. 9. gr. jarðræktarlaga, að viðbætti uppbótinni hefir náð 1000 krónum.

Lækkun samkvæmt b-lið 14. gr. reiknast frá því að útborgaðar hafa verið á býli 4000 krónur og reiknast lækkunin af heildarstyrk að frádregnum hundraðshlutum hlutaðeigandi hrepps-búnaðarfélags, og miðast heildarhámarkið, 5000 kr., við styrk útborgaðan til býlisins.

### 16. gr.

Skyllt er trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands að tilkynna félaginu, ef jörðum í umdæmum þeirra er skipt í fleiri býli, eða tvö eða fleiri býli eru sameinuð í

19 ábúð eins manns. Skýrslur trúnaðarmanna skulu ætíð bera með sér hverjir séu á-  
20. febr. búendur jarðanna.

17. gr.

Hámarksstyrkur til hvers býlis, samkvæmt ákvæðum 13. gr. jarðræktarlaga, til byggingar safngryfja, haughúsa, svo og til hlöðubygginga ásamt votheysgryfjum, svo og árlegur hámarksstyrkur fyrir ræktun, reiknast að meðtöldum hundraðshlutum hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélags.

18. gr.

Nú vinnur ábúandi á jörð, sem er rikiseign (þjóðjörð eða kirkjujörð), af sér jarðarafgjald með jarðabótum, sem styrktar eru samkvæmt 9. gr. jarðræktarlaga, og reiknast þær þeim til afgangsgreiðslu helmingi hærra en nemur þeim styrk, er þeim bæri ella eftir 9. gr., og reiknast hvorki á hann 20% lækkun né hækkun, en aðeins skal telja helming þeirrar upphæðar ár hvert, sem til afgangsgreiðslu fer, sem styrk veittan býlinu. Þessi styrkfjárhæð að viðlögðum þeim styrk, er ábúandi kann að njóta samkvæmt 9. og 11. gr. jarðræktarlaga, reiknast sem styrkur veittur býlinu þar til komnar eru 5000 krónur. Úr því fellur heimild ábúanda niður til að vinna af sér jarðarafgjald með jarðabótum.

### III. KAFLI

#### Um félagsræktun.

19. gr.

Félög, sem samkvæmt samþykktum sínum eru að undirbúa land til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkvæmt ákvæðum 9. gr. jarðræktarlaganna. Þegar byggt hefir verið yfir fólk og fénað á þeim löndum fá félagsmenn viðbótarstyrk eftir töluna býlanna, ef um sérstæð nýbýli er að ræða. Sé aftur á móti að ræða um félagsrekstur reiknast viðbótarstyrkurinn, og hámark, eftir því hve mörg heimili eru þátttakendur í samvinnubyggðinni.

20. gr.

Jarðræktarfélag, sem ekki geta heyrt undir ákvæði 19. og 20. gr. jarðræktarlaga, skulu njóta styrks samkvæmt 9. gr., ef Búnaðarfélag Íslands mælir með, enda gerir það tillögur í því efni til landbúnaðarráðherra, en hann úrskurðar hvort styrkur skuli veittur. Skilyrði til þess að jarðabætur slíkra félaga séu styrkhæfar eru, að tryggt sé að ræktun sé við haldið og að afrakstur þeirra sé hagnýttur í þágu búrekstrar.

21. gr.

Félög, sem gert er ráð fyrir að njóti styrks samkvæmt ákvæðum 19. og 20. gr. jarðræktarlaga, skulu senda Búnaðarfélagi Íslands samþykktir sínar, og getur félagið skipað fyrir um breytingar á þeim, að því er snertir ráðstöfun ræktunarlandsins og viðhaldi ræktunarmannvirkjanna.

### IV. KAFLI

#### Um verkfærakaupasjóð.

22. gr.

Af árlegu tillagi rikissjóðs til Verkfærakaupasjóðs óskiptu, skal ákveðið nauðsynlegt fé til greiðslu kostnaðar við starfrækslu sjóðsins. Tillag úr rikissjóði, að fráreginni þeirri fjárhæð sem þarf til þessara útgjalda, skiptist milli hreppabúnaðar-

félaga að  $\frac{2}{3}$  hlutum eftir tölu jarðabótamanna og að  $\frac{1}{3}$  hluta eftir tölu félaga í búa- 19  
aðarfélögunum. Sú upphæð, sem hvert hrepps búnaðarfélag fær samkvæmt því, skal 20. febr.  
vera séreign þess.

### 23. gr.

Skylt er stjórnnum búnaðarsambandanna, fyrir janúarlok ár hvert, að tilkynna Búnaðarfélagi Íslands tölu félaga í hreppabúnaðarfélagunum hverri í sínu umdæmi, og sé miðað við félagatöluna eins og hún er við áramót næst á undan. Er þessi félagatala lögð til grundvallar við útreikning á hlutdeild hvers félags í sjóðnum það ár.

### 24. gr.

Fé Verkfærakaupasjóðs skal varið til að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélagum, til að eignast vélar og verkfæri til jarðræktar, heyvinnu og heimilisnota.

### 25. gr.

Heimilt er að styrkja menn til að kaupa vélar þær og verkfæri, sem nefnd eru hér á eftir:

1. Hestaverkfæri til jarðyrkju og verkfæri vegna garðyrkju og kornræktar:
  - a. Plóga, hankmoherfi, diskaherfi, fjaðraherfi, rótherfi, rúlluherfi, tindaherfi eða önnur herfi, sem að dómi verkfæranefndar eru jafngild nefndum herfum.
  - b. Hestarekur, valtajár, valtamót, valta, áburðardreifara fyrir búpeningsáburð í föstu formi, lagaráburð og tilbúinn áburð, svo og forardælur.
  - c. Sáðvélar, kartöflulagningavélar, hreykiplóga, fjölyrkja, kornskurðarvélar, kartöfluaðgreiningarvélar, þreskivélar með hreinsiáhöldum og kartöfluuppökuvélar.
  - d. Steingálga, þúfnaskera og dælur til að dreifa vökva og dufti á kartöflur.
2. Heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar, múgavélar og heybindingsvélar.

Heimilt er að styrkur nemi allt að helmingi af kaupverði framangreindra véla og áhalda.

3. Tóvinnuvélar, handspunavélar, kembangarvélar til heimilisnota, þrjónavélar og vefstóla, með tilheyrandi áhöldum.
4. Dráttarvélar með tilheyrandi verkfærum, minni skurðgröfur og lokræsaplóga fyrir dráttarvélar.

Heimilt er að styrkur nemi allt að  $\frac{1}{3}$  af kaupverði verkfæra, sem talin eru undir 3. og 4. lið, þó veitist styrkur því aðeins á skurðgröfur og lokræsaplóga, að fyrir liggji yfirlýsing verkfæranefndar um notagildi þessara verkfæra.

Styrksfjárhæð miðast við það kaupverð, sem Búnaðarfélag Íslands getur útvegað verkfærin fyrir. Aldrei skal styrkur fara yfir 400 krónur til sama manns.

### 26. gr.

Styrkur til dráttarvéla og skurðgrafa veitist aðeins búnaðarfélagum, einu eða fleirum í félagi. Til þess að búnaðarfélag fái styrk til verkfærakaupa, þarf samþykki almenns fundar í hlutaðeigandi búnaðarfélagi eða -félögum um kaupin, enda starfræki félagið áhöldin og selji þau ekki til einstakra manna eða félaga, nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

### 27. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem innfærir þær ásamt álitinu í gerðabók félagsins, og sendir þær svo ásamt umsögn sinni til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.



19

20. febr.

Styrkur veitist því aðeins á önnur verkfæri en þau, sem Búnaðarfélag Íslands útvegar, að stjórn þess búnaðarfélags, sem mælir með styrkumsókn, leggi með umsókninni eftirgreind skilríki:

1. Samrit af dagsettum reikningi, er tilgreini tegund vélar eða verkfæris og verð hennar, undirrituðum af seljanda.
2. Yfirlýsing stjórnar búnaðarfélagsins um að verkfærið sé keypt nýtt og ónotað og að ekki hafi verið veittur styrkur til kaupa á því áður.

Nú hefir eigi á því ári, sem verkfæri er keypt, verið unnt að veita umbeðinn styrk, er hlotið hefir meðmæli stjórnar hlutaðeigandi hrepps-búnaðarfélags og er þá heimilt að veita þann styrk síðar, enda endurnýi styrkbeiðandi umsókn sína og stjórn hrepps-búnaðarfélagsins meðmæli sín.

29. gr.

Nú er fé fyrir hendi í verkfærakaupasjóði, og er þá Búnaðarfélagi Íslands heimilt að lána þeim búnaðarfélögum, er hafa sérstaklega þörf fyrir fé til verkfærakaupa. Upphæð lánsins má nema allt að tveggja síðustu ára tillagi til hlutaðeigandi búnaðarfélags úr sjóðnum. Lánin eru vaxtalaus, en skulu að fullu endurgreidd á næstu tveimur árum.

## V. KAFLI

### Um Vélasjóð.

30. gr.

Ríkið kaupi, starfræki og geri tilraunir með vélknúðar jarðræktarvélar og skurðgröfur, sem ætla má að hæfi hérlendum staðhátum.

31. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um kaup á vélum þeim, sem um getur í 30. gr., og framkvæmir rannsóknir á nothæfi þeirra fyrir íslenska staðhætti. Kostnaður sá, sem af þessum kaupum og rannsóknum leiðir, greiðist úr Vélasjóði.

32. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi vörzlu og starfrækslu Vélasjóðs, innan þeirra takmarka, sem ákveðin eru með reglugerð þessari.

33. gr.

Starfsemi sjóðsins er tvískipt. Heimilt er að verja allt að  $\frac{2}{3}$  af stofnfé hans til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins, en  $\frac{1}{3}$  hluta af stofnfé hans er heimilt að verja til kaupa og til greiðslu kostnaðar við tilraunir þær, sem 30. gr. gerir ráð fyrir, innan þeirra takmarkana, sem felast í reglugerð þessari.

34. gr.

Lán úr Vélasjóði er heimilt að veita hrepps-búnaðarfélögum eða jarðræktarfélögum, sem stofnuð eru samkvæmt ákvæðum III. kafla jarðræktarlaga, 19. og 20. gr., til kaupa á dráttarvélum með jarðvinnsluverkferum. Lán til einstakra manna veitist því aðeins að tryggt sé að vélin, sem lán er veitt til að kaupa ásamt verkferum, sé notuð til jarðvinnslu vegna ræktunar.

## 35. gr.

19

Tryggingar fyrir lánnum þeim, er um getur í 34. gr., skulu jafnan vera I. veðréttur í vél og verkfærum, ásamt sjálfskuldarábyrgð stjórnar þess félags, sem lánið tekur, eða aðrar þær tryggingar, sem Búnaðarfélag Íslands metur gildar.

20. febr.

## 36. gr.

Lánsfjárhæð má nema allt að 50% af kaupverði véla og verkfæra. Lánstími er 5 ár og greiðast 5% ársvextir af lánnum þessum, en höfuðstóll þeirra greiðist með jöfnum árlegum afborgunum.

## 37. gr.

Nú er, að dómi Búnaðarfélags Íslands, þörf fyrir að fá í notkun vélknúðar jarðræktarvélar og skurðgröfur, af þeirri gerð, sem ekki hefir fengið reynslu við héraenda staðhætti, og er þá heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að láta Vélasjóð kaupa þessar vélar, og framkvæma á kostnað Vélasjóðs rannsóknir á nothæfi þeirra.

## 38. gr.

Úrskurður um nothæfi slíkra véla skal felldur af verkfæranefnd Búnaðarfélags Íslands, enda framkvæmi nefndin tilraunir með notkun vélanna.

## 39. gr.

Nú reynist stór skurðgrafa nothæf, að dómi verkfæranefndar, og skal þá ríkissjóður kaupa hana af Vélasjóði, til starfrækslu samkvæmt 35. gr. jarðræktarlaga.

## 40. gr.

Allar aðrar vélar en þær, er í 39. gr. getur, sem keyptar verða fyrir fé Vélasjóðs, og sem að dómi verkfæranefndar reynast nothæfar, skal félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast gegn sanngjörnu verði.

## 41. gr.

Skurðgröfur ríkisins er heimilt að lána landþurrkunar- og áveitufélögum, sem stofnuð eru samkvæmt fyrirmælum vatnalaganna frá 1923, 4. og 8. kafla, enda hafi þau með höndum framkvæmdir, sem geri þeim nauðsynleg afnot skurðgröfu, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

## 42. gr.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds. Það getur falið Búnaðarfélagi Íslands að sjá um flutning þeirra milli vinnustaða. Áveitufélög þau, sem skurðgröfu hafa að láni, sjá um flutning hennar milli vinnustaða þess ræktunarfyrirtækis, er það hefir með höndum, og greiðir kostnað þann er af honum leiðir.

## 43. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir eftirlit með því, að skurðgröfunum sé vel við haldið, að vetrarumbúnaður þeirra sé öruggur, og greiðist kostnaður af viðhaldi þeirra, umbúnaði og eftirliti í vetrarlægi samkvæmt ákvæðum 44. gr.

## 44. gr.

Af kostnaði þeim, sem leiðir af starfrækslu skurðgrafanna, þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og váttrygging, greiðir ríkissjóður  $\frac{1}{3}$ ,  $\frac{1}{3}$  heimilast landþurrkunar- eða áveitufélaginu að útvega sér að láni, en  $\frac{1}{3}$  skulu landeigendur leggja fram sjálfir um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt njóta ekki styrks samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna.

## VII. KAFLI Um erfðaleigulönd.

### 45. gr.

Erfðaleiguræktunarlöð telst í reglugerð þessari hvert það land, sem leigt er á erfðaleigu, íbúum kauptúna og kaupstaða eða öðrum til framleiðslu búsafurða, og sem er minna að flatarmáli en svo, að löðin teljist jörð samkvæmt skilgreining ábúðarlaga nr. 87 19. júní 1933, I. kafla 1. gr.

### 46. gr.

Leigutakar erfðaleigulóða, er búa við leigumála, sem er í ósamræmi við ákvæði jarðræktarlaga, samkvæmt samningum, sem gerðir voru fyrir gildistöku laganna, geta leitað samkomulags við leigusala um breyting á erfðaleiguskilmálum. Nú næst ekki samkomulag og skal þá leigutaki tilkynna það Búnaðarfélagi Íslands og láta fylgja skýringar á málavöxtum. Er þá Búnaðarfélagi Íslands skylt að gera tilraun til málamiðlunar um að samningsákvæðum verði breytt í það horf, er jarðræktarlögin ákveða.

### 47. gr.

Búnaðarfélag Íslands getur falið bæjarstjórnnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum að gefa skýrslu um land það, sem að þeirra áliti liggur bezt við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, þó eigi ef líkur eru til að í náinni framtíð þurfi á því að halda til byggingarlóða eða annara framkvæmda en til ræktunar:

Skýrslum þessum fylgi:

1. lýsing á landinu og legu þess, jarðvegi, gróðurfari og afstöðu til vega, er að kauptúninu liggja;
2. skýrsla um eignarumráð, og hvernig ábúð eða notkun sé varið á landinu;
3. skýrsla um atvinnuskilyrði kauptúnsins og atvinnuhætti;
4. álit hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um þörf kauptúnsins fyrir ræktunarlönd;
5. yfirlitsskýrsla um tölu heimila, fólksfjölda kauptúnsins, stærð ræktaðs lands og tölu búfjár.

### 48. gr.

Að fengnum þeim skýrslum sem um getur í 47. gr., lið 1—5, lætur Búnaðarfélag Íslands framkvæma nánari rannsókn á þessum atriðum, mæla landið og gera uppdrátt af því.

Uppdrættirnir sýni: Jarðeðlisástand landsins. Á þá séu færðar tillögur félagsins varðandi þurrkun þess og vegakerfi um það, svo og útskipting landsins.

Uppdráttunum fylgi enn fremur tillögur um fyrirkomulag ræktunarinnar og áætl- aður kostnaður við hana.

Tillögur sínar og uppdrætti sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

### 49. gr.

Nú er land það, sem um ræðir í 47. gr., í einkaeign eða fastri ábúð, en íbúa kaupstaðar, kauptúns eða þorps skortir, að dómi Búnaðarfélags Íslands, land til ræktunar og afnota, og takast eigi samningar um kaup eða leigu á landinu og er þá Búnaðarfélagi Íslands skylt að aðstoða til að samkomulag náist um það. Náist ekki samkomulag, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því.

## 50. gr.

Um framkvæmd eignarnáms samkvæmt 49. gr. fer eftir lögum nr. 61 11. nóv. 1917.

19

20. febr.

## 51. gr.

Lönd, sem skipt hefir verið út til ræktunar fyrir einstaklinga, eða látin af hendi til ræktunarfélaga, skulu leigð á erfðaleigu. Áður en samningar eru gerðir ber að framkvæma fasteignamat á hinum einstöku ræktunarlóðum, ásamt þeim mannvirkjum eða umbótum, er leigusali kann að hafa gert á landinu, og reiknast árgjaldið 3% af verðmæti landsins, samkvæmt því mati.

## 52. gr.

Erfðaleigusamningar skulu gerðir í samræmi við ákvæði jarðræktarlaga nr. 101 23. júní 1936, að því er viðkemur þessum ákvæðum:

1. Að erfðaleiga sé ekki tímabundin.
2. Að réttur til erfðaleiguabúðar skal erfast samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, III. kafla 24. gr. um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að erfðaleigugjald sé reiknað 3% af fasteignamatsverði landsins, enda sé það mat miðað við frumverð landsins í því ástandi sem það er, þegar eigandi selur það á erfðaleigu við undirskrift samninga.
4. Að tryggt sé að leigutaki viðhaldi ræktunarmannvirkjum, samkvæmt reglum er hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn setur og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.
5. Að stærð og lega erfðaleigulands sé tilgreind, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu, eða sé vísað til merkja á uppdrætti, sem leigusali geymir.
6. Að ákveðið sé á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Jafnan skal ákveða, að árlega sé ræktaður  $\frac{1}{10}$  hluti landsins. Þó er heimilt að ákveða lengri frest, ef aðstaða til ræktunarinnar er sérstaklega erfið, þó aldrei lengur en í 15 ár.
7. Að ræktunarlöndin skuli girt fjárheldri girðingu, hvert einstakt eða fleiri, innan sameiginlegrar heildargirðingar.
8. Að ákveðið sé hver mannvirki leigutaka sé heimilt að gera á landinu, önnur en ræktunarbætur.

## 53. gr.

Öll endurleiga eða afhending erfðaleigulandsins til einstaklinga eða félaga, sem hafa til umráða annað erfðaleiguland í sama erfðaleigulandahverfi, er óheimil, enda þótt fyrir liggi afsal réttra erfðaaðilja að erfðaleiguréttindunum.

Nú hafa réttir erfðaaðiljar afsalað sér erfðarétti sínum og er þá leigutaka heimilt að afhenda erfðaleigurétt sinn þeim er hann selur ræktunarmannvirki sín á landinu, en draga skal frá söluverði opinberan styrk, sem greiddur hefir verið samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga til mannvirkjanna.

## 54. gr.

Skytt er leigutaka þegar ríkisstjórnin telur þess þörf, að láta af hendi erfðaleigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti undir opinber mannvirki, ríkis, hrepps- eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar gegn sannvirði þess sem kostað hefir hann að rækta landið, og skal það metið af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Fyrir þann hluta landsins, sem óræktaður er, komi ekkert endurgjald. Nú eru byggingar, girðingar eða önnur mannvirki eign leigutaka á því landi, sem þannig er afhent, og skal þá greiða eiganda þeirra andvirði þeirra samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna.

19 Taki ríkið meira en  $\frac{1}{4}$  hluta landsins, getur leigutaki krafizt þess, að landið sé  
20. febr. allt tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. febrúar 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

20  
23. febr.

## L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Borgarfjarðarsýslu.

### I. ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kaups og sveita.

#### I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

##### 1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.

##### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölu-búða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa eða annarsstaðar þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

##### 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjar reglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

##### 4. gr.

Bannað er að aðhafast, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturro manna og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

##### 5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan

á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

20  
23. febr.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri, má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni, má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annarsstaðar, þar sem hætta stafar af.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum, eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

8. gr.

Drukknun mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum. Ölvuðum mönnum er bannað að draga fé í réttum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að biða við það á fatnaði eða limum, en hreppsjóður á aðgang að hinum seka.

## II. KAFLI

### Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

20

23. febr.

13. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af má eigi flytja eftir götum eða vegum nema svo sé um húið, að engin hætta geti stafað af.

14. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum, skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

15. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

16. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða vegi nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða vegi í samt lagt aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annari girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim að hættulaust sé.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt burtu, án þess að annað sé byggt í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

18. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar grein-

ar eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið 20  
vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða um- 23. febr.  
ráðamanns.

#### 19. gr.

Hvarvetna þar, sem girðingahlíð eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim  
að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé  
hátt undir, að öruggt sé að riðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð  
landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlíð á vegum og girðingar meðfram vegum  
skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga og byggingarsamþykkt  
Akraneskaupþúns.

### III. KAFLI

#### Umferð um vegi.

#### 20. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur eru gangandi, riðandi, á vagni, í bifreið, á  
hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill kom-  
ast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbraut-  
arinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún sem auðið er. Sá, sem  
vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægra handar, þó ekki meira en  
nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá biða, sem hefir farartæki á vinstri  
hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó  
ekki skyldir til að víkja út á akbraut, sé hún til vinstri handar.

#### 21. gr.

Þeir, sem riða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða  
sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar  
vel hæfur maður gæti hestsins.

#### 22. gr.

Það er með öllu bannað að riða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum  
eða meiddum hestum, horuðum eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir,  
eða ekki hafa fullan þrótt.

#### 23. gr.

Riðandi mönnum, lestimönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum,  
er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir  
mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

#### 24. gr.

Það er bannað að riða eða aka á móti skrudgöngum og líkfylgdum eða fram hjá  
þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara  
fram hjá.

#### 25. gr.

Slökkviliðið er undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru  
skyldir að víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem auðið er. Sama gildir um sjúkravagna.

#### 26. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum, ef slík um-  
ferð álýst hættuleg, eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð og á vorin meðan klaka  
leysir úr jörðu.



20

23. febr.

27. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir lögum um notkun bifreiða, nr. 70 8. sept. 1931, reglugerð nr. 132 28. des. 1936 og reglugerð frá 24. júní 1937 eða þeim lögum og reglugerðum, er síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða og reiðhjóla, ef þurfa þykir og auglýsir það á venjulegan hátt.

28. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar til hinir komast fram hjá henni.

29. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar umferðin gefur tilefni til. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðastjórar skulu gæta þess, einkum að nátturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturro manna.

30. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km hraða, þar til hann er kominn framhjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan kílómeter í einu.

31. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn framhjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast framhjá rekstrinum og er rekstrarmönnum þá skylt að vika rekstrinum til hliðar á veginum, svo að bifreiðin geti komizt framhjá.

32. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna, og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða, samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

33. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hveltt hljóð, og skulu hjólréiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót. Skylt er þeim að hafa ljósker á reiðhjólunum er snúi fram og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kveldi og þar til hjart er orðið að morgni.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar má aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólréiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af, eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólréiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilis-

fangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem er yngri en 14 ára. 20  
23. febr.

#### IV. KAFLI

##### Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

###### 34. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 74 9. ágúst 1920 eins og þau nú eru eða síðar kynnu að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annara gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnnum, ökrum og matjurtagörðum annara. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefir valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum.

Enginn má siga hundum á annan, eða láta fyrirfarast að aftra því, þegar hann verður var við að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

#### V. KAFLI

##### Um friðun almenningseigna o. fl.

###### 35. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almennings nota. Sama gildir um viðvarpsútbúnað einstakra manna.

###### 36. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar, neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegn um þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt visvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

###### 37. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnnum, engjum, matjurtagörðum eða skrudgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

20

23. febr.

38. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit og berjatöku til neyzlu á staðnum um stundarsakir á öræktuðu landi meðan á áning stendur.

39. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleyfum og öðru þvilíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gróf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eiða eða spilla gróðri með lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt.

40. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

41. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinna eða gera ólæsilegar á annan hátt.

## VI. KAFLI

### Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

42. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögregluinni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

43. gr.

Hverjum sem hefir veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

44. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

45. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út, ekki síðan en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er lögreglustjóra að leyfa félögum að halda þar sam-

kvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan 20  
lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama 23. febr.  
gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

## 46. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

## 47. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi. Þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin hverjum í sínum hreppi.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst er samkoman byrjar og nægileg hrákailát til staðar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir, er fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er hreppstjóra geti verið til aðstoðar við eftirlit allan samkomutímann.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglu og velsæmi er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

## 48. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af fyrir ónáði.

## 49. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrymi snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

## 50. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

## VII. KAFLI

## Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

## 51. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

- 20 Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt að skolpi  
 23. febr. eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.  
 Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunn-  
 um að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af.

## 52. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni á hverju býli í sveitum, ennfremur skal skylt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús.

## 53. gr.

Bannað er að hella skolpi, sem fiskur eða annað hefir verið þvegið úr, á götu eða almannafæri; ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor og annað þvílíkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

## 54. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

## 55. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmeið og þannig fyrir komið, að öruggt sé að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvöllinum ílát með loki undir sulli og innanmeið. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

## 56. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með því sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

## II. ÞÁTTUR

## Viðauki, er taki til Akraneskauptúns.

20

23. febr.

## VIII. KAFLI

## Umferðarákvæði.

57. gr.

Án leyfis lögreglunnar má enginn setjast að á götu eða almannafæri, til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

58. gr.

Stéttir meðfram götu skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnsins, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar, sem staddir eru í kauptúninu, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

59. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið þeim til varðveislu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kauptúninu, né láta þá standa í köldu veðri eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveislu á kostnað umráðamanns eða eiganda.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kauptúninu, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum túnlóðum einstakra manna.

## IX. KAFLI

## Um skepnuhald o. fl.

60. gr.

Meðan sauðfjáreign er við liði í hreppnum, skal ávallt vera til 5 manna nefnd, skipuð sauðfjáreigendum, en valin af hreppsnefnd til eins árs í senn, og er verkfni þeirrar nefndar, að annast allar framkvæmdir, sem sauðfjáreigninni við koma, svo sem: Að sjá um að öllu sauðfé sé komið á burt úr hreppnum samkvæmt ákvæðum 61. greinar, gera ráðstafanir til þess að sauðfé hreppsþúa sé sótt í rétt á haustin, ennfremur sjá um handsömun ágangsfjár, smölun á heimalandi hreppsins og allt annað, er að þessu lýtur. Allir sauðfjáreigendur eru skyldir til að hlýða fyrirmælum þessarar nefndar, og varðar sektum ef út af er brugðið.

61. gr.

Enginn má hafa sauðfé heima í landi hreppsins eða innan kauptúnsins, á tímabilinu frá 1. maí til 20. október ár hvert, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæzlu, að ágangur á land annara geti eigi af hlotizt. Ágangsfénað, sem fjárnefnd eða lögreglan hefir handsamað, má selja á opinberu upphóði til lúkningar áföllnum kostnaði við það, ef eigandi leysir það ekki út innan eins sólarhrings frá því honum barst tilkynning um að það hefði verið handsamað.

20 Enginn má láta hross ganga laus í landi hreppsins, nema í gripheldri girðingu  
23. febr. sé. Sama gildir um nautpening.

## 62. gr.

Hænsn, endur og aðrir alifuglar skulu jafnan byrgð í heldum girðingum á tíma-  
bilinu frá 1. apríl til 1. október ár hvert.

## 63. gr.

Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum, er gerðar kunna að verða út af ágangi  
fénaðar, greiðir eigandi fénaðarins, sömuleiðis tjón það, er ágangur kann að hafa  
valdið. Allan kostnað annan, er leiða kann af ráðstöfunum, er nefnd sú, er getur um  
í 60. gr., kann að gera, greiða fjáreigendur.

## 64. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum fjárnefndar eða formanns hennar um hag-  
beit í landi hreppsins, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana.  
Reglur um beitargjöldin skulu samdar af hreppsnefnd.

Ennfremur er öllum skylt, sem hafa til umráða eða nytja, um langan eða  
skamman tíma, kartöflugarða, tünstykki eða önnur nytjalönd, sem hreppurinn á  
og leigir út eða lánar einstökum mönnum eða félögum, að hlýða fyrirmælum  
hreppsnefndar eða umboðsmanns hennar, um notkun og umgengni á slíkum eign-  
um. Gjöld fyrir nytjar þessara verðmæta ákveður hreppsnefnd.

Gjöldin má innheimta með lögtaki.

## 65. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kaupsinsins til útflutn-  
ings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja,  
til að afstýra farartálma, hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi,  
og að minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti ársögmlu eða eldra.

Ekki mega naut standa úti á götu gæzlulaus. Naut hálfis árs eða eldri mega  
ekki ganga saman við kýr kaupsinsins.

## 66. gr.

Hesta, nautpening, sauðfé og alifugla, sem gengur laust í kaupsíninu á þeim  
tíma, sem óheimilt er að hafa það þar samkvæmt framanskráðu, má lögreglan  
handsama. Sömuleiðis má sá, er fyrir ágangi þess verður, handsama gripina til  
bráðabirgða, og skal hann þá þegar skýra lögreglustjóra frá því og öðrum mála-  
vöxtum. Allan kostnað við handsömun og varðveislu ágangsfénaðar greiðir eigandi  
þess.

## 67. gr.

Hreppsnefnd skal hafa eftirlit með því, að hundar þeir, sem leyft er að hafa í  
kaupsíninu, séu hreinsaðir á hausti hverju.

## X. KAFLI

## Ýms ákvæði.

## 68. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt  
eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á  
almanafæri. Börn, yngri en 12 ára, mega ekki vera á almanafæri síðar en kl 8

siðdegis á kvöldin á tímabilinu frá 14. sept. til 14. maí, og ekki seinna en kl. 10  
siðdegis frá 14. maí til 14. sept., nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

20  
23. febr.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu, né eiga erindi,  
að vera á bryggjum kaupsinsins.

Á dansleikjum mega börn innan 14 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi.

## 69. gr.

Knattborðsstofur (Billiard) eða stofur, þar sem mönnum er seldur aðgangur  
til að kasta kúlum, teningum eða þess háttar, má ekki starfrækja í kaupsinu  
nema með leyfi hreppsnefndar.

## 70. gr.

Þá er samkoma stendur yfir fram á nótt, skulu þeir eða sá, sem fyrir henni  
stendur, láta gæta allrar varúðar við eldhættu, og ef enginn býr í húsinu, skal hann  
eða þeir fullvissa sig um, áður en skilið er við húsið, að ekki sé neinstaðar í því  
óslökktur eldur.

Í húsum þeim, sem opinberar samkomur eru haldnar í, skulu vera að minnsta  
kosti tvennar dyr til útgöngu og skulu hurðir falla út.

## 71. gr.

Bannað er að breiða þorskhausa og annan fiskúrgang á tún og garða innan  
kaupsinsins.

### III. ÞÁTTUR

#### Almenn ákvæði.

#### XI. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

## 72. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Borgarfjarðarsýslu.

## 73. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum sam-  
þykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér  
málavöxtu, og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

#### XII. KAFLI

Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

## 74. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn  
lögglumál.

## 75. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur  
við þyngri refsing að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri um-  
sjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim  
fyrir yfirsjónina en ekki barninu.



20 Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn ein-  
23. febr. stakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í sveitarsjóð  
þess hrepps, þar sem brot er framið. Nú hefir maður drýgt brot í fleirum en ein-  
um hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur  
hagnaður í sýslusjóð.

76. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari  
eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið fram-  
kvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem  
lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir  
sveitarsjóður þess hrepps, þar er ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn  
seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

77. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstök-  
um mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefir verið kostað.  
Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild greiðist  
hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8.  
maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar  
í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. febrúar 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

21  
28. febr.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 27 20. apríl 1938, um fasteignaskatt  
í Siglufjarðarkaupstað.

Á eftir 2. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:  
Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði greiði í fasteignaskatt 0,7% af öllum  
fasteignum sínum.

Greinatalan breytist í samræmi við þetta.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937  
til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut  
eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

22

1. marz

### um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

#### REGLUGERÐ

##### um barnavernd í Siglufjarðarkaupstað.

###### 1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Siglufjarðarkaupstaðar er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

###### 2. gr.

Bönnuð er sala á spítubrjótssykri (sleikjum) og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

###### 3. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með sjónleikjum og öðrum skemmtunum, sem börnum innan 16 ára er ætlaður aðgangur að, og skal henni gefinn kostur á að kynnast efni þeirra áður en skemmtunin er haldin. Getur barnaverndarnefnd lagt hann við sýningu slíkra skemmtana fyrir börn, ef henni þykir ástæða til. Um kvikmyndasýningar fer sem segir í 10. tölulið 6. gr. laga nr. 43 1932.

###### 4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 síðdegis, nema í fylgd með aðstandendum sínum. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang eða hafizt þar við.

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi á tímabilinu frá 15. september til 15. apríl og eftir kl. 10 á tímabilinu frá 15. apríl til 15. september, nema í fylgd með aðstandendum eða þau séu í nauðsynlegum erindagerðum (sendiferðum) fyrir heimili sín.

Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl og ekki eftir kl. 11 síðdegis á tímabilinu frá 15. apríl til 15. sept., nema í fylgd með aðstandendum sínum, eða að þau séu að inna arðbær störf af hendi.

Foreldrum barnanna eða húsbændum ber, að viðlögðum sektum, að sjá um, að ákvæðum þessum sé fylgt.

###### 5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum, og um mál út af þeim fer sem um brot gegn þeim lögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. marz 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

#### 1. gr.

Nafn félagsins er: „Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna“. Hlutverk þess er að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa, skipshafnir á þeim íslenzkum skipum, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

#### 2. gr.

Til tryggingar á skuldbindingum þeim, sem félagið tekur að sér, hefir það áhættufé, er nemur 600000 krónum. Af áhættufénu ábyrgist ríkissjóður 60%, vátryggingarfélögin: Brunabótafélag Íslands, Tryggingarstofnun ríkisins og Sjóvátryggingarfélag Íslands 10% hvert, og 10% eru lögð fram af eigendum skipa þeirra, sem tryggja skipshafnir sínar hjá félaginu. Ríkissjóður greiðir sinn hluta af áhættufénu jafnóðum og til þess þarf að taka. Vátryggingarfélögin innborga ekki sinn hluta áhættufjárins, en taka í þess stað hvert um sig þátt í skuldbindingum félagsins að einum tíunda hluta. Enginn þeirra, sem tekur þátt í félaginu, ábyrgist skuldbindingar þess að meiru en sínum hluta áhættufjárins.

#### 3. gr.

Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum. Einn er tilnefndur af ríkisstjórninni, og er hann formaður stjórnarinnar, annar tilnefndur af þeim skipaeigendum, sem lagt hafa fram áhættufé, en sá þriðji af vátryggingarfélögum þeim, sem samkvæmt 2. gr. taka þátt í áhættunni. Stjórnin er kosin til þriggja ára í senn, og skiptir sjálf með sér verkum. Komi skipaeigendur eða vátryggingarfélögin sér ekki saman um tilnefningu manna í stjórnina, skipar ríkisstjórnin þá.

#### 4. gr.

Félagið skal ekki taka í eigin ábyrgð dánartryggingu fyrir hærri upphæð en 225000 krónur alls á skipi í einni og sömu ferð. Ef þessi upphæð nægir ekki til fyrirskipaðrar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, með því að endurtryggja það, enda sé endurtrygging fánleg hjá öruggu vátryggingarfélagi.

#### 5. gr.

Útgerðarmenn allra íslenzkra skipa, sem samkvæmt lögum eða samningum eru skyldir til að tryggja skipshafnir sínar gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa, skulu tryggja þessa áhættu sína hjá félaginu að svo miklu leyti, sem félagið getur tekið hana að sér. Ef útgerðarmaður slíks skips hefir ekki verið með skipshöfn þess í tryggingu hjá félaginu og lagt fram áhættufé fyrir það, er félaginu heimilt að taka allt að 20% hærri iðgjald fyrir trygginguna en ella.

Nú lætur tryggingarskyldur útgerðarmaður farast fyrir að tryggja skipshöfn sína, og skal hún þá eigi að síður talin tryggð, og á stríðstryggingafélagið sömu kröfu á iðgjaldinu og trygging hefði farið fram samkvæmt lögum um Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna nr. 37 12. febrúar 1940. Vanræksla útgerðarmanns á því að tryggja skipshöfn sína varðar sektum allt að 100000 krónum.

#### 6. gr.

Iðgjöld ákveðast af stjórn félagsins í hvert sinn fyrir ákveðna ferð eða um ákveðinn tíma eftir áhættunni eins og hún er á hverjum tíma, þegar trygging hefst

eða er endurnýjuð; og með hliðsjón af því, hvað samskonar trygging kostar er-  
lendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt.

23

1. marz

## 7. gr.

Nú hefir félagið orðið fyrir svo miklu tjóni, að allur varasjóður þess og helm-  
ingur áhættufjárins er tapaður og getur stjórn félagsins þá ákveðið að hækka ið-  
gjöldin, eftir því sem nauðsyn krefur, þangað til jöfnuði er aftur náð.

## 8. gr.

Af innborguðu áhættufé borgar félagið vexti. Stjórn félagsins ákveður vextina  
við lok hvers reikningsárs, og skulu þeir takmarkast annarsvegar af innlánsvöxt-  
um sparisjóðsdeildar Landsbankans, en hinsvegar af þeim vöxtum, sem félagið hefir  
raunverulega fengið af innborguðu áhættufé. Sé verulegur munur á innborguðu  
áhættufé, að því er snertir ávöxtun þess (t. d. á reiðu fé og verðbréfum), má gera til-  
svarandi mismun við vaxtagreiðsluna.

## 9. gr.

Heimilt er eigendum skipa, sem verða tryggingarskyld eftir að félagið tók til  
starfa, að leggja fram áhættufé fyrir þau. Stjórn félagsins ákveður áhættuféð í sam-  
ræmi við áhættufé annara skipa. Falli niður skyldan til að tryggja hjá félaginu skips-  
höfn á skipi, sem lagt hefir verið fram áhættufé fyrir, má endurgreiða áhættufé  
þess skips, ef þess er óskað, að svo miklu leyti, sem ekki þarf að taka til áhættu-  
fjárins til greiðslu áfallinna slysabóta. Endurgreiðsla fæst þó ekki ef ætla má, að  
tryggingarskyldan falli aðeins niður um stundarsakir. Áhættuféð endurgreiðist ekki,  
þó að eigendaskipti verði á skipi, ef skylt er að tryggja skipshöfn þess eftir sem  
áður. En senda skal stjórn félagsins tilkynningu um eigendaskiptin, frá hvaða tíma  
þau gildi og hvort þau nái einnig til áhættufjárins. Tilkynningin skal vera undir-  
rituð bæði af kaupanda og seljanda skipsins.

## 10. gr.

Við úthlutun tekjuafgangs samkvæmt 8. gr. téðra stríðstryggingalaga nr. 37  
12. febrúar 1940 og 14. gr. þessarar reglugerðar, skal ekki tekið tillit til áhættufjár,  
sem endurgreitt hefir verið samkvæmt 9. gr. þessarar reglugerðar. Aðrir skipa-  
eigendur, sem lagt hafa fram áhættufé, taka þátt í úthlutun tekjuafgangsins í sömu hlut-  
föllum og áhættufjárframlög þeirra nema, en taka skal einnig tillit til hve langt er  
líðið síðan það var lagt fram.

## 11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar félagsins skulu endurskoð-  
aðir af hinn umboðslegu endurskoðun ríkisins.

## 12. gr.

Þeim hluta tekjuafgangs, sem ekki fer til að greiða tekjuhalla frá fyrri árum,  
skal verja sem hér segir: Tekjuafgangurinn skal allur lagður í varasjóð, unz vara-  
sjóðurinn er orðinn 210000 krónur, eftir það skal leggja 50% af tekjuafganginum í  
varasjóðinn, unz hann er orðinn 420000 krónur, en 10% upp frá því. Af tekjuaf-  
gangi þeim, sem eftir er, þegar lagt hefir verið í varasjóð, svo sem vera ber, skulu  
tryggingartakar fá að minnsta kosti 50% sem uppbót (bónus), og skiptist hann milli  
þeirra í réttu hlutfalli við þau iðgjöld, sem þeir hafa greitt á árinu fyrir þann hluta  
tryggingarinnar, sem félagið hefir tekið í eigin ábyrgð. Þeim hluta tekjuafgangsins,  
sem þá er eftir, ráðstafar stjórn félagsins. Sé sá hluti tekjuafgangsins, sem kemur  
til úthlutunar sem uppbót, minni en 5% af iðgjöldum ársins fyrir þær tryggingar,  
sem félagið hefir tekið í eigin ábyrgð, getur stjórn félagsins þó ákveðið, að greiða

**23** ekki uppbót fyrir það ár, heldur yfirfæra upphæðina til næsta árs, enda yfirfærast þá  
1. marz til næsta árs allur sá tekjuafgangur, sem ekki er skylt að leggja í varasjóð.

## 13. gr.

Varasjóði félagsins skal varið til að greiða tekjuhalla, og má ekki skerða áhættuféð, fyrr en varasjóðurinn er búinn.

## 14. gr.

Verði félagið leyst upp, skal skipta varasjóði þeim, sem eftir kann að verða, þegar eignir þess og skuldbindingar hafa verið gerðar endanlega upp, milli tryggingartaka og þeirra, er lagt hafa til áhættuféð, og fer hlutur hvers um sig eftir því, hve afgangurinn er mikill, svo sem hér segir: Af fyrstu 105000 kr. fá tryggingartakar ekkert, af næstu 105000 kr. fá þeir  $\frac{1}{4}$  hluta, af næstu 210000 kr. fá þeir helming, en  $\frac{3}{4}$  af því, sem umfram er. Hlutur tryggingartaka skiptist milli þeirra í beinu hlutfalli við þau iðgjöld, sem þeir hafa greitt fyrir þann hluta trygginganna, sem félagið hefir tekið í eigin ábyrgð. Sá hluti, sem ekki fellur til tryggingartaka samkvæmt þessum reglum, fellur til þeirra, sem lagt hafa til áhættuféð, — og eru útgerðarmenn þar með að sinum hluta, — og skiptist milli þeirra í sömu hlutföllum og áhættufjártillög þeirra nema.

## 15. gr.

Vátryggingarfélag þau, sem taka þátt í tryggingunni samkvæmt 2. gr., skulu greiða tryggingartökum uppbót að  $\frac{3}{4}$  á móti þeirri uppbót, sem félagið greiðir samkvæmt 12. og 14. gr.

## 16. gr.

Til stríðsslysa telst hverskonar heilsutjón, sem er slys samkvæmt 7. gr. reglugerðar frá 21. febrúar 1939, um slysatryggingar (skyldutryggingar), og orsakast af hernaðarlegum aðgerðum, í stríði eða borgaraóeirðum.

## 17. gr.

Tryggingin gildir um ákveðið tímabil eða ákveðna ferð, eftir ástæðum. Tímabil reiknast frá hádegi þess dags, sem tryggingin hefst og til hádegis þess dags, sem henni lýkur. Ferð reiknast, sé annars ekki getið í vátryggingarskírteininu, frá síðustu höfn hér á landi til fyrstu íslenzkrar hafnar á heimleið.

## 18. gr.

Þegar slys ber að höndum, skal það tilkynnt vátryggingarfélaginu svo fljótt, sem unnt er. Skal greina hvar, hvenær og hvernig slysið vildi til, hverjir hafi látitzt og hverjir slasazt og aðrar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að ákveða bótaskyldu tryggingarinnar. Slasaðir menn skulu leita læknis, strax og kostur er.

## 19. gr.

Til grundvallar fyrir ákvörðun um örorkubætur skal leggja læknisvottorð um óvinnuhæfni eða örorku. Skal það gefið í því formi, sem vátryggingarfélagið ákveður og af tryggingaryfirlækni, ef til hans næst, annars af öðrum lækni, sem félagið tekur gildan. Heimilt er félaginu að láta lækni skoðun fara fram á ný, ef ástæða þykir til að ætla, að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafi verið gefnar, eða að heilsufar slasaða hafi breytt verulega frá því að lækni skoðun fór fram. Sama rétt hefir slasaði í eitt ár.

## 20. gr.

Dánarbætur skulu greiddar í einu lagi og koma til útborgunar eigi síðar en mánuði eftir að félagið hefir fengið fullnægjandi upplýsingar um lát tryggaða.

Örorkubætur greiðast í einu lagi, ef örorkan er metin 50% eða minni, annars má greiða þær sem lífeyri.

23  
1. marz

## 21. gr.

Rangar upplýsingar frá hendi tryggingartaka (útgerðarmannsins) skerða ekki rétt hinna tryggðu (sjómannanna), en borga skal hann allt það tap, sem þær hafa bakað félaginu, og auk þess sæta sektum, allt að 100000 kr. Rangar upplýsingar frá hendi tryggða skerða ekki rétt hans ef það sannast, að hann hafi óviljandi gefið rangar upplýsingar, enda greiði útgerðarmaðurinn það, sem vangoldið kann að hafa verið af iðgjaldinu. Sannist hinsvegar, að hann hafi visvitandi gefið rangar upplýsingar félaginu til skaða, missir hann rétt sinn til bóta frá því. Í öðrum tilfellum skulu kröfur hans til bóta miðast við þau iðgjöld, sem goldin hafa verið fyrir hann.

## 22. gr.

Með mál út af brotum á þessari reglugerð skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 37 12. febrúar 1940 til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

24

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbyggahreppi,  
nr. 142 8. ágúst 1939.

5. marz

## 1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 2. gr. samþykktarinnar komi: á laugardögum.

## 2. gr.

Breyting þessi öðlist gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbyggahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

25

6. marz

**REGLUGERÐ**

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Sauðárkróksskólahverfi.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

**REGLUGERÐ**

um barnavernd í Sauðárkróksskólahverfi.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Sauðárkróks er bannað að selja eða afhenda börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum), svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglíngum.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglíngum er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglíngum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börn innan 13 ára mega ekki vera á dansskemmtunum lengur en til kl. 12 að kvöldi. Eigendum og umsjónarmönnum slíkra fyrirtækja og þeirra húsa, sem til þeirra eru notuð, ber að sjá um, að börn fái þar ekki aðgang né hafist þar við eftir þann tíma. — Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannaferi eftir kl. 9 að kveldi á tímabilinu 1. okt. til 1. marz, og eftir kl. 10 á tímabilinu 1. marz til 1. maí, og eftir kl. 11 frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með aðstandendum. — Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 10 síðdegis á tímabilinu frá 1. okt. til 1. marz og ekki eftir kl. 11 síðdegis á tímabilinu frá 1. marz til 1. okt., nema í fylgd með aðstandendum sínum. — Foreldrum eða húsbændum barna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um að ákvæðum þessum sé framfylgt.

5. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki selja blöð, bækur eða merki, nema með fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. marz 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## G J A L D S K R Á

### rafveitu Hafnarfjarðar.

26

9. marz

#### I. Raforka.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Á heimilum má selja um kwst-mæli samkvæmt gjaldskrárliðunum B 2 og B 3, þó raforkan sé eingöngu notuð til ljósa.
2. Um kwst-mæli á 55 aura hver kwst.
3. Um hemilmæli á 65 kr. hvert árshektowatt (hw), og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. Umfram notkun skal hér seld á 55 aura hver kwst.
4. Um kwst-mæli á 12 aura hver kwst, auk fastagjalds, er nemi 2 kr. á ári af hverjum fermeter (m<sup>2</sup>) gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal.
5. Um kwst-mæli á 35 aura hverja kwst til skóla, sjúkrahúsa og kirkna. Sé raforkunotkunin meiri en sem svarar 600 klst. notkunartíma, er verðið 15 aura fyrir hverja kwst þar fram yfir.

##### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvönnu kwst-mæla, annan til ljósa en hinn til heimilisvéla, suðu og hitunar. Um ljósamælinn reiknast 55 aurar á hverja kwst, en á hinn mælinn 11 aurar.
2. Um einn kwst-mæli á 8 aura hver kwst af fyrstu notkun er nemi:

35 kwst á m <sup>2</sup> á ári af fyrstu 25 m <sup>2</sup> gólfflatar	
25 — — — — — næstu 25 — —	
20 — — — — — — — — — — 25 — —	

en notkun umfram þetta greiðist með 4,5 aurum hver kwst.

Notandi greiði hér fastagjald, er nemi 12 aurum á hvern m<sup>2</sup> á mánuði, eða hluta úr mánuði, er notandi er tengdur við rafveituna.

Miða skal við gólfplöt allrar íbúðarinnar, sem telst herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús.

Heimilt er að takmarka ákvæði gjaldliðs þessa þannig, að gólfplötur heimilis reiknist eigi yfir 20 m<sup>2</sup> á hvern mann á heimilinu. Þó skal til þess koma leyfi rafveitustjórnar í hvert sinn.

3. Um einn kwst-mæli á 8 aura hver kwst af fyrstu notkun er nemi:

Í íbúð, sem er 1 herb. og eldhús	700 kwst á ári
— — — — — 2 — — — —	1000 — — —
— — — — — 3 — — — —	1250 — — —
— — — — — 4 — — — —	1500 — — —
— — — — — 5 — — — —	1700 — — —
— — — — — 6 — — — —	1900 — — —
— — — — — 7 — — — —	2000 — — —

Notkun umfram þetta greiðist með 4,5 aurum hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald kr. 1.15 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús.



## C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst-mæli á 25 aura hver kwst.
2. Um hemilmæla á 250 kr. árskw, og 10 aura öll umframnotkun. Rafveitustjóri ákveður stillingu hemilmælis í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.
3. Um tvígjaldsmæla ef um meira en 10 kw afl er að ræða og ársnotkunartíminn er meiri en 500 klst. á 45 aura á tíma mesta álags, en á 12 aura utan þess tíma.

Tími mesta álags skal talinn:

Í apríl .....	kl. 10½—12½ og 20½—22
— september og marz .....	— 10½—12½ — 19 —22
— október og febrúar .....	— 10½—12½ — 17½—22
— nóvember og janúar .....	— 10½—12½ — 16 —22
— desember .....	— 10½—12½ — 15 —22

Ef ársnotkun um einn mæli er meiri en 5000 kwst, má veita afslátt á notkun utan tíma mesta álags, þannig:

Fyrir fyrstu 5000 kwst utan tíma mesta álags afsl.	0 %
— næstu 5000	10 —
— — 10000	15 —
— — 10000	20 —
— — 10000	25 —
— — 10000	30 —
— — 20000	35 —
— — 30000	40 —
— — 50000	45 —
og notkun umfram 150000	50 —

4. Um mæla þannig reiknað:

120 kr. árs-kw fyrir fyrstu	10 kw
100 — — — næstu	15 —
80 — — — —	25 —
70 — — — afl umfr.	50 —

Auk þess greiðist kwst-gjald, er reiknast þannig, miðað við eitt ár:

Fyrstu 20000 kwst á 4 aura hver kwst	
Næstu 20000 — — 3,6 — — —	
— 20000 — — 3,4 — — —	
— 40000 — — 3,2 — — —	
Notkun umfram 100000 — — 3 — — —	

Sé um eina vél að ræða eða fáar vélar tiltölulega smáar, má reikna aflgjaldið eftir ástimpluðu aflri vélanna, og mæla orkunotkun um einfaldan kwst-mæli.

10% afslátt má veita frá ofangreindu verði ef lokað er fyrir strauminn á tímum mesta álags, sbr. gjaldlið C. 3.

## D. Hitun.

Þar, sem orkan er notuð til hitunar, má selja:

1. Til upphitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðal upphitun hússins.
  - a. Um sérmæli fyrir hitalögnina á 4,5 aura hverja kwst.
  - b. Um sérmæli fyrir hitalagnir á 3 aura hverja kwst, enda hafi rafveitan rétt til að rjúfa strauminn að hitalögninni frá kl. 11 f. h. til kl. 12 á háð.
  - c. Um sérmæli á 2 aura hverja kwst, enda megi þá rjúfa strauminn af hitalögninni frá kl. 10½ til kl. 12½ og ennfremur 1 klst. að kvöldi þegar álag rafveitunnar er mest.

- d. Um tvígjaldsmæli fyrir hitalagnir á 1,5 eyrir hverja kwst frá kl. 23 til kl. 8, **26** en á 2,3 auru frá kl. 8 til kl. 23. Straumurinn sé rofinn á sömu tímum og 8. marz við D. 1. c.
- e. Um sama mæli sem til annarar heimilisnotkunar samkvæmt gjaldskrárlið B. 2, þannig, að verð á umframnotkun lækki úr 4,5 auru í 3 auru, ef fullnægt er skilyrðum liðs D. 1. b., í 2 auru ef fullnægt er skilyrðum D. 1. c. og í 2,3 auru ef fullnægt er skilyrðum D. 1. d., og reiknast þá öll næturnotkun á 1,5 auru.
- f. Um kwst-mæli á 1,25 auru hverja kwst næturnotkunar er fram fer frá kl. 23 til kl. 8, enda sé notað eingöngu eða því nær eingöngu næturrafmagn til upphitunar hússins.

Sala samkvæmt gjaldskrárlið D. 1. til fullrar húshitunar er bundin því skilyrði að götulinur og spennubreytar þoli álagið að dómi rafveitustjóra. Ennfremur skulu öll hitunartæki vera fasttengd og gerð hitalagna og hitunartækja háð samþykki rafveitustjóra. Notandi skal kosta tengingu sjálfvirks klukkurofa fyrir hitalögnina, og greiða leigu fyrir hann samkv. sömu reglum, sem gilda um leigu mæla.

2. Til hitunar í iðnaði, handiðn og atvinnurekstri á 4,5 auru enda sé þá minnsta notkun 10000 kwst á ári.
3. Til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri um tvígjaldsmæla á 3,5 auru hverja kwst frá kl. 23 til kl. 8 og 10 auru frá kl. 8 til kl. 23.

Við sölu samkvæmt gjaldskrárliðum D. 2. eða D. 3. má bæta því skilyrði, að afslátt megi veita, sem því nemi að raforkunotkun verði eigi dýrari en sambærileg notkun með kolum. Skal þá reikna út afsláttinn um hver áramót eftir á.

#### **E. Sjúkrahúsum, skólum, matsölum og gistihúsum má selja um einn kwst-mæli og reiknast verðið þannig:**

Til ljósa reiknast 5 kwst á ári á hvern m<sup>2</sup> íveruherbergja, eldhúsa og stofa á verð samkv. gjaldskrárliðum A. 2. eða A. 5, til hreyfla og lækningatækja 800 kwst á ári á hvert kw í málraun þeirra á 25 auru, til suðu ½ kwst á mann á dag á 8 auru og öll umframnotkun á 4,5 auru hver kwst.

#### **F. Sumarnotkun.**

Rafveitunefnd er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum í liðum A. til E. á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

#### **G. Þegar sérstaklega stendur á**

má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafveitunefndar.

#### **H. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu**

ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar.

### **II. Mælaleiga.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun bindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

26  
9. marz

Tegund mælitækis:	Ársleiga í krónum		
	Upp að 30 amp.	35—75 amp.	Yfir 75 amp.
Einfasa mælar og einfasa hemilmælar .....	8.40		
Þrífasa eingjaldsmælar og þrífasa hemilmælar	12.00	18.00	24.00
Tvígjaldsmælar .....	16.80	24.00	30.00
Sérstakar skiptiklukkur .....	6.00		

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í töflunni, skal leigan vera sem næst 20% af mælisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna.

Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. Heimtaugagjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald, er miðast við fasteignamatsverð á húsum með lóðum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Nr.	Fasteignamatsflokkur:	Heimtaugagjöld:	
		Jarðlína	Loflína
1. ....	0— 2500 kr.	55.00 kr.	30.00 kr.
2. ....	2500— 5000 —	110.00 —	60.00 —
3. ....	5000— 7500 —	150.00 —	85.00 —
4. ....	7500— 10000 —	190.00 —	115.00 —
5. ....	10000— 12500 —	225.00 —	140.00 —
6. ....	12500— 15000 —	255.00 —	165.00 —
7. ....	15000— 17500 —	280.00 —	185.00 —
8. ....	17500— 20000 —	300.00 —	210.00 —
9. ....	20000— 25000 —	350.00 —	255.00 —
10. ....	25000— 30000 —	390.00 —	300.00 —
11. ....	30000— 40000 —	440.00 —	325.00 —
12. ....	40000— 50000 —	490.00 —	350.00 —
13. ....	50000— 60000 —	530.00 —	375.00 —
14. ....	60000— 70000 —	550.00 —	395.00 —
15. ....	70000— 80000 —	570.00 —	415.00 —
16. ....	80000— 90000 —	585.00 —	435.00 —
17. ....	90000— 100000 —	600.00 —	450.00 —
18. ....	100000— 125000 —	625.00 —	475.00 —
19. ....	125000— 150000 —	650.00 —	500.00 —
20. ....	150000— 200000 —	700.00 —	525.00 —
21. ....	yfir 200000 —	750.00 —	550.00 —

Ef stærð lóðar eða verð er sérstaklega mikið í samanburði við hús það, er á henni stendur, getur rafveitustjórn veitt afslátt frá ofangreindum heimtaugagjöldum.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m eða loftlínuheimtaugar meiri en 40 m skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugagjöld skulu greiddast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á tveimur árum, og fer fyrsta greiðsla fram um næstu mánaðarmót eftir að heimtaug hefir verið tengd. Sé allt heimtaugagjaldið greitt um leið og tenging fer fram, veitist 10% afsláttur á því.

#### IV. Ýms gjöld.

26

##### 1. Opnunargjöld.

9. marz

Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til Rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefir greitt 1 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

##### 2. Sekt fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefir greitt 2 kr. gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafveitunnar frá 12. júlí 1938.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## S A M Þ Y K K T

27

### um girðingu í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

15. marz

#### 1. gr.

Í Svínavatnshreppi skal vera gaddavírsgirðing frá Svínavatni, sem næst landamerkjum Svínavatns og Stóradals, svo austur að Blöndu yfir Ytri-Löngumýrar- og Tungunesland á hamarinn sunnan Tungness.

#### 2. gr.

Kostnað við girðingu þessa og viðhald hennar skal greiða af sauðfjár- og hrossaeigendum heimilisföstum á býlunum norðan girðingarinnar, innan Svínavatnshrepps og á býlunum Ytri-Löngumýri og Stóradal. Ennfremur af þeim sauðfjár- og hrossaeigendum, er hafa sauðfé eða hross á framangreindum býlum ár langt eða lengur.

Kostnaðinum skal jafnað niður þannig, að sama gjald komi á hvert hross veturgamalt eða eldra og á hverjar 5 kindur veturgamlar eða eldri, þó skulu þeir, sem hafa að meira eða minna leyti afgirt beitolönd sín, aðeins greiða hálf gjöld.

Gjalddagi á niðurfjöfnuðum gjöldum félagsmanna skal vera þremur vikum eftir niðurfjöfnun. Gjöld félagsmanna má taka lögtaki.

#### 3. gr.

Allir gjaldendur til girðingarinnar mynda félag, er nefnist Múlagirðingarfélag; hafa allir meðlimir þess atkvæðis- og tillögurétt á fundum þess. Jafnframt eru þeir skyldir til að gegna þeim störfum, er félagið felur þeim (stjórnarstörf, endurskoðun o. þ. h.) endurgjaldslaust, þó aldrei lengur en 3 ár í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

27

15. marz

4. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega að vorinu, ekki síðar en í maímánuði. Á aðalfundi skal kjósa stjórn félagsins, er skipuð sé þremur mönnum til þriggja ára í senn og einn endurskoðanda til sama tíma. Endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið ár skal leggja fram árlega á aðalfundi til úrskurðar. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

5. gr.

Stjórn félagsins kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Hún skal sjá um viðhald girðingarinnar, annast innheimtu, reikningsskil o. fl. Ennfremur skal hún boða til funda félagsins. Fundur er lögmætur ef einn þriðji hluti félagsmanna er mættur. Fundarstaður skal vera á félagssvæðinu.

6. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á lögmætum aðalfundi, enda greiði minnst  $\frac{2}{3}$  hlutar mætttra félagsmanna atkvæði með breytingunni og komi til samþykki hreppsnefndar og staðfesting atvinnuáráðuneytisins.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um girðingu í Svinavatns-hreppi frá 3. júlí 1911.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt girðingalögum nr. 66 22. nóv. 1913 til að öðlast gildi 1. apríl 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. marz 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

28

16. marz

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir sjóveitu Vestmannaeyjakaupstaðar  
nr. 46 29. marz 1938.

1. gr.

Í 1. gr. gjaldskrárinnar falli niður „Af óverkuðum fiski (blautfiski) greiðist 4 aurar“, en í þess stað komi: Af ísfiski og hraðfrystum fiski greiðist 1 króna af brúttó smálest.

2. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 28 8. september 1931, um sjóveitu í Vestmannaeyjum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. marz 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Fiskræktarfélag Svarfdæla.

29

26. marz

#### 1. gr.

Félagið heitir „Fiskræktarfélag Svarfdæla“. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns.

#### 2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskimagn í Svarfaðardalsá og Skiðadalsá og þverám þeim, lækjum og ósum, sem í þær renna, með innflutningi fiskseyða, klaki, friðun á fiski og settum reglum um veiðitæki og veiðiaðferðir, eftir því, sem lög mæla fyrir.

#### 3. gr.

Félagssvæðið nær yfir allar þær jarðir, sem land eiga að ánum, samkvæmt því, sem gjaldskrá félagsins tilgreinir, en félagsmenn eru allir eigendur eða ábúendur þessara jarða.

Upptalning: Háls, Hamar, Hrisar, Víðirhólmi, Skáldalækur, Sakka, Ölduhryggur, Hánefsstaðir, Vellir, Brautarhóll, Gröf, Hof, Hofsá, Skeggstaðir, Hofsárkot, Ytra-Hvarf, Syðra-Hvarf, Hjaltastaðir, Sæla, Hlíð, Hnjúkur, Klængshóll, Krosshóll, Hverhóll, Kóngsstaðir, Þverá, Syðri-Márstaðir, Ytri-Márstaðir, Dæli, Tungufell, Melar, Búrfell, Hæringsstaðir, Skeið, Kot, Atlastaðir, Þorsteinsstaðir, Sandá, Göngustaðir, Göngustaðakot, Klaufabrekkur, Klaufabrekknakot, Auðnir, Hóll, Þorleifsstaðir, Urðir, Hreiðarsstaðakot, Hreiðarsstaðir, Þverá, Steindyr, Bakki, Syðra-Garðshorn, Ytra-Garðshorn, Syðri-Grund, Grund, Brekka, Brekkukot, Jarðbrú, Gullbringa, Tjörn, Ingvarir, Helgafell, Syðra-Holt, Ytra-Holt, Hrafnstaðakot, Hrafnstaðir, Böggvistaðir, Árgerði, félagið Landnám.

Öllum öðrum en félagsmönnum er óheimil veiði á félagssvæðinu. Þó getur hver félagismaður leyft veiði fyrir sínu landi, en þá ber hann ábyrgð á að þau veiðitæki ein séu notuð, sem 4. gr. ákveður.

Ekki má hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra, samkvæmt 14. og 15. gr. laga nr. 61 frá 1932, um lax- og silungsveiði, né veiða fisk í ósum í ár, eða ósum í stöðuvötn, og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim.

#### 4. gr.

Laxa má aðeins veiða í ánum á tímabilinu frá 20. maí til 15. september, en silunga frá 1. apríl til 1. september, þó eigi smærri laxa en 35 cm og silunga 25 cm.

Aðeins skal heimilt að veiða með stöng. Veiðiréttur hvers landeiganda sé bundinn við hans land, svo sem verið hefir, svo lengi sem ekki er sýnt, að lax sé genginn í árnar, en þá skal samþykktin tekin til athugunar og breytinga.

#### 5. gr.

Stjórnina skipa 5 menn, formaður, ritari, féhirðir og 2 meðstjórnendur, kosnir til þriggja ára í senn á aðalfundi félagsins. Stjórnin skiptir með sér verkum. Fyrstu tvö árin ganga tveir úr eftir hlutkesti, og þriðja árið hinn síðasti. Enginn félagismaður getur skorazt undan kosningu eitt kjörtímabil í senn, og er ekki skylt að taka endurkosningu jafn lengi og hann hefir setið í stjórn. Heimilt er stjórninni að velja sér trúnaðarmenn til eftirlits friðuninni.

Kjósa skal tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn og gengur annar úr eftir hlutkesti fyrsta árið.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum.

29

26. marz

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar til funda og stjórnar þeim.

Verði félagsveiði framkvæmd eða árnar seldar á leigu eða hluti af þeim, hefir stjórnin með höndum framkvæmdir og umsjón þess.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn í febrúar eða marz ár hvert. Skal hann boðaður félagsmönnum skriflega með minnst viku fyrirvara. Fundur er lögmætur ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna er mættur.

Nú er fundur ekki lögmætur, skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fresti, getur stjórnin þá úrskurðað hann lögmætan þótt færri séu mættir en  $\frac{1}{4}$  félagsmanna.

Aukafundi heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til eða  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess. Afl atkvæða ræður úrslitum á félagsfundum. Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið ár til samþykktar, og skýrir frá störfum félagsins á því ári. Þá tekur aðalfundur ákvarðanir um starfsemi félagsins á yfirstandandi ári.

8. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að skuldbinda félagið með lántöku, ef þörf krefur, og bera félagsmenn ábyrgð á rekstri félagsins í hlutfalli við gjaldskrá þess, og taka eftir sömu reglu hlut í arði þess, ef félagsveiði yrði framkvæmd.

Kostnaði af rekstri félagsins fram yfir tekjur jafnar stjórnin niður fyrir hvert ár á félagsmenn í hlutfalli við gjaldskrá félagsins. Gjald þetta er kræft á aðalfundi og fylgir því lögtaksréttur.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 500 krónum, sem renna í félagssjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Að því leyti, sem ekki er tekið fram í samþykkt þessari, fer um málefni þessi eftir lögum um lax- og silungsveiði frá 23. júní 1932, og lögum um breytingu á þeim lögum frá 23. júní 1936.

12. gr.

Samþykkt þessari og gjaldskrá félagsins verður ekki breytt nema  $\frac{2}{3}$  félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

13. gr.

Félaginu má slíta, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það á 2 lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í því einu auginamiði, og skal ekki líða skemmra milli funda en mánaðar-tími.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. marz 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## G J A L D S K R Á

30

## Fiskræktarfélags Svarfdæla

26. marz

(Talin í 1000 einingum.)

Háls .....	14	einingar
Hamar .....	4	—
Hrisar .....	22	—
Viðirhólmi .....	1	—
Skáldalækur .....	15	—
Sakka .....	20	—
Ölduhryggur .....	10	—
Hánefsstaðir .....	14	—
Vellir .....	16	—
Brautarhóll .....	10	—
Gröf .....	10	—
Hof .....	25	—
Hofsá .....	18	—
Skeggstaðir .....	2	—
Hofsárkot .....	2	—
Ytra-Hvarf .....	28	—
Syðra-Hvarf .....	22	—
Hjaltastaðir .....	18	—
Sæla .....	18	—
Hlíð .....	18	—
Hnjúkur .....	12	—
Klængshóll .....	15	—
Krosshóll .....	6	—
Hverhóll .....	11	—
Kónsstaðir .....	18	—
Þverá .....	12	—
Syðri-Mársstaðir .....	10	—
Ytri-Mársstaðir .....	18	—
Dæli .....	28	—
Tungufell .....	28	—
Melar .....	18	—
Búrfell .....	15	—
Hæringsstaðir .....	12	—
Skeið .....	26	—
Kot .....	16	—
Atlastaðir .....	20	—
Þorsteinsstaðir .....	15	—
Sandá .....	16	—
Göngustaðir .....	16	—
Göngustaðakot .....	15	—
Klaufabrekkur .....	14	—
Klaufabrekknakot .....	13	—
Auðnir .....	12	—
Hóll .....	16	—
Þorleifsstaðir .....	10	—
Urðir .....	28	—



30  
26. marz

Hreiðarstaðakot .....	12	einingar
Hreiðarstaðir .....	24	—
Þverá .....	24	—
Steindyr .....	10	—
Bakki .....	28	—
Syðra-Garðshorn .....	15	—
Ytra-Garðshorn .....	15	—
Syðri-Grund .....	10	—
Grund .....	20	—
Brekka .....	1	—
Brekkukot .....	1	—
Jarðbrú .....	1	—
Gullbringa .....	1	—
Tjörn .....	22	—
Ingvarir .....	20	—
Helgafell .....	12	—
Syðra-Holt .....	12	—
Ytra-Holt .....	20	—
Hrafnsstaðakot .....	8	—
Hrafnsstaðir .....	8	—
Böggvisstaðir .....	14	—
Árgerði .....	10	—
Landnám .....	12	—

Alls 1000 einingar

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsvéiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. marz 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

31  
2. apríl

## REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Eskifjarðarkauptúni.

### I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

#### 1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Eskifjarðarhreppi skal falin þriggja manna nefnd, og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri og einn maður, er hreppsnefnd kys til þriggja ára í senn.

#### 2. gr.

Brunamálanefnd hefir á hendi stjórn brunamála í Eskifjarðarkauptúni, að svo miklu leyti, sem starfið heyrir ekki beinlínis undir slökkviliðsstjóra.

Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaganna og reglugerðar þessarar sé í öllu framfylgt.

## II. KAFLI

## Hver slökkvitæki kaupúnið skuli eiga, og viðhald þeirra.

31

2. apríl

## 3. gr.

Eskifjarðarkauptúni er skylt að eiga auk slökkvistöðvar í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: 1 véldælu, 400 metra slöngur með tilheyrandi tengslum og stútum, 1 björgunarstiga, 1 áhalda- og slönguvagn, eldvarnarsegl, 2 reykrímur, 2 krókstjaka, 15 hjálma ásamt öðrum smærri áhöldum. Áhöldum þessum skal á kostnað hreppsjóðs vel við haldið, svo þau séu ávallt í nothæfu ástandi.

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka eða fullkomna slökkvitækin, skal hún leggja það til við hreppsnefnd, að svo verði gert.

## 4. gr.

Slökkvitæki hreppsins skulu geymd í sérstöku húsi. Lykill að því skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir.

## 5. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með slökkvitækjunum, ber ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við hver árslok sendir hann brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal jafnframt getið um, hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

## III. KAFLI

## Skipun slökkviliðs.

## 6. gr.

Allir karlmenn í kaupúninu, sem til þess eru álitnir færir, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, frá því þeir eru 20 ára til 60 ára, nema sjúkleiki hamli. Frá þessu ákvæði eru þó sóknarprestur, læknir og símastjóri undanskildir.

## 7. gr.

Í slökkviliði kaupúnsins skulu vera þessir menn: slökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar. Við þessa tölu má bæta, ef þörf krefur.

## 8. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnari alls slökkviliðsins. Auglýsa skal árlega á ákveðnum stað, hver er slökkviliðsstjóri og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera á brottu úr hreppnum í senn, nema þeir hafi leyfi oddvita eða lögreglustjóra til fjarverunnar.

## 9. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra til þriggja ára í senn eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu. Flökkstjórar skulu skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr hreppnum daglangt, og liggur sekt við, ef það er vanrækt.

31

2. apríl

10. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa þóknun fyrir starfa sinn eftir ákvæðum sveitarstjórnar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess, eftir gjaldskrá, er hreppsnefndin setur í janúar ár hvert. Þeir, sem skemma fót sín í þágu brunaliðsins við bruna, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgreiddar úr hreppssjóði.

11. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

12. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á því, að ávallt sé nóg margir í slökkviliðinu og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt, hvað gera skuli til að slökkva eld og varna útbreiðslu. Þó má ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu eldsins, nema með samþykki lögreglustjóra eða hreppstjóra.

Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað. Og sé hann ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórnina á hendi sá af liðsmönnum, er slökkviliðsstjóri hefir fyrirfram ákveðið til þess.

13. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til að slökkva eld, þegar hann er til þess kvaddur, hvar sem er innan kaupsinsins, og hlýða í öllu því, sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, eða slökkviliðsæfingar áður en þeim er lokið.

14. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða. Auk hans eru í lögreglusveitinni menn, er lögreglustjóri ákveður til þess, og skal hún gæta þess að viðhalda góðri reglu við eldsvoða og sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að enginn óviðkomandi gangi of nærri húsi því, er brennur, eða flytji þaðan neitt í burt.

15. gr.

Það er skylda hvers eins, sem viðstaddur er eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjóri krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum hans.

#### IV. KAFLI

##### Um vatnstöku.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til að slökkva eld, hvar sem slökkviliðsstjóri álitur hagkvæmast að ná því.

Skylt er sérhverjum húseiganda, þar sem vatnsleiðsla er, að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum úr húsi hans til að slökkva með eld, og má enginn leggja tálmanir í veg fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu, á meðan verið er að slökkva eldinn.

## V. KAFLI

## Um skoðun eldfæra og reykháfa.

31

2. apríl

## 17. gr.

Brunamálanefnd skal á hverju ári láta skoða eldfæri og reykháfa í hverju húsi kaupþúsins og líta eftir, að reykháfar hafi verið tilhlýðilega vel hreinsaðir, svo og að aðgæta, hvort eldfim efni séu geymd svo sem vera ber, samkvæmt lögum um brunamál, nr. 85 28. nóv. 1907. Komi það í ljós við skoðun, að einhverju sé ábótavant í þessu, skal nefndin gera þær ráðstafanir, er hún álitur fulltryggar, og skulu hlutaðeigendur bæta úr því, eins og þeim er lagt fyrir, eftir hæfilegan frest, ella kærðir fyrir lögreglustjóra.

## VI. KAFLI

## Ýmsar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

## 18. gr.

Það er skylda hvers og eins, er verður eldsvoða var, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað.

## 19. gr.

Á götum, milli húsa, görðum eða annarsstaðar á almannafæri, má ekki setja opnar hlóðir til eldunar, nema með leyfi slökkviliðsstjóra, og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli útbúið og hvernig varúðarreglna sé gætt.

## 20. gr.

Eldivið, steinkol, mó og timbur má ekki hafa fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og þá aðeins, að ekki stafi veruleg eldhætta af því.

Birgðir af steinolíu, benzíni og öðrum eldfimum vökvum skulu geymdar í húsum inni eða mannheldum girðingum á þeim stað, er hreppsnefnd samþykkir. Um undanþágu frá þessu fer eftir lögum um brunamál.

## 21. gr.

Þar, sem geymdar eru birgðir af eldfimum vökvum í smíðahúsum og verkstæðum, setur brunamálanefnd í samráði við hreppsnefnd, þær varúðarreglur um meðferð elds, er hún telur fulltryggar.

## 22. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatrésskemmtanir, nema leyfi lögreglustjóra komi til. Ekki má halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um tilhögun dyra og önnur skilyrði til útgöngu.

## VII. KAFLI

## Um slökkviliðið.

## 23. gr.

Slökkviliði kaupþúsins skal skipt þannig:

1. Björgunarflokkur	2 menn.
2. Húsrífsflokkur	2 —
3. Vatnsslönguflokkur	4 —
4. Dæluflokkur	4 —
5. Stigaflokkur	4 —
6. Brunaboðar	2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir ofangreinda flokka,

31  
2. apríl

1. Björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er bruna ber að höndum, á brunastaðnum svo fljótt, sem unnt er. Fyrsta verk hans skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan dauðum munum öllum, hverju nafni sem nefnast, undantekningarlaust. Öllu, sem bjargað er, skal koma á öruggan stað og fara svo vel með, sem unnt er.
2. Húsrífsflokkur skal rífa það, er þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skulu þeir ávallt hafa með sér hin ákveðnu verkfæri á brunastaðinn.
3. Vatnsslönguflokkur skal koma svo slöngum fyrir, að sem þægilegast sé að slökkva eldinn.
4. Dæluflokkur skal þegar mæta við slökkvistöðina, er eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað, sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir og sjá um, að þær komi að sem beztum notum. Einnig skal hann aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slanganna.
a. Fasteignaveðslán .....	kr. 520 726.27
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	— 132 271.55
c. Handveðslán .....	— 556.50
d. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis .....	— 262 300.88
e. Reikningslán .....	— 207 748.89
	<b>kr. 1 123 604.09</b>
2. Vixlar .....	— 2 419 262.56
3. Verðbréf .....	— 686 600.45
4. Útibú á Akureyri .....	— 676 138.62
	<b>Flyt kr. 4 905 605.72</b>

	Flutt	kr. 4 905 605.72	97
5. Byggingarsjóður .....	—	776 847.72	
6. Kreppulánasjóður .....	—	1 372 058.39	
7. — bœjar og sveitar félaga .....	—	284 218.20	
8. Nýbýlasjóður .....	—	140 623.95	
9. Loðdýralánadeild .....	—	24 043.16	
10. Lán í hlaupareikningi .....	—	57 699.71	
11. Ýmsir skuldunautar .....	—	50 295.52	
12. Innanstokksmunir .....	—	16 000.00	
13. Tryggingar fyrir ábyrgðum .....	—	1 017 200.00	
14. Bankainnstœða og peningar í sjóði .....	—	1 018 145.62	
		Kr. 9 662 737.99	

## Skuldir:

1. Skuld við rikissjóð .....	kr. 1 319 674.80
2. Innstœðufé í sparissjóði .....	— 2 820 606.66
3. — á viðtökuskirteinum .....	— 1 018 288.10
4. — í hlaupareikningi .....	— 1 563 230.93
5. — í reikningslánnum .....	— 6 041.16
6. Ræktunarsjóður Íslands .....	— 228 524.64
7. Veðdeild .....	— 28 725.06
8. Viðlagasjóður .....	— 679 592.00
9. Ýmsir kröfuhafar .....	— 326 313.29
10. Ábyrgðir .....	— 1 017 200.00
11. Ógreitt tap .....	— 5 255.00
12. Varasjóður .....	— 589 795.20
13. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir .....	— 59 491.15
	Kr. 9 662 737.99

## Rekstrarreikningur sparissjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 1939.

## Tekjur:

1. Vextir f. f. á. ....	kr. 56 978.16
2. Forvextir af víxlum .....	— 157 094.25
3. Aðrir vextir .....	— 258 291.43
4. Ýmislegar tekjur .....	— 9 315.48
	Kr. 481 679.32

## Gjöld:

1. Vextir .....	kr. 269 078.29
2. Rekstrarkostnaður .....	— 29 801.71
3. Afskrifað tap á víxlum .....	— 344.08
4. Til varasjóðs .....	— 122 964.09
5. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir .....	— 59 491.15
	Kr. 481 679.32



## 97 Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. des. 1939.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Fasteignaveðslán .....	kr. 131 783.33	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	— 371 305.00	
c. Reikningslán .....	<u>— 11 716.36</u>	
		kr. 514 804.69
2. Vixlar .....	— 254 503.00	
3. Lán í hlaupareikningi .....	— 30 254.76	
4. Innanstokksmunir .....	— 1 700.00	
5. Fasteignir .....	— 70 702.05	
6. Viðskiptamenn .....	— 339.25	
7. Verðbréf .....	— 7 000.00	
8. Bankainnstæða og peningar í sjóði .....	— 27 844.71	
		<u>Kr. 907 148.46</u>

## Skuldir:

1. Skuld við Búnaðarbanka Íslands .....	kr. 676 138.62
2. Innstæðufé í sparisjóði .....	— 116 071.21
3. — á viðtökuskirteinum .....	— 95 629.00
4. — í hlaupareikningi .....	— 1 001.67
5. Ógreitt tap .....	— 2 450.65
6. Flyzt til næsta árs:	
Fyrir fram greiddir vextir .....	— 15 857.31
	<u>Kr. 907 148.46</u>

## Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1939.

## Tekjur:

1. Vextir f. f. á. ....	kr. 14 305.51
2. Forvextir .....	— 51 357.66
3. Ýmislegar tekjur .....	<u>— 7 748.41</u>
	Kr. 73 411.58

## Gjöld:

1. Vextir .....	kr. 37 098.58
2. Kostnaður .....	— 18 183.58
3. Tap á vixlum .....	— 2 272.11
4. Flyzt til næsta árs:	
Fyrir fram greiddir vextir .....	— 15 857.31
	<u>Kr. 73 411.58</u>

## Efnahagsreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 31. des. 1939.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 1 195 547.08
2. Ógreiddir vextir og kostnaðartillag .....	— 79 936.62
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands .....	<u>— 28 725.06</u>
	Kr. 1 304 208.76

## Skuldir:

97

1. Bankavaxtabréf í umferð .....	kr. 1 260 000.00
2. Óinnleystir vaxtamiðar .....	— 37 800.00
3. Ógreitt tap á lánum .....	— 6 408.76
	<u>Kr. 1 304 208.76</u>

## Rekstrarreikningur veðeildar Búnaðarbanka Íslands 1939.

## Tekjur:

1. Vextir og kostnaðartillag .....	kr. 80 745.12
2. Úr varasjóði .....	— 3 926.77
	<u>Kr. 84 671.89</u>

## Gjöld:

1. Kostnaður .....	kr. 8 008.55
2. Vaxtamiðar .....	— 75 600.00
3. Vextir af skuld við banka .....	— 1 063.34
	<u>Kr. 84 671.89</u>

## Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1939.

1. Frá fyrra ári .....	kr. 3 466 436.96
2. Viðlagðir 2½% vextir .....	— 86 660.92
	<u>Kr. 3 553 097.88</u>

## Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1939.

1. Frá fyrra ári .....	kr. 337 515.10
2. Lántökugjald .....	kr. 1 155.00
3. Vextir .....	— 15 358.09
4. Tekjuafgangur .....	— 44 273.00
	<u>— 60 786.09</u>
	<u>Kr. 398 301.19</u>

## Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1939.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:	
4% Þjóðjarðasölulán .....	kr. 249 081.30
4% jarðabótalán .....	— 73 170.72
4% jarðabótalán prestakalla .....	— 200.00
4% jarðakaupalán .....	— 1 335.00
5% lán 1. flokks .....	— 3 245 251.02
5% — 3. — .....	— 1 684 262.59
	<u>kr. 5 253 300.63</u>
	<u>Flyt kr. 5 253 300.63</u>

97

	Flutt	kr. 5 253 300.63
2. Verðbréf .....	—	434 865.30
3. Ógreiddir áfallnir vextir .....	—	198 892.57
4. Ýmsir viðskiptamenn .....	—	7 103.22
5. Fasteignir .....	—	1 926.95
6. Áhöld .....	—	200.00
7. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands .....	—	228 524.64
		Kr. 6 124 813.31

## Skuldir:

1. Höfuðstóll .....	kr. 3 553 097.88
2. Jarðræktarbréf í umferð: 1. flokkur .....	— 1 840 700.00
3. — — — 3. flokkur .....	— 649.400.00
4. Óinnleystir vaxtamiðar jarðræktarbréfa .....	— 68 477.75
5. Ógreitt tap á lánum .....	— 11 210.73
6. Skuldir á fasteignum .....	— 1 926.95
	Kr. 6 124 813.31

## Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1939.

## Tekjur:

1. Vextir .....	kr. 285 654.49
2. Ýmislegar tekjur .....	— 4 620.00
3. Vaxtatillag úr rikissjóði .....	— 26 573.00
	Kr. 316 847.49

## Gjöld:

1. Kostnaður .....	kr. 41 574.02
2. Vaxtamiðar jarðræktarbréfa .....	— 136 955.50
3. Hluti af kostnaði við teiknistofu .....	— 6 806.97
4. Afskrifað af áhöldum .....	— 500.00
5. Tap á fasteignarekstri .....	— 77.08
6. Lagt við höfuðstól 2½% vextir .....	— 86 660.92
7. Lagt við varasjóð .....	— 44 273.00
	Kr. 316 847.49

## Efnahagsreikningur Byggingarsjóðs 31. desember 1939.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Endurhýsingarlán .....	kr. 3 010 359.82	
b. Nýbýlalán á roektuðu landi .....	— 157 684.09	
c. — á óroektuðu landi .....	— 75 525.00	
		kr. 3 243 568.91
2. Verðbréf .....	— 17 571.28	
3. Ýmsir viðskiptamenn .....	— 5 091.88	
4. Áhöld .....	— 500.00	
		Kr. 3 266 732.07

## Skuldir:

1. Skuld við ríkissjóð .....	kr. 600 000.00
2. — — Búnaðarbanka Íslands .....	— 776 847.72
3. Ógreitt tap .....	— 7 798.99
4. Eign .....	— 1 882 085.36
	<hr/>
	Kr. 3 266 732.07

97

## Rekstrareikningur Byggingarsjóðs 1939.

## Tekjur:

1. Lántökugjald .....	kr. 4 258.00
2. Vextir af lánum .....	— 112 810.09
3. Ríkissjóðstillag .....	— 200 000.00
	<hr/>
	Kr. 317 068.09

## Gjöld:

1. Kostnaður við teiknistofu .....	kr. 24 523.74
2. Vextir .....	— 69 664.46
3. Rekstrarkostnaður .....	— 39 689.45
4. Afskrifað tap á lánum .....	— 1 116.94
5. Aukin eign .....	— 182 073.50
	<hr/>
	Kr. 317 068.09

## Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 31. desember 1939.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 1 357 095.25
2. Verðbréf .....	— 463 831.59
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands .....	— 679 592.00
	<hr/>
	Kr. 2 500 518.84

## Skuldir:

1. Höfuðstóll .....	kr. 2 486 606.34
2. Ógreitt tap á lánum .....	— 13 912.50
	<hr/>
	Kr. 2 500 518.84

## Rekstrarreikningur Viðlagasjóðs árið 1939.

## Tekjur:

1. Innheimtir vextir af lánum .....	kr. 87 326.37
2. Vextir af verðbréfum og bankainnstæðu .....	— 29 204.67
	<hr/>
	Kr. 116 531.04

## Gjöld:

1. Kostnaður .....	kr. 20 301.45
2. Tap á lánum .....	— 10 358.23
3. Til varasjóðs veðdeildar .....	— 3 926.77
4. Lagt við höfuðstól .....	— 81 944.59
	<hr/>
	Kr. 116 531.04

97

## Höfuðstóll Viðlagasjóðs 31. desember 1939.

1. Frá fyrra ári .....	kr. 2 404 661.75
2. Tekjuafgangur .....	— 81 944.59
	<hr/>
	Kr. 2 486 606.34
Skipting:	
Eign veðdeildar Búnaðarbankans .....	kr. 1 397 462.69
— Ræktunarsjóðs Íslands .....	— 1 089 143.65
	<hr/>
	Kr. 2 486 606.34

## Efnahagsreikningur Loðdýralánadeildar 31. desember 1939.

Eignir:	
Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 136 270.00
	<hr/>
	Kr. 136 270.00
Skuldir:	
1. Vixill .....	kr. 100 000.00
2. Varasjóður .....	— 12 226.84
3. Búnaðarbanki Íslands .....	— 24 043.16
	<hr/>
	Kr. 136 270.00

## Rekstrarreikningur Loðdýralánadeildar 1939.

Tekjur:	
1. Ríkissjóðsstyrkur .....	kr. 10 000.00
2. Lántökugjald .....	— 333.00
3. Vextir af lánum .....	— 6 543.30
	<hr/>
	Kr. 16 876.30
Gjöld:	
1. Rekstrarkostnaður .....	kr. 2 089.60
2. Vextir .....	— 7 789.02
3. Lagt í varasjóð .....	— 6 997.68
	<hr/>
	Kr. 16 876.30

Reykjavík, 19. janúar 1940.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1939 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 24. apríl 1940.

Pétur Ottesen.

Sveinbjörn Högnason.

## Reikningur Kreppulánasjóðs um ábyrgðartillag 1939.

97

Út: Skuld við Kreppulánasjóð f. f. á. ....	kr. 613 640.00	
Greitt ábyrgðartillag á árinu .....	— 404.30	
Vaxtamiðar .....	— 27 631.80	
Inn: Kreppulánasjóðsbréf í umferð:		
Frá fyrra ári .....	kr. 613 640.00	
Útgefin á árinu .....	— 400.00	
	kr. 614 040.00	
÷ útdregin .....	— 18 050.00	kr. 595 990.00
Greiðsla úr Kreppulánasjóði .....		— 45 686.10
	Kr. 641 676.10	Kr. 641 676.10

## Stofnsjóður Kreppulánasjóðs 31. desember 1939.

Frá fyrra ári .....		kr. 584 702.56
Vaxtagreiðslur Búnaðarbanka Íslands 1939 .....	kr. 227 914.80	
Frá dregst: Til varasjóðs .....	kr. 79 346.37	
— — Rekstrarhalli .....	— 145 905.22	— 225 251.59
		— 2 663.21
		Kr. 587 365.77

## Varasjóður Kreppulánasjóðs 31. desember 1939.

Úr stofnsjóði .....	kr. 79 346.37
Tap á lánnum .....	— 79 346.37
	Kr. 0.00

## Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs 31. desember 1939.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánnum .....	kr. 8 627 641.66
2. Ógreiddir vextir:	
a. Fallnir í gjalddaga .....	kr. 302 000.00
b. Ekki fallnir í gjalddaga .....	— 43 000.00
	kr. 345 000.00
3. Fasteignir .....	— 12 148.56
4. Ýmsir viðskiptamenn .....	— 28 359.36
5. Skrifstofugögn .....	— 1 500.00
6. Afturkræft ábyrgðartillag .....	— 595 990.00
7. Verðbréf .....	— 31 932.52
	Kr. 9 642 572.10

97

## Skuldir:

1. Kreppulánasjóðsbréf í umferð .....	kr. 7 564 040.00
2. Búnaðarbanki Íslands .....	— 1 372 058.39
3. Handhafa skuldabréf .....	— 48 000.00
4. Skuldir á fasteignum .....	— 12 148.56
5. Ógreitt tap á lánum .....	— 58 959.38
6. Stofnsjóður .....	— 587 365.77
	<hr/>
	Kr. 9 642 572.10

## Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs 1939.

## Tekjur:

1. Vextir af lánum .....	kr. 350 504.45
2. Rekstrarhalli .....	— 145 905.22
	<hr/>
	Kr. 496 409.67

## Gjöld:

1. Vextir af skuldabréfum í umferð .....	kr. 324 122.85
2. Vextir af skuldum .....	— 71 458.14
3. Fasteignarekstur .....	— 196.88
4. Afskrifað af áhöldum .....	— 430.00
5. Rekstrarkostnaður .....	— 54 515.70
6. Ábyrgðartillag .....	— 45 686.10
	<hr/>
	Kr. 496 409.67

Reykjavík, 19. janúar 1940.

KREPPULÁNASJÓÐUR

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs 1939 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 24. apríl 1940.

Pétur Ottesen. Sveinbjörn Högnason.

## Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga 31. desember 1939.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 2 910 559.66
2. Óinnheimtir vextir .....	— 234 822.09
3. Verðbréf .....	— 3 100.00
4. Óhafið ríkisframlag .....	— 15 118.74
	<hr/>
	Kr. 3 163 600.49

## Skuldir:

1. Skuldabréf í umferð .....	kr. 2 875 540.00
2. Innstæða kröfuhafa .....	— 2 989.18
3. Búnaðarbanki Íslands .....	— 284 218.20
4. Ýmsir viðskiptamenn .....	— 853.11
	<hr/>
	Kr. 3 163 600.49

**Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga 1939.**

97

**Tekjur:**

1. Vextir af lánum .....	kr. 159 101.92
2. Rekstrarhalli .....	— 20 882.27
	<hr/>
	Kr. 179 984.19

**Gjöld:**

1. Vextir af skuldabréfum í umferð .....	kr. 160 629.70
2. Vextir o. fl. af skuldum .....	— 10 273.24
3. Rekstrarkostnaður .....	— 9 081.25
	<hr/>
	Kr. 179 984.19

Reykjavík, 5. janúar 1940.

**KREPPULÁNASJÓÐUR BÆJAR OG SVEITAR FÉLAGA**

**Hilmar Stefánsson.**

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga fyrir árið 1939 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 24. apríl 1940.

**Pétur Ottesen. Sveinbjörn Högnason.**

**Efnahagsreikningur Nýbýlasjóðs 31. desember 1939.**

**Eignir:**

1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 551 703.18
2. Óhafinn styrkur .....	— 116 854.62
3. Áhöld .....	— 3 000.00
4. Viðskiptamenn .....	— 3 503.17
	<hr/>
	Kr. 675 060.97

**Skuldir:**

1. Útgefin skuldabréf í umferð .....	kr. 494 000.00
2. Búnaðarbanki Íslands .....	— 140 623.95
3. Óinnleystir vaxtamiðar .....	— 24 500.00
4. Varasjóður .....	— 15 937.02
	<hr/>
	Kr. 675 060.97

**Rekstrarreikningur Nýbýlasjóðs 1939.**

**Tekjur:**

1. Ríkissjóðsstyrkur .....	kr. 166 779.36
2. Lántökugjald og teikningar .....	— 1 639.50
3. Vextir af lánum .....	— 12 889.27
	<hr/>
	Kr. 181 308.13



97

## Gjöld:

1. Styrkveitingar .....	kr.	97 820.74	
2. Rekstrarkostnaður .....	—	30 460.73	
3. Þátttaka í kostnaði við teiknistofu .....	—	8 252.30	
4. Afskrift af áhöldum .....	—	1 200.00	
5. Vextir af skuld .....	—	3 573.36	
6. Sölu­kostnaður bréfa (afföll) .....	—	12 592.00	
7. Vaxtamiðar .....	—	24 500.00	
8. Lagt í varasjóð .....	—	2 909.00	
			Kr. 181 308.13

Reykjavík, 6. janúar 1940.

## NÝBYLASJÓÐUR

Steingrímur Steinþórsson.

Framanritaða reikninga Nýbýlasjóðs fyrir árið 1939 höfum við undirritaðir yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 24. apríl 1940.

Pétur Ottesen. Sveinbjörn Högnason.

98

## REIKNINGUR

Hafnsögusjóðs Reykjavíkur árið 1939.

## Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Veðskuldabréf .....	kr.	27300.00	
b. Útistandandi vextir .....	—	450.00	
c. Sparisjóðsinnstæða .....	—	492.66	
			kr. 28242.66
2. Tekjur á árinu:			
a. Hafnsögusjóðsgjald .....	kr.	257.00	
b. Vextir .....	—	1605.23	
			— 1862.23
			Kr. 30104.89

## Gjöld:

1. Eftirlaun:			
a. Halldóra Jónsdóttir .....	kr.	200.00	
b. Pétur Þórðarson .....	—	600.00	
			kr. 800.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf .....	kr.	28400.00	
b. Sparisjóðsinnneign .....	—	904.89	
			— 29304.89
			Kr. 30104.89

Hafnarstjórinn í Reykjavík, 3. janúar 1940.

Þór. Kristjánsson.

**REIKNINGUR**

99

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hjálmars kaupmanns Jónssonar  
fyrir reikningsárið 1. sept. 1938 til 31. ágúst 1939.

## Tekjur:

1. Eign í byrjun reikningsárs 1. sept. 1938:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 24500.00		
b. Inneign í sparisjóði .....	— 1438.05		
c. Í hlaupareikningi .....	— 56.59		
			kr. 25994.64
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr. 1160.00		
b. — sparisjóðsinnstæðu .....	— 84.60		
c. — hlaupareikningsinnstæðu .....	— 3.94		
			— 1248.54
3. Gróði af bréfakaupum .....			— 39.47
			kr. 27282.65

## Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu .....	kr. 1010.00		
2. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 23500.00		
b. Ríkisskuldabréf .....	— 1000.00		
c. Inneign í sparisjóði .....	— 1712.12		
d. Inneign í hlaupareikningi .....	— 60.53		
			— 26272.65
			kr. 27282.65

Reykjavík, 2. desember 1939.

Sigurgeir Sigurðsson. Páll Einarsson. Björn Þórðarson.

Reikningur þessi samþykkist hér með.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. febrúar 1940.*

F. h. r.

E. u.

Jón Gunnlaugsson.

**FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS**

100

Jafnaðarreikningur 31. desember 1939.

## Eignir:

Útlán .....	kr. 2034901.90
Verðbréf .....	— 66884.52
Bankainnstæða .....	— 406768.46
	kr. 2508554.88

100

## Skuldir:

Stofnsjóður .....	kr. 1518077.42
Varasjóður .....	— 228689.02
Danskt lán, d. kr. 500000.00 á 125.78 .....	— 628900.00
Viðskiptamenn .....	— 3471.10
Gengisreikningur .....	— 97883.34
Fyrirfram greiddir vextir .....	— 31534.00

---

 Kr. 2508554.88

Reykjavík, 11. janúar 1940.

## STJÓRN FISKVEIÐASJÓÐS ÍSLANDS

Ásg. Ásgeirsson. Valtýr Blöndal.

---

 Elías Halldórsson.

Framanritaðan reikning höfum við endurskoðað og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 20. marz 1940.

Benedikt Sveinsson. Vigfús Einarsson.

101

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns Jónssonar læknis árið 1939.

## Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári:		
a. 2 jarðræktarbréf, hvort á 1000 kr. (nafnverð) ....	kr. 2000.00	
b. 7 veðdeildarbréf, 3 á 1000 kr., 4 á 500 kr. (nafnverð) —	5000.00	
2. Peningar í innlánsbók nr. 4415 við Útvegsbanka Ísl.	— 405.49	kr. 7405.49
3. Vextir:		
a. Af jarðræktarbréfum .....	kr. 110.00	
b. — veðdeildarbréfum .....	— 250.00	
c. — innlögum í Útvegsbanka Íslands .....	— 15.72	— 375.72
		kr. 7781.21

## Gjöld:

1. Geymsluhólf sleiga nr. 54 í Landsbankanum .....	kr. 15.00
2. Eftirstöðvar til næsta árs:	
a. 2 jarðræktarbréf, hvort á 1000 kr. (nafnverð) ....	kr. 2000.00
b. 7 veðdeildarbréf, 3 á 1000 kr., 4 á 500 kr. (nafnverð) —	5000.00
c. Peningar í innlánsbók nr. 4415 við Útvegsbanka Ísl.	— 766.21
	— 7766.21
	kr. 7781.21

Reykjavík, 24. janúar 1940.

Sigurgeir Sigurðsson.

Sigurjón Jónsson.

Helgi Ingvarsson.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1940.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tollefirlit*, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 24. júní 1940, nr. 117.

*Lög um verðlag*, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 2. júlí 1940, nr. 118.

*Bráðabirgðalög um fjarskipti*, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 5. júlí 1940, nr. 119.

*Bráðabirgðalög um utanríkisþjónustu erlendis*, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 8. júlí 1940, nr. 120.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi*, undirskrifuð sama dag, nr. 121.

## Bréf fjármálaráðuneytisins til tollyfirvalda, um undanþágu frá 102 ákvæðum 12. gr. tollskrárlaganna. 30. maí

Hér með er yður tjáð, að ráðuneytið hefir, þrátt fyrir ákvæði 12. gr. tollskrárlaganna, ákveðið að veita fyrst um sinn og þar til öðruvísi verði ákveðið, þá undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að þegar um er að ræða ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitir vörur, skuli við ákvörðun verðtolls af vörum þessum, ef viðtakandi hefir afhent til tollmeðferðar innkaupsreikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hvorrar einstakrar hinna sundurleitu vara á innkaupsstað, skipta hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á hverja einstaka vöru í sendingunni eftir hlutfalli því, sem er á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis, og er þetta t. d. rétt að gera með venjulegum hlutfallsreikningi en til þess að sjáist við hvað sé átt með þeim reikningi, skal tekið þetta einfalda dæmi, sem getur átt hér við:

Samanlagt ósundurliðað flutningsgjald, váttrygging og vörumiðlun:  
kr. 560.20

Vörutegundir í sendingunni.	Verð varanna á sölu- stað.	Niðurstaðan af þrilið- unni.	Flutnings- kostnaður- inn sundur- liðaður.	Verð varanna á sölu- stað.	Toll- verð varanna.	
Netagarn . . . . .	( 2 %)	602.20	. 0.2701 =	162.65 +	602.20 =	764.85
Glóðarnet . . . . .	( 8 %)	423.10	. — =	114.28 +	423.10 =	537.38
Hörléreft . . . . .	(10 %)	158.37	. — =	42.78 +	158.37 =	201.15
Ullarfataefni . . . .	(15 %)	270.30	. — =	73.01 +	270.30 =	343.31
Vaxdúkur . . . . .	(30 %)	333.68	. — =	90.13 +	333.68 =	423.81
Burðarnet . . . . .	(40 %)	286.33	. — =	77.34 +	286.33 =	363.67
		2073.98		560.19	2073.98	2634.17

207398) 56020.0000 (0.2701  
414796  
1454040  
1451786  
225400  
207398  
18002

**102** Reikna skal dæmið þangað til komnir eru fjórir tugastafir í niðurstöðuna, nema  
30. maí dæmið hafi gengið upp áður. Þegar komnir eru fjórir tugastafir í niðurstöðuna skal  
hækka fjórða tugastafinn um 1, ef afgangurinn er helmingur deilisins eða meira, annars  
ekki.

Undanþága þessi verkar ekki aftur fyrir sig.

**103**  
2. apríl

## S A M Þ Y K K T

um bann gegn dragnótaveiðum innan Sauðárkróks- og Hofsóshafna.

### 1. gr.

Dragnótaveiðar eru með öllu bannaðar innan Sauðárkrókshafnar, sem tekur yfir botn Skagafjarðar, vestan Hegraness, innan beinnar línu, sem hugsast dregin úr næsta melhorni norðan við Gönguskarðsárós í vitann á Hegranesi, og innan Hofsósshafnar, sem takmarkast að vestan af línu dreginni í hásuður 500 metra vestan við Naustaklett og að norðan og sunnan af tveim línunum hornrétt á þá línu að norðan um Naustaklett og að sunnan úr innra Grafaróshorni.

Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

### 2. gr.

Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á hafnarsvæðunum, skal þó heimilt að nota dráttarnætur og draga þær á land.

Einnig skal heimilt að króa af síld og ufsa við land svo sem tíðkamt hefir, eftir fyrirmælum tilskipunar 12. febr. 1872, sem og veiða síld í herpinót, þó til botns taki.

Eftir sérstöku leyfi atvinnumálaráðherra, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir fengið að nota dragnætur á hafnarsvæðunum, sem fást við vísindalegar rannsóknir.

### 3. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari, upphæð sektarfjár og meðferð þess fer eftir ákvæðum 3., 4., 5. og 6. gr. laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi nr. 45 frá 13. júní 1937.

### 4. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal reka sem opinber lög-reglumál.

### 5. gr.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 26 12. febr. 1940, um breytingu á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, 2. apríl 1940.

**Sigurður Sigurðsson.**

**S A M Þ Y K K T**

104

29. apríl

**um bann við dragnótaveiðum innan Fáskrúðsfjarðar-, Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhafna.**

Þessi löggilt hafnarsvæði skulu með öllu friðuð fyrir dragnótaveiðum:

1. Fáskrúðsfjarðarhöfn innan línu, sem hugsast dregin þvert yfir Fáskrúðsfjörð frá Mjóeyri yfir í Melrakkaeyri.
2. Eskifjarðarhöfn innan línu, sem hugsast dregin frá Mjóeyri yfir í Skeleyri.
3. Reyðarfjarðarhöfn innan línu, sem hugsast dregin úr Hellulækjarósi þvert yfir Reyðarfjörð í Handarhald.

Um viðurlög við brotum gegn samþykkt þessari fer eftir lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Samþykkt þessi er gerð af sýslunefnd Suður-Múlasýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 26 12. febr. 1940, um breytingu á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi og birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, 29. apríl 1940.

Lúðvík Ingvarsson,  
settur.

**S A M Þ Y K K T**

105

20. maí

**um breyting á samþykkt um lokunartíma hárgreiðslustofa í Reykjavík, nr. 57 5. júní 1937.**

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Alla virka daga árs, aðra en föstudaga, skal hárgreiðslustofum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, en á föstudögum kl. 8 síðdegis, og þær ekki opnar aftur fyr en kl. 8½ árd. næsta virkan dag. Þó skulu vera undantekningar frá þessu, er nú skal greina: Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal stofunum lokað eigi síðan en kl. 4½ síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda stofunum opnum til kl. 11 síðdegis og næst síðasta virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 9 síðdegis.

Síðasta vetrardag og miðvikudaginn fyrir uppstigningardag má hafa stofurnar opnar til kl. 7 síðdegis, en miðvikudaginn fyrir skírdag til kl. 8 síðdegis.

Á tímabilinu 15. maí til 14. september skal loka stofnunum eigi síðar en kl. 1 e. h. á laugardögum.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 17 1936 og staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

106  
30. maí

## AUGLÝSING

um bann gegn fýlungatekju og hagnýtingu fýlunga.

Með tilvísun til laga nr. 70 7. maí 1940, um varnir gegn fýlasótt, er hér með bönnuð með öllu fýlungatekja á Íslandi, svo og hvers konar hagnýting fýlunga. Hins vegar er heimiluð veiði fullorðins fýls (vetrarfýls) og hagnýting hans, svo og fýlseggjatekja.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda þangað til öðruvísi verður ákveðið.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 30. maí 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

107  
6. júní

## REGLUGERÐ

fyrir sparisjóð Þingeyrarhrepps á Þingeyri.

### I. Ábyrgð og stjórn sjóðsins.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Þingeyrarhrepps. Ábyrgðarmenn sjóðsins mega fæstir vera 20, og skulu þeir allir vera búsettir í Þingeyrarhreppi.

#### 2. gr.

Sérhver ábyrgðarmaður skuldbindur sig skriflega til að ábyrgjast skil af hendi sjóðsins með allt að 100 króna framlagi, ef sjóðinn brestur.

#### 3. gr.

Fækki ábyrgðarmönnum af gildum orsökum, svo sem við andlát eða burtflutning, svo að færri verða en 20, ber þeim, sem eftir eru, í samráði við stjórnarnefndarmenn sjóðsins, að útvega nýja ábyrgðarmenn og taka þeir á sig skyldur samkvæmt 2. gr.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Eru tveir þeirra kosnir á aðalfundi af ábyrgðarmönnum. Hlutfallskosningu má viðhafa, ef ósk kemur fram um það á fundinum. Þriðji maðurinn er árlega kosinn af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsyslu. Skipta þeir með sér störfum þannig, að einn er formaður, annar féhirðir og hinn þriðji bókarir eða meðstjórnandi. — Starfslaun til þeirra ákveða ábyrgðarmenn sjóðsins.

#### 5. gr.

Ábyrgðarmenn og sjóðstjórn halda árlega aðalfund á Þingeyri, á tímabilinu 1. til 31. marz. Boðar stjórnin til hans með minnst þriggja daga fyrirvara. Aukafundir skulu haldnir þá er formanni þykir þurfa eða helmingur ábyrgðarmanna óskar.

Á aðalfundi skal endurskoðaður reikningur síðasta árs lagður fram og fari fram atkvæðagreiðsla um hann. Stjórnin gefur og yfirlit yfir hag sjóðsins, og gera fundarmenn þar ákvarðanir allar, er ástand sjóðsins og fyrirkomulag útheimtir.

Úrslitum mála á fundum ræður meiri hluti greiddra atkvæða, þó þurfa  $\frac{2}{3}$  allra ábyrgðarmanna að vera á einu máli, ef breyta skal reglugerð þessari. 107  
6. júní

Fundir eru lögmætir, ef meiri hluti stjórnar og meiri hluti ábyrgðarmanna er mættur.

#### 6. gr.

Stjórnarnefndarmenn sjóðsins bera, allir fyrir einn og einn fyrir alla, ábyrgð á því, að ekkert af fé hans fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

#### 7. gr.

Starfstofa sjóðsins er opin hvern föstudag kl. 4—5 e. h., nema helgur dagur eða almennur fridagur sé. Féhirðir sé þá ætíð viðstaddur og annar hinna stjórnarnefndarmanna með honum. — Fjölga má starfstundum ef þurfa þykir.

#### 8. gr.

Bækur sjóðsins skal færa þannig, að ætíð sé auðvelt að sjá, hvernig fé hans er tryggt, hvernig reikningur hvers viðskiptamanns stendur, og hvernig heildarhag sjóðsins er háttað. Heimilt er og hverjum viðskiptamanni að sjá reikning sinn í bókum sparisjóðsins, hvenær sem starfstofa hans er opin.

### II. Endurskoðun.

#### 9. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera tveir og kosnir af sýslunefnd Vestur-Ísa-fjarðarsýslu.

Þeir skulu rannsaka framlagða reikninga og, ef þurfa þykir, bækur og skulda-bréf sjóðsins og athuga hvort rekstur sparisjóðsins og stjórn er í fullu lagi. Finni endurskoðendur misfellur á reikningshaldi eða rekstri sjóðsins, ber þeim að sjá um að sjóðstjórnin bæti úr því.

#### 10. gr.

Deili endurskoðendur og stjórnina á um einhver þau atriði, er endurskoðuninni kemur við, þá leggst sá ágreiningur, ásamt rökstuddu áliti beggja aðila, fyrir næsta aðalfund. Rannsakar hann málið og úrskurðar deiluatríðin, þó innan þeirra takmarka, er lög kunna að setja.

### III. Samlag í sjóðinn.

#### 11. gr.

Sjóðurinn tekur við fé til ávöxtunar, í fyrsta skipti eigi undir 5 krónum, en eftir það minnst 1 krónu í senn.

#### 12. gr.

Þeim, er í fyrsta sinn leggur inn fé til ávöxtunar, er fengin viðskiptabók, sem hann greiðir 100 aura fyrir. Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóðinum, skal það um leið vera ritað í viðskiptabókina. Þó má í sérstökum tilfellum taka við fé án þess bókin sé sýnd, en þá gegn kvittun bókara og féhirðis.

Fyrir innlögum og útborgunum kvitta tveir úr sjóðstjórninni í viðskiptabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni. — Sjóðstjórnin löggildir viðskiptabækurnar.

#### 13. gr.

Glatist viðskiptabók ber eiganda hennar að snúa sér til sjóðstjórnarinnar, sem annast um að handhafa hennar verði stefnt samkvæmt 2. gr. laga um sparisjóði nr. 44 3. nív. 1915. Kostnaðinn greiðir eigandi.



107

6. júní

14. gr.  
Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur sjóðstjórnin neitað um viðtöku á fé í sjóðinn, eða gert að skilyrði að féð standi óhreyft allt að einu ári.

15. gr.

Eigi skal þeim, sem óviðkomandi eru, sagt um inneignir einstakra manna í sjóðnum.

#### IV. Vextir.

16. gr.

Af fé, sem sjóðurinn ávaxtar, greiðir hann í vexti 4% á ári. Eigi greiðast vextir af minni upphæð en 5 krónum og reiknast frá og með 1. degi í næsta mánuði eftir að inn er lagt, til 1. dags í þeim mánuði, sem út er tekið, og eigi í minni hlutum en heilum aurum.

17. gr.

Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum til 31. desember ár hvert, sem er gjalddagi sjóðsins, og sé ávaxtanna þá ekki vitjað leggjast þeir þegar við höfuðstól sem innstæða.

#### V. Uppsagnir.

18. gr.

Uppsögn á innstæðufé fer fram munnlega eða skriflega á skrifstofu sjóðsins. Skal hún innfærð í þar til gerða bók, ef féð er ekki þegar greitt. Engu fé má segja upp fyrr en það hefir staðið 6 mánuði í sjóðnum.

Eigi er skylt að greiða upphæð frá 100—200 kr. með minna en mánaðar fyrirvara; 200—500 kr. með þriggja mánaða fyrirvara og stærri upphæðir með misseris fyrirvara.

19. gr.

Rétt hefir sjóðurinn til að afhenda féð hvenær sem er, eftir að því hefir verið sagt upp, enda eigi skylt að svara vöxtum af uppsögðu fé, eftir að greiðsla var boðin.

20. gr.

Sjóðstjórninni er heimilt að segja lausu fé, sem er á vöxtum í sjóðnum, með þriggja mánaða fyrirvara.

Sé innstæða greidd að fullu, skal viðskiptabókinni skilað án endurgjalds. Sé bók útskrifuð, fær eigandi hennar aðra bók ókeypis ef hann vill halda viðskiptunum áfram.

21. gr.

Ef eigandi innstæðufjár, eða erfingjar hans, vitja ekki innstæðunnar eða vaxta af henni og gera enga ráðstöfun um hana í tuttugu ár, og gefa sig heldur ekki fram innan 6 mánaða eftir að áskorun um það hefir verið birt í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, þá er innstæðan með vöxtum orðin eign sjóðsins.

#### VI. Útlán.

22. gr.

Fé sjóðsins skal gera arðbært með því:

- a. að ávaxta það í banka,
- b. að lána það út gegn veði eða víxlum,
- c. á hvern annan hátt, er stjórnarnefndarmenn allir telja tryggan.

## 23. gr.

107

Stjórnendur sjóðsins mega hvorki taka lán úr honum né ábyrgjast lántöku annara. 6. júní

Kaupskýslumenn og forstjórar verzlunarfyrirtækja skulu ekki eiga sæti í stjórninni.

## 24. gr.

Vexti af lánum skal ætíð greiða fyrirfram, minnst fyrir eitt misseri. Séu þeir eigi greiddir í gjalddaga aukast þeir um tvo af hundraði unz lokið er, og séu þeir ekki greiddir innan árs skal ganga að veði eða ábyrgð og fyrr, ef stjórn sjóðsins telur nauðsynlegt.

## 25. gr.

Allan kostnað við rekstur sjóðsins, svo sem bækur, ritföng, prentun, auglýsingar, ljós, hita, starfslaun o. a. þ. h. skal greiða af ágóða sjóðsins.

**VII. Varasjóður.**

## 26. gr.

Allan ársarð af rekstri sparisjóðsins, að frádregnum kostnaði samkvæmt 25. gr., skal leggja í sjóð, er nefnist varasjóður.

## 27. gr.

Varasjóður skal vera í tryggum eignum, auðseldum verðbréfum eða inneign í Landsbanka Íslands.

## 28. gr.

Varasjóður er til þess ætlaður að standa straum af tjóni því, sem sparisjóðurinn kann að verða fyrir, og skyndiútborgunum á uppsögðu fé.

Varasjóðnum má þó ráðstafa á annan hátt, ef  $\frac{2}{3}$  hlutar ábyrgðarmanna samþykkja það á löglega boðuðum fundi. Skal þess getið í fundarboði, að tillaga um það verði borin fram.

**VIII. Breytingar á reglugerðinni.**

## 29. gr.

Reglugerð þessari má ekki breyta nema  $\frac{2}{3}$  hlutar allra ábyrgðarmanna fallist á það á löglega boðuðum fundi, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að breyt-ingartillögur yrðu bornar fram.

## 30. gr.

Um þau atriði í málefnum sparisjóðsins, sem ákvæði þessarar reglugerðar ná ekki til, fer samkvæmt lögum nr. 44 3. nóv. 1915 og lögum nr. 83 26. apríl 1935, ásamt reglugerð nr. 19 frá 5. maí 1917.

**IX. Ákvæði til bráðabirgða.**

## 31. gr.

Þar til innlaun allra veðskuldabréfa, sjálfhábyrgðarskuldabréfa, víxla og annara trygginga útgefnum til handa Sparisjóði Vestur-Ísafjarðarsýslu á Þingeyri hefir farið fram, skulu öll slík skjöl vera í eigu Sparisjóðs Þingeyrarhrepps.

Jafnframt ber að vitja allra innstæðna og vaxta af innstæðum, er sami sparisjóður hefir hingað til ávaxtað, til Sparisjóðs Þingeyrarhrepps, og hvílir á þeim

- 107 síðartalda innlausnarskylda allra þeirra viðskiptabóka, sem í umferð eru og lög-  
6. júní giltar hafa verið af stjórn hins fyrirtalda, og sem með samþykkt þessarar reglu-  
gerðar verður niður lagður.

### X. Hvað úr gildi fellur.

32. gr.

Með staðfestingu á reglugerð þessari fellur úr gildi samþykkt fyrir Sparisjóð Vestur-Ísafjarðarsýslu, dags. 14. marz 1896, og síðari breytingar á þeirri samþykkt.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 6. júní 1940.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

- 108 **Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Skógræktarsjóð Búnaðar-**  
6. júní félags Sveinsstaðahrepps, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra  
6. júní 1940.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógræktarsjóð Búnaðarfélags Sveinsstaðahrepps.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500 krónur, sem Búnaðarfélag Sveinsstaðahrepps lagði fram til minningar um 75 ára afmæli sitt hinn 16. okt. 1938, og kom til geymslu og ávöxtunar á Sparisjóði Húnavatnssýslu 11. nóv. 1939.

Tekjur sjóðsins verða: Vextir frá þeim degi eða vaxtahluti af höfuðstólnum, gjafir, áheiti eða annað, sem sjóðnum kann að hlotnast.

2. gr.

Markmið sjóðsins er:

- a. að glæða áhuga Sveinsstaðahreppsbúa fyrir skógrækt;
- b. að hrinda af stað, svo fljótt sem auðið verður, gróðursetning trjáa, í sem stærstum lundi innan Sveinsstaðahrepps;
- c. að efla og viðhalda trjágróðri innan sveitarinnar þegar hann er byrjaður. Aldrei má nota sjóðinn til annars en þess, sem tekið er fram í a—c-lið þessarar greinar.

Sjóðinn skal ávallt geyma í Sparisjóði Húnavatnssýslu.

3. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Sveinsstaðahrepps er jafnframt stjórn sjóðsins. Hún skal halda sérstaka gerðabók fyrir störf sín viðkomandi sjóðnum, og rita í hana skipulagsskrána og fundarályktanir sínar. Hún semur reglur um styrk af sjóðnum, telji hún þess þörf. Ennfremur hefir hún á hendi fjárreiður og reikningshald fyrir sjóðinn og skiptir með sér verkum.

## 4. gr.

108

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið hinum árlega reikningi fyrir miðjan febrúar. Skal reikningurinn endurskoðaður af sömu endurskoðendum og reikningar Búnaðarfélags Sveinsstaðahrepps og borinn upp til samþykktar á aðalfundum þess.

6. júní

## 5. gr.

Með þeim undantekningum, sem síðar er fram tekið í þessari grein, skal ávallt bæta við höfuðstólinn að minnsta kosti  $\frac{1}{10}$  hinna árlegu vaxta hans og öllu öðru, er sjóðnum kann að áskotnast. Vextirnir skulu allir lagðir við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn alls kr. 1500.00. Þá sjóðurinn hefir náð nefndri upphæð, kr. 1500.00, skal  $\frac{1}{4}$  ársvaxtanna leggjast við höfuðstólinn, en  $\frac{3}{4}$  hlutar þeirra varið samkv. 2. gr. skipulagsskrárinnar, þar til höfuðstóllinn er orðinn kr. 5000.00, þá má verja  $\frac{1}{10}$  hlutum vaxtanna samkvæmt 2. gr. skipulagsskrárinnar.

Nú ber svo við, að stofnaður verði nýr trjálundur innan Sveinsstaðahrepps, eða er nýstofnaður, þá heimilast stjórninni að verja af höfuðstól sjóðsins til styrktar þeim lundi, þeirri upphæð, sem hún telur rétt vera, til þess að ná höfuðmarki hans, sem tilgreint er í 2. gr. þessarar skipulagsskrár. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn meira en það, að eftir verði að minnsta kosti 1000 krónur.

## 6. gr.

Breytingar á þessari skipulagsskrá getur Búnaðarfélag Sveinsstaðahrepps gert, ef breytingarnar eru samþykktar á tveimur aðalfundum félagsins í röð, og þær ná samþykki viðkomandi stjórnarvalda Íslands.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal leita konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi samþykkt óbreytt á aðalfundi Búnaðarfélags Sveinsstaðahrepps, í skólahúsi hreppsins, 12. apríl 1940.

Jón Kr. Jónsson.

Magnús B. Jónsson.

Jón S. Pálmason.

## ARÐSKRÁ

109

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Úlfarsár.

10. júní

Korpúlfsstaðir og Lambhagi .....	45	einingar
Blikastaðir .....	14	—
Grafarholt .....	2,5	—
Úlfarsá .....	8	—
Reynisvatn .....	14	—
Fellsmúli .....	1,5	—
Úlfarsfell .....	5	—
Óskot .....	3,5	—
Miðdalur .....	1	—
Þormóðsdalur .....	4,5	—
Ægir, sundfél. ....	1	—

100 einingar

109 Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax-  
10. júní og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum  
þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júní 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

110  
12. júní

## S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Árnesinga.

### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Árnesinga, skammstafað V. Á. Heimili þess og varnar-  
þing er á Selfossi.

### 2. gr.

Félagssvæðið er allar þær jarðir, sem land eiga að eftirtöldum laxveiðiám og  
eru þær þessar:

**Ölfusá:** Óseyrarnes, Hraun, Hraunshjáleiga, Lágar, Hraunshóll, Flóagafll, Halls-  
kot, Kaldaðarnes, Lambastaðir, Kálfhagi I og II, Arnarbæli, Auðsholt og hjáleiga,  
Kirkjuferja og hjáleiga, Litla-Sandvík, Kotferja, Stóra-Sandvík I og II, Eyði-Sandvík,  
Björk, Geirakot, Nabbi, Stekkar, Þórustaðir, Árbær, Selfoss I, II, III, Hellir og Foss-  
nes, Laugardælur, Laugarbakkar, Tannastaðir.

**Sog:** Alviðra, Torfastaðir I og II, Norðurkot, Miðengi, Bildsfell, Tunga, Ásgarður,  
Syðri-Brú, Búrfell.

**Hvítá:** Skrúðvangur, Öndverðarnes, Hraunkot, Stóra-Ármót, Snæfoksstaðir,  
Vaðnes, Langholt I og II, Hallandi, Stóru-Reykir, Litlu-Reykir, Arnarbæli I og II,  
Kiðjaberg, Hestur, Brúnastaðir I, II, Oddgeirshólar, Höfði, Austurkot, Hjálmholt,  
Laugar, Árhraun, Gíslastaðir, Vatnsnes, Hamrar I, II, Útverk, Miðbýli, Fjall I, II, Iða  
I, II, Skálholt I, II, Laugarás, Auðsholt I til IV, Höfði, Hvítárholt, Bræðratunga, Hala-  
kot, Ásakot, Lambhúskot, Galtalækur, Krókur, Borgarholt, Borgarholtskot, Bryðju-  
holt, Kópavatn, Gróf, Skipholt, Bergsstaðir, Drumboddsstaðir, Einholt, Haukholt,  
Foss, Hlíð, Gýgjarhóll, Gýgjarhólskot, Brattholt, Tungufell, Jaðar.

**Brúará og Hagaós:** Hverakot (Sólh.), Kringla, Bjarnastaðir, Þórisstaðir, Reykja-  
nes, Mosfell, Sel, Spóastaðir, Hagi, Miklaholt, Syðri-Reykir, Böðmóðsstaðir, Efri-  
Reykir, Efsti-Dalur I, II.

**Tungufljót:** Hrosshagi, Torfastaðir, Reykjavellir, Brautarhóll, Stóra-Fljót, Fell,  
Fellskot, Vatnsleysa I, II.

**Fullsæll:** Tjörn, Brekka.

**Andalækur:** Miðhús, Úthlíð, Hrauntún, Stekkholt, Austurhlíð, Stritla.

**Litla-Laxá:** Efra-Langholt I, II, Langholtskot, Ásatún (Snússa), Efra-Sel, Syðra-  
Sel, Hrafnkelsstaðir, Gróf, Grafarbakki I, II, Hvammur, Högnastaðir, Ás, Reykjadal-  
skot, Reykjadalur, Hruni, Þverspyrna, Berghylur, Klúftir, Flúðir.

**Stóra-Laxá:** Unnarholt, Unnarholtskot, Bjarg (Bolaf.), Eiriksbakki, Ósabakki,  
Syðra-Langholt I, II, Birtingaholt, Reykir, Sandlækur, Sandlækjarkot, Skarð, Glóra,  
Háholt, Hrepphólar, Hólakot, Núpstún, Sóleyjarbakki, Hlíð, Sólheimar, Laxárdalur,  
Hörgsholt, Kaldbakur, Hrunakrókur.

## 3. gr.

110

12. júní

Tilgangur félagsins er að gera laxveiði á félagssvæðinu sem arðmesta með því:

- a. að reka sameiginlega laxveiði;
- b. að útrýma sel og öðrum veiðivargi, enda komi fullar bætur fyrir, samkvæmt landslögum;
- c. að stuðla að laxaklaki, eða reka það, ef svo ber undir;
- d. að koma upp eftirliti til þess að koma í veg fyrir ólöglega veiði.

## 4. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stangaveiði ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki, og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slík veiðileyfi yrðu til umræðu. Þó skulu jarðeigendur, sem hafa stundað stangaveiði fyrir landareign sinni, og sem kjósa að notfæra sér hana framvegis á sama hátt, hafa forgangsrétt til veiðiréttarins fyrir landareign sinni.

Félagsstjórn er og heimilt að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef hentara þykir.

## 5. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax á félagssvæðinu nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið sé veitt.

Félagsmönnum og öðrum, sem á félagssvæðinu búa, er bannað að hafa með höndum ádráttarnet, nema þeir geti sannað, að nota eigi þau til veiða í vatni utan félagssvæðisins.

## 6. gr.

Æðsta vald í öllum félagsmálum hefir aðalfundur. Hann skal haldinn ár hvert fyrir lok aprílmánaðar. Til aukafundar getur félagsstjórnin kvatt, þegar henni þykir þess þörf. Skylt er stjórninni að kveðja til aukafundar, ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Fundur er lögmætur, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna eru á fundi, eða hafa gefið öðrum, sem þar mæta, skriflegt umboð til þess að mæta fyrir sig.

Á fundum ræður afl atkvæða úrslitum mála, nema þar, sem samþykkt þessi mælir fyrir um aukinn meiri hluta.

Til funda skal kvatt með skriflegri tilkynningu til hvers félagsmanns eða tvítekinni tilkynningu í útvarpi með  $\frac{1}{2}$  mánaðar fyrirvara.

## 7. gr.

Á aðalfundum skulu tekin fyrir þessi mál í þeirri röð, sem hér segir:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu ári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir liðið almanaksár með athugasemdum endurskoðanda lagðir fram og úrskurðaðir.
3. Kosið í stjórn félagsins samkv. 11. gr., bæði aðalmenn og varamenn.
4. Kosinn einn endurskoðandi úr flokki félagsmanna til tveggja ára og annar til vara.
5. Stjórnin lýsir eftir föngum hugmyndum sínum um rekstur félagsins á næsta starfsári.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem upp kunna að verða borin.

## 8. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf  $\frac{2}{3}$  atkvæða á lögmætum aðalfundi. Til þess að slíta félaginu þarf ályktun um það að hafa verið samþykkt á

- 110 tveimur lögmætum fundum í röð með eigi færri en  $\frac{2}{3}$  atkvæða. Ef fundur verður ekki lögmætur sökum fámennis, skal kveðja til fundar á ný innan þriggja vikna. Skal þá tekið fram í fundarboði, að til fundar sé kvatt á ný vegna þess, að ekki mættu nógu margir á hinum fyrra fundi til þess, að hann væri lögmætur. Er hinn síðari fundur þá lögmætur án tillits til þess, hve margir mæta á honum.

## 9. gr.

Í sérstaka gerðabók skal rita allar fundarsamþykktir orðréttar og stutta skýrslu um annað, sem gerist á félagsfundum. Fundargerðir skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði. Skulu þær síðan undirritaðar af fundarstjóra, skrifara og viðstöddum stjórnarmönnum.

## 10. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum og 3 varamönnum, og skal jafnan 1 aðalstjórnarnefndarmaður, að minnsta kosti, vera af eftirtöldum svæðum: 1. Ölfushreppur, 2. Sandvíkurhreppur og Eyrarbakki, 3. Hraungerðishreppur og Grímsnes, 4. Gnjúpverja- og Hrunamannahreppur og Skeið, 5. Biskupstungur og Laugardalur. Varamaður gengur til fulls í stjórnina ef aðalmaður deyr eða vikur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtími hans er liðinn. Varastjórnarmenn taka sæti í stjórninni í þeirri röð, að fyrstur kemur sá, sem kosinn var með flestum atkvæðum, o. s. frv.

Stjórn félagsins, aðalmenn og varamenn, skulu kosnir til þriggja ára í senn, og ganga þeir úr stjórninni á víxl, fyrsta árið 1, annað árið 2 samkv. hlutkesti, og síðan eftir starfstíma í stjórninni.

Enginn félagsmaður getur skorazt undan kosningu í stjórn félagsins nema um jafnmörg ár og hann hefir áður verið í stjórninni. Með samþykki hans má endurkjósa hann.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum til eins árs í senn. Formaður kveður til funda og stjórnar heim. Stjórnarfundur er lögmætur ef meir en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Úrslitum mála ræður afl atkvæði, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundargerðir stjórnarinnar skulu ritaðar í gerðabók, og skrifa viðstaddir stjórnarmenn undir þær.

## 11. gr.

Félagsstjórnin ræður öllum félagsmálum milli félagsfunda, sér um framkvæmdir fyrir félagið, heldur reikninga þess og kveður til félagsfunda.

Félagsstjórnin hefir heimild til þess að taka lán fyrir félagið og getur skuldbundið það og eignir þess með ályktunum sínum og samningum.

## 12. gr.

Arði af starfsemi félagsins skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir. Gildir hún til tveggja ára í senn, nema fyrirfram sé ákveðið að hún skuli gilda um skemmri tíma. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá, að þeim tíma liðnum, geta menn krafizt mats samkvæmt lögum.

Félagsmenn greiða kostnað af starfsemi félagsins í sama hlutfalli og þeir taka arð.

## 13. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 10—1000 kr. og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í sýslusjóð.

## 14. gr.

Nú er félaginu slitið, og sé það þá í skuld umfram eignir, skal jafna henni niður á félagsmenn í sama hlutfalli og þeir tóku arð.

Eignir þær, sem félagið kynni að eiga, skulu afhentar sýslunefnd Árnassýslu til 110  
vörzlu, unz fiskræktar- eða veiðifélag er stofnað aftur á sama svæði. 12. júní

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess  
að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að  
máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## S A M Þ Y K K T

111

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Keflavíkurbreppi,  
nr. 27 25. júní 1935. 20. júní

### 1. gr.

1. málsgr. 2. gr. orðist þannig:

Alla virka daga árs skal verzlunum og brauðabúðum lokað eigi síðar en klukkan  
6 síðdegis, og þær eigi opnaðar aftur fyrr en klukkan 8 árdegis næsta virkan dag.  
Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

### 2. gr.

Á eftir 3. málsgr. 1. gr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

Tímabilið 20. maí til 20. september skal öllum verzlunum og brauðabúðum lokað  
á laugardögum kl. 4 e. h. Á sama tímabili, 20. maí til 20. september, skal hafa opið til  
kl. 8 e. h. á föstudögum.

### 3. gr.

Aftan við 3. gr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

1. maí, 17. júní, 1. desember skal loka kl. 12 á hádegi. Sumardaginn fyrsta skal  
vera lokað allan daginn. Þó skulu brauðabúðir vera opnar þessa daga á sama tíma  
og um getur í 4. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til  
að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gunnl. E. Briem.*



112 Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Skógræktarsjóð Borgar-  
24. júní fjarðar, útgefin á venjulegan hátt 24. júní 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógræktarsjóð Borgarfjarðar, gefinn til minningar um Ásdísi og Guðrúnu Vigfúsdætur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skógræktarsjóður Borgarfjarðar.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með 5000 — fimm þúsund — króna gjöf hjónanna Sigrúnar Stefánsdóttur og Vigfúsar Guðmundssonar, gestgjafa í Borgarnesi, til minningar um dóttur þeirra, Ásdísi, og dóttur og stjúpdóttur, Guðrúnu.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól hans. Ennfremur gjafir og áheit, er stofnendur eða aðrir kunna að leggja til hans.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Mýrasýslu, eða á öðrum jafntryggum stað,  $\frac{1}{4}$  hluta ársvaxta sjóðsins skal ætíð leggja við höfuðstól hans.  $\frac{3}{4}$  hluta þeirra má veita úr honum samkvæmt 8. gr. Aðrar tekjur, er sjóðnum hlotnast, skulu leggjast við höfuðstól hans.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla skógrækt í Borgarfjarðarhéraði (Mýra- og Borgarfjarðarsýslum), með því að veita verðlaun þeim einstaklingum, félögum eða stofnunum í héraðinu, sem mest og farsælast hafa unnið að skógrækt síðustu fimm árin á undan, og að dómi sjóðstjórnarinnar eru verðlaunaverðust í þessum efnum.

6. gr.

Telji stjórn sjóðsins eitthvert ár engan verðan þess að fá verðlaunin, þá leggjast allir þess árs vextir við höfuðstól sjóðsins. Aldrei má veita sama aðila verðlaun úr sjóðnum nema einu sinni á hverjum fimm árum.

7. gr.

Þeir, sem óska að njóta verðlauna úr sjóðnum, skulu sækja um þau skriflega til sjóðstjórnarinnar fyrir 1. apríl. Umsókn skal fylgja lýsing á þeim framkvæmdum, sem verðlauna er óskað fyrir og meðmæli frá stjórn Skógræktarfélags Borgarfjarðar, um að verðlaunin verði veitt. Stjórn sjóðsins skal þó heimilt að veita verðlaun, án þess að um þau sé sótt.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal ákveða, hve mörgum skuli veitt verðlaun úr sjóðnum á ári hverju og hve há hverjum. Eigi má þó veita lægri verðlaun en 100 — eitt hundrað — krónur.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, og séu það: Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar, formaður Ungmennasam-

bands Borgarfjarðar, skólastjóri hændaskólans á Hvanneyri og skólastjóri héraðs- 112  
skólans í Reykholti. Einnig verði tveir varamenn þessara manna og séu það odd- 24. júní  
vitinn í Andakílshreppi og oddvitinn í Borgarneshreppi.

## 10. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega gerðir af sjóðstjórninni og lagðir fyrir sýslu-  
nefndir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til samþykktar.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema eftir tillögu sjóðstjórnar, enda sé  
það samþykkt af sýslunefndum Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu. Nafni og tilgangi  
sjóðsins, semkvæmt gjafabréfi, má þó aldrei breyta.

## 12. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Framanrituð skipulagsskrá var þannig samþykkt á fundi sýslunefndar Mýra-  
sýslu 6.—8. maí 1940 og á fundi sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu 14.—16. maí 1940.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 25. maí 1940.

Jón Steingrímsson.

## REGLUGERÐ

113

um skyldu skipa og flugfara til að koma á tiltekna hafnar eða hafnarstaði til  
þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi. 25. júní

## 1. gr.

Öll skip, sem koma hingað frá útlöndum og ætla að taka hér aðrar hafnir en  
Reykjavíkurböfn eða Akureyrarhöfn, skulu á leiðinni frá útlöndum taka höfn í ann-  
ari hvorri þessara hafna til þess að fá fyrstu afgreiðslu hér, nema þau þurfi að leita  
annara hafna í neyð, enda sannist það í sjóprófi, að um neyðarhöfn hafi verið að ræða.

Þá skulu öll skip, sem fara héðan til útlanda, láta síðast úr höfn annað hvort  
úr Reykjavíkurböfn eða Akureyrarhöfn.

## 2. gr.

Öll flugför, sem koma hingað frá útlöndum og ætla að lenda hér annarsstaðar  
en í Reykjavík, skulu á leiðinni frá útlöndum lenda í Reykjavík til þess að fá fyrstu  
afgreiðslu hér, nema þau þurfi að lenda annarsstaðar í neyð, enda sannist það fyrir  
lögreglurétti, að um neyðarlending hafi verið að ræða.

Þá skulu öll flugför, sem fara héðan til útlanda, leggja síðast upp héðan frá  
Reykjavík.

## 3. gr.

Til sönnunar því, að skip og flugför hafi fengið í ferð sinni að landinu tilskylda  
fyrstu afgreiðslu hér á höfnum þeim og hafnarstöðum, sem getur í 1. og 2. gr. hér  
að framan, skulu þau fá hjá tollyfirvöldunum á þessum stöðum skirteini þar að lút-  
andi, sem ber að leggja fyrir tollyfirvöld hér, ef krafizt verður.

Skipum og flugförum er óheimilt að leggja af stað héðan til útlanda fyr en þau

113 hafa fengið tollvegabréf frá tollyfirvöldunum á höfnum þeim og hafnarstöðum, sem 25. júní getur í 1. og 2. gr. hér að framan.

## 4. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum, enda sé undanþágu beiðst svo tímanlega, að ráðuneytið geti gert nauðsynlegar öryggisráðstafanir, og skal fullnægt skilyrðum þeim, sem ráðuneytið kann að setja fyrir slíkum undanþáguveitingum.

## 5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1.—4. gr. hér að framan varða skipstjóra eða flugfarstjóra sektum, allt að kr. 100000.00.

Nú tekur skip, sem í ferð sinni hingað hefir ekki fengið áður afgreiðslu hér á landi, höfn annarsstaðar en á höfnum þeim, sem taldar eru í 1. gr. hér að framan, og skulu þá ekki leyfðar samgöngur við slíkt skip og því tafarlaust vísað til Reykjavíkur eða Akureyrar, nema það sé í nauðum statt. Sama gildir um flugför, sem lenda í öðrum hafnarstöðum en í Reykjavík.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 63 31. desember 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, lögum um breyting á þeim lögum nr. 59 30. des. 1939 og bráðabirgðalögum frá 24. júní 1940, um sama efni.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin 28. gr. reglugerðar nr. 123 25. nóvbr. 1938, um tollheimtu og tolleftirlit.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 25. júní 1940.*

**Jakob Möller.**

*Magnús Gíslason.*

114

25. júní

## S A M Þ Y K K T

**um eyðingu svartbaks í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.**

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Svartbak skal eyða með skotum. Hreppsnefnd ræður skotmenn sem til þess eru færir, og svo marga sem þurfa þykir. Verðlaun fyrir hvern skotinn svartbak sé 40 aurar, er greiðist eins og fyrir er mælt í lögum um eyðingu svartbaks nr. 66 frá 23. júní 1936. Skotmenn skulu sanna, hve marga svartbaka þeir hafa skotið, á þann hátt að leggja fram á manntalsþingum hægri væng fuglsins, og skal hann þá um leið ónýttur af umboðsmanni hreppsnefndar.

Þá er og gjalddagi skotlauna.

#### 2. gr.

Heimilt er svartbaksskyttu að skjóta svartbak hvar sem er, þó ekki nær friðlýstu eggveri eða selalögnum en gildandi lög ákveða.

## II. KAFLI

114

25. júní

## 3. gr.

Hverjum jarðarábúanda í lögsagnarumdæmi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, skal heimilt að eyða svartbak með eitri, þó má aðeins láta eitrið í egg, og aðeins leggja hin eitruðu egg út í umflotnar eyjar. Merkja skal eggin orðinu: Eitrað, með lit, sem ekki rennur af.

## 4. gr.

Hver jarðarábúandi skal skyldur að eyða svartbakseggjum í landareign sinni, ef þess er kostur, og skal jarðarábúandi, sem vanrækir þessa skyldu, hvort heldur af ásetningi eða skeytingarleysi, sæta sektum frá 50—300 kr.

## 5. gr.

Bannað er að leggja nokkrar hindranir við því, að hin leyfða eyðing eða eitrun fari fram, eða óviðkomandi mönnum að eyðileggja eitru það, sem lagt hefir verið út fyrir svartbak, og skal hver sá, sem gerist brotlegur gegn þessari grein, sæta 10—100 kr. sekt.

## 6. gr.

Sektir samkvæmt samþykkt þessari skulu renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

115

26. júní

## um hreinsun reykháfa í Borgarneskaupþúni.

## 1. gr.

Sótara skal skipa í Borgarneskaupþúni. Hreppsnefnd Borgarneshrepps skipar sôtara og leggur honum til áhöld til sóthreinsunar á kostnað sveitarsjóðs.

## 2. gr.

Sótari skal hreinsa alla reykháfa tvisvar á ári. Í fyrra skiptið á tímabilinu 1.—30. apríl og í síðara skiptið á tímabilinu 1.—30. nóvember ár hvert. Skulu allir húseigendur og leigjendur húsa í kaupþúninu, skyldir að nota sôtara til hreinsunar og heimila honum nauðsynlegan aðgang að húsum sínum í því skyni, enda beri sótari ábyrgð á að hreinsun fari fram á hinum ákveðnu tímabilum. Reykháfa má ekki hreinsa með því að brenna sótið innan úr þeim.

## 3. gr.

Aukahreinsun á húsum fari fram, þegar umboðsmaður Brunabótafélags Íslands eða húseigendur óska þess. Er sôtara skylt að framkvæma hreinsun innan 5 daga frá því að hann er krafinn um hreinsun. Ofna, eldavélar og pípur frá þeim, ber íbúum

**115** herbergjanna að láta hreinsa eins oft og þörf krefur, og er sú hreinsun sótara óvið-  
26. júní komandi.

4. gr.

Sótara er skylt að líta eftir því þegar hreinsun fer fram, hvort eldstæði og reykháfar eru í því ástandi, sem krafizt er í gildandi lögum um brunamál, og ber að tilkynna umboðsmanni Brunabótafélags Íslands ef misbrestur er á slíku.

5. gr.

Hreinsunargjald fyrir hvern reykháf skal í hvert skipti vera:

Fyrir hverja hæð í húsi 1 króna, en 50 aurar fyrir kjallara og ris, sem ekkert eldstæði er í.

Íbúðarkjallari og íbúðarris telst hæð í húsi.

Verði ágreiningur um gjaldhæð samkvæmt þessu, leggur hreppsnefnd fullnaðarúrskurð á málið.

Eigandi húss ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins, ennfremur leigjandi, ef hann býr einn í húsinu. Gjaldið greiðist sótara þegar eftir hverja hreinsun, nema hreppsnefnd geri á því aðra skipun.

Hreinsunargjaldið má taka lögtaki eftir hverja hreinsun.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907 og tillögum hreppsnefndar Borgarneshrepps til að öðlast gildi 1. október 1940 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

**116** Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Steinunnar  
28. júní Auðbjargar Jónsdóttur frá Eyvindarhólum, útgefin á venjulegan hátt 28. júní 1940  
af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningarsjóðs Steinunnar Auðbjargar Jónsdóttur frá Eyvindarhólum.**

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður Steinunnar Auðbjargar Jónsdóttur frá Eyvindarhólum, fæddrar 23. ágúst 1871, dáinnar 6. nóvember 1919.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 kr. í bankavaxtabréfi veðdeildar Landsbanka Íslands, að nafnverði, gefið af eftirlifandi eiginmanni Steinunnar, Ólafi Ólafssyni, kaupmanni í Vestmannaeyjum, og gjafir er sjóðnum kynni að berast síðar.

Greindu bankavaxtabréfi skal komið í peninga, og skal andvirði þess og nú óútteknir vextir af því, lagðir í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

Höfuðstól sjóðsins, er þannig myndast, má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við höfuðstólinn, þar til  $\frac{4}{5}$  vaxtanna eru orðnir 50 kr. Upp frá því skal  $\frac{1}{5}$  árs-  
vaxtanna leggjast við höfuðstólinn, og það meira af þeim, er nemur því, að styrksupp-  
hæð standi jafnan á tug króna. 116  
28. júní

Gjafir, sem sjóðnum kynnir að berast síðar meir, skulu jafnan lagðir við höfuð-  
stólinn og ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitla búendur, konur jafnt sem karla, í nú-  
verandi Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu.

### 4. gr.

Þegar  $\frac{4}{5}$  ársvaxtanna eru orðnir 50 kr., skal veita styrk úr sjóðnum, og má styrk-  
upphæðin aldrei vera minni en 50 kr. Skal styrkveitingin fara fram í nóvembermán-  
uði ár hvert, eða sem næst dánardægri Steinunnar.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins tilnefnir árlega hvern eða hverja búendur hún telji eiga að vera  
styrks aðnjótandi. Ber henni við valið að fara eftir sjálfsbjargarviðleitni væntanlegs  
styrkþega og orsaka efnaleysis hans. Stjórn sjóðsins tilkynnir stjórn Söfnunar-  
sjóðs Íslands nafn og heimilisfang þess eða þeirra, sem hún velur, en stjórn Söfnunar-  
sjóðsins sendi síðan styrkinn í peningum beint til styrkþega. Veita má sama manni  
styrk oftan en einu sinni.

### 6. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna nefnd, og eru sjálfkjörnir í hana hreppstjóri  
Austur-Eyjafjallahrepps og þjónandi sóknarprestur þeirrar sóknar, sem jörðin Ey-  
vindarhólar tilheyrir, en hinn þriðji, karl eða kona, heimilisfastur í Austur-Eyja-  
fjallahreppi, sem hinir sjálfkjörnu stjórnarnefndarmenn verða árlega ásáttir um að  
taka með sér í nefndina. Verði ágreiningur um val á þriðja manni í stjórn, skal hann  
tilnefndur af sýslumanni Rangárvallasýslu. Hreppstjóri skal vera formaður stjórnar-  
nefndarinnar. Stjórn sjóðsins hefir á hendi reikningshald hans, en endurskoðendur  
hreppsins skulu endurskoða reikning sjóðsins, og liggja hann síðan frammi með  
hreppsreikningum, almenningi til athugunar.

### 7. gr.

Þeir, sem starfa fyrir sjóðinn, fá enga þóknun fyrir starfa sinn.

### 8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Vestmannaeyjum, 6. nóvember 1939.

**Ólafur Ólafsson.**

117  
8. júlí

## S A M Þ Y K K T

### um lokunartíma sölubúða í Bíldudalskaupþúni í Suðurfjarðahreppi.

#### 1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum í Bíldudalskaupþúni skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

#### 2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað eigi síðar en kl. 6½ síðdegis, og eigi opnaður aftur fyrir en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina.

Á tímabilinu frá 2. janúar til 16. apríl, skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 5 síðdegis.

Á tímabilinu frá 1. júní til 1. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 3 eftir hádegi.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir páska og hvítasunnunni skal sölubúðum eigi lokað síðan en kl. 5 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 9 síðdegis.

Afgreiðslur vöruskipa eru undanþegnar þessum ákvæðum, meðan ferming eða afferming stendur yfir, en að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar þær, sem og sölustaði jafnt og sölubúðir.

#### 3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember, mega engar sölubúðir vera opnar.

#### 4. gr.

Ef skortur er á eldsneyti í kaupþúninu, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefndinni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrir eða opnað síðan en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

#### 5. gr.

Verði brauð- og mjólkurbúðir stofnaðar, má halda þeim opnum á almennum nelgidögum þjóðkirkjunnar, nema á jóladaginn, nýjárðsdag, páskadaginn, og hvítasunnudag. Halda má opnum brauðgerðarþúðum fyrsta sumardag, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember, frá kl. 9 árdegis til kl. 3 síðdegis, eingöngu til sölu á brauði og kökum, mjólk og mjólkurafurðum. Að öðru leyti skulu sömu reglur gilda um lokun þeirra og sölubúða.

#### 6. gr.

Heimilt skal að afgreiða til skipa og báta, er sjó stunda, salt, kol, olíu, benzín og matvæli eftir lokunartíma, ef svo stendur á, að skipið eða báturinn hefir komið inn eftir lokunartíma og ætlar aftur út fyrir opnunartíma sölubúða.

#### 7. gr.

Heimilt er að taka við afla skipa og báta, og sömuleiðis sláturvörum að haustinu eftir lokunartíma sölubúða.

## 8. gr.

117

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum eða torgum, eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

8. júlí

## 9. gr.

Dá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 10. gr.

Lögreglustjóra er heimilt eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

## 11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Björns Guðmundssonar frá Hjarðarholti, útgefin á venjulegan hátt 8. júlí 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra. 118 8. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Björns Guðmundssonar frá Hjarðarholti.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafasjóður Björns Guðmundssonar og Gróu Jónsdóttur frá Hjarðarholti og er eign Stafholtstungnahrepps.

## 2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af andvirði hálftrar jarðarinnar Gljúfurár í Borgarhreppi, og er að upphæð 2600 krónur.

## 3. gr.

Sjóðurinn ávaxtist í tryggum verðbréfum, sem ætíð séu geymd á eldtryggum stað. Þó er heimilt að ávaxta hann í Söfnunarsjóði Íslands.



118  
8. júlí

4. gr.  
Sjóðinn skal ávaxta með  $\frac{1}{5}$  — fimta hluta — ársvaxta hans, er jafnan skal leggja við höfuðstólinn. Ennfremur má auka sjóðinn með gjöfum, samskotum og öðrum tekjum, er honum kunna að áskotnast.

Höfuðstólinn má aldrei skerða.

5. gr.

Hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps hefir alla stjórn sjóðsins á hendi. Hún úthlutar þeim hluta vaxtanna, sem til úthlutunar koma, sem styrk til fátækra manna í hreppnum, og skal það gerast sem mest í samræmi við tilætlan gefandans samkvæmt gjafabréfi hans frá 30. okt. 1863.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa sérstaka bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins. Sjóðstjórninni ber ennfremur að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána og gjafabréf Björns Guðmundssonar og Gróu Jónsdóttur frá Hjarðarholti fyrir jörðinni, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Eignum og reikningshaldi sjóðsins skal haldið algerlega aðskildum frá eignum og reikningum hreppsins, og ber stjórn sjóðsins að semja árlega sérstakan reikning yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, er sé látinn fylgja reikningum hreppsins og skal reikningurinn úrskurðaður, endurskoðaður og birtur á sama hátt og hreppsreikningarnir.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Leita ber konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Svarfhóli, 1. apríl 1939.

Jósep Björnsson. Þorv. T. Jónsson. Kristján F. Björnsson. Tómas Jónasson.

119  
9. júlí

## SAMÞYKKTIR

### Sparisjóðs Aðaldæla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Sparisjóður Aðaldæla“. Hann er stofnaður af 50 hluthöfum með 72 hlutabréfum á krónur 25 hvert, samtals krónur 1800, er stendur sem trygging fyrir innistæðufé viðskiptamanna. Vextir af hlutafé skulu eigi vera hærrí en í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands á hverjum tíma og greiðist hluthöfum við hver áramót. Nú verða eigandaskipti á hlutabréfi, hvort heldur við sölu eða erfð. Skal þá rita nafn hins nýja eiganda á bréfið sjálft og sömuleiðis í gerðabók sjóðsins. Er eignarrétturinn aðeins gildur, að svo sé gert.

2. gr.

Árságóði sjóðsins, að frádregnum reksturskostnaði, skal lagður í sérstakan sjóð, og er það varasjóður sparisjóðsins. Hann ávaxtast í sjóðnum sjálfum og stendur sem trygging fyrir viðskiptum hans.

## 3. gr.

Aðalfund skulu hluthafar eiga með sér í aprilmánuði ár hvert. Skulu þar lagðir fram endurskoðaðir reikningar sjóðsins til samþykktar og kosnir tveir menn í stjórn hans. Skiptir stjórnin með sér verkum, sbr. lög um sparisjóði frá 26. apríl 1935. Á fundi ræður afl atkvæða og veitir hvert hlutabréf rétt til eins atkvæðis. Þó má enginn einn maður fara með meira en  $\frac{1}{6}$  allra atkvæða. Nú er hluthafi forfallaður, og má hann þá veita öðrum hluthafa rétt til að fara með atkvæði sitt með skriflegu umboði. Þó má enginn hluthafi fara með meira en eitt atkvæði auk síns eigin. Fundur er löglegur, sé hann boðaður með viku fyrirvara og komi fram fullur helmingur atkvæðamagns.

## 4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningar hans skulu liggja frammi hjá reikningshaldara viku fyrir og viku eftir aðalfund.

## 5. gr.

Starfsmenn sjóðsins skulu bundnir þagmælskuheiti að viðlögðum drengskap, um öll viðskipti sjóðsins við menn eða stofnanir og aldrei skýra neinum frá þeim, nema þeir séu tilskyldir að lögum. Þagnarheit starfsmanna skal skráð í gerðabók sjóðsins, undirritað af honum sjálfum.

## 6. gr.

Um innlög í sparisjóðinn gilda þessar meginreglur:

- a. Hver innlagseigandi skal fá viðskiptabók með sömu áritun og í höfuðbókinni. Gildir viðskiptabók sem samningur við sjóðinn og skal hún undirrituð af formanni og féhirði. Aldrei má láta af hendi innstæðu nema það sé um leið fært í viðskiptabók aðila.
- b. Stjórn sjóðsins getur, þegar henni þykir ástæða til, hafnað innlögum í sjóðinn eða áskilið, að þau standi þar allt að því árlangt.

## 7. gr.

Um uppsagnir og útborganir innlagsfjár gilda þessar reglur:

- a. Enginn getur sagt upp innstæðu sinni nema hún hafi staðið að minnsta kosti 3 mánuði fulla. Greiðslufrestur á innstæðum allt að 100 kr. skal vera einn mánuður. Á innstæðum 100—200 kr. tveir mánuðir, en á stærri upphæðum sex mánuðir.
- b. Engum vöxtum er svarað af innstæðu frá þeim degi, er henni var sagt upp. Skyld er eiganda að veita móttöku uppsagðri innstæðu nær sem er, eftir uppsagnardag.
- c. Sé innstæða tekin öll út, skal eigandi afhenda viðskiptabók sína með áritaðri viðurkenningu. Glatist viðskiptabók ber eigandi hennar að fá hana ógilta að lögum, áður en hann fær krafizt útborgunar af hálfu sparisjóðsins.

## 8. gr.

Nú vitjar hvorki innlagseigandi né eigendur hans innstæðunnar í 20 ár. Ber þá stjórn sjóðsins að birta í blaði því, er flytur stjórnarvalda auglýsingar, áskorun til löglegs eiganda að gefa sig fram innan sex mánaða. Reynist það árangurslaust, er innstæða ásamt vöxtum eign sparisjóðsins.

## 9. gr.

Stjórn sparisjóðsins skal lána fé hans, hvort heldur einstökum mönnum eða stofnunum gegn fullgildum tryggingum og venjulega til skamms tíma. Það skal vera aðalreglan að haga þannig, að hún miði fyrst og fremst að því að bæta úr þörf manna innsveitis.

119

9. júlí

Stjórnendur sparisjóðsins mega hvorki taka sjálfir fé sjóðsins að láni né heldur vera ábyrgðarmenn annarra lánþega hans.

11. gr.

Þau atriði, sem eigi eru í samþykktum þessum, en varða þó sparisjóðinn, skal fara með samkvæmt lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði, reglugerð fyrir sparisjóði 5. maí 1917 og viðaukalögum um sparisjóði nr. 83 26. apríl 1935.

12. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og séu  $\frac{2}{3}$  framkominna atkvæða með breytingunni.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 9. júlí 1940.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

120

24. júlí

## REGLUGERÐ

**um breytingar og viðauki við fjallskilareglugerð m. m. fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 24. júlí 1930.**

1. Við 8. gr. bætist þriðja málsgrein, svo hljóðandi:

Ef menn þurfa að smala yfir í lönd nærliggjandi hreppa að vorinu eða sumrinu, skulu þeir fá leyfi til þess hjá hlutaðeigandi ábúanda og smala þá í samráði við hann. Ber sá, er leyfið veitir, alla ábyrgð á að samrekstur og sundurdráttur fari vel og skipulega fram, og skal þess gætt, að lömb villist ekki undan ám eða að fé flækist til ógreiða.

2. Við 15. gr. bætist fjórða málsgrein, svo hljóðandi:

Þeir, sem nytja jarðir, sem hafa fjalllendi, er telst til upprekstrarlands og eigi eru ábúendur, svo og ábúendur á slíkum jörðum, þótt ekki hafi þeir sauðfé, skulu skyldir til fjallskila í þeim hreppi, sem jörðin liggur í. Fjallskil þessi svara til 1—2 dagsverkum á ári, fyrir hverja slíka jörð.

3. 17. gr. falli niður, en ný grein komi í staðinn, sem verði 17. gr., og orðist þannig:

Næsta dag fyrir leitardagana skal hver bóndi og nytjandi jarðar skyldur að leita vandlega sín heimalönd, þau sem ekki voru vanalega leituð til réttar, og skal hann í tæka tíð reka allt það fé, sem í þeim leitum finnst, og hann ekki á sjálfur eða heimafolk hans, til rétta eða í fjallasafnið. Heimalönd teljast aðeins þau lönd, sem notuð eru fyrir málnytupening og brúkunarhross, en víðáttumeiri lönd séu leituð eftir fyrirskipun hreppsnefndar.

4. 18. gr. falli niður, en ný grein komi í hennar stað, sem verði 18. gr., og orðist þannig:

Þrjár skulu fjalleitir á hausti hverju. Til fyrstu leitar skal gengið daginn áður en réttað er, þar sem hreppsnefnd álitur þess þörf. Til miðréttar (skilaréttar) skal gengið fimmtudaginn í 24. viku sumars, í öllum hreppum sýslunnar, og skilarétt haldin næsta dag á eftir. Til þriðju réttar skal gengið fimmtudaginn síðastan í sumri og réttað daginn eftir.

Leitardagar skulu tilgreindir í fjallskilaboðinu.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið 120  
og samþykkt, samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til þess 24. júlí  
að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júlí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

121

24. júlí

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.

### I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

#### 1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927 hefir sýslunefndin yfirstjórn  
allra fjallskilamála, en hreppsnefndin annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

#### 2. gr.

Hreppsnefndir geta, hver í sínum hreppi, gert nákvæmari ákvarðanir um fjall-  
skil í einstökum atriðum. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu  
hreppsnefndir gæta þess, að farið sé í öllu eftir ákvæðum hennar.

### II. KAFLI

Um smölun og fjárgæzlu á vorum.

#### 3. gr.

Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum,  
eftir því, sem hreppsnefnd ákveður. Þar, sem heimalönd eru viðáttumikil hálsa-  
og fjallalönd, er búast má við, að margir úr upprekstrarfélaginu eigi fjárvon í, mega  
hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrannar og aðrir, sem þar eiga fjár-  
von, hjálpi til við smölunina, eftir því, sem hreppsnefndunum þykir sanngjarnt vera.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun sauðfjár á vorum til  
rúnings, þegar hentugt þykir. Ef þörf gerist, má hún láta leitir fara fram á afréttum.  
og greiðist kostnaður við þær úr fjallskilaskjóði upprekstrarfélagsins. Sama gildir þar,  
sem tveir hreppar eru í upprekstrarfélagi, að því viðbættu, að þar hefir hvor hrepps-  
nefndin sem er, rétt til að ákveða leit, náist samkomulag ekki á milli hlutaðeigenda.  
Komi fé utansveitarmanna fyrir í leitum þessum, skal hreppsnefnd eða hreppsnefnd-  
um heimilt að ákveða gjald fyrir það fé, sem þó ekki má yfirstíga kr. 1.75 fyrir á með  
ómörkuðu lambi og kr. 0.75 fyrir aðrar ullarkindur. Hreppsnefnd skal annast um að  
fé þetta sé rúið og lömb mörkuð, ef það er eigi hirt af eigendum að afstöðnum leit-  
um. Skulu eigendur greiða kostnað þann, er af því leiðir, og er heimilt að selja ullina  
til lúkningar kostnaðinum, sé hann ekki fánlegur á annan hátt. — Gjald fyrir rúning  
á kind má vera allt að kr. 0.35 og kr. 0.50 fyrir að marka lamb.

121

24. júlí

5. gr.

Það sauðfé, sem sloppið hefir úr löndum eigenda, eða kemur fyrir fjarri eigendum, þegar rúning er afstaðin, er finnandi skyldur að hirða, ef honum er það auðið, skal hann rýja það, og marka ómörkuð lömb. Gerir hann svo eiganda full skil fyrir ullinni, og grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann rýr eða markar, en fyrir ómak sitt ber finnanda borgun, sem eigi má yfirstíga kr. 0.75 fyrir að rýja hverja kind, en kr. 1.00 fyrir að marka lamb.

## III. KAFLI

## Um rekstur til afrétta.

6. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að stóðhross, dilkær og geldfé, þegar það er komið úr ullu, sé rekið til afréttar svo tímanlega að vorinu, sem árferði og önnur atvik leyfa. Reka skal á miðjan afrétt, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið. Séu viðlend heimalönd notuð til upprekstrar, skal reka þangað, sem búsmali sízt gengur, og með leyfi landeiganda.

Með samþykki sýslunefndar geta hreppsnefndir sett ítarlegri reglur um, hvernig haga skal rekstrinum á afréttarlöndin.

7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða, að sauðfé og hross sé rekið á afrétt, frá fleirum en einum bæ í samlögum, er nefndin þá flokkar niður, og skal hún þá jafnan fela einum af rekstrarmönnum hvers flokks, að hafa umsjón og ábyrgð á því, að hið rekna fé og hross sé rekið samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og fyrir-mælum hreppsnefndar. Reka skal þannig gegnum heimalönd manna, að sem minnstur bagi verði að. Skal gæta þess sérstaklega að hross, sem ekki eru rekstrarskyld, fari ekki með rekstrum þessum.

8. gr.

Hver, sem heimildarlaust rekur fénað sinn, sem á afrétt á að fara, í annars land til beitar um sumar, hvort heldur það er heimaland, fjallland eða afréttarland, greiði skaðabætur til landráðanda eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, er landráðandi á heima í. Mati þessu má skjóta til hlutaðeigandi sýslunefndar.

9. gr.

Enginn má hafa stóðhross, geldfé eða dilkær í heimahögum að sumrinu, nema hreppsnefnd og nágrennar leyfi, en neiti nágrenni um leyfið, skal eigandi ábyrgjast, að fénaðurinn geri honum engan skaða.

10. gr.

Verði einhver fyrir ágangi búfjár að sumrinu, sem er í óskilum í heimahögum, eða af afrétt gengur, er honum heimilt að gera umkvörtun um það til viðkomandi oddvita, sem þá skipar fyrir um það, að fénaður þessi sé rekinn til afréttar á kostnað upprekstarfélagsins. Hafi oddviti eigi annast reksturinn á umræddum peningi innan sólarhrings frá því honum var tilkynnt um áganginn, hefir sá, er fyrir ágangi verður, heimild til að reka fénaðinn til afréttar, og greiðist sá kostnaður einnig úr fjallskilaskjóði eftir reikningi, en verði ágreiningur milli aðila um rekstrargjald þetta, sker sýslunefnd úr ágreiningi.

Ef hreppsnefnd er kunnugt um, að fénaður þessi hefir ekki verið rekinn til afréttar eða svo illa að áteljandi sé, getur hún krafizt endurgreiðslu af eigendum fénaðarins í réttu hlutfalli við kostnað hvers rekstrar.

## 11. gr.

121

Eigi má ónáða fénað á afréttum, og eigi heldur nema með leyfi hreppsnefndar taka þaðan fé eða hross, nema málnytupeningur sé eða tamin hross. 24. júlí

IV. KAFLI  
Um fjallskil.

## 12. gr.

Hreppstjóri skal, áður en 12 vikur eru af sumri, senda viðkomandi hreppsnefnd sundurliðaða skýrslu um tölu sauðfjár og hrossa í hreppnum til gangnaskila.

## 13. gr.

Fjallskilaskyld er allt sauðfé og öll hross veturgömul og eldri, önnur en brúkararhross og svo hross, sem í tamningu eru, og gildir hið sama hvort eigandi er búandi eða búlaus, og eins hvort peningur er á fjalli eða ekki. Skal hver fjallskilaskyldur búfjáreigandi leggja til fjallskila á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður.

Hreppsnefnd skal meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs og jafna honum niður á fjallskilaskylda búfjáreigendur í hlutfalli við gjaldskyld búfé þeirra. Skal þá jafnt auratal lagt á hvert hross, sem á 4 kindur, þó er hreppsnefndum Kirkjuhvamshrepps, Þverárhrepps og Hvammstangahrepps heimilt að leggja lægra fjallskilagjald á stóðhross. Af öllum framtöldum ám, skulu hverjar 2 þeirra metnar jafnt til gangnaskila sem 3 kindur aðrar.

Skyldur er hver húsbóndi að inna fjallskil af hendi fyrir hjú sín og aðra heimamenn, gegn endurgjaldi frá fénaðareigendum.

## 14. gr.

Skyldur er hver maður að gera fjallskil á þeirri afrétt, og á þau lönd, sem liggja til leitar að lögrétt eða aukaréttum þeim, sem liggja í því upprekstrarfélagi, sem fjáreigandi á heimili í. Nú notar einhver til uppreksturs afrétt eða heimalönd utan síns upprekstrarfélags, og skal hann þá gera þar fjallskil tiltölulega að hálfu móts við fjallskil annara í því upprekstrarfélagi. Auk þess skal hann eftir sömu reglu vera fjallskilaskyldur í því upprekstrarfélagi, þar sem hann er búsettur.

Ef eitthvert upprekstrarfélag eða einstakur maður á og notar afréttarland, sem öðru upprekstrarfélagi ber að leita samkvæmt þessari grein, skal það eða hann gera þar full fjallskil eftir fénaðarfjölda þeim, sem rekinn er á afréttarlandið samkvæmt sömu reglum og fénaðareigendur upprekstrarfélags þess, er leita ber. — Þó hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir heimild til að gera um þetta sérstaka samninga. Sá, er notar land utan upprekstrarfélags síns, skal hafa tilkynnt það hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann á heima, áður 12 vikur eru af sumri. Í tilkynningu þessari sé fénaðurinn greinilega sundurliðaður.

## 15. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri hreppar nota sömu afrétt, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sér í 17. viku sumars til þess að semja um, hvernig fjallgöngum skuli haga. Oddviti í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur, kveður til þess fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa manna í hreppnum að vorinu, staðfesta af hreppstjóra, og fer eftir því, hve marga menn hver hreppur leggur til í göngurnar.

Meta skal til verðs göngur hvers gangnaflokks. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

121

24. júlí

Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gera fjallskil af fénaði sínum eða einhvers hluta fénaðarins í öðrum hreppi en þar, sem þeir eru búsettir, og skal þá hreppstjóri heimilishreppsins senda hreppstjóra, er hlutur á að máli, skýrslu um þann fénað, er þeim ber að greiða hálf fjallskil fyrir, og tilkynnir þá hreppstjóri viðkomandi hreppsnefnd tölu fénaðarins og nöfn og heimilisfang eigenda.

Skýrslur þessar séu, ef unnt er, sendar svo snemma að þær komist í hendur hreppsnefnda áður en fjallaskilaniðurfjöfnun fer fram. Takist það ekki, leiðréttir hlutaðeigandi hreppsnefnd fjallaskilaniðurfjöfnunina síðar, eftir því, sem skýrslurnar gefa tilefni til.

17. gr.

Fjallgöngur skulu hvert haust að minnsta kosti vera tvennar, þó skal hreppsnefndum í Kirkjuhvammshreppi og Þverárhreppi heimilt, ef þær koma sér saman um það, að láta fram fara aðeins einar fjallgöngur.

Jafnframt afréttum skal í fyrri og seinni göngum smala til réttar afskekkt og víðlend heimalönd, er afréttarpeningur gengur í að jafnaði.

Gangnadagana er stranglega bannaður allur heimrekstur afréttarfénaðar á einstaka bæi.

Sé ekki um vörð eða girðingu að ræða fyrir afréttarlöndum þeim, sem til heiða liggja, skal og skylt að láta fara fram á þeim þriðju göngur á þeim tíma, sem viðkomandi hreppsnefndum kemur saman um.

Þar, sem tveir hreppar eiga upprekstrarland saman, skal hreppsnefndin í þeim hreppi, er nær liggur afréttinni, annast um göngur þessar, gegn endurgjaldi af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins. Ennfremur hafa hreppsnefndir vald til að láta gera eftirleitir á afréttarlöndum, víðlendum heimalöndum og fjalllöndum og skulu þær koma sér saman um það við síðari eða síðustu rétt, eða á hausthreppaskilum, og má borga þær af hlutaðeigandi fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins.

18. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil, skal hreppsnefnd jafna niður á fénaðareigendur í tæka tíð. Aðfinningar við niðurfjöfnunina skal bera upp bréflega fyrir oddvita hreppsnefndarinnar fyrir 20. október. Náist ekki samkomulag, getur aðili skotið máli sínu til sýslunefndar til úrskurðar samkv. 15. og 38. gr. laga nr. 12 frá 31. maí 1927.

19. gr.

Hreppsnefnd eða kjörinn maður úr hreppsnefndinni, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsbúa með gangnaboði til fjallskila, nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Í gangnaboðinu skal nákvæmlega taka það fram, er hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til, skal hann borga þau því verði, er hreppsnefnd ákveður, án tillits til mats á fjallskilum. Auk þess varðar það sektum, er hækka, ef brot er itrekað. Ekkert má fyrirskipa í gangnaboðinu, er getur komið í bága við fulltryggjandi fjallskil eða ákveðin réttarhöld innan sýslu.

20. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir hlutaðeigandi upprekstrarfélags skipa einn duglegan aðalgangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjörinn skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um, að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar, og kveðja menn til að gæta safnsins unz vöktunarmenn hafa tekið við því. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Öll óhlýðni við skipanir hans varðar sektum.

Gangnastjóri skal annast um, að farið sé svo vel, sem unnt er með fé og hross í göngum. Ef kindur koma fyrir á heiðum, sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal slátra þeim og taka úr þeim innfyli, en flytja þær að öðru leyti til réttar. Finnist dauð kind í göngum, skal hún á sama hátt flutt til réttar ef nýtileg er. 121  
24. júlí

Ef hross af einhverjum ástæðum geta ekki gengið til réttar, eða ef hross drepst í göngum, eða finnst fyrir skömmu dautt, skal tafarlaust, þegar komið er til byggða, tilkynna það hreppsnefnd, er þá lætur sækja það, og flytja til réttar gegn borgun að  $\frac{1}{2}$  úr fjallskilasjóði, en  $\frac{1}{2}$  frá eiganda sé hann innan upprekstrarfélagsins, að öðrum kosti skal selja það, sem óskilafénað, og borga kostnað af söluverðinu. Hrökkvi það ekki, greiðist afgangurinn úr sveitarsjóði.

#### 21. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum en einum, hefir þá hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til gangna þann, sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, er útheimtist til góðra fjallskila. Ef einhver sendir mann í göngur, sem gangnastjóri sannar með vottorði tveggja gangnamanna, að hafi reynzt óhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, er hann skyldur að borga gangnaskil að öllu leyti.

Borgun fyrir vanrækslu á fjallskilum, má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella falli hún í fjallskilasjóð upprekstrarfélagsins.

Reynist einhver óhæfur eða ófullnægjandi sem gangnamaður, skal gangnastjóri skyldur að kæra það fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd. Launa má gangnastjóra sanngjarnlega af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins, en vanræki hann skyldur sínar, varðar það hann sektum.

#### 22. gr.

Ef fjáreigandi hefir engan hæfan mann til gangna og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd eða fjallskilastjóra 6 dögum áður en fjallgöngur byrja, og borgar þá fjáreigandi göngurnar sektarlaust, en án tillits til mats á þeim, en hreppsnefnd eða fjallskilastjóri annast um að útvega mann í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, sem vantar.

Ef krafist er, skal fjáreiganda skylt að borga sanngjarnlega ómök og fyrirhöfn hreppsnefndar eða fjallskilastjóra.

#### 23. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að til séu hentug og vel við haldin skýli fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf, og skal kostnaður sá, er af þessu leiðir, greiddast af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins.

### V. KAFLI

#### Um hreinsun heimalanda og fjárgæzlu á haustum.

#### 24. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á haustum svo oft, sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar eigi fjárvon sjálfur, og gilda um það fyrirmæli 3. greinar.

#### 25. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa fyrir um reglulegar heimalanda-göngur jafnframt hverjum fjallgöngum. Skulu göngur þessar fara fram undir umsjón manns, er hreppsnefnd skipar, með samlögum búanda eftir því, sem bezt hagar á hverjum stað, og með samtökum við næstu sveitir, þar sem það á við.



121 Allan fénað, sem kemur fyrir, skal reka skilvíslega til réttar þeirrar, er hann á 24. júlí að ganga til. Verði ágreiningur um, hvert fénaður skuli ganga, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

26. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð sama dag viku, og að rekstrar gangi þá eftir töfludrætti bæ frá bæ, nema hreppsnefnd álíti annað haganlegt.

## VI. KAFLI

### Um fjárrekstra bæja á milli haust og vor.

27. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða fé það, er finnst í heimalandi hans eftir að fjallgöngum er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Hreppsnefndir hafa vald til að ákveða rekstrarleiðir innan hrepps og út úr hreppnum. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum. Hið sama gildir um fjárrekstra að vorinu.

28. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að verða, en reka svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir álíti hreppsnefndar.

## VII. KAFLI

### Um réttir og réttarhöld.

29. gr.

Eftir tillögum hreppsnefndar ákveður sýslunefnd hvar aðalrétt og aukarétt skal vera, sömuleiðis undir hvaða aðalrétt hver aukarétt heyrir, og ennfremur hverja af- rétt og heimalönd ganga skal til hveurrar réttar, og ráða sýslumörk, nema öðruvísi sé ákveðið.

30. gr.

Allir búendur og fjáreigendur eru skyldir til hver að sínum hluta, að vinna að byggingu rétta og viðhaldi þeirra, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Við hverja aðalrétt skulu allar jarðir í upprekstrarfélaginu eiga nægilegt dilkarúm hver fyrir sig, eða fleiri í samlögum. Eru ábúendur og fjáreigendur jarðanna skyldir að kosta byggingu dilkanna og viðhald þeirra eftir réttri tiltölu. Ennfremur skulu vera sérstakir dilkar, einn eða fleiri, fyrir fé úr öðrum hreppum, er hlutaðeigandi hreppur byggi og viðhaldi á sinn kostnað.

Þar, sem hlutaðeigandi hreppsnefndum þykir við þurfa, skal upprekstrarfélagið eiga við hverja aðalfjarrétt sérstaka hrossarétt, er byggð sé og viðhaldið eins og fjár- réttin á kostnað þess.

31. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að réttir séu vandlega byggðar og vel við haldið, einnig að allir dilkar við þær séu í gildu standi kvöldið áður en réttað er. Vanræki einhver að vinna að réttar- eða dilksbyggingu, má hreppsnefnd útvega mann til þess á kostnað hans.

## 32. gr.

121

24. júlí

Hreppsnefndir skulu skipa duglegan réttarstjóra við hverja aðalrétt og aukarétt, og má greiða honum þóknun fyrir starfa sinn úr fjallskilasjóði. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir hvernig fjárdrætti skal haga, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega óreglu, er veldur hindrun við réttarstörf. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum.

## 33. gr.

Réttarstjóri skal skipa áreiðanlega menn til að rannsaka fé utansveitarmanna, áður en þeir reka frá réttinni. Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal við hvert dilksfélag skipa dilksstjóra, til að vera réttarstjóra til aðstoðar við réttarstörf. Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir, enda sé þá allt fé komið í rétt, og fjárdrætti því nær lokið.

## 34. gr.

Réttarstjóri annast um, að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í dilk sér, svo að eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Að afloknum réttum selur hreppstjóri alla ómerkinga, er eigi hafa fundið mæður. Við aukarétt má engan ómerking selja. Enginn má helga sér marklausa kind af fjárbragði sínu. Réttarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskráum í fyrstu sem síðustu réttum, og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa, fyrr en lokið er. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði eigi eftir í úrtíningi. Þegar búíð er að skoða úrtíning í fyrstu rétt, skal fjallskilastjóri í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur, koma honum í gæzlu milli rétta gegn borgun af fjallskilasjóði.

## 35. gr.

Frá hverri aukarétt skulu tilkvaddir menn reka úrtíning tafarlaust til aðalréttar, svo að hann sé þangað kominn, áður fjárdrætti er lokið.

## 36. gr.

Í fjárréttinni má enginn afmarka fé án þess hann jafnframt skýri fyrir hreppstjóra eða réttarstjóra hverja heimild hann hafi til afmörkunarinnar. Hreppstjóri eða réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér nafn hins fyrra eiganda kindarinnar, ef hann er ekki nærstaddur, og mark hennar áður því var breytt, og undir hvers mark hún er mörkuð.

## VIII. KAFLI

## Um hirðing fjár og hrossa í utanhreppsréttum.

## 37. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa hæfa menn til að fara í réttir, á hreppaskil og að vera við úrtíningssölu annarra sveita, þar sem helzt eru fjársamgöngur, til að hirða þar fé og hross hreppsþúa sinna. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til téðra starfa, engan hæfan mann til að inna þau af hendi, hefir hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til þess hvern þann, sem hæfastur er í hreppnum, annaðhvort í mannaskiptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er til laginu á að svara. Reynist sá, sem sendur er að hirða fénað utanhrepps, ónýtur eða ófullkominn til þess starfa, gilda um hann ákvæði 21. gr. um ófullkominn gangnamann.

## 38. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fé í réttum eða á hreppaskilum annarra sveita, má eigi fara þaðan, fyrr en búíð er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskráum og

- 121 selja, þar sem sala fer fram. Sannist það, að hann láti þar verða eftir fé eða hross  
24. júlí sveitunga sinna, sem er með glöggu skrásettu marki, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu.

## IX. KAFLI

### Um smölun, réttun og hirðingu hrossa.

#### 39. gr.

Í síðari göngum á haustum skal, ásamt fé, smala stóðhrossum af afréttum og úr heimalöndum, og rétta þau í síðari rétt, annaðhvort á undan eða að afloknum fjársundurdrætti. Skulu fjallskilastjórnir nærliggjandi upprekstrarfélaga senda menn til hirðingar við smalanir þessar eða hlutast til um að nálgast tafarlaust þau hross, sem sett hafa verið í gæzlu. Undanþága veitist frá þessum ákvæðum, ef meiri hluti hreppsnefndar eða hreppsnefnda telur annað hagfelldara, sem þó aldrei má koma í bága við nærliggjandi upprekstrarfélög. Auk þess skal fara fram almenn smölun á hrossum í heimalöndum fyrsta virkan þriðjudag í mánuðunum nóvember, desember og janúar, en sé sá dagur helgur eða veður banni, skal smala hinn næsta dag, og skal þá í hverjum hreppi, á stöðum þeim, er hreppsnefndin ákveður, fara fram sundurdráttur á hrossum, er koma fyrir.

Hross þau, sem ekki þekkjast eða enginn hirðir, skal fara með sem óskilafénað samkvæmt reglugerð þessari.

#### 40. gr.

Stóðhross skulu dregin sundur í aukaréttum og aðalréttum. Skal úrtíningur sá, er verður í aukaréttum, rekast tafarlaust til aðalréttar. Hross þau, sem eftir verða óhirt, þegar sundurdrætti er lokið, skal fara með sem óskilafé eftir reglugerð þessari. Þó skulu þau seljast með þriggja vikna auglýsingarfresti fyrir sölundag, og sex vikna innlausnarfresti eftir sölundag. Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gjaldfrestur á söluverðinu sé einnig sex vikur. Vöktunarkaup fyrir hvert hross má ekki fara fram úr 50 aorum um sólarhringinn. Sömu ákvæði gilda um hross, sem koma fyrir eftir réttir, nema hrossin komi á hús og hey.

Á meðan á réttum stendur skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér ómörkuð folöld og skal hann kappkosta að öðru leyti að haga allri meðferð á hrossunum þannig, að ekki hljóttist slys af.

## X. KAFLI

### Um meðferð óskilafénaðar.

#### 41. gr.

Eftir að lokið er töfludrætti í síðari eða síðustu rétt, skal þar afhenda úrtíning hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Hreppstjóri skal þá með tveim markglöggum og áreiðanlegum mönnum, er hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir hafa þar til kjörið, skrifa upp aldur, lit, mörk og auðkenni á hverri sauðkind, svo rétt og hreinskilið, sem framast má verða. Skal hreppstjóri síðan selja allt óskilafé við réttina, einnig skal almennur fjárskila- og sölundagur í sýslunni vera 7. október, eða næsti dagur, ef 7. október er helgur dagur, eða veður bannar þann dag.

Sala óskilafjárnsins skal ávallt fram fara við aðalrétt eða bæ á jörð þeirri, þar sem aðalrétt stendur, ef mögulegt er. Undanþæging þessu ákvæði er Kirkjuhvamms-hreppur, Þverárhreppur og Hvammstangahreppur. Marklýsingamenn skulu fá hæfilega þóknun fyrir starfa sinn af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins, eftir mati hreppsnefndar. Enginn, sem ekki er öðrum háður, getur skorast undan þeim starfa, nema hann hafi forföll. Nú mætir ekki á söluþingi marklýsingamaður, skal þá hreppstjóri útnefna annan í hans stað.

## 42. gr.

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur. Þó skulu hrútar, sem eftir álíti hreppstjóra og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og forustufé, selt með fjögurra vikna innlausnarfresti. Um borgunarfrest og ábyrgð gilda sömu ákvæði og í 40. gr.

121

24. júlí

## 43. gr.

Ef óskilafé og hross koma fyrir af fjalllöndum eða í heimahögum eftir réttir, skal tafarlaust afhenda það hreppstjóra. Finnist eigendur að slíku fé í næstu hreppum eftir markaskrá, skal hreppstjóri hlutast til um að þeim gefist kostur á að vitja þess. En sá fénaður, sem eigi þekkist og enginn getur helgað sér, svo sem kaleyrt fé, eyrnalaust eða marklaust, eða hross með vafamarki, skal seldur við uppboð, er auglýst sé með nægum fyrirvara.

## 44. gr.

Finnist óskilakind í fé manna, eftir að fé er almennt tekið til hýsingar, skal eiganda kindarinnar gert aðvart um að vitja hennar, sé hann í næstu hreppum. Verði að selja slíkt óskilafé, borgast ekkert gæzlukaup fyrir það, og ber sá, er það finnst hjá, sölukostnaðinn, nema málsbætur séu.

## 45. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda manni, sem kosinn er af sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllu óskilafé, er selt hefir verið í hreppnum. Hinn kjörni maður sendir endurrit af lýsingu þessum til birtingar í Lögbirtingablaðið í Reykjavík. Í prentkostnað og ómakslaun ber honum kr. 1.50 fyrir hverja kind og hross, er hreppstjóri skal senda honum með marklýsingunni.

## 46. gr.

Af andvirði óskilafénaðar þess, er selt verður, borgist:

- a. gæzlukaup,
- b. sölulaun,
- c. prentunarkostnaður marklýsinga,
- d. fundarlaun og björgunarlaun.

Að öðru leyti greiðist fjárverðið til eigenda, ef þeir innan septemberloka næst á eftir sanna eignarrétt sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóð eða sveitarsjóði upprekstrarfélagsins að rétttri tiltölu við fjárfjölda.

## XI. KAFLI

Um eftirleitir einstakra manna og um greiðslu kostnaðar vegna fjárskila eftir réttir.

## 47. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið, skal einstökum mönnum heimilt með samþykki meiri hluta hreppsnefndar eða hreppsnefnda, þar sem fleiri hreppar eru í upprekstrarfélagi, að gera eftirleitir á afréttarlöndum upprekstrarfélagsins og semja um, hversu mikinn hluta þeir skuli fá af verði hins fundna fjár, sem þó ekki má yfirstíga helming verðs. Fé það, sem finnst í slíkum eftirleitum, skal virða af tveimur skynsömum og óvilhöllum mönnum, er hreppsnefndin útnefnir. Borgun til eftirleitarmanna greiðist af fjallskilasjóði viðkomandi upprekstrarfélaga, en endurkröfurétt á kostnaðinum eiga upprekstrarfélögin á hendur fjáreigendum innan sveitar fyrir heiman að sloppið fé, og á hendur viðkomandi upprekstrarfélögum að því er viðkemur utansveitarfé.

Finnist hross í eftirleitum þessum, skal hreppsnefnd ákveða eftirleitarmönnum sanngjörn fundarlaun eftir atvikum og fer um endurgreiðslu til fjallskilasjóðs, sem

**121** að framan greinir um sauðfé. Sömuleiðis greiðir viðkomandi fjallskilasjóður kostnað 24. júlí þann er af því leiðir að afréttarpeningur úr upprekstarfélaginu, sem ekki er rekstrar skyldur samkv. 27. gr., kemur fyrir í öðrum sveitum eftir réttir hvort heldur er í eftirleitum eða á annan hátt. Þá hefir fjallskilastjórn heimild til að krefjast endurgreiðslu frá eigendum á  $\frac{1}{5}$  hluta þess kostnaðar, er leiðir af því að nálgast umræddan fénað.

Björgunarlaun þess fjár, sem næst úr ógönguklettum á hvaða tíma árs, sem er, ákveðst af viðkomandi hreppsnefnd og greiðist úr fjallskilasjóði.

Um endurgreiðslu þess kostnaðar fer eftir fyrri ákvæðum þessarar greinar. Eftirleitarfé, sem á heima utan sýslu skal selt við opinbert uppboð, ef nauðsyn er vegna fjarlægðar, og skal þá eftirleitar- og sölukostnaður innheimtur hjá viðkomandi upprekstrarfélagi með því að halda honum eftir að söluverði fjárins.

Skyllt er, að hver fjáreigandi auðkenni með glöggu og varanlegu marki allt fé sitt á haustum, jafnóðum og það heimtist.

Vanræki fjáreigandi að auðkenna fé sitt, skal hann borga fyrir hverja kind, er á afréttum finnst í eftirleitum, eins og greitt er fyrir óheimt fé á hverjum tíma.

Endurgreiðsluskylda fyrir eftirleitarfé kemur þó ekki til greina á meðan afréttargirðingar fyrir heimalöndum Víðdælinga, Miðfirðinga og Staðhreppinga, teljast tryggilega fjárheldar.

#### 48. gr.

Nú sækir stóðeigandi um leyfi hreppsnefndar til þess að sleppa hrossum fram fyrir heiðargirðingar eftir réttir, og er þá óheimilt að veita það leyfi fyrr en að afloknum öllum haustleitum.

Sé slíkt leyfi veitt, skulu eigendur merkja hrossin glögglega og varanlegu merki, eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar.

Eigendur hrossanna sjái um smölun á þeim á eigin kostnað, og gæta þess að hafa glöggt eftirlit með því, að hrossin ekki liði fóðurskort.

Þótt farið sé á heiðar í eftirleitaraskyni eftir að hrossum þessum er sleppt, ber aðilum ekki eftirleitargjald fyrir þau, nema svo sé, að álitast megi að um björgun sé að ræða úr fjarlægum heiðarsvæðum, eða frá bersýnilegum bjargarskorti.

## XII. KAFLI

### Um fjármörk og hrossamörk.

#### 49. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers fjáreiganda, að hafa glöggt mark-einkenni á öllu sínu fé, og sýslu- og hrepps-brennimark á öllu hyrndu fé. Sýslunefnd skal svo oft, sem þurfa þykir, og að minnsta kosti 5. hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sérhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það í prentunarkostnað það, sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis eintak af markaskránni.

Markið helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er heimildarlaust að draga sér, þótt lítið eilt vanti á fullt mark. Ef kind hefir eyrnamark eins mans, en hornamark eða brennimark annars manns, þá skal sá talinn eigandi, sem á hornamarkið eða brennimarkið, og skal hann þó, ef eigandi eyrnamarksins krefst þess, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefir eyrnamark eins manns, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á. Þó skal hann, ef eigendur hinna markanna krefjast þess, gera grein fyrir, hvernig hann hefir eignast kindina.

Nú er kind ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óglöggt mark eða mýetið, og

vill maður þó eigna sér hana af líkum, þá skal hann skýra hlutaðeigandi hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til fjóra skynsama og óvilhalla menn, er skulu, ásamt honum sjálfum, skoða kindina og meta líkur þær og ástæður, er hann hefir til síns máls. Ef þeir þá allir í einu hljóði kveða upp þann úrskurð, að það sé miklu líklegra að hlutaðeigandi eigi kindina, heldur en að hann eigi hana ekki, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafé. Þessi ákvörðun nær eigi til ómerkinga, er ær helga sér. Rétt er að forustufé, sem á afrétt gengur, hafi til auðkennis bjöllu eða bjöllukenngi í horni.

Hross skulu eins og fé, hafa glögg markeinkenni, er skráð sé í markaskrá sýslunnar. Komi hross fyrir með óglöggu marki eða skemmdum eyrum, sem einhver vill helga sér, þá gilda um það sömu reglur og fyrir er mælt í grein þessari um sauðfé, með óglöggu marki.

#### 50. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, er flutzt hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum á vorhreppaskilum fyrir hreppsnefndinni þar, sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefndin skrifa upp og senda, áður 10 vikur eru af sumri, til hreppsnefnda og hreppstjóra í nálægum hreppum, innan sýslu og utan, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Þeir sem vanrækja þetta, eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við að farið sé með fé þeirra, sem óskilafé og sæti að auki sektum.

### XIII. KAFLI

#### Um eftirlit og rekstur á slátrunar- og sölufé.

#### 51. gr.

Hreppsnefndir skulu útnefna áreiðanlega eftirlitsmenn við öll markaðshöld á sauðfé í hreppi sínum. Skal þóknunin fyrir starf eftirlitsmanna greiddast úr sveitar-sjóði.

Ennfremur skal kaupmönnum og verzlunarstjórum skylt að hafa áreiðanlega eftirlitsmenn við slátrun á öllum fjárrekstrum, sem af öðrum eru reknir til þeirra til slátrunar, og skulu eftirlitsmenn þessir hafa nákvæmar gætur á, að þeir, sem með rekstra þessa koma, séu réttir eigendur og umráðamenn fjárins.

Til þess að koma þessu í framkvæmd, skulu eftirlitsmenn skoða mark á hverri sauðkind, sem á markað er lätin og til slátrunar. Komi fyrir kind við eftirlit þetta, sem eigandi eða umráðamaður reksturs ekki getur fært fullgildar sannanir fyrir eignarrétti á, skal eftirlitsmaður skrifa upp kynferði, lit, aldur og mark kindarinnar og senda viðkomandi hreppstjóra skýrslu þar um.

Sýslunefndin tilnefnir einn mann til þess að skoða mörk á öllum hrossum, sem þar eru seld á markaði. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrétt, skal fara með það eins og áður er fyrir mælt með sauðfé.

Borgun fyrir starf þetta greiðir sá, er hrossin kaupir. Komi þeir sér ekki saman um gjaldhæðina, sker hlutaðeigandi sýslumaður úr ágreiningnum.

#### 52. gr.

Allur sá sauðfénaður, sem rekinn er til slátrunar í kaugtún, skal vera merktur skýru rekstrarmarki, er sé svo glögg, að það sjáist tilsýndar í hjörtu, og svo traust, að það máist ekki af þótt votviðri gangi.

#### 53. gr.

Svo skal rekstrinum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim, er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Varast skal að rekstur lendi saman við annað fé.

121 Eigi má halda áfram með rekstur úr því farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn 24. júlí beri til, svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

54. gr.

Nú ber svo við, að öðru fé lendi saman við rekstur, skal þá strax á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum, og gæta þess vandlega, að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera. Skal þá sem endranær, er viðstaða verður og rekstrarfé dreifir sér til muna, telja rekstrarféð. Enginn, sem á bænum er viðstaddur og til þess er fær, má skorast undan að skoða rekstur ásamt rekstrarmönnum, og ber yfirmanni rekstrarins að greiða þóknun eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir, en aðgang á hann að eigendum fjárens með þá borgun, ef honum hefir eigi verið sjálfum um að kenna. Sjá skulu rekstrarmenn um að fé það, er samanvið hefir komið, komið í áthaga sína, eigendum kostnaðar-laust.

55. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því að hafa tekið fé annarra í rekstur heimildar-laust, skal yfirmaður bæta eigendum að fullu eftir samkomulagi, eða eftir mati óvil-hallra manna, er sýslumaður kveður til þess ef með þarf.

Sannist það, að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það auk þess sektum.

56. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynni að kæra, en hann á aftur aðgang að rekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

#### XIV. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

57. gr.

Ef meiri hluti búenda í upprekstrarfélagi samþykkir á almennum sveitarfundi að setja vörð eða girðingu til varnar því, að afréttarfénaður gangi á sumrum úr afréttar- og fjallalöndum í búfjárhaga manna, skal hreppsnefnd eða hreppsnefnd-um upprekstrarélagsins í sameiningu heimilt að setja reglur um slíkan vörð eða girðingu, þar sem nákvæmlega er mælt fyrir um alla tilhögun og fyrirkomulag varð-arins eða girðingarinnar, og skal kostnaði, sem af þessu leiðir, jafnað niður á stóðhross upprekstrarfélagsins, sem ber að reka á afrétt, og önnur hross, sem á afréttina eru rekin, sé eingöngu um hrossavörð að ræða, en sé um fjárhelda girðingu að ræða, þá sé kostnaðinum jafnað niður að hálfu eftir jarðarhundruðum og að hálfu eftir fjárframtali.

58. gr.

Skyllt skal hreppsnefndum að stofna fjallskilasjóð, og færa árlegan reikning yfir allar tekjur hans og útgjöld næstliðið fardagaár, samkvæmt fyrirmynd, er sýslunefnd býr til. Skal hreppsnefndin hafa gert reikninginn fyrir áramót ár hvert. Síðan skal reikningurinn ásamt fylgiskjólum liggja hreppsþúum til sýnis á þing-stað hreppsins eða öðrum hentugum stað til janúarmánaðarloka, og sendist síðan undirritaður af viðkomandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum til sýslunefndar, er sér um rannsókn á honum og úrskurðar hann.

59. gr.

Eigi má svelta fénað við fjárréttir né í rekstrum, frekar en minnst verður hjá komið. Eigi má heldur misþyrma honum á nokkurn hátt í fjallgöngum, rekstrum

til heiðar, bæjarrekstrum eða heimalandasmölun. Sérstaklega er bannað að hund- **121**  
beita fénað í rekstri eða smölun að óþörfu. Brot gegn þessu varðar 5 til 50 króna 24. júlí  
sekt, nema þyngri hegning liggi við.

## 60. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 5—80 króna sekt, nema þyngri hegning liggi við samkv. lögum. Skal uppljóstrarmaður, ef nokkur er, hljóta helming af sektarfénu, en hinn helmingurinn falli í fjallskilasjóð hlutaðeigandi upprekstrarfélags.

## 61. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál. Þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endanlegra úrslita sýslunefndar.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 4. sept. 1930.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júlí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

um tollmeðferð aðfluttra vara.

**122**

26. júlí

### I. KAFLI

#### Vöruskrár.

##### A. Almennar vöruskrár.

###### 1. gr.

Í öllum skipum, sem flytja hingað til lands vörur, sem eiga að flytjast hér úr skipunum, skulu samkvæmt fyrirmælum reglugerðarinnar um tollheimtu og tollleiftirlit vera minnst 3 eintök af skráum yfir þessar vörur, og auk þess útdrættir (sérstakar skrár) yfir þær vörur, sem eiga að affermast á hverri höfn. Skrár þessar kallast aðalvöruskrár eða farmskrár skipanna.

Ónaðsýnlegt er að skráðar séu á farmskrá skipanna venjulegar nauðsynjar þeirra sjálfra, sem eiga að vera áfram um borð. Þá þarf ekki að skrá á farmskrárnar hluti, sem farþegar, sem eru með skipunum, hafa meðferðis í ferðatöskum og umhúðum, þar sem fót þeirra eru geymd og almennt er ekki greitt sérstakt flutningsgjald fyrir. Ennfremur þarf ekki að skrá á farmskrárnar hluti, sem skipverjar hafa í skápum sínum, skipskistum, fatapokum og þess háttar.

###### 2. gr.

Á fyrstu höfn, sem skip tekur, er hefir meðferðis vörur, sem eiga að affermast hér, skal skipstjóri við aðkomutollafgreiðslu (innklareringu frá útlöndum) sam-



122 kvæmt fyrir mælum reglugerðarinnar um tollheimtu og tollefirlit afhenda tvö ein-  
26. júlí tók af farmskrám yfir allar þær vörur, sem þar skulu skráðar, og auk þess skal hann hafa meðferðis sérstakar skrár (útdrætti) fyrir hverja einstaka höfn, þar sem vörur eiga að affermast. Skulu tollyfirvöldin eða erindrekar þeirra (tollumboðsmenn eða sérstakir tollgæzlumenn) ganga eftir því, að skipstjóri fullnægi þessari skyldu sinni. Hafi skipstjóri enga farmskrá eða aðra jafngóða skrá yfir þær vörur, sem eiga að affermast hér, ekki nægilega mörg eintök af henni eða útdrætti fyrir hverja affermingarhöfn, skal hann eða umboðsmaður hans (afgreiðslumaður skips eða miðlari þess) þegar látinn gera slíkar skrár og útdrætti og jafnframt eftir atvikum látinn sæta áminningu eða sektum fyrir vanrækslu sína. Hafi skipstjóri ekki sjálfur eða umboðsmaður hans eyðublöð undir farmskrár eða útdrætti, skulu þeir látnir gera skrár þessar á afgreiðslueyðublað nr. 28.

Þegar tollyfirvöld eða erindrekar þeirra hafa tekið við framangreindum tveim eintökum af farmskrám yfir allar þær vörur, sem skulu vera á skránum, skulu tollyfirvöldin eða erindrekar þeirra festa hvort eintakið um sig saman og við hvort þeirra vottorð, sem skipstjóri skal skrifa undir, um það, að í skipinu séu ekki aðrar eða meiri vörur, sem eigi að affermast hér á landi og á farmskrám skulu vera, en þær, sem tilgreindar séu á viðfestum farmskrám, sem hann hafi samtímis afhent tollefirlitinu. Þessar tvær farmskrár, með viðfestum vottorðum, kallast heildarfarmskrár skipsins, og mega tollyfirvöld eða erindrekar þeirra ekki leyfa að afferming hefjist fyrr en gengið er frá heildarfarmskrám eins og hér segir.

Þegar þannig hefir verið gengið frá heildarfarmskrám, skulu tollyfirvöldin eða erindrekar þeirra gæta þess, hvort farmskrárútdrættir þeir, sem eru fyrir hverja einstaka höfn, er skipin eiga að flytja vörur til frá útlöndum, eru samhljóða heildarfarmskránnum. Ef skip, sem er í föstum áætlunarferðum milli Íslands og annara landa og útgerð þess skips hefir hér á landi innlendan fyrirvarsmanns, hefir aðkomu (innklareringu frá útlöndum) í Vestmannaeyjum og fer þaðan beint til Reykjavíkur, skal þessi samanburður á heildarskrám og útdráttum gerður í Reykjavík.

Annað eintakið af heildarfarmskránni skal tollyfirvald eða erindrekar þess senda með fyrstu ferð til fjármálaráðuneytisins, en hitt eintakið ber að athugun lokinni að afhenda aftur skipstjóra og vekja um leið athygli hans á því, að honum beri að skila því til tollyfirvaldsins eða erindreka þess á síðustu höfn hér á landi, sem skipið í þeirri ferð flytur vörur til frá útlöndum, en tollyfirvöldin eða erindrekar þeirra á leiðinni þangað skuli þó jafnan hafa aðgang að skránni. Tollyfirvaldinu eða tollumboðsmanninum á síðustu höfn, sem skipið í þeirri ferð flytur vörur til frá útlöndum, ber að senda þetta eintak af heildarskránni til tollstjórans í Reykjavík, sem hefir umsjón með talningu úr skipum, en tollstjórinn sendir þetta eintak að athugun lokinni til fjármálaráðuneytisins.

## B. Sérstakar vöruskrár.

### 3. gr.

Nú eiga að affermast vörur á fyrstu afgreiðsluhöfn skips eða síðari afgreiðsluhöfnum hér á landi, og ber þá skipstjóra samkvæmt fyrir mælum reglugerðarinnar um tollheimtu og tollefirlit að afhenda við afgreiðslu skips sérstaka skrá (útdrátt úr heildarfarmskránni) yfir þær vörur, sem þar eiga að affermast. Tollyfirvöld eða erindrekar þeirra skulu gæta þess, að skipstjóri fullnægi þessari afhendingarskyldu sinni og láta hann eða umboðsmann hans gera þessar skrár, ef skipstjóri hefir þær ekki meðferðis. Skal tollyfirvöldunum eða erindrekum þeirra að jafnaði ekki heimilt að leyfa, að afferming hefjist fyrr en skipstjóri hefir afhent þessar skrár, og auk þess undirritað vottorð um það, að á þeirri höfn verði ekki affermdar aðrar eða meiri vörur, sem séu eða eigi að vera skráðar á farmskrár skipsins, en þær, sem

tilgreindar séu á viðfestum farmskrám, sem hann hafi samtímis afhent tolleftirlitinu. Ef um er að ræða skip, sem er í föstum áætlunarferðum milli Íslands og annara landa og útgerð þess skips hefir hér á landi innlendan fyrirvarsmann, mega þessi vottorð, ef það þykir hentugra að dómi tollyfirvalds, vera undirrituð fyrir hönd skipstjóra af afgreiðslumönnum þessara skipa, en þess skal þó jafnan gætt, þegar þannig er frá þessum vottorðum gengið, að afgreiðslumennirnir afhendi farmskrárnar með þessum vottorðum þegar eða skömmu eftir komu skips til hlutaðeigandi hafnar.

122

26. júlí

Eftirlit með affermingu og innheimtu aðflutningsgjalda skal síðan byggt á þessum staðarfarmskrám (útdráttum úr heildarfarmskránum fyrir hverja höfn) og skulu þessar skrár tilheyra skjalasafni embættanna, og skal skráð á þau með bleki eftir því, sem vörur eru tollafgreiddar, annaðhvort þann dag, sem aðflutningsgögn eru afhent til tollmeðferðar, eða númer tollafgreiðsluseðilsins, þar sem slíkir seðlar eru gefnir út fyrir vörum, sem koma til tollmeðferðar.

Um hver áramót skal hvert tollyfirvald taka upp úr staðarfarmskránum á afgreiðslueyðublað nr. 28 allar þær vörusendingar, sem þá eru ótollafgreiddar, og skal gera eftirstöðvaskrá þessa í tveimur eintökum. Annað eintakið skal senda með fyrstu ferð fjármálaráðuneytinu, en hinu eintakinu skal tollyfirvaldið halda eftir og skal það vera grundvöllur undir tollheimtu hans og tolleftirliti með þeim sendingum, sem á skránum eru.

## 4. gr.

Ef islenzkt fiskveiðaskip hefir meðferðis nauðsynjar til skipsins sjálfs, sem eiga að fara í land og ekki eru umfram það, sem hæfilegt má teljast, þykir nægilegt, að skipstjóri skrái nauðsynjar þessar á afgreiðslueyðublað nr. 1, en þegar svo ber undir, skal gera eftirrit af eyðublaði þessu útfylltu, og skal hlutaðeigandi tollstofnun halda eftirritinu eftir og geyma það meðal embættisskjala sinna, en senda fjármálaráðuneytinu frumritið með fyrstu ferð.

## 5. gr.

Á þeim höfnum, þar sem er sérstök tollgæzla, skulu tollgæzlumennirnir halda sérstaka bók (farangursbók) yfir allan þann farangur, sem tekinn er í tollgæzlastöðina eða annan þann stað, sem tolleftirlit er framkvæmt, og skal færa í bókina þessi atriði:

1. Afgreiðslunúmer fyrir hvert ár.
2. Merkin á farangrinum.
3. Stykkjatölu.
4. Innihald.
5. Kvittun viðtakanda.
6. Hver afhenti viðtakanda farangurinn.
7. Númer á tollreikningi, ef í farangri hafa verið tollskyldar vörur.
8. Athugasemdir.

Um hver mánaðamót skal gera eftirrit af farangursbókinni yfir þann farangur, sem hefir verið færður inn í bókina í mánuðinum, sem er að enda, og skal senda fjármálaráðuneytinu eftirritið með fyrstu ferð.

## 6. gr.

Ef viðtakandi vöru er ekki á þeirri tollhöfn, sem vara er skrásett til eða vara er affermd, en vöruflytjandi (útgerð skips, umboðsmenn hennar eða skipstjóri) óskar að senda vöru áfram til viðtakanda, er sá framhaldsflutningur heimill, ef fullnægt er fyrirmælum 47. gr. reglugerðarinnar um tollheimtu og tolleftirlit. Þegar þeim fyrirmælum hefir verið fullnægt, skal tollyfirvald eða tollumboðsmaður gefa

- 122 út umhleðslutollbréf (bréf um tollvörur, sem sendar eru milli tollhafna, afgreiðslu-  
 26. júlí eyðublað nr. 20) til tollfyrvaldsins eða tollumboðsmannsins á ákvörðunartollhöfn varanna og skal tollbréf þetta þrítíð. Efstu tvö eintökin skulu send með vörunni. Öðru þeirra eða hvíta eintakinu skal tollfyrvaldið eða tollumboðsmaðurinn á ákvörðunartollhöfninni halda eftir og láta það fylgja staðarfarmskránum, en hitt skulu þeir með áritaðri viðtökuviðurkenningu endursenda með fyrstu ferð til tollfyrvaldsins eða tollumboðsmannsins, sem sendi umhleðslubræfið með vörunni til ákvörðunartollhafnarinnar. Þriðja eintakinu, sem er fast í bréfaheftinu, skal tollfyrvaldið eða tollumboðsmaðurinn á þeim stað, sem varan er send frá, halda eftir og færa inn á það daginn, þegar þeir taka á móti eintakinu, sem tollfyrvaldið eða tollumboðsmaðurinn á þeim stað, sem varan var send til, endursenda það með áritaðri viðtökuviðurkenningu.

## II. KAFLI

### Aðflutningsskýrslur.

#### A. Hin almenna aðflutningsskýrsla.

##### 7. gr.

Þegar talað er um hina almennu aðflutningsskýrslu, er átt við þá aðflutnings-  
 skýrslu, sem er með þeirri sérstöku gerð, að hún er á samfestum blöðum, sem eru rifgötuð í annan endann þannig, að annað blaðið er undir tollskýrslu, en hitt blaðið undir hagskýrslu. Skýrslan, sem skal vera rituð á þar til gerð eyðublöð, verður þannig tvírituð.

Þessi atriði skulu tilgreind í hinni almennu aðflutningsskýrslu:

1. Með hvaða skipi vörunar hafa komið til þeirrar tollhafnar, sem vörunar eiga að koma til tollmeðferðar, hvaða tollhöfn það sé og hvenær skipið hafi komið þangað. Ef við samanburð við farmskrár kemur í ljós, að þessi atriði eru ekki rétt tilgreind í skýrslunum, skulu tollstarfsmenn leiðrétta þessi atriði í skýrslunum. Um leið og þessi atriði eru borin saman við farmskrá og fært er inn á hana, skal skrifa inn á skýrslurnar, bæði tollskýrslueintakið og hagskýrslueintakið, farmskrár-  
 númerið.

2. Hvaða skjöl um hinar aðfluttu vörur eru lögð fram með aðflutningsskýrslunni. Skal tilgreina tölu, tegund og dagsetningu hvers skjals fyrir sig.

3. Ásigkomulag sendingar, en þar til telst:

a. Tala og tegund stykkja (collía). Með tegund stykkja er átt við það, hvort um sé að ræða kassa, poka, tunnur o. s. frv.

b. Merki og númer á stykkjum. Ef vörur eru í umbúðum, skal tilgreina merkin og númerin á umbúðunum, en ella þau merki og númer, sem eru á vörunum. Merkin og númerin eru að jafnaði tilgreind á farmskírteinum eða fylgibréfum og verða þau því að sjálfsgöðu oftast tilgreind af viðtakanda eftir þeim skjölum.

4. Brúttóþyngd eða þyngd vöru með umbúðum. Tilgreina skal brúttóþyngd í kílóum.

Þegar svo stendur á, að í sömu sendingu, sem samanstendur af fleiri stykkjum (collíum), eru vörur, sem falla undir fleiri en einn tollskrárlið, er það sameiginlegt um hina tvo ný umtöluðu liði nr. 3 og 4, að gæta verður þess vandlega, að fram komi í skýrslunni hvaða vörur eru í hverju stykki og brúttóþyngd hvers stykkis fyrir sig. Það hefir sérstaklega þýðingu, ef ókunnugt er um nettómagnið, því að ef kunnugt er um brúttóþyngd og innihald hvers stykkis, er oft hægt að áætla nettómagnið eftir þeim atriðum.

5. Kaflann og númerið, sem hver einstök vara fellur undir eftir tollskránni. 122  
Ef vara fellur bæði undir tollskrána sjálfa í 1. gr. og undir vöruskrána í 27. gr. 26. júlí  
tollskrárlaganna, skal tilgreina hvað upp af öðru í sömu línu, fyrst og neðar kaflann og númerið eftir tollskránni sjálfri í 1. gr. og síðan og ofar 27. gr. og númerið eftir vöruskránni, sem tilheyrir þeirri grein.

6. Tegund hverrar einstakrar vöru með viðeigandi heiti eftir tollskránni eða stafrófsskránni, sem henni fylgir. Annars það verzlunarheiti, sem almennt er notað um vöruna í kaupum og solum, ef heiti þetta felur í sér upplýsingar um úr hverju varan er. Ef um er að ræða lifandi skepnur, skip, báta, bifreiðar, vagna, vélar, hljóðfæri eða pör af skófatnaði, skal einnig tilgreina fjölda þessara vara.

7. Nettómagn hverrar einstakrar vöru, en nettómagnið skal tilgreint með lítratölu, ef tollur er miðaður við hana, með teningsfetafjölda, ef tollur er miðaður við hann og kílóatölu í öllum öðrum tilfellum. Ef ekki er kunnugt um nettómagn, skal áætla það.

8. Hagskýrsluverð hverrar einstakrar vöru, en hagskýrsluverð er það verð í heilum íslenskum krónum, sem kaupandi aðfluttrar vöru greiðir fyrir hana komna hingað til lands. Ef borgun fyrir vöru hefir ekki farið fram, þegar aðflutningskýrsla er gefin, skal tilgreina sem hagskýrsluverð þá upphæð í heilum íslenskum krónum, sem innflytjandi á að greiða fyrir vöruna komna hingað til lands, og ef greiðsla á að fara fram í erlendri mynt, skal breyta hinni erlendu greiðslufjárhæð í innlenda fjárhæð og skal farið eftir dagssölugengi á umræddri erlendri mynt þegar skýrslan er gefin, og skal tilgreint í skýrslunni hvað dagsölugengið sé. Umbúðirnar eru venjulega seldar með vörunum og þá reiknaðar með í verði þeirra. Annars skal setja sem sérstaka athugasemd verð umbúðanna. Ef vara er flutt inn án þess að vera keypt, s. s. ef um er að ræða gjöf, endursending o. s. frv., skal ekki tilgreina neitt hagskýrsluverð, heldur skal geta þess í hagskýrsluverðsdálginum, að um sé að ræða gjöf, endursending o. s. frv. Ef vara kemur úr aðgerð, skal tilgreina sem hagskýrsluverð aðgerðarkostnaðinn, að viðbættum sendingarkostnaði háðar leiðir, en geta verður þess greinilega, að um sé að ræða viðgerðarkostnað, en ekki innkaupsverð.

Eins og fyrr segir skal tilgreina hagskýrsluverð hverrar einstakrar vöru, en með hverri einstakri vöru er átt við vöru, sem fellur undir sérstakt tollskrárnúmer. Nú er það oft svo, enda í sumum tilfellum venja, að flutningsgjald og annar sendingarkostnaður er ákveðinn og tilgreindur í einu lagi fyrir hverja vörusendingu, enda þótt í henni séu sundurleitar vörur, þegar um slíkan ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur er að ræða, skal viðtakandi, ef fyrir liggja upplýsingar um verð hverrar einstakrar hinna sundurleitu vara á innkaupsstað, skipta hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á hverja einstaka vöru í sendingunni, eftir hlutfalli því, sem er á milli verðs varanna innbyrðis þar, og má t. d. gera þetta með venjulegum hlutfallareikinngi, og til þess að sjáist hvað við sé átt með honum og hvernig að þessu skuli farið, skal hér tekið einfalt dæmi, sem hér getur átt við:

122 Samanlagt ósundurliðað flutningsgjald, váttrygging og vörumiðlun kr. 560.  
26. júlí

Vörutegundir í sendingunni		Verð varanna á innkaups- stað		Niður- staðan af þrilið- unni	Flutnings- kostnaður- inn sundur- liðaður		Verð varanna á innkaups- stað	Hagskýrslu- verð varanna
Netagarn .....	( 2 %)	602	×	0.27	=	163	+	602 = 765
Glóðarnet .....	( 8 %)	423	×	„	=	114	+	423 = 537
Hörléreft .....	(10 %)	158	×	„	=	43	+	158 = 201
Ullarfataefni .....	(15 %)	270	×	„	=	73	+	270 = 343
Vaxdúkur .....	(30 %)	333	×	„	=	90	+	333 = 423
Burðarnet .....	(40 %)	286	×	„	=	77	+	286 = 363
		2072				560		2072 2632

2072) 560.00 (0.27  
4144  
14560  
14504  
56

Reikna skal dæmið í heilum íslenskum krónum. Ef því flutningskostnaðurinn eða einhver hluti hans er tilgreindur á framlögðum aðflutningsskjölum í erlendri mynt, verður að breyta hinni erlendu fjárhæð áður en dæmið er reiknað. Síðan skal, eins og sagt var, reikna dæmið í heilum krónum, en 50 aurar og stærri brot úr krónu skal talið sem heil króna, en minna broti skal sleppt.

Ef ekki er tilgreint í aðflutningsgögnum nema heildarverðið, skal skipta því á hinar einstöku vöru og tollverð hennar getur verið það sama, en þarf alls ekki að vera það.

Hagskýrsluverð vöru og tollverð hennar getur verið það sama, en þarf alls ekki að vera það.

9. Tollverð vöru, en það er það verð, sem greiða skal af verðtoll. Ákvæðin um það eru í 10., 12., 18. og 4. gr. tollskrárlaganna.

Það gildir sem almenn regla, að tollverð vöru er verð hennar í útflutninglandinu, að viðbættu, ef það er þá ekki innifalið í verðinu:

- útflutningsgjaldi, ef það hvílir á vöru,
- verðmæti innri og ytri umbúða,
- flutningsgjaldi og öðrum sendingarkostnaði, s. s. váttryggingu, flutningsmiðlunargjöldum (speditionskostnaði) o. þ. h. (t. d. umboðslaunum eða annarri þóknun fyrir innkaup vöru), sem fellur á vöru þar til hún er affermd á ákvörðunarstað.

Frá þessari almennu reglu um tollverðið eru þessar undantekningar:

*a. Undantekningar til hækkunar.*

a. Nú er vara seld undir almennu heildsöluverði á samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sala fór fram, og er þá tollverðið hið almenna útflutningsverð, en með almennu útflutningsverði í þessu sambandi er átt við almennt gildandi markaðsverð til útflutnings í heildsölu. Þó að greitt sé flutningsgjald, sem er undir almennu flutningsgjaldi (þ. e. flutningsgjaldi samkvæmt gjaldskrá eða almennt gildandi taxta án sérstaks afsláttar), eða þó að greiddur sé annar sendingarkostnaður, sem er undir almennum sendingarkostnaði, skal allt að einu hið almenna flutningsgjald eða annar almennur sendingarkostnaður talinn í tollverðinu.

β. Afsláttur og annar frádráttur, sem kaupanda aðfluttrar vöru er veittur, skal vera innifalinn í tollverði vöru. Þó er tollfyrirvaldi heimilt í samráði við fjármálaráðuneytið að sleppa við verðtoll samningsafslætti, sem almennt er veittur frá brúttó- eða verðlistaverði í verzlunarviðskiptum af vissu tagi, en samningsafsláttur eða heildsöluafsláttur er sá hundraðshlutaafsláttur frá smásöluverði eða verðlista- verði, sem af birgðaheildsala er veittur útsölumanni eða iðnrekanda í sömu vöru- grein. Upphæð afsláttarins er stundum miðuð við viðskiptin í heild eða magn vöru- slatta þess, sem tekið er við til útsölu.

γ. Ef ekki fást fullnægjandi gögn um verð vöru, skal tollverðið vera verð, sem svarar til söluverðs samskonar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum, en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma, sem vara fer til tollmeðferðar. Þessi regla gildir einnig eftir því, sem við á, um vörur þær, sem falla undir við- skiptasamkomulagið við Breta.

δ. Ef verð vara, sem greiða ber af misháan verðtoll, er tilgreint á framlögð- um aðflutningsskjölum í einni fjárhæð, er tollverð allra varanna hin ósundurlið- aða fjárhæð. Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundur- leitar vörur, ef viðtakandi hefir afhent til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar hinna sundurleitu vara á innkaups- stað, en þá skulu tollstarfsmenn við verðtollsákvörðunina skipta hinum ósundurlið- aða flutningskostnaði niður á hverja einstaka vöru í sendingunni eftir hlutfalli því, sem er á milli verðs varanna innbýrðis á sölustað, sbr. það, sem segir um þetta undir nr. 15 í 40 gr. hér á eftir.

#### *b. Undantekningar til lækkunar.*

a. Meðan viðskiptasamkomulagið við Bretland nr. 106/1933 er í gildi, er toll- verð vara þeirra, sem um ræðir þar og undir nr. 1—20 í 18. gr. tollskrárlaganna, verð varanna kominna í farartæki, sem flytur þær hingað til lands. Það verður þó að tilgreina hið sérstaka tollverð þessara vara skýrt og greinilega í vörureikningi, aðflutningsskýrslu og öðrum framlögðum skjölum og gögnum. Ella kemur til greina ákvæðið hér að framan í þessari grein nr. 9að. Reglan um almenna útflutnings- verðið gildir um vörur þær, sem falla undir nr. 1—20 í 18. gr. tollskrárlaganna. Sérreglan um fob-verð sem tollverð gildir ekki um vörur þær, sem taldar eru undir nr. 21 og 22 í 18. gr. tollskrárlaganna, svo að tollverð þeirra vara er verð varanna kominna hingað til lands.

β. Að því er varðar tollverð gildir sú sérregla um muni — að undanteknum íslenskum skipum og bátum —, sem sendir hafa verið til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarar aðvinnslu, að tollverð þeirra er aðeins aðvinnslukostnaðurinn, að viðbættum sendingarkostnaðinum báðar leiðir, ef fullnægt er þessum skilyrðum:

x. Að mununum sé framvísað fyrir tollstarfsmanni áður en þeir fara á skips- fjöl eða eru afhentir í pósthús,

y. við útflutning munanna sé afhent á tollskrifstofu eða í pósthús tvirituð út- flutningsskýrsla, þar sem skráð er nákvæm lýsing á mununum og á hverju aðgerð eigi fram að fara, og útflytjandi haldi eftir öðru skýrslueintakinu, sem sé með árituðu vottorði tollstarfsmanns um það, að mununum hafi verið framvísað fyrir honum og að hann hafi sannfært sig um að lýsing útflytjanda á mununum sé rétt,

z. við endurinnflutning munanna sé hinu áritaða útflutningsskýrslueintaki framvísað og það afhent við tollafgreiðslu,

þ. að munirnir hafi ekki breytt svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr hafi orðið nýir hlutir.

γ. Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana, má draga frá flutningsgjaldauka þann og sendingarkostnað, sem sá fram-

122 haldsflutningur hefir valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðar-  
26. júlí auka með framlögðum sönnunargögnum og vísað til þeirra í aðflutningsskýrslunni. Þá skal og heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess að skip affermir á fleiri höfnum en einni, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka á sama hátt og sagt var um fyrgreindan flutningsgjaldauka og sendingarkostnað.

*c. Aðrar undantekningar.*

a. Nú er vara seld til síðari afhendingar á tilteknum tíma, og er þá tollverðið verð, sem á þeim tíma, sem kaup eru gerð, er hið almenna verð til afhendingar á hinum tiltekna tíma.

β. Ef vara er ekki endanlega seld hingað til lánds, er tollverðið verð vörunnar á þeim stað og tíma, sem vara er send, en verð þetta má þó ekki vera lægra en almennt heilðsöluverð á samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á hinum tiltekna stað og tíma. Síðastnefnd regla gildir um vörur, sem innfluttar eru til útibúa eða umboðsaðila fyrir útlend fyrirtæki eða aðra aðila í útlöndum, og skiptir ekki máli, hvort umboðsaðilarnir koma fram í nafni umbjóðanda síns eða í eigin nafni.

Ef í verðum þeim, sem um ræðir í hinum tveimur síðastskráðu liðum merktum *a* og *β*, er ekki innifalinn kostnaður sá, sem talinn er í upphafi þessa töluliðs undir liðunum *a*, *b* og *c* (útflutningsgjald, ef það hvílir á vöru, o. s. frv.), sbr. reglurnar hér að framan undir nr. 9a<sub>a</sub> um almenna sendingarkostnaðinn, skal hann jafnan talinn með í þeim tollverðum, sem greiða skal af.

γ. Ef hvorki fást fullnægjandi gögn um verð vöru né verð samskonar vöru eða vöru af svipuðu tagi frá heilðsala til smásala hér á landi á umræddum tíma, er gerður munur á því, hvort um er að ræða að mun skemmdar vörur, venjulegar verzlunarvörur að dómi tollyfirvalda eða vörur, sem að þeirra dómi verða ekki taldar venjulegar verzlunarvörur, en til verzlunarvara í þessu sambandi teljast ekki aðeins vörur, sem inn eru fluttar til að selja þær, heldur einnig vörur, sem innflytjandi ætlar að nota við starfrækslu sína hér, ef vörur þessar eru keyptar erlendis eða fengnar í skiptum. Hinsvegar teljast ekki verzlunarvörur í þessu sambandi vörur, sem út hafa verið fluttar og koma hingað aftur vegna þess, að þær hafa ekki selst eða af öðrum orsökum, gjafir, vörusýnishorn og því líkt. Ennfremur vörur, sem ferðamenn hafa keypt erlendis til eigin nota og hafa með sér, er þeir koma hingað. Aftur á móti teljast hlutir, sem aðra hluti á að gera eftir (Modeller, fyrirmyndir) til venjulegra verzlunarvara.

x. Um venjulegar verzlunarvörur og vörur, sem eru að mun skemmdar, gildir sú regla, þegar ekki fást framangreind gögn eða upplýsingar og viðtakandi ákveður að taka vörurnar, að tollverð þeirra skal ákveðið með matsgerð á kostnað viðtakanda, en viðtakandi skal gera skriflega kröfu um slíkt mat til tollyfirvalds áður en það afhendir eða samþykkir að afhenda megi viðtakanda vörurnar. Eftir að fram er komin krafa um mat skal tollyfirvald gera ráðstafanir til að mat verði framkvæmt, en það skal gera einn eða fleiri sérfróðir, ef við verður komið, og óvilhallir dómkvaddir menn, og skal hann eða þeir tilkynna viðtakanda og tollyfirvaldi, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verðið eftir framanskráðum reglum um tollverðið eftir því, sem við verður komið. Ákvæði 29. gr. laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tollaftirlit, gilda um matskostnað, en það vill segja, að vörurnar eru að veði fyrir matskostnaðinum, og hefir eigandi ekki rétt til að ráða yfir vörunum fyr en búið er að greiða matskostnaðinn. Veðrétturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda.

y. Um vörur, sem að dómi tollstarfsmanna verða ekki taldar venjulegar verzlunarvörur, gildir sú regla, þegar ekki fást framangreind gögn og upplýsingar, að

þær skulu metnar af tollstarfsmönnum. Ef viðtakandi telur sig ekki geta sætt sig við þetta mat tollstarfsmanna, getur hann gert kröfu um mat á vörunni og gilda um það mat sömu reglur og um mat það, sem um ræðir hér næst á undan í þessari grein undir nr. 9cγx, að öðru leyti en því, að viðtakandi skal því aðeins greiða matskostnað, að matsverð verði hærra en verð það, sem hann gaf upp. Ella fellur matskostnaður á rikissjóð.

Tollverðið skal tilgreint á hinni venjulegu aðflutningsskýrslu í þeirri mynttegund, sem tilgreind er á aðflutningsskjölum þeim, sem eru lögð fram með skýrslunni, s. s. í vörureikningi, farmskírteini eða reikningi yfir farmgjald, váttryggingarskírteini eða reikningi yfir váttryggingu o. s. frv. Ef á öllum framlögðum skjölum, sem skipta máli um tollverðið, er ekki tilgreind sama mynttegund, svo sem annarsvegar getur verið um innkaupsverðið á vörureikningnum og hinsvegar um kostnaðarupphæðina á flutningsmiðlunarreikningnum, skal tilgreina hverja myntupphæð fyrir sig í hverjum undirlíðanna og til viðbótar henni myntheitið, t. d. kr., £, \$ o. s. frv. Ef tvær myntupphæðir þurfa að koma í sömu línu, skulu þær tilgreindar hvor upp af annari með samdráttarmerki, en geta skal mynttegundarinnar við hvora upphæðina um sig. Undirlíðir tollverðsins eru þessir og skal fylla þá út eftir því, sem við á:

a. Verð vara á sölu- eða sendingarstað, þó ekki lægra en almennt gildandi markaðsverð í heildsölu án sérstaks afsláttar eða annars frádráttar með umbúðum og öðrum kostnaði þar. Ef markaðsverðið er hærra, skal innflytjandi gefa upplýsingar um verðið eftir beztu vitund. Sama gildir, ef hann brestur upplýsingar um verðið.

β. Flutningsgjald samkvæmt gjaldskrá eða almennt gildandi taxa án sérstaks afsláttar.

γ. Váttrygging, vörumiðlun (spedition), umboðslaun eða þóknun fyrir innkaup og annar kostnaður á leiðinni hingað til lands án sérstaks afsláttar.

δ. Samanlagt almennt verð varanna kominna hingað til lands.

10. Hvenær kaup voru gerð, s. s. pöntun eða tilboð samþykkt o. s. frv.

11. Hvernig vörurnar eru seldar og á hvaða höfn eða stað, s. s. cif Reykjavík, fob Bergen o. s. frv.

12. Í hvaða mynt er reiknað á innkaupsreikningi (fakturu).

13. Í hvaða landi vörurnar eru keyptar.

14. Upprunaland varanna. Við náttúruafurðir, s. s. korn og kaffi, skal tilgreina framleiðslulandið, en við iðnaðarvörur, s. s. tilbúinn áburð, hreinsaðan sykur, skal tilgreina landið, þar sem síðasta aðvinnsla fór fram, en þar með telst ekki þökkun, flokkun eða blöndun.

Þá skal koma í aðflutningsskýrslunni yfirlýsing innflytjanda eða umboðsmanns hans um það,

1. að hinsvegar á skýrslueyðublaðinu tilgreindir vörureikningar (fakturur), sem afhentir eru með aðflutningsskýrslunni, eigi við vörur þær, sem tilgreindar eru í skýrslunni,

2. að vörureikningarnir og önnur framlögð skjöl og gögn um kostnaðinn á leiðinni hingað til lands séu rétt,

3. að framlögð skjöl og framanskráð skýrsla á eyðublaðinu um hagskýrsluverðið tilgreini, hvað vörurnar kosta komnar hingað til lands í tilgreindri mynt,

4. að frá hagskýrsluverðupphæðinni eða upphæðunum á framlögðum skjölum sé ekki reiknaður afsláttur fyrir borgun út í hönd eða annar sérstakur afsláttur eða annar frádráttur, sem ekki er tilgreindur á skjölunum,

5. að ekki sé kunnugt um það, að verð það, sem tilgreint sé í vörureikningunum, sé lægra en almennt gildandi markaðsverð í heildsölu á tilsvarendi magni af samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sala fór fram, eða ef sala hefir ekki farið fram, þegar vara var send. Skal strika út annaðhvort orðin: „sala fór fram“ eða „vara var send“, eftir því, hvort við á.



122

26. júlí

8. gr.

Ef verð það, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslu og staðfest er með framlögðum skjölum, er ekki rétt tilgreint, er í 14. gr. tollskrárlaganna gerður munur á því, hvort hið ranga verð er tilkomið vegna misskilnings á ákvæðunum um tollverðið eða hvort það er of lágt tilgreint af öðrum ástæðum.

1. Í fyrra tilfellinu, eins og er ef t. d. að váttrygging væri ekki talin með í hinu uppgefna verði, skulu tollstarfsmenn leiðrétta verðið eftir fyrirmælunum um tollverðið.

2. Í síðara tilfellinu, eins og er ef t. d.

að verð vöru er óeðlilega lágt og það er staðfest af vörureikningaeftirlitinu, að tilgreint er lægra flutningsgjald en flutningsgjald samkvæmt gjaldskrá eða samkvæmt farmskrá,

að vara er talin seld eif, en farmgjaldið er ógreitt samkvæmt farmskrá,

að vara er talin flutt hingað óváttryggð,

að heildarverðið, sem tilgreint er á vörureikningi, er lægra en tilsvarendi einingarverð á reikningnum,

skulu tollstarfsmenn hækka verðið að því skapi, sem þeir telja rétt.

Ef viðtakandi telur sig ekki geta sætt sig við hið hækkaða verð, sem tollstarfsmenn setja þannig á vöru, getur hann gert kröfu um mat á vörunni og gilda um það mat sömu reglur og um mat það, sem um ræðir undir nr. 9cγy í 7. gr. hér að framan.

Ef það kemur í ljós við tollunina, að aðflutningsskýrsla og þau skjöl, sem viðtakandi hefir lagt fram til staðfestingar því verði, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslunni, eru röng, og tollstarfsmennirnir telja sér ekki fært að ákveða verð vöru til verðtollsákvörðunar, skulu þeir samkvæmt heimild í 2. mgr. 14. gr. tollskrárlaganna fá það ákveðið með matsgerð á kostnað viðtakanda, en um slíkt mat koma til greina sömu reglur og gilda um mat það, sem um ræðir undir nr. 9cγx, að öðru en því, að viðtakandi gerir að sjálfsgöðu ekki kröfu um slíkt mat.

9. gr.

Ef gefin er röng aðflutningsskýrsla um verð vöru, varðar það samkvæmt 1. mgr. 17. gr. tollskrárlaganna allt að fimmtánfaldri þeirri upphæð, sem höfð hefir verið eða hafa hefði mátt af ríkissjóði vegna hinnar röngu skýrslu.

Auk þessarar refsingar má samkvæmt 3. mgr. 17. gr. tollskrárlaganna svipta þann, sem verður sekur um brot það, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, leyfi til verzlunar um tiltekinn tíma, eða æfilangt, ef brot er margitrikað.

Ákvæði þessarar greinar taka að sjálfsgöðu ekki til auðsýnilegra reiknings-skekkja eða til tollverðs eða hluta þess, sem greinilega er tilgreint í aðflutningsskjölum, sem fylgja aðflutningsskýrslu til tollmeðferðar, en aðeins fyrir aðgæzlu-leysi hefir ekki verið tekið rétt upp í skýrsluna.

10. gr.

Þegar tollstarfsmenn taka við hinni almennu aðflutningsskýrslu skulu þeir gæta þess, að bæði eintökin af skýrslunni, bæði tollskýrslueintakið og hagskýrslueintakið, séu að öllu leyti samhljóða. Eins skulu þeir gæta þess við leiðrétting aðflutningsskýrslunnar, að leiðrétta bæði tollskýrslueintakið og hagskýrslueintakið, og að leiðréttingarnar á báðum þessum eintökum verði samhljóða.

Þó að það sé regla um aðflutningsskýrslur yfirleitt, að þær skuli mánaðarlega sendar til fjármálaráðuneytisins sem fylgiskjöl með tollbókinni, gildir fyrir kaupstaðina sú sérregla um hina almennu aðflutningsskýrslu, að hagskýrslurnar skulu vikulega teknar frá tollskýrslunum og sendar hagstofunni, en um leið og það er

gert, skal stimplað með þar til gerðum stimpli á tollskýrslurnar, að hagskýrsla hafi verið send hagstofu. 122  
26. júlí

### B. Hinar sérstöku aðflutningsskýrslur.

#### 11. gr.

Í a—d lið 2. gr. tollskrárlaganna eru ákvæðin um tollfrelsi fyrir áhöld og innstæðumuni í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, vistir og aðrar nauðsynjar í slíkum farartækjum, farangur starfsmanna í þeim og um farm, sem óaffermdur á að fylgja farartækjunum aftur til útlanda.

Um skýrslur yfir þessar vörur vísast til reglugerðarinnar fyrir tollgæzluna.

#### 12. gr.

Í e-lið 2. gr. tollskrárlaganna er ákvæðið um tollfrelsi fyrir vanalegan farangur farþega, en með vanalegum farangri farþega eða ferðamanna er átt við fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem farþegarnir hafa meðferðis, að svo miklu leyti, sem tollstarfsmenn telja þennan farangur til eigin nota farþeganna á ferðalaginu.

Ef vanalegur farþegafarangur hefir verið settur á farmskrá, skal hlutaðeigandi viðtakandi gefa svo látandi yfirlýsingu um farangurinn:

Ég undirritaður lýsi því hér með yfir og legg við drengskap minn, að neðangreindir munir, sem komu hingað með skipinu ..... þann ....., farmskr. nr. ...., og ég geri kröfu til að verði taldir tollfrjálsir samkvæmt e-lið 2. gr. tollskrárlaganna, eru ferðanauðsynjar mínar, og að munir þessir eru einungis ætlaðir til minna eigin nota á ferðalaginu:

(Tala og tegund stykkja (collía), merki og númer á stykkjum, þungi og tegund muna (innihald hvers stykkis, þ. e. collís).)

Fyrir neðan undirskrift viðtakanda skal vera vottorð tollstarfsmanns, sem skoðar munina, um það, að hann telji þá tollfrjálsa samkvæmt e-lið 2. gr. tollskrárlaganna, en nánari ákvæði um það, hvaða munir séu tollfrjálsir samkvæmt umræddum e-lið 2. gr. tollskrárlaganna, eru í reglugerðinni fyrir tollgæzluna.

#### 13. gr.

Í g-lið 2. gr. tollskrárlaganna eru ákvæðin um tollfrelsi fyrir heimilismuni manna, sem flytja vistferlum hingað til lands frá útlöndum, og hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi fyrir því tollfrelsi, en með heimilismunum er átt við húsgögn, rúmföt, eldhúsáhöld o. s. frv. Bifreiðar og bifhjól teljast ekki til heimilismuna.

Aðflutningsskýrsla sú, sem viðtakandi umræddra heimilismuna skal gefa um þessa muni, skal vera svo látandi:

Ég undirritaður, sem er að flytja vistferlum hingað til lands til að setjast hér að um lengri óákveðinn tíma, lýsi því hér með yfir og legg við drengskap minn, að neðangreindir munir, sem komu hingað með skipinu ..... þann ..... farmskr. nr. ...., eru heimilismunir mínir, sem ég (og fjölskylda mín) hefi (höfum) átt og notað allt undanfarið ár á heimili mínu (okkar) í ..... (viðkomandi útland) ....., en þar hefi ég (og fjölskylda mín) verið búsettur (búsett) undanfarin ..... (lengd búsetutímans) ..... Muni þessa, sem ég geri kröfu til að verði taldir tollfrjálsir samkvæmt g-lið 2. gr. tollskrárlaganna, ætla ég (og fjölskylda mín) einnig að nota á heimili mínu (okkar) hér á landi:

(Tala og tegund stykkja (collía), merki og númer á stykkjum, þungi og tegund muna (innihald hvers stykkis (collís).)

Skilyrði fyrir tollfrelsi heimilismunanna er til viðbótar því, sem felst í skýrsluformálanum, að munirnir beri það með sér, að þeir séu notaðir. Tollstarfsmenn skulu ganga úr skugga um að svo sé.

- 122 Fyrir neðan undirskrift viðtakanda heimilismunanna skal vera vottorð toll-  
26. júlí starfsmanns þess, sem skoðar munina, um það, að hann telji þá tollfrjálsa sam-  
kvæmt umræddum g-lið 2. gr. tollskrárlaganna.

## 14. gr.

Samkvæmt h-lið 2. gr. tollskrárlaganna eru vörur til sendiherra, sendiráða og sendiræðismanna erlendra ríkja tollfrjálsar, enda afhendi þeir tollýfirvaldi við afhending eða samþykki til afhendingar varanna yfirlýsingu um það, að vörurnar verði notaðar við starfsemi þeirra hér, vegna risnu þeirra og húshalds eða séu til þeirra eigin nota eða skylduliðs þeirra. Skulu yfirlýsingar þessar tilgreina tölu og tegund stykkja, merki og númer á þeim, brúttóþyngd, vörutegund og nettóþyngd. Vörur þessar eru undanþegnar tollskoðun.

## 15. gr.

Eftir i-lið 2. gr. tollskrárlaganna eru skjaldarmerki, flögg, innsigli, stimplar og áprentuð eyðublöð til ræðismanna erlendra ríkja hér á landi tollfrjáls, ef þessar vörur a. eru sendar þeim af umbjóðendum þeirra (utanríkismálaráðuneyti hlutaðeigandi lands) og

b. vörur þessar bera þess merki, að þær séu ætlaðar til afnota í sambandi við ræðismannsstörfin eða með öðrum orðum hafi á sér einkenni hlutaðeigandi ríkis.

Tollstarfsmenn skulu gæta þess, að þessi skilyrði fyrir tollundanþágunni séu fyrir hendi og skulu þeir fyrir neðan undirskrift viðtakanda votta það með undirskrift sinni, að svo sé.

Aðflutningsskýrsla sú, sem ræðismenn skulu gefa um hér umræddar nauðsynjar sínar, skal vera svo látandi:

Ég undirritaður ræðismaður hefi frá utanríkismálaráðuneytinu í ..... fengið með skipinu ..... þann ..... farmskr. nr. ...., til afnota við ræðismannsstörf mín hér á landi neðangreindar nauðsynjar, sem ég geri kröfu til að taldar verði tollfrjálsar samkvæmt i-lið 2. gr. tollskrárlaganna:

(Tala og tegund stykkja (collía), merki og númer á stykkjum, brúttóþyngd, vörutegund og nettóþyngd.)

## C. Sameiginlegar reglur um aðflutningsskýrslur.

## 16. gr.

Áður en vörur eru teknar til tollmeðferðar skulu viðtakendur hafa gefið aðflutningsskýrslu um þær.

Allar aðflutningsskýrslur skulu tilgreina útgáfustað og útgáfudag. Þær skulu vera undirritaðar af viðtakendum sjálfum eða þeim, sem hafa fullt umboð til að skuldbinda þá. Sérstaklega skal þessa gætt um hina almennu aðflutningsskýrslu og þá bæði um tollskýrslueintak hennar og eins um hagskýrslueintakið.

Aðflutningsskýrslur skulu skrifaðar í ritvél, með bleki eða blekblýant. Undirskrift skal þó jafnan rituð með bleki. Þeir tollstarfsmenn, sem taka við skýrslunum af innflytjendum, skulu gæta þess, að þessum fyrirmælum hafi verið fullnægt, en neita ella að taka við skýrslunum. Þá skulu tollstarfsmenn gæta þess, að aðflutningsskýrslur allar séu svo greinilega skrifaðar, að auðvelt sé að lesa þær. Á þetta ekki sízt við hagskýrslueintak hinnar almennu aðflutningsskýrslu.

## 17. gr.

Í sömu aðflutningsskýrslu skulu aðeins vera vörur á sama farmskirteini (konossementi) eða fylgibréfi, en ef farmskrár eru rétt samdar, verður afleiðing af þessu ákvæði sú, að í sömu aðflutningsskýrslu verða aðeins vörur í sama farmskrár-

númeri. Ef vörur á sama farmskírteini eða fylgibréfi komast ekki á eitt aðflutnings- skýrslueyðublað, skal skrifa á eyðublöðin — bæði á tollskýrslueintakið og hagskýrslueintakið, ef um slíkar tvíritaðar skýrslur er að ræða —, sem þurfa umfram eitt eyðublað Fl. 1, Fl. 2 o. s. frv. eftir því á hvað mörgum eyðublöðum skýrslan kemur, en Fl. er stytting á flyt eða fluttar. Skal svo festa eyðublöðin saman. 122  
26. júlí

#### 18. gr.

Skyldan til að afhenda aðflutningsskýrslur felst í fyrirmælum 43. gr. reglugerðarinnar um tollheimtu og tolleftirlit, en ákvæði þeirrar reglugerðargreinar hafa orðið fyrir nokkrum breytingum með 13. gr. tollskrárlaganna, en tekið hefir verið tillit til þessara breytinga í reglugerð þessari.

Vanræksla á að gefa aðflutningsskýrslur eða ef í þeim er skýrt rangt frá um vörur, að undanteknu skýrsluákvæði um verð vara, sem heyrir undir 17. gr. tollskrárlaganna, telst til brota gegn 36. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit, en refsing eftir þeirri grein eru sektir, svo og fangelsi, ef mjög miklar sakir eru eða ef brot er margítrekað.

#### 19. gr.

Áður en tekið er við aðflutningsskýrslum skal athugað eftir því, sem þá er hægt, hvort skýrslurnar eru gerðar eins og fyrir er mælt, en þar með telst hvort allir útreikningar í skýrslunum eru rétt gerðir. Þessari athugun skal svo fram haldið við alla tollmeðferð varanna, sem skýrslurnar fjalla um.

Ef um afsakanlegan misskilning eða vanrækslu er að ræða, skulu tollstarfsmenn leiðrétta eða bæta úr því eftir framlögðum skjölum og öðrum gögnum, sem fyrir hendi eru, en við slíkar lagfæringar skal nota ritfæri, sem hafa aðra litartegund en skýrslugjafi hefir notað við skýrslugerðina, svo sjáist hvað skýrslugjafi hefir skrifað og hvað tollstarfsmenn.

Ef hinsvegar má ætla, að um sé að ræða refsivert brot gegn 1. mgr. 17. gr. tollskrárlaganna eða 1. mgr. 36. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit, skulu tollstarfsmenn þegar í stað afhenda tollyfirvaldi málið, en tollyfirvaldið skal, ef það er jafnframt sakadómari, láta málið sæta eftir atvikum lögreglu- eða sakamálsmeðferð, en ef tollyfirvaldið er ekki jafnframt sakadómari, senda, eftir atvikum að undangenginni frumrannsókn, málið sakadómara til frekari meðferðar.

#### 20. gr.

Allar aðflutningsskýrslur, nema hagskýrslueintök hinnar almennu aðflutningsskýrslu úr kaupstöðunum, skulu vera fylgiskjöl með tollbókinni.

Við innfærslu í tollbók skal skrifa á skýrslurnar afgreiðslunúmerið. Þá skal þangað til að á skýrslueyðublöðin hafa verið settar sérstakar línur fyrir tollafgreiðslustað, setja í efra hægra hornið á skýrslunum stimpil hlutaðeigandi tollyfirvalds, svo að á þeim sjáist í hvaða tollumdæmi vörurnar hafi verið tollafgreiddar.

### III. KAFLI

#### Aðflutningsskjöl.

##### A. Almenn aðflutningsskjöl.

#### 21. gr.

Samkvæmt 13. gr. tollskrárlaganna eru viðtakendur skyldir til að afhenda til tollstofnananna samrit af vörureikningunum yfir þær vörur, sem eiga að koma til tollmeðferðar. Reikningseintak þetta, sem tollstofnanirnar skulu halda eftir, skal vera

122 dagsett og undirritað af seljanda eða fyrirsvarsmanni hans, sem hefir umboð til þess.  
26. júlí Þá skulu reikningarnir tilgreina eftirgreind atriði:

1. Tegund vöru með því verzlunarheiti, sem almennt er notað um þá vöru í kaupum og sölum, ef heiti þetta felur í sér upplýsingar um eðli vörunnar eða úr hverju hún er. Ef verzlunarheitið felur hinsvegar ekki í sér upplýsingar um annaðhvort þessara atriða, skal tilgreina annaðhvort þeirra til viðbótar verzlunarheitinu, og sé um spunaefni, garn, vefnaðarvöru, fatnað eða fatnaðarvörur að ræða, skulu jafnan vera á reikningunum upplýsingar um tegund þeirra efna, sem eru í vörum þessum, og eftir atvikum magn efnanna innbyrðis.

2. Verð hverrar vörutegundar, bæði einingarverð og heildarverð. Ef veittur er afsláttur eða annar frádráttur, skal tilgreina hann og hvers vegna hann er veittur, t. d. vegna verðfalls íslenzkrar krónu í hlutfalli við erlenda mynt (gjaldeyrisafsláttur, gjaldeyrisuppbót), vegna staðgreiðslu eða greiðslu innan viss tíma eða annar sérstakur afsláttur, t. d. afsláttur við kaup, er fer fram í sérstaklega stórum stíl, eða sammingsafsláttur, sem almennt er á vörureikningum dreginn frá brúttó- eða verðlistaverði, ef selt er hingað í slöttum.

3. Nettóþunga hverrar vörutegundar.

4. Hvernig vörur eru seldar, t. d. eif Reykjavík.

5. Hvenær sala fór fram.

6. Greiðsluskilmála og önnur söluskilyrði.

7. Í hvaða mynt er reiknað.

8. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum. Kúbikmál fyrir óunnið timbur.

9. Tegund, merki og númer umbúða, eða merki og númer á vörunum, ef þær eru umbúðalausar.

Allir töluliðir reikninganna skulu lagðir saman og aðalupphæð þeirra skýrt tilgreind.

Ef vörur eru ekki endanlega seldar hingað til lands eða eru sendar til útibúa, verzlunararendreka, umboðsmanna og þess háttar manna fyrir útlend fyrirtæki eða aðra aðila í útlöndum, skal vera skráð á vörureikningana yfirlýsing þess, sem sendir vörurnar hingað til lands fyrir sinn reikning, um að verð það, sem tilgreint er á vörureikningunum, sé ekki lægra en almennt gildandi markaðsverð í heildsölu á tilsvarendi magni af samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem vara var send.

## 22. gr.

Viðtakendur skulu afhenda til tollmeðferðar farmskírteini, fylgibréf eða önnur flutningsskírteini. Þá skulu þeir og afhenda til tollmeðferðar skjöl um allan þann kostnað við útflutning og sending hinna aðfluttu vara, er ekki stendur á innkaupsreikningum, svo sem kostnað af umbúðum og útgjöld vegna flutningsgjalds, vátryggingar, vörumiðlunar og önnur útgjöld við sending hlutaðeigandi vara bæði innanlands í innkaupslandinu sjálfu erlendis og eins við sending þeirra þaðan og hingað.

## 23. gr.

Í 15. gr. tollskrárlaganna segir, að ef viðtakandi geri það sennilegt, að hann hafi ekki fengið þau gögn, sem talin eru hér að framan í 21. og 22. gr., eða ef þau teljist ekki fullnægjandi, megi tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því:

1) Að hann greiði gjald fyrir tollskoðun, en minnsta gjald skal vera 6 kr. og skal upphæð þess fara eftir því, hversu langan tíma tollskoðunin tekur og hversu margir vinna við hana, þannig að ef tollskoðunin tekur klukkustund eða meira og við hana vinnur einn maður, skal gjalda umfram fyrgreindar 6 kr. 3 kr. fyrir hvern tíma og helmingi meir, ef við hana vinna tveir menn o. s. frv. Ef um brot úr tíma er að

ræða, skulu allt að 15 mínútur reiknaðar sem  $\frac{1}{4}$  úr klukkustund, 16—30 mínútur **122**  
 $\frac{1}{2}$  klukkustund, 31—45 mínútur  $\frac{3}{4}$  úr klukkustund og 46—60 mínútur heil klukku- 26. júlí  
 stund.

2) Að hann setji þá tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjaldanna, sem tollyfir-  
 vald heimilar, en tryggingin, sem aðeins má vera í peningum, skal að minnsta kosti  
 vera 20% hærrí en aðflutningsgjöldin verða eftir því tollmagni og tollverði, sem  
 ákveðið verður við tollskoðunina. Auk þess skal jafnan, þegar heimild sú er notuð,  
 sem hér um ræðir, láta viðtakanda gefa almenna aðflutningsskýrslu um sending-  
 una eftir beztu vitund, en síðan skal tollskoða vörurnar og gefa út tollseðil í tví-  
 riti um skoðunina, en í tollseðli skulu tilgreind þessi atriði:

a. Skipsheiti og komudagur skips.

b. Farmskráarnúmer.

c. Nafn viðtakanda.

d. Tala og tegund stykkja (collía).

e. Brúttóþyngd í kílóum. Sjá nánar nr. 4 í 7. gr. hér að framan.

f. Kaflann og númerið, sem hver einstök vara fellur undir eftir tollskránni.  
 Sjá nánar nr. 5 í 7. gr.

g. Tegund hverrar einstakrar vöru. Sjá nánar nr. 6 í 7. gr.

h. Nettómagn hverrar einstakrar vöru. Sjá nánar nr. 7 í 7. gr.

i. Tollverð hverrar einstakrar vöru. Sjá nánar nr. 9 í 7. gr.

j. Útgáfustaður og útgáfudagur tollseðilsins og undirskrift þess eða þeirra, sem  
 framkvæma tollskoðunina.

Tollskýrslueintak aðflutningsskýrslunnar og frumrit tollseðilsins skulu vera  
 fylgiskjöl með tollbókinni til skýringar tryggingarinnfærslunni í tollbókinni. Hag-  
 skýrslueintak aðflutningsskýrslunnar og eftirit tollseðilsins skulu hinsvegar vera  
 fylgiskjöl með tryggingarþók hlutaðeigandi tollstofnunar. Hagstofan fær enga  
 skýrslu, þegar gefin er slík bráðabirgðaskýrsla, sem hér um ræðir. Hún fær hina  
 endanlegu skýrslu, þegar aðflutningsgjöldin eru endanlega gerð upp.

3) Að hann afhendi þau gögn, sem vöntuðu, eða þau gögn, sem misfellur voru á,  
 leiðrétt innan hæfilegs tíma, sem tollstarfsmenn skulu tiltaka nákvæmlega, og ef van-  
 efndir verða á afhendingu skjalanna, varði það viðtakanda sektum, enda skal toll-  
 yfirvald þá ákveða, hve mikil aðflutningsgjöld skuli greiða af vörunni.

Heimild þá, sem um ræðir í þessari grein, fyrir tollyfirvald til að leyfa að af-  
 henda eða samþykkja að afhenda megi vörur til viðtakanda, sem ekki leggja fram  
 tilskilin aðflutningsskjöl eða fullnægjandi aðflutningsskjöl, skulu þau ekki nota,  
 nema sérstaklega standi á, þar eð svo nauðsynlegt er að fá þessi skjöl og þau með  
 fullnægjandi upplýsingum, bæði vegna réttrar tollunar og eins vegna vörureikninga-  
 eftirlitsins. Fyrirvari sá, sem hér um ræðir, tekur þó fyrst og fremst til vörureikning-  
 inganna, en getur einnig tekið, t. d. til flutningsmiðlunarreiknings og váttryggingar-  
 reiknings.

Þegar vörur eru afhentar gegn tryggingu, eins og hér er gert ráð fyrir, skulu  
 tollstarfsmenn gefa út svo hljóðandi skírteini:

Þar eð þér ..... (nafn viðtakanda) ..... hafið gert það sennilegt  
 fyrir mér, að þér hafið ekki fengið ..... (vörureikning, sem þér skuluð af-  
 henda til tollmeðferðar samkvæmt fyrirmælum 13. gr. tollskrárlaganna / eða /  
 vörureikning, sem fullnægir skilyrðum 13. gr. tollskrárlaganna) ..... hefi ég  
 vegna þeirra stérstöku ástæðna, sem þér hafið fært fram fyrir mér, samþykkt að  
 afhenda megi vörur þær, sem komu hingað með skipinu ..... sem kom hingað  
 þann ..... farmskr. nr. .... gegn þessum skilyrðum:

1. Að þér greiðið gjald fyrir tollskoðun, kr. ....

2. Að þér setjið þá tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjaldanna, sem ég hefi  
 ákveðið kr. ....

122 3. Að þér afhendið hingað á skrifstofuna, að viðlögðum sektum, ..... (ofan-  
26. júlí nefndan vörureikning, sem vantar / eða / vörureikning, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem tilgreind eru í meðfylgjandi fyrirmælum um vörureikninga og önnur skjöl um vörur innfluttar til Íslands) ..... í síðasta lagi .....

Tollyfirvaldið í ..... þann .....

Gera skal þrjú eintök af skirteini þessu. Eitt eintakið fær tryggingargreiðandi, annað skal vera fylgiskjal með tollbókinni og það þriðja skal vera fylgiskjal með tryggingarþóki.

#### 24. gr.

Í 16. gr. tollskrárlaganna segir, að ef viðtakandi leggi ekki fram til tollmeðferðar gögn þau, sem talin eru hér að framan í 21. og 22. gr., eða framlagðir vörureikningar tilgreini ekki þau atriði, sem talin eru í 21. gr. hér að framan, skuli greiða verðtoll af því tollverði, sem ákveðið hafi verið, með 25% viðauka við það. Þetta ber að skilja á þá leið, að finna ber 25% af tollverðinu og taka svo hlutaðeigandi verðtollshundraðshluta af niðurstöðunni og kemur þá út sektargjaldið. Ef á einn tollreikning koma mörg tollverð og þar af leiðandi margir verðtollshundraðshlutar, skal, þegar svo ber undir, finna 25% af samanlögðu tollverðinu og taka af niðurstöðunni meðaltölu verðtollshundraðshlutanna og kemur þá út sektargjaldið.

Ákvæðum þessum skal þó ekki beita:

1. Ef tolyfirvald telur, að ekki sé um venjulegar verzlunarvörur að ræða, en um það, hvað séu venjulegar verzlunarvörur í þessu sambandi, sjá undir nr. 9c<sub>7</sub> í 7. gr.

2. Ef vörur eru að mun skemmdar.

3. Ef alveg sérstaklega stendur á að dómi tolyfirvalds, en viðtakandi skal þó jafnan látinn sæta áminningu fyrir vanræsklu sína og honum látið í té eintak af fyrirmælunum frá 1. febr. 1940 um vörureikninga og önnur skjöl um vörur innfluttar til Íslands, ef hann hefir ekki þegar fengið þau fyrirmæli. Jafnan skal getið á áminningarskirteini því, sem um ræðir í nr. 2 í 25. gr. hér á eftir, rökstuðnings fyrir því, að umræddu viðaukagjaldi var sleppt.

#### 25. gr.

Þegar viðtakanda er gert að greiða viðaukagjald það, sem um ræðir í 24. gr. hér á undan, eða hann er látinn sæta áminningu fyrir að leggja ekki fram tilskilin gögn eða fullnægjandi gögn, skulu tollstarfsmenn gefa út skirteini þau, sem um ræðir hér á eftir undir nr. 1 og 2. Fyrst er formálinn að skirteininu um viðaukagjaldið, en síðan er formálinn að skirteininu um áminninguna.

1. Þar eð þér ..... (nafn viðtakanda) ..... hafið ekki lagt fram til tollmeðferðar ..... (vörureikning, sem yður bar að afhenda hingað samkvæmt 13. gr. tollskrárlaganna / eða / vörureikning, sem fullnægir skilyrðum 13. gr. tollskrárlaganna) ..... ber yður að greiða 25% viðaukagjald það, sem um ræðir í 16. gr. tollskrárlaganna.

Þá er yður hér með látið í té eintak af fyrirmælunum frá 1. febr. 1940 um vörureikninga og önnur skjöl um vörur innfluttar til Íslands.

Tollyfirvaldið í ..... þann .....

2. Þar eð þér ..... (nafn viðtakanda) ..... hafið ekki lagt fram til tollmeðferðar ..... (vörureikning, sem fullnægir skilyrðum 13. gr. tollskrárlaganna) ..... eruð þér áminntur um að sjá svo til eftirleidis, að jafnan fylgi aðfluttum vörum til yðar ..... (vörureikningur, sem fullnægir nefndum skilyrðum) ....., og að ..... (hann) ..... sé lagður fram til tollmeðferðar.

Þá er yður hér með til leiðbeiningar látið í té eintak af fyrirmælunum frá 1. febr. 1940 um vörureikninga og önnur skjöl um vörur innfluttar til Íslands.

Tollyfirvaldið í ..... þann .....

Á skírteinum þeim, sem um ræðir í þessari grein, skal jafnan getið afgreiðslu-  
 númers sendingar þeirrar, sem um er að ræða. Gera skal þrjú eintök af skírtein-  
 unum. Eitt eintakið fær viðtakandi, annað eintakið skal vera fylgiskjal með toll-  
 bókinni og því þriðja heldur hlutaðeigandi tollstofnun eftir og geymir meðal  
 skjala sinna. 122  
26. júlí

## 26. gr.

Í 2. mgr. 17. gr. tollskrárlaganna segir, að ef viðtakandi leggi fram röng gögn  
 til staðfestingar því verði, sem upp sé gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða  
 hlaut að vita að voru röng, skuli hann auk þess að greiða fimmtánfalda þá upp-  
 hæð, sem höfð hefir verið eða hafa hefði mátt af ríkissjóði, sæta sektum, allt að  
 20000 kr., eða fangelsi, ef sakir séu miklar, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum  
 lögum.

Þá segir í 3. mgr. 17. gr. tollskrárlaganna, að auk þeirra refsinga, sem um  
 ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, megi svifta þann, sem verði sekur um þar nefnt  
 brot, leyfi til verzlunar um tiltekinn tíma eða æfilangt, ef brot sé margitrekad.

## 27. gr.

Við tollskoðun vara skal merkja við á vörureikningana eftir tollflokkum og skal  
 tilgreina fyrst kaflanúmerið eftir tollskránni og síðan undirnúmerið í kaflanum,  
 t. d. 63/100, eða ef vara fellur undir 18. gr. tollskrárlaganna eða undir nr. 25—30  
 í 27. gr. þeirra, skal tilgreina greinina og síðan undirnúmerið, t. d. 18. gr. 4, 27. gr.  
 28 o. s. frv. Ef vara fellur bæði undir tollskrána sjálfa og eins undir 27. gr. tollskrár-  
 laganna, eins og gerir þegar um er að ræða vörur þær, sem taldar eru í nr. 1—24 í  
 þeirri grein, skal tilgreina með samdráttarmerki bæði kaflanúmerið eftir tollskránni  
 og undirnúmerið í kaflanum og eins greinina og undirnúmerið í henni,

t. d.  $\left\{ \begin{array}{l} 27. \text{ gr. } 10 \\ 20/5 \end{array} \right.$

## B. Sérstök aðflutningsskjöl.

## 28. gr.

Í j-lið 2. gr. tollskrárlaganna segir, að íslenzkar vörur, sem endursendar séu til  
 landsins frá útlöndum, séu tollfrjálsar, ef þær séu endursendar í sömu umbúðum og  
 þær voru sendar í héðan, og þeim fylgir vottorð erlendrar tollstjórnar um það, að  
 varan sé komin í erlent tollumdæmi héðan og send þaðan í sömu umbúðum og hún  
 kom í þangað.

Vottorð þetta frá erlendri tollstjórn telst til aðflutningsskjala og skal fylgja að-  
 flutningsskýrslum sem slíkt og sem sönnun fyrir tollfrelsi eftir hér umræddum j-lið  
 2. gr. tollskrárlaganna.

## 29. gr.

Í k-lið 2. gr. tollskrárlaganna segir, að endursendar tómar umbúðir séu toll-  
 frjálsar, ef færðar séu þær sannanir eða líkur, sem tolyfirvald taki gildar fyrir því,  
 að um sé að ræða endursendar umbúðir utan af útfluttum vörum.

Þær sannanir eða líkur, sem geta talizt nægilegar í þessu sambandi, eru auk  
 sérstakrar yfirlýsingar viðtakanda um það, að umbúðirnar séu utan af vörum út-  
 fluttum héðan, eftirrit af útflutningsskýrslu eða eftirrit af útflutningsfarmskír-  
 teini, sem tilgreina sömu tegund umbúða og út voru fluttar og sömu merki og númer  
 á umbúðunum og þær höfðu við útflutning, enda sé ekkert sérstakt, sem mæli  
 því í gegn, að um endursendar umbúðir sé að ræða. Nefnd yfirlýsing viðtakanda og  
 eftirrit af útflutningsskýrslu eða útflutningsfarmskírteini teljast til aðflutnings-  
 skjala, sem skulu fylgja aðflutningsskýrslum til tollmeðferðar.



122

26. júlí

Í m-lið 2. gr. tollskrárlaganna segir, að til ársloka 1943 skuli undanþegið hverskonar aðflutningsgjöldum:

1. Efni í tunnur, sem ætlaðar séu til umbúða um innlendar framleiðsluvörur. Skilyrði undanþágunnar er að efnið sé óunnið og viðtakandi efnisins reki tunnugerð hér á landi, og að við tollmeðferð liggja fyrir yfirlýsing frá honum um það, að efnið verði aðeins notað í tunnur til umbúða um innlendar framleiðsluvörur.

2. Óunninn hampur til veiðarfæragerðar.

3. Hampgarn til veiðarfæragerðar.

Skilyrði undanþágunnar fyrir vörurnar, sem um ræðir undir nr. 2 og 3, er að viðtakandi vara þessara reki veiðarfæragerð og við tollmeðferð liggja fyrir yfirlýsing frá honum um það, að vörurnar verði aðeins notaðar til veiðarfæragerðar í veiðarfæragerð hans.

Yfirlýsingar þær, sem um ræðir í þessari grein, teljast til aðflutningsskjala og skulu fylgja aðflutningsskýrslum til tollmeðferðar.

31. gr.

Í n-lið 2. gr. tollskrárlaganna segir, að tóbaksblöð, sem aðflutt séu undir umsjón yfirvalds og notuð eru til lækninga á sauðfé, séu tollfrjáls. Eins og nú háttar löggjöf má enginn flytja inn tóbaksblöð nema tóbakseinkasala ríkisins og nægir í þessu sambandi sérstök yfirlýsing frá henni um það, að hún selji aðeins tóbaksblöðin til lækninga á sauðfé. Þessi yfirlýsing tóbakseinkasölnunnar telst til aðflutningsskjala og skal fylgja aðflutningsskýrslu til tollmeðferðar.

32. gr.

Hér að framan í nr. 9bβ í 7. gr. er rætt um útflutningsskýrslur um vörur, sem eiga að endursendast til Íslands aftur. Það eintakið af skýrslum þessum, sem útflytjandi á að halda eftir og framvísa við innflutning, telst til aðflutningsskjala og skal fylgja til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslum til þess að undantekning sú til lækkunar, sem um ræðir í nr. 9bβ í 7. gr., geti átt við.

### C. Sameiginlegar reglur um aðflutningsskjöl.

33. gr.

Það telst til brota á reglugerðinni um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 2. mgr. 45. gr. hennar, ef lögð eru fram aðflutningsskjöl, þar sem rangt er skýrt frá um vörur, að undanteknum þeim atriðum um verð vara, sem heyra undir 17. gr. tollskrárlaganna.

34. gr.

Við tollmeðferð vara skulu tollstarfsmenn gagnrýna þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í vörureikningi og öðrum framlögðum aðflutningsskjölum, og ef eitt-hvað þykir athugasemjulegt, skulu þeir krefja viðtakanda upplýsinga, nema ætla megi að um refsivert brot sé að ræða, en þá skal fara að á sama hátt og segir um aðflutningsskýrslur í 19. gr. hér að framan.

35. gr.

Vörureikningssamrit þau, sem tollstofnanir skulu halda eftir, og hin sérstöku aðflutningsskjöl skulu vera fylgiskjöl með tollbókinni.

Við innfærslu í tollbók skal skrifa á aðflutningsskjölin afgreiðslunúmerið. Þá skal setja í efra hægra hornið á skjölunum stimpil hlutaðeigandi tollyfirvalds, svo að á þeim sjáist í hvaða tollumdæmi vörur þær, sem skjölin ræða um, hafi verið tollafgreiddar.

## IV. KAFLI

122

26. júlí

**Endursendar vörur, sem ekki hafa komizt í hendur viðtakanda.**

36. gr.

Í 4. mgr. 31. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit segir, að ef vara, sem hafi ekki verið vitjað, viðtakandi hafi ekki fundizt að eða neitað hafi verið viðtöku á, sé endursend innan árs frá því að hún var flutt hingað til lands, og endursending vörunnar fari fram undir umsjón tolleftirlitsins, — en með þeirri umsjón er átt við það, að vörurnar séu tollflokkaðar, umbúðir eða varan innsiglið og henni fylgt í útflutningsskip, — sem gefi út skirteini þar að lútandi, sem fylgi síðan vörunni til útlanda, skuli ekki heimta af henni aðflutningsgjöld, ef sá, sem endursendir vöruna — sem er í flestum tilfellum annaðhvort afgreiðslumaður skips eða skipstjóri — afhendir nefnt skirteini tolleftirliti því, sem gaf það út, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem í skirteininu greinir, sé þangað innflutt. Skirteinið verður svo fylgiskjal með tollbókinni til sönnunar tollfrelsi hlut-  
aðeigandi sendingar eftir 4. mgr. 31. gr. fyrgreindra laga.

Nú afhendir hinsvegar ekki sá, sem endursendir vöruna, tolleftirlitinu innan hæfilegs tíma skirteinið, svo útbúið sem að framan greinir, og ber endursendanda þá að greiða aðflutningsgjöld af vörunni, enda ber tolleftirlitinu að ákveða þau áður en varan er flutt út.

Jafnan skal tekið eftirrit af skirteini því, sem um ræðir í þessari grein.

Skirteinið skal tilgreina eftirgreind atriði og skulu fyrirsagnir og texti vera á, auk íslenzkunnar, ef við verður komið, tungumáli þeirrar þjóðar, sem varan er send til, en annars á ensku. Vottorðið skal kallað vottorð um endursendar vörur (Certificate of Returned Goods). Í því skuli vera þessi atriði:

1. Sendandi (Shipper).
2. Stykkjatala (No. of Packages).
3. Merki (Marks).
4. Númer (Nos.).
5. Þyngd (Weight) bæði brúttó (gross) kg og nettó (net.) kg.
6. Vörutegund (Descriptions of Goods).
7. Innflutt til Íslands með (Imported to Iceland by).
  - a. Skipsheiti (Name of Vessel).
  - b. Komudagur skips (Date of Arrival).
  - c. Farmskrárnúmer (No. of B/L).
8. Varan endursend með (Goods returned by).
9. Móttakandi (Consignee).
10. Greiddur tollur þann (Customs duties paid on the).
11. Vörumagnstollur (Duty on volume) kr. ....
12. Verðtollur (Ad valorem duty) kr. ....

Þá skal tekið fram, að tollar þessir verði ekki endurgreiddir nema skirteininu verði skilað með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vörurnar séu þangað innfluttar (These duties will not be refunded unless the certificate is returned with the endorsement of a foreign customs authority to the effect that the goods have been imported into the country concerned).

13. Tollyfirvaldið í (The Customs Authority at) .....

122  
26. júlí

## V. KAFLI

### Ef vörur vanta.

#### 37. gr.

Ef því er haldið fram, að sending, sem tilgreind er á farmskrá skips, hafi ekki komið með skipinu í umræddri ferð, nægir vottorð tolleftirlitsins, sem hefir talið úr skipinu, til sönnunar því, að varan hafi ekki komið með skipinu til hlutaðeigandi hafnar í umræddri ferð. Vottorð tolleftirlitsins hér að lútandi skal vera á þessa leið:

Við talningu vara, sem voru affermdar í ..... (nafn hlutaðeigandi hafnar) ..... úr skipinu ....., sem kom til ..... (nafn hlutaðeigandi hafnar) ..... þann ..... var ekki talin í land sendingin ..... (5 ks. járnvörur, 90 kg, merki J. O. S. 132) ....., sem tilgreind er á farmskrá fyrnefnds skips sem nr. .... (farmskr.nr.) .....

Vottorð þetta skal vera fylgiskjal með tollbókinni til skýringar því, að ekki verði innt af hendi tollskil fyrir umræddri sendingu með hlutaðeigandi skipi.

#### 38. gr.

Nú kemur í ljós við tollskoðun, að í sendingu eru ekki allar þær vörur, sem tilgreindar eru á framlögðum aðflutningsskjölum, og skulu þá þeir, sem tollskoða vörurnar, gefa út vottorð um vöntunina, og skal vottorð þetta fylgja eftir það við tollmeðferð sendingarinnar og fylgja tollbókinni til sönnunar fyrir tollfrelsi þeirra vara, sem vöntuðu. Vottorð þetta skal vera á þessa leið:

Við tollskoðun, sem var gerð þann ..... á ..... (5 ks. járnvörur, 90 kg, merki J. O. S. 132) ....., sem komu hingað með skipinu ..... þann ....., farmskránnr. ...., kom í ljós, að af vörum þeim, sem tilgreindar voru á framlögðum vörureikningi, dags. ...., vantaði eftirfarandi:

(Tala varanna, merki og númer á þeim og tegund þeirra.)

## VI. KAFLI

### Skemmdar vörur.

#### 39. gr.

Ef aðfluttar vörur eru skemmdar getur viðtakandi, ef hann vill losna við að greiða aðflutningsgjöld af vörunum að nokkru eða öllu leyti, valið milli eftirtalinnna þriggja möguleika, enda séu fyrir hendi þau skilyrði, sem þar eru talin. Það er þó í öllum tilfellunum skilyrði fyrir því, að þannig megi fara að til að losna við aðflutningsgjöldin, að vörurnar hafi eigi komið í hendur viðtakanda, en þegar það kemur í ljós við tollskoðun, að vörur hafi orðið fyrir skemmdum, er rétt að tollstarfsmenn vekji athygli innflytjenda á þessum möguleikum, sem hann getur notað sér af:

1. Hann getur á sinn kostnað látið eyðileggja vörurnar undir tolleftirliti, en þegar tollstarfsmenn eru viðstaddir slíka eyðileggingu varanna, skulu þeir gefa vottorð um eyðilegginguna, og skal vottorð þetta fylgja tollbókinni til sönnunar tollfrelsi varanna, sem voru eyðilagðar. Vottorðið skal vera á þessa leið:

Þann ..... var ..... (innihaldinu úr 3 ks. pottaska, 150 kg, merki J. O. S. 374) ....., sem komu hingað með skipinu ..... þann ....., farmskr.nr. ...., undir mínu eftirliti ..... (fleygt í sjóinn fyrir framan sóttvarnarhús ríkisins við Framnesveg) .....

2. Hann getur látið, ef vörurnar hafa orðið fyrir skemmdum af sjó, selja þær **122** á opinberu uppboði, en í því tilfelli, sbr. 2. mgr. 30 gr. laga nr. 63/1937, um toll- 26. júlí heimtu og tolleftirlit, skal greiða vörumagnstollinn fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist ekki svo hátt boð, sem þessum tolli nemur, gengur uppboðsandvirðið allt í ríkissjóð, að kostnaði frádregnum, en að því er verðtoll varðar telst söluverðið sannvirði og greiðist sá tollur af uppboðsandvirðinu, með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði. Til sönnunar því að sjóskemmdar vörur hafi verið seldar á opinberu uppboði, hvert hafi verið uppboðsandvirðið og hver uppboðskostnaður, skal fylgja með tollbókinni vottorð frá uppboðshaldara.

3. Hann getur á sinn kostnað látið, ef vörurnar eru að mun skemmdar, dómkvadda menn meta þær, en gera skal skriflega kröfu um slíkt mat til tollstofnunar áður en hún afhendir eða samþykkir að afhenda megi viðtakanda vörurnar. Um þetta mat gilda sömu reglur og um mat það, sem um ræðir undir nr. 9c<sub>7</sub>x í 7. gr.

## VII. KAFLI

### Tollreikningar.

#### A. Fullnaðartollreikningur.

40. gr.

Í tollreikningi skal tilgreina:

1. Viðtakanda vöru.
2. Skipið, sem varan kom með.
3. Komudag skipsins.
4. Farmskrárnúmer.
5. Afgreiðslunúmerið eftir tollbókinni.
6. Blaðsíðutal í tollbók og um hvaða tollbók sé að ræða, t. d. Apríl 14.
7. Vörutegundarheiti, sem við á eftir tollskránni, sbr. það, sem segir hér að framan undir nr. 6 í 7. gr. um tilsvarendi færslu í aðflutningsskýrslu.
8. Kafllann og númerið, sem hver einstök vara fellur undir eftir tollskránni, sbr. það, sem segir hér að framan undir nr. 5 í 7. gr. um tilsvarendi færslu í aðflutningsskýrslu.
9. Tollmagn, en tolleiningin er ýmist 1 kg, 1 litri, 1 teningsfet, 1 stykki, 50 kg, 100 kg eða 1000 kg.

Tollmagnið er þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal, nema annað sé tekið fram, teljast sem heil, en minna broti skal sleppt.

Af vörum, sem yzt til hægri í öðrum dálki tollskrárinnar eru merktar með stóru enni (N), er tollmagnið magn varanna án umbúða. Af vörum þessum skal reikna  $\frac{3}{4}$  úr tolleiningu og þar yfir sem heila,  $\frac{1}{4}$  allt að  $\frac{3}{4}$  hálfra, en minna broti skal sleppt.

Ef saman eru í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, þó ekki hærri en 20 aurar af tolleiningu, er tollmagn allra varanna hin sameiginlega þyngd þeirra með umbúðunum. Ef í umbúðunum eru vörur, sem á er hærri vörumagnstollur en 20 aurar, verður að veða þær frá og tilgreina tollmagn þeirra sérstaklega.

10. Gjaldteining í vörumagnstolli, en hún er ýmist 1 eyrir, 2,  $3\frac{3}{100}$ , 7, 10, 18, 20, 35, 45, 50, 55, 70, 80, 90, 100, 120, 140, 180, 200, 210, 280, 420, 560, 700, 900, 2500 og 3000 aurar.

11. Vörumagnstoll, en ef saman eru í umbúðunum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, þó ekki hærri en 20 aurar af tolleiningu, skal greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan vörumagns-

122 toll. Ef í umbúðum eru vörur, sem á er hærri vörumagnstollur en 20 aurar, verður að 26. júlí tilgreina vörumagnstollinn af þeim sérstaklega.

Lágmarksvörumagnstollur af öðrum vörum en vörum í pósti er 50 aurar. Það ber því aldrei að taka lægri vörumagnstoll en þessa upphæð, t. d. ef í einni sendingu eru aðeins 10 kg af sóða, skal greiða 50 auru í vörumagnstoll af sendingunni, þó að af sóða (natriumkarbónat) sé aðeins 2 auru vörumagnstollur.

12. Tollverð vöru í erlendri fjárhæð.

13. Tollverð vöru í innlendri fjárhæð, en nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess í erlendri mynt, og skal þá því eða þeim hluta þess við verðtollsákvörðun breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi, sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi á komudegi farartækisins, sem vöruna flytur, til þeirrar tollhafnar, þar sem tollurinn á að greiðast. Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um gengi, er þeir áskja. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á téðri mynt eða ekki næst vitneskja um það, og skal þá farið eftir gengi póstávisana, útfarinna héðan. Póststarfsmenn skulu skyldir til að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um póstávisanagengi, er þeir áskja. Ef ekkert slíkt póstávisanagengi er skráð, skal breyta tollverði eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður.

14. Hundraðshluta verðtolls, en hann er ýmist 2%, 4,48%, 8%, 10%, 15%, 15,12%, 16,8%, 20%, 25%, 30%, 40%, 50%, 60%, 70%, 80% og 90%.

15. Verðtoll, en ef verð vara, sem greiða ber af misháan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð, skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan verðtoll. Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað, ef viðtakandi hefir afhent til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hvern einstakrar hinna sundurleitu vara á innkaupsstað, en þá skal skipta hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á hverja einstaka vöru í sendingunni eftir hlutfalli því, sem er á milli verðs varanna innbyrðis á sölustað, og má, t. d. gera þetta með venjulegum hlutfallareikningi, en undir nr. 8 í 7. gr. hér að framan er dæmi, sem sýnir við hvað sé átt með honum. Hér skal farið eins að og þar er gert að öðru leyti en því, að hér skal dæmið reiknað í aorum eða annari tilsvareandi mynteiningu, og skal reikna dæmið þangað til komnir eru fjórir tugstafir í niðurstöðuna, nema það hafi gengið upp áður. Þegar komnir eru fjórir tugstafir í niðurstöðuna skal hækka fjórða tugastafinn um 1, ef afgangurinn er helmingur deilisins eða meira, annars ekki.

16. Gjaldtegund á aukagjöldum, en hún er ýmist leyfisgjald (21. gr. reglugerðar nr. 50/1938), eftirlitsgjald (vöruskrá í sambandi við 27. gr. tollskrárlaganna), gúmmígjald (vöruskrá í sambandi við 27. gr. tollskrárlaganna), benzíngjald (vöruskrá í sambandi við 27. gr. tollskrárlaganna), viðaukagjald (24. gr. hér að framan í þessari reglugerð) eða tollskoðunargjald (nr. 1 í 23. gr. hér að framan í þessari reglugerð).

17. Leyfisnúmer eða gjaldstofn í aukagjöldum, en gjaldstofninn á þeim gjöldum er ýmist 1 kg, 1 lítri, 25% af tollverði eða tímafjöldi.

18. Gjaldeining á aukagjöldum, en hún er ýmist 1, 2, 3, 6, 8, 96 og 56 aurar, 25% eða 6 kr.

19. Aukagjöld, en lágmark í eftirlitsgjaldi og leyfisgjaldi er kr. 0.50.

20. Vörumagnstoll samtals, verðtoll samtals og aukagjald samtals.

21. Mynttegund á vörureikningi og öðrum aðflutningsskjölum, en mynttegundin getur verið mismunandi á þeim, t. d. annarsvegar á vörureikningi og hinsvegar á flutningsmiðlunarreikningi, og þegar svo ber undir, skal tilgreina hverja mynttegund fyrir sig og á hvaða skjölum sú mynttegund sé.

22. Gengi á hverri mynttegund.

23. Útgáfudag tollreikningsins og stimpil hlutaðeigandi tollyfirvalds eða toll-umboðsmanns. 122  
 24. Toll- og gjaldaupphæðir samandregnar. 26. júlí  
 25. Kvittun.

### B. Bráðabirgðatollkvittun.

41. gr.

Með bráðabirgðatollkvittun er átt við kvittun fyrir tryggingu þeirri fyrir aðflutningsgjöldum, sem um ræðir undir nr. 2 í 23. gr. hér að framan. Bráðabirgðakvittun þessari ber viðtakanda að skila við greiðslu fullnaðartollreiknings.

Í bráðabirgðatollkvittun skal tilgreina:

1. Afgreiðslunúmerið eftir tollbókinni.
2. Blaðsíðutal í tollbókinni og um hvaða tollbók sé að ræða.
3. Blaðsíðutal í tryggingarbókinni.
4. Til hvaða vara tryggingin tekur.
5. Með hvaða skipi vörurnar komu.
6. Komudag skipsins.
7. Farmskrárnúmer.
8. Nafn greiðanda.
9. Tryggingarfjárhæð í tölustöfum.
10. Tryggingarfjárhæð í bókstöfum.
11. Upphæð gjalds þess fyrir tollskoðun, sem um ræðir í 23. gr. hér að framan.
12. Útgáfustað kvittunar, útgáfudag og nafn tryggingarmóttakanda.

Þegar svo aðflutningsgjöldin eru endanlega gerð upp, skal skrifa á kvittunareftirritið, sem er fast í kvittanaheftinu, þessi atriði:

1. Afgreiðslunúmerið á fullnaðartollgreiðslunni.
2. Blaðsíðutalið í tollbókinni, sem fullnaðartollgreiðslan er færð í.
3. Blaðsíðutalið í tryggingabókinni, en það á að vera það sama og það, sem tilgreint er við innfærslu innborgunar tryggingarfjárins.

### C. Tollgeymsluskírteini.

#### 1. Innsetningarskírteini.

42. gr.

Þegar vörur eru látnar í tollgeymslu, skulu innflytjandi og tollyfirvald eða umboðsmaður þess gefa út svo látandi yfirlýsingar:

Því er hér með lýst yfir, að viðlögðum drengskap, að af vörum þeim, er komu til mín með skipinu ..... þann ....., hefi ég í dag sett í tollgeymslu í húsinu ..... götu (stræti), ..... hæð:

(Tala og tegund umbúða, merki og númer á umbúðum, vörutegund, tollmagn og vörumagnstollur.)

(Útgáfustaður og útgáfudagur.)

(Undirskrift innflytjanda.)

Þá skal koma á sama blaði svo látandi yfirlýsing tollyfirvalds eða umboðsmanns hans:

Ofangreindar vörur, sem innfluttar voru á farmskr. nr. .... með ofangreindu skipi, hefi ég í dag innsiglað á ofangreindum stað, sem er forsvaranlega útbúinn, og hefir hlutaðeigandi afhent mér brunabótaskírteini fyrir verðmæti vörunnar með vörumagnstolli kr. ....

Tollyfirvaldið í ..... þann .....

**122** Loks skal tilgreina á skirteininu blaðsíðutal í þeirri tollbók, sem innsetningin 26. júlí er færð í, afgreiðslunúmerið í þeirri tollbók og blaðsíðutalið í tollgeymslubókinni.

## 2. Úttektarskirteini.

43. gr.

Þegar vörur eru teknar úr tollgeymslu, skulu innflytjandi og tollyfirvald eða umboðsmaður þess gefa út svo látandi yfirlýsingar:

Því er hér með lýst yfir, að viðlögðum drengskap, að af vörum þeim, er ég á í tollgeymslu í húsinu nr. .... götu (stræti), ..... hæð, hefi ég í dag tekið út — hvorki meira né minna en hér segir:

(Tala og tegund umbúða, merki og númer á umbúðum, vörutegund, tollmagn og vörumagnstollur.)

Þá skal koma á sama blaði svo látandi yfirlýsing tollyfirvalds eða umboðsmanns hans:

Í dag hefi ég opnað tollgeymsluherbergi ofanritaðs í húsinu nr. .... götu (stræti) ..... hæð, og hann tekið út vörur þær, sem að ofan greinir.

Tollyfirvaldið í ..... þann .....

Loks skal tilgreina á skirteininu blaðsíðutal í þeirri tollbók, sem vörumagnstollurinn, sem greiddur er, er færður í, afgreiðslunúmerið í þeirri tollbók, númerið á tollreikningnum og blaðsíðutalið í tollgeymslubókinni.

## D. Sameiginlegar reglur um tollreikninga.

44. gr.

Undir fullnaðartollreikninga, bráðabirgðatollkvittanir og tollgeymsluskirteini skal nota þar til gerð tölusett eyðublöð, sem ráðuneytið leggur til. Hver tollreikningur skal þrírtaður. Eitt eintakið af reikningnum er ætlað greiðanda, annað eintakið eða dökka eintakið skal vera fylgiskjal með tollbókinni og þriðja eintakið er fast í heftinu og skal vera það áfram. Við útskrift tollreikninganna skal nota góðan kalkerpappír og blekblýant, en ekki venjulegan blýant. Tollyfirvald skal geyma útskrifuð reikningshefti með embættisskjölum sínum.

Nú verður tollreikningseintak fyrir slíkum skemmdum, að það er ekki not hæft undir reikning, og skal þá senda fjármálaráðuneytinu tvö efstu reikningseintökin í því númeri með áritun um það, að reikningseintökin hafi orðið fyrir skemmdum. Það er bannað að fleygja tollreikningseintökum eða nota þau til annars en þau eru ætluð til.

## VIII. KAFLI

### Tollbækur.

#### A. Tollbókin.

45. gr.

Í tollbókina skulu færð þessi atriði:

1. Afgreiðslunúmer, en hver tollafgreiðsla skal hafa sitt númer og skal það, eins og fyr segir, fært inn á aðflutningsskýrslurnar, aðflutningsskjölin, tollreikningana og önnur skjöl, sem skulu vera fylgiskjöl með tollbókinni.

Afgreiðslunúmerin skulu að sjálfsögðu vera tölustafir í áframhaldandi töluröð. Þetta skal þó því aðeins vera, að með tollafgreiðslunni fylgi hagskýrslueintak hinnar almennu aðflutningsskýrslu, sem er ætlað hagstofunni. Í öðrum tilfellum, t. d. ef um tryggingarinnborgun er að ræða, en þá heldur tollstofnunin eftir hagskýrslueintaki hinnar almennu aðflutningsskýrslu, skal afgreiðslunúmerið vera sama númer

og næsta númerið á undan að viðbættum bókstaf og þá eftir stafrófsröð, ef fleiri skjöl, sem ekki eru ætluð hagstofu, eru færð hvert á eftir öðru, t. d. 841a, 841b o. s. frv. Þetta ákvæði um bókstafina til viðbótar tölustöfunum er sett til þess, að hagskýrslueintök aðflutningsskýrslanna, sem ætluð eru hagstofu, komi í áframhaldandi töluröð, svo að hagstofan geti fylgst með því, að ekkert hafi orðið eftir af skýrslum.

Afgreiðslunúmerin skulu í hverju tolldæmi vera í áframhaldandi töluröð fyrir allt almanaksárið. Töluröðin er því ekki bundin við mánuði eins og hið samhangandi færslutímabil í hverri tollbók.

2. Reikningsnúmerið, en það er ýmist númerið á fullnaðartollreikningnum eða bráðabirgðatollkvittuninni. Ef sett er í tollgeymslu, skal til viðbótar tollreikningsnúmerunum í þessum dálki tilgreint númerið á innsetningarskirteininu, t. d. 534/63, og ef tekið er úr tollgeymslu skal til viðbótar tollreikningsnúmerinu í þessum dálki tilgreint númerið á úttektarskirteininu.

3. Nafn gjaldanda.

4. Vörumagnstoll samtals eftir tollreikningi.

5. Verðtoll samtals eftir tollreikningi.

6. Leyfisgjald samtals eftir tollreikningi.

7. Eftirlitsgjald samtals eftir tollreikningi.

8. Gúmmígjald samtals eftir tollreikningi.

9. Benzíngjald samtals eftir tollreikningi.

10. Viðaukagjald eftir tollreikningi.

11. Tollskoðunargjald eftir bráðabirgðatollkvittun.

12. Aðflutningsgjald samtals eftir tollreikningi.

13. Tollfrjálst, t. d. samkvæmt a-n lið 2. gr. tollskrárlaganna eða 4. mgr. 31. gr. laganna um tollheimtu og tollefirlit.

14. Númer á tollbréfi yfir tollvörur, sem sendar eru milli tollhafna, sbr. 6. gr. hér að framan.

15. Tryggingarfjárhæð samkvæmt bráðabirgðatollkvittun. Hún færir undir innborgað, þegar hún er greidd til tollstofnunar, en færir undir útborgað, þegar fullnaðartollreikningur er kvittaður.

16. Tollupphæð vara, sem samkvæmt innsetningarskirteini eru settar í tollgeymslu, eða tollupphæð vara, sem samkvæmt úttektarskirteini eru teknar úr tollgeymslu.

17. Númer á innflutningsleyfum, sem árituð hafa verið fyrir þeim vörusendingum, sem færðar eru í tollbókina.

Hver almanaksmánuður skal vera samhangandi færslutímabil í hverri tollbók. Tollbókina skal færa um leið og tollreikningur er greiddur, tollumboðsmaður gerir skil eða þegar önnur skil eru gerð. Í lok hvers færsludags skulu gjaldadálkar tollbókarinnar lagðir saman og niðurstaðan tilgreind, en í lok hvers mánaðar skal gera í tollbókinni yfirlit um niðurstöðuna frá hverjum færsludegi þannig, að við samlagningu á niðurstöðunni frá hverjum færsludegi komi fram hversu mikið hefir tilfallið í mánuðinum í hverja einstaka aðflutningsgjaldstegund og þær í heild, hversu mikið tryggingarfé hefir verið borgað inn og út og hversu mikið er innistandandi fyrir mánuðinn af vörumagnstolli af vörum, sem settar hafa verið í tollgeymslu og hversu mikið hefir verið greitt af vörumagnstolli fyrir vörur, sem hafa verið teknar úr tollgeymslu. Þegar þannig hefir verið gengið frá mánaðarfærslunni í tollbókinni og niðurstöðurnar bornar saman við niðurstöðurnar í sjóðbók I, skal senda tollbókina fyrir mánuðinn með öllum fylgiskjölum fjármálaráðuneytinu til endurskoðunar.

Fjármálaráðuneytið leggur tollbókina til og skal hún gegnumdregin og löggilt af því. Hana skal færa með bleki, eins og aðrar tollbækur.



122

26. júlí

**B. Tryggingarbókin.**

46. gr.

Tryggingarbókin er yfirlitsbók um allt innborgað og útborgað tryggingarfé fyrir aðflutningsgjöldum. Í hana skulu færð þessi atriði:

1. Innborgunardag tryggingarfjár.
2. Afgreiðslunúmer innborgunar.
3. Númer bráðabirgðatollkvittunar.
4. Tölu þeirrar blaðsíðu, sem innborgunin er færð á í tollbókinni.
5. Nafn tryggingargreiðanda.
6. Upphæð innborgaðs tryggingarfjár.
7. Útborgunardag tryggingarfjár.
8. Afgreiðslunúmer fullnaðarskila.
9. Tölu þeirrar blaðsíðu, sem útborgun er færð á í tollbókinni.
10. Númer á fullnaðartollreikningi.
11. Upphæð útborgaðs tryggingarfjár.
12. Hvort bráðabirgðatollkvittun hafi verið skilað.

Inn- og útborgun tryggingarfjár skal að minnsta kosti fært í tryggingarbók á þeim degi, sem slíkar greiðslur hafa átt sér stað. Tryggingarbók skal að minnsta kosti gerð upp mánaðarlega og stemmd við tollbókina.

**C. Tollgeymslubókin.**

47. gr.

Í 6. gr. laga nr. 50 16. nóvbr. 1907, um tollgeymslu og tollgreiðslufrest, er fyrirskipað að tollyfirvald skuli halda sérstaka bók yfir allar þær vörur, sem í tollgeymslu eru látnar. Í bók þessa skulu færð þessi atriði:

1. Með hvaða skipi varan, sem sett er í tollgeymslu, var innflutt.
2. Komudagur þess skips.
3. Farmskrárnúmer.
4. Hvenær sett í tollgeymslu.
5. Númer á innsetningarskírteini.
6. Blaðsíðutal í tollbók, sem innsetningin er færð í.
7. Afgreiðslunúmer í þeirri tollbók.
8. Tegund og magn þeirrar vöru, sem er sett í tollgeymslu.
9. Vörumagnstollinn, sem er útistandandi.
10. Hvenær tekið úr tollgeymslu.
11. Númer á úttektarseðli.
12. Blaðsíðutal í þeirri tollbók, sem vörumagnstollurinn, sem er greiddur, er færður í.
13. Afgreiðslunúmer í þeirri tollbók.
14. Númer á tollreikningi.
15. Tegund og magn þeirrar vöru, sem tekin er úr tollgeymslu.
16. Vörumagnstollinn, sem greiddur er.
17. Hvenær sá tollur var greiddur.

Hver tollgeymsluhafi skal hafa sína opnu í tollgeymslubókinni. Bókin skal færð þegar eftir að sett er í tollgeymslu eða tekið er úr tollgeymslu. Hún skal gerð upp að minnsta kosti árlega og þá skal jafnframt telja vörurnar í tollgeymslunum. Þess skal þó vandlega gætt, að samkvæmt 5. gr. tollgeymslulaganna skal tolli að fullu lokið innan árs frá því að tollvaran var flutt inn í landið.

## IX. KAFLI

## Aðalsjóðbók og mánaðarskilagrein.

122

26. júlí

## 48. gr.

Með aðalsjóðbók er átt við sjóðbók þá nr. I, sem um ræðir í 3. gr. reglugerðar um opinber reikningssskil, en sú reglugerð er nr. 82 í A-deild stjórnartíðindanna frá 1929.

Í aðalsjóðbók skal færa úr tollbókinni niðurstöðurnar á hverjum aðflutningsdálki eftir hvern færsludag. Í lok hvers mánaðar skal færa til skuldar á verðtollsreikningi og til tekna á viðskiptamannareikningi 2% innheimtulaun þau, sem um ræðir í 26. gr. tollskrárlaganna.

## 49. gr.

Með mánaðarskilagrein er átt við skilagrein þá, sem um ræðir í 13. gr. reikningskilareglugerðarinnar.

Í mánaðarskilagrein skulu koma fram eftir því, sem tilfalla, þessi aðflutningsgjöld:

## A. Undir rikissjóð:

1. Vörumagnstollur.
2. Verðtollur.
3. Gúmmígjald.
4. Benzíngjald.
5. Viðaukagjald.
6. Tollskoðunargjald.

Þá skulu koma hér til frádráttar 2% innheimtulaun af verðtolti.

## B. Undir aðra sjóði:

1. Leyfisgjald.
2. Eftirlitsgjald.

## X. KAFLI

## Endurskoðun tollheimtna.

## 50. gr.

Ráðuneytið endurskoðar skilríkin fyrir tollheimtum eftir því, sem þau berast því. Þá gætir það þess við þá endurskoðun og á annan hátt, að fylgt sé fyrirætlum þessarar reglugerðar.

Við endurskoðun ráðuneytisins á tollheimtum er til eftirlits því, að tollskil séu innt af hendi fyrir allar þær sendingar, sem eru á farmskrám og í farangursbókum, merkt við á heildarfarmskránnar og farangursbókaeftirritin eftir þessum reglum:

1. Ef um fullnaðargreiðslu er að ræða, er skráð við hverja vörusendingu tollreikningsnúmerið.

2. Ef sett hefir verið fjártrygging, er skráð númerið á bráðabirgðatollkvittuninni.

3. Ef skilum hefir verið lokið með framlagningu sérstaks aðflutningsskjals, t. d. vottorði samkvæmt m-lið 2. gr. tollskrárlaganna, er bæði skráð eftir hvaða lagastað sendingin er tollfrjáls og eins dagsetningin á hinu framlagða sérstaka aðflutningsskjali, sem leitt hefir til tollfrelsisins, t. d. tollfrjáls eftir m-lið 2. gr. tollskrárlaganna, sbr. vottorð, dags. 1. apríl 1940.

Í skjalasafni ráðuneytisins er tollreikningunum og bráðabirgðatollkvittunum fyrir hvert ár raðað eftir númerum. Hinum sérstöku aðflutningsskjölum er hinsvegar

122 raðað þar eftir dagsetningum. Sama gildir um affermingarbækur, talningaryfirlit 26. júlí og bréf um breytingar á farmskrám.

Eftir endurskoðun er tollskýrslueintökum aðflutningsskýrslanna og vörureikningunum eða tollseðlunum, sem fylgja skýrslunum, fyrst raðað eftir tollumdæmum og síðan eftir afgreiðslunúmerum fyrir hvert tollumdæmi, en þannig eru skjöl þessi send vörureikningaefirlitinu.

Við endurskoðun tollheimtanna er þess gætt, hvort hagstofan hefir fengið eða fær hagskýrslueintök aðflutningsskýrslanna. Að því er varðar kaupstaðina er þess gætt, hvort á tollskýrslueintökunum sé áletrunin um það, að hagskýrsla hafi verið send hagstofu, en við viðtöku aðflutningsskýrslanna frá öðrum stöðum en kaupstöðunum eru hagskýrslueintökin tekin frá og send hagstofunni.

Ráðuneytið sendir tollyfirvöldunum athugasemdir við tollreikningana í tveimur eintökum. Tollyfirvöldin skulu svo endursenda annað eintakið með árituðum svörum, en hinu eintakinu skulu þau halda eftir.

## XI. KAFLI

### Vörureikningaefirlitið.

#### 51. gr.

Vörureikningaefirlitið er sérstök stofnun í sambandi við tollstjóraembættið í Reykjavík og veitir tollstjórinn þar því forstöðu, en eftir endurskoðun í ráðuneytinu eru þangað sendar allar aðflutningsskýrslur og vörureikningasamrit til athugunar á því, hvort verð það, sem tilgreint er á þessum skjölum sé ekki undir almennu tollverði og að tollsvik hafi ekki verið höfð í frammi. Vörureikningssamrit með vörum, sem koma til tollmeðferðar í Reykjavík, skulu þó einnig athuguð í vörureikningaefirlitinu eftir því, sem vörur eru afgreiddar þar, enda þótt að ráðuneytið hafi ekki endurskoðað tollmeðferðina.

#### 52. gr.

Vörureikningaefirlitið skal halda spjaldskrá yfir tollverð allra þeirra vara, sem koma til tollmeðferðar og því berast vörureikningssamrit um, ásamt upplýsingum um það, hvernig vörurnar eru seldar, hvenær sala fór fram, greiðsluskilmála eða önnur greiðsluskilyrði og önnur atriði, sem ráða má af vörureikningum og máli skipta um tollverð varanna. Vörureikningaefirlitið skal gefa tollyfirvöldum, tollgæzlumönnum og öðrum tollstarfsmönnum upplýsingar úr spjaldskránni til afnota við eftirlit sitt og mat vara til tolls.

#### 53. gr.

Starfsmenn vörureikningaefirlitsins teljast til tollstarfsmanna og því er þeim heimilt samkv. 6. mgr. 13. gr. tollskrárlaganna að ganga úr skugga um það, hvort þeir, sem fá verðtollsskyldar vörur frá útlöndum, leggja fram rétt gögn um tollverð þeirra vara, með því að athuga verzlunarbækur hlutaðeiganda, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að dómi þessara starfsmanna geta veitt upplýsingar um þau atriði, sem nefnd voru.

#### 54. gr.

Starfsmenn vörureikningaefirlitsins skulu vera valinkunnir menn. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir vinna eið eða drengskaparheit að því, að þeir skuli ekki láta uppi við neina óviðkomandi upplýsingar um það, sem þeir komast að í starfi sínu um seljendur og kaupendur aðfluttra vara og um verzlunarhagi þessara manna eða annara. Eiður þessi eða drengskaparheit skulu vera skrifleg og geymast meðal embættisskjala tollstjórans í Reykjavík.

55. gr.

122  
26. júlí

Ef það kemur í ljós við vörureikningseftirlit eða á annan hátt, að aðflutnings-skýrsla eða þau skjöl, sem viðtakandi hefir lagt fram til staðfestingar því verði, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslu, eru röng, skulu starfsmenn vörureikningaef-tirlitsins með heimild í ákvæðum 2. mgr. 14. gr. tollskrárlaganna, ef þeir telja sér ekki fært að ákveða verð vöru til veðtollsákvörðunar, fá það ákveðið með matsgerð á kostnað viðtakanda, en um það mat gilda sömu reglur og um mat það, sem um ræðir undir nr. 9c<sub>yx</sub> í 7. gr.

56. gr.

Vörureikningaef-tirlitið skal fyrst raða vörureikningssamritum og aðflutnings-skýrslum eftir tollumdæmum og síðan eftir afgreiðslunúmerum fyrir hvert tollum-dæmi. Skýrslurnar og reikningssamritin skulu geymd þannig, að útilokað sé að óvið-komandi geti verið að hnýsast í þau.

## XII. KAFLI

### Sýnishornasafnið.

57. gr.

Sýnishornasafnið er sérstök stofnun í sambandi við tollstjóraembættið í Reykja-vík og veitir tollstjórinn þar því forstöðu, en þangað skulu send til yfirlits og geymslu öll sýnishorn, sem tollstofnanir taka af aðfluttum vörum, en til sýnishorna í þessu sambandi teljast myndir eða teikningar af vörum og lýsingar á þeim, ef þessar myndir, teikningar eða lýsingar eru gerðar í sambandi við tollflokkun vara og geta haft þýðingu í sambandi við viðleitni á að samræma tollflokkunina. Sýnishornum þessum skal raðað eftir tollflokkum, en halda skal spjaldskrá yfir sýnishornin eftir stafrófsröð vöruheita.

Starfið í sýnishornasafninu er fólgið í því að svara fyrirspurnum frá innflytj-endum, tollyfirvöldunum, sérstökum tollgæzlumönnum og öðrum tollstarfsmönnum um það, hvernig tollflokka skuli vörur.

Taka skal tvö eftirrit af öllum skriflegum álitserðum frá sýnishornasafninu og skal annað eftirritið sent fjármálaráðuneytinu. Þá sendir ráðuneytið sýnishorna-safninu eftirrit af öllum úrskurðum um tollun vara, hvort sem það er vegna fyrir-spurna frá innflytjendum eða vegna endurskoðunar tollreikninga. Í sýnishornasafn-inu skal mánaðarlega gera yfirlit um álitserðir og úrskurði um tollun vara og senda yfirlit þetta öllum tollstofnunum.

Hinir sérstöku tollgæzlumenn ríkisins skulu eftir því, sem við verður komið, starfa til skiptis í sýnishornasafninu.

58. gr.

Í 24. gr. tollskrárlaganna segir, að við tollskoðun sé toleftirlitinu heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörunum án endurgjalds.

Ef ekki er mælt fyrir á annan veg eða það leiðir af eðli vörunnar eða eðli-legrri stærð hennar, skulu stærð sýnishorna vera þessi:

1. Af vökvum minnst 100 cm<sup>2</sup>.

2. Af spunavörum 4 cm á breidd og 12 cm á lengd. Við töku sýnishorna af þessum vörum skal þess gætt, að röndin á spunavörunni sjáist greinilega á sýnis-horninu, ef við verður komið.

3. Af pappír og pappa 10 × 10 cm.

4. Af öðrum föstum efnum minnst 25—50 grömm.

Sýnishornin skulu tekin þannig, að sem minnst skemmd verði á hinum að-fluttu vörum.

122 Sýnishorn af vörum þeim, sem talin eru undir nr. 1 og 4 í þessari grein, skulu, ef við verður komið með góðu móti, sett í gegnsæ 100 gr. glös og skal glösunum lokað vel þegar eftir sýnishornatökuna. Á umbúðunum eða á miða festum við umbúðirnar skulu tilgreind þessi atriði:

1. Heiti vöru, merki og númer hennar.
2. Með hvaða skipi varan kom, komudag þess skips til hlutaðeigandi tollhafnar og farmskrárnúmer eða númer í farangursbók.
3. Hvar og hvenær sýnishornið var tekið.
4. Hver tók sýnishornið.
5. Hvernig varan var tollflokkuð.

Ef sýnishorn er tekið í sambandi við ágreining um tollun vöru, skulu sýnishornin jafnan innsiglið með tollinnsigli.

Við töku sýnishorna skal auk þess fylgja öllum þeim varúðarreglum, sem getið er í vöruhandbókinni við tollskrána í kaflanum um töku sýnishorna.

#### 59. gr.

Eftirleiðis skal taka sýnishorn af öllum spunavörum, -pappír og pappa, sem koma til tollmeðferðar, nema af fatnaðarvörum og ef verulegt tjón hlýzt af sýnishornatökunni, en sá fyrirvari telst ekki eiga við, ef um er að ræða ósaumaðar og ótilsniðnar vefnaðar- eða prjónavörur.

Sýnishorn þessi skulu utan Reykjavíkur fest við vörureikningana, sem fylgja tollbókinni, en í Reykjavík skulu þau fest við tollafgreiðsluseðlana, sem skulu þegar eftir tollun fara inn á sýnishornasafnið.

### XIII. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

#### 60. gr.

Aðflutningsgjöld þau, sem greiða ber samkvæmt tollskránni, skal samkvæmt 19. gr. tollskrárlaganna, sbr. b-lið ákvæðis um stundarsakir, einnig greiða af vörum, sem innfluttar höfðu verið fyrir 1. febr. 1940, en aðflutningsgjöld höfðu ekki verið greidd af þá.

#### 61. gr.

Ef ágreiningur rís um það, hvernig tolla skuli vöru, sker fjármálaráðherra úr þeim ágreiningi og er sá úrskurður samkvæmt 20. gr. tollskrárlaganna fullnaðarúrskurður í málinu, eða með öðrum orðum dómstólarnir eiga ekki úrskurðarvald í slíkum málum.

Þegar leitað er úrskurðar þess, sem um ræðir í 1. mgr., skulu samkvæmt 20. gr. tollskrárlaganna fylgja erindinu til ráðuneytisins öll þau skjöl, sem skipta máli um tollun vöru, s. s. vörureikningur og önnur aðflutningsskjöl. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni, en verði því ekki við komið, skal senda nákvæma teikning eða lýsing á vöru þeirri, sem ágreiningur er um.

#### 62. gr.

16. okt. **Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll af „matrix“ (myndamót).**

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið, að fyrst um sinn, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli tolla „matrix“ (myndamót) sem myndamót (Chlichéer) með 7 auru vörumagnstolli hvert kg og 8% verðtolti.

134  
16. okt. **Aðvörðun frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu í 59. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, um matjurtasjúkdómahættu vegna innflutnings jarðepla og grænmetis til brezka setuliðsins.**

Vegna þeirrar hættu, sem er á því, að matjurtasjúkdómar geti borizt til landsins með jarðeplum og grænmeti, sem hingað flyzt frá útlöndum, eru menn varaðir við því, að reyna að notfæra sér til skepnufóðurs eða áburðar ósoðinn jarðepla eða grænmetisúrgang frá brezka setuliðinu. Sama er um úrgang úr erlendum jarðeplum og grænmeti, sem flutt eru inn til sölu í landinu. Einnig eru menn varaðir við að fleygja slíkum úrgangi frá sér, þannig, að skepnur geti komizt í hann eða sýklar borizt í jarðveginn með honum.

Jafnframt þessu skal það brýnt fyrir öllum þeim, sem hugsa til jarðeplaráktunar á komandi sumri, að taka frá í tíma nægilegt útsæði af innlendum jarðeplum og að nota engin erlend jarðepli til útsæðis, nema þau, sem grænmetisverzlun ríkisins eða atvinnudeild háskólans kynnu að láta út í því skyni.

135  
18. okt. **Auglýsing frá ríkisstjórninni í 58. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, um reglur fyrir almenning um umferð með ströndum fram vegna hernaðaraðgerða Breta.**

Brezku hernaðaryfirvöldin hér á landi hafa talið nauðsynlegt að setja strangar reglur um umferð almennings með ströndum fram á nánar tilgreindum svæðum, þar sem hervörður er hafður.

Svæðin eru þessi:

- a) Strandlengjan frá Borgarfirði til Hafnarfjarðar, að þeim fjörðum meðtöldum.
- b) Strandlengjan frá Skagafirði til Skjálfanda, að þeim fjörðum meðtöldum.
- c) Strandlengjan frá Seyðisfirði til Reyðarfjarðar, að þeim fjörðum meðtöldum, og
- d) Strandlengjan báðum megin Hrótafjarðar fyrir sunnan Hrótey.

Reglna þessara skal gætt á hverjum stað á tímabilinu frá einni stundu eftir sólsetur til einnar stundar fyrir sólarupprás, og þeir sem vanrækja að fara eftir þeim, geta átt á hættu að verða fyrir líftjóni.

Myrkurtíminn fyrir hvern mánuð verður auglýstur hinn 1. þess mánaðar, fyrir hvert svæði.

Reglurnar eru sem hér segir:

135

18. okt.

I. Á landi: Eftir að skuggsýnt er orðið, má engin umferð eiga sér stað nærri flæðarmáli á ofangreindum svæðum, nema um greinilega vegi eða gangstíga.

Fólk, sem býr á svæðunum og þarf að fara nauðsynlegra erinda á þessum tíma, utan greinilegra vega eða gangstíga, getur reynt að fá til þess sérstakt leyfi her-  
varðanna.

En mjög áriðandi er, að sérhver, sem nálgast hefir ströndina, utan þessara vega eða stíga, hafi það hugfast, að fái hann kall eða bendingu um að stanza, verður hann að gera það tafarlaust. Ella á hann á hættu að verða skotinn í misgripum fyrir óvin Breta.

II. Á sjó: Á myrkurtímabilinu er umferð bönnuð samkvæmt því, sem hér fer á eftir:

a) Á svæðinu frá Borgarfirði til Hafnarfjarðar:

Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili koma nær ströndinni en 200 metra, að undanskildu því, að umferð á sjó er heimil til og frá Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi og akkerislegunni á Eiðisvík, samkvæmt því, sem tiltekið er í reglum þeim um eftirlitsskip, sem birtar eru hér á eftir.

b) Á svæðinu frá Skagafirði til Skjálfanda:

1. Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili koma nær ströndinni en 200 metra, að undanskildu því, að umferð á sjó er heimil til og frá Sauðárkróki, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Hrísey, Flatey og Húsavík, og ennfremur til og frá Hjalteyri, meðan verksmiðjan þar starfar að móttöku og vinnslu sildar.
2. Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili fara suður fyrir línu, sem dregin er í rétt austur frá Hjalteyrarvíta. Skip, sem komin eru suður fyrir þessa línu þegar skuggsýnt er orðið, verða að fara beina leið til Akureyrar eða Hjalteyrar. Skip mega fara út Eyjafjörð á hvaða tíma sem er, ef þau halda sig fjær landi en 200 metra.

c) Á svæðinu frá Seyðisfirði til Reyðarfjarðar:

1. Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili koma nær ströndinni en 200 metra, að undanskildu því, að umferð á sjó er heimil til og frá Eskifirði og Norðfirði.
2. Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili fara vestur fyrir línu, sem dregin er í rétt suður frá verzlunarhúsunum á Vestdalseyri í Seyðisfirði. Skip, sem komin eru inn fyrir þessa línu, verða að fara beina leið til Seyðisfjarðarkaupstaðar. Skip mega fara út Seyðisfjörð á hvaða tíma sem er, ef þau halda sig fjær landi en 200 metra.
3. Ekkert skip má á þessu tímabili fara vestur fyrir línu, sem dregin er í rétt suður frá Mjóeyri í Reyðarfirði norðanverðum. Skip, sem komin eru inn fyrir þessa línu, verða að fara beina leið til Búðareyrar. Skip mega fara út Reyðarfjörð á hvaða tíma sem er, ef þau halda sér fjær landi en 200 metra.

d) Á Hrótafirði innanverðum:

Ekkert skip eða bátur má á þessu tímabili fara suður fyrir Hrótey á Hrótafirði. Skip eða bátar, sem komin eru inn fyrir þessi takmörk, verða að fara beina leið til Borðeyrar. Skip mega fara út Hrótafjörð á hvaða tíma sem er, ef þau halda sig fjær en 200 metra frá landi.

Reglur þessar ganga í gildi í kvöld, aðfaranótt þess 18., en verða framkvæmdar með sérstakri varfærni fyrsta sólarhringinn.

Sú undanþága er gerð frá þessum reglum, að alls staðar á svæðunum b og c, þ. e. Akureyrar- og Seyðisfjarðarumdæmi, mega trillubátar og aðrar smáfleytur koma að og fara frá landi þó skuggsýnt sé orðið, nema fyrir innan línur þær, sem samkvæmt framansögðu eru dregnar yfir Eyjafjörð, Seyðisfjörð og Reyðarfjörð.

**135** Til frekara öryggis er lagt ríkt á við öll skip og báta, þar með taldir árabátar  
18. okt. sem eru á ferð hér við land, að hafa uppi lögboðin siglingaljós eftir að skuggsýnt er orðið.

Á opnum bátum sé ljósið ávallt haft sýnilegt.

Myrkurtíminn fyrir september er sem hér segir:

Fyrir svæði a) þ. e. Faxaflói, frá kl. 20.50—06.00, það er kl. 8.50 síðd. til kl. 6 árd.

Fyrir svæði b) þ. e. Skagafj.—Skjálfandi, frá kl. 20.30—05.40, það er kl. 8.30 síðd. til kl. 5.40 árd.

Fyrir svæði c) þ. e. Seyðisfj.—Reyðarfj. frá kl. 20.15—05.30, það er kl. 8.15 síðd. til kl. 5.30 árd.

Fyrir svæði d) þ. e. Hrutafjörður frá kl. 20.45—05.50, það er kl. 8.45 síðd. til kl. 5.50 árd.

#### Reglur um eftirlit með siglingum til hafna við Faxaflóa.

1. Siglingaeftirliti hefir verið komið á í Reykjavík.
2. Eftirlitsskip er stöðugt á sveimi úti af Gróttu, fyrir vestan línu úr Gróttuvita í Krossvíkurvita á Akranesi.
3. Eftirlitsskipið sýnir að degi til: stórt flagg, sem í eru tveir láréttir reitir, annar hvítur og hinn rauður, en jaðrar flaggsins eru bláir. Að nóttu til sýnir skipið auk siglingaljósanna: 3 hvít ljós, sýnileg á alla vegu.
4. Þegar Reykjavíkurhöfn er lokuð, mun skipið að degi til hafa uppi: 3 rauðar kúlur, hverja upp af annari, með 6 feta millibili, en að nóttu til: 3 rauð ljós, í stað þeirra þriggja hvítu, sem getið er hér að framan. Ófriðarmerkjastöðin á Valhúshæð mun einnig sýna sömu merki, þegar höfnin er lokuð.
5. Öll skip, sem ætla til Akraness, Hafnarfjarðar, Hvalfjarðar eða Reykjavíkur, verða áður að koma við hjá eftirlitsskipinu og fá þar leyfi til þess. Minni vélbátar geta þó farið leiðar sinnar óhindrað til þessara hafna, en verða að vera við því búnir að nema staðar og gera grein fyrir sér, ef eftirlitsskipið krefst þess, og að hlýða skipunum þess.
6. Hvert það skip, sem reynir að sigla til hafna þeirra, sem getur í 5. lið, án þess að hafa fengið til þess leyfi eftirlitsskipisins, gerir það á eigin ábyrgð.

Myrkurtímabilið fyrir októbermánuð er sem hér segir:

Faxaflói ..... frá kl. 6.05 síðd. til kl. 6.20 árd.

Skagafjörður til Skjálfanda ..... frá kl. 5.45 síðd. til kl. 6.00 árd.

Seyðisfjörður til Reyðarfjarðar ..... frá kl. 5.30 síðd. til kl. 5.45 árd.

Hrutafjörður ..... frá kl. 6.00 síðd. til kl. 6.15 árd.

**136** Auglýsing frá ríkisstjórninni í 65. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940,  
22. nóv. um siglingahættu í Hvalfirði vegna hernaðaraðgerða Breta.

Brezka herstjórnin hefir tilkynnt ríkisstjórninni, að vegna hernaðaraðgerða Breta séu siglingar inn í Hvalfjörð hættulegar í línu frá Innra-Hólmi á Akranesi til Saurbæjar á Kjalarnesi.

Brezkt varðskip mun hafast við í mynni Hvalfjarðar og leiðbeina skipum, er vilja sigla inn fjörðinn.


Menn eru mjög alvarlega varaðir við að ferðast inn Hvalfjörð nema eftir leiðbeiningum varðskipisins, en þó er íbúum beggja megin Hvalfjarðar óhætt að stunda veiðar eða ferðast um Hvalfjörð innan áður nefndrar línu frá Innra-Hólmi til Saurbæjar.

## Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll ósamsettum reiðhjólahlutum. 137 16. des.

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið að framvegis, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli ósamsett stálrör og stálrörhlutar til reiðhjólagerðar tolluð eftir nr. 16 í 63. kafla tollskrárinnar, ef rörin eða rörhlutarnir hafa aðeins verið beygð eða flatpressuð, en hafa ekki verið frekar unnin eftir að þau voru steypt. Aðrir hlutar í reiðhjól komi hins vegar eftirleiðis eins og hingað til undir nr. 14 í 75. kafla tollskrárinnar.

## Auglýsing frá ríkisstjórninni í 71. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, um bann gegn því að varpa akkerum eða stunda fiskveiðar á vissum stöðum vegna hernaðaraðgerða Breta. 138 23. des.

Til viðbótar við áður auglýstar tálmanir á siglingaleiðum hér við land, vegna hernaðaraðgerða brezka setuliðsins, hefir herstjórnin tilkynnt, að bannað sé að varpa akkerum eða stunda hvers konar fiskveiðar á eftirtöldum stöðum:



138  
23. des.

a) Í Hvalfirði á belti yfir fjörðinn, sem takmarkast af eftirfarandi stöðum:

64° 21' 40" n.br.	21° 45' 24" v.lgd.
64° 20' 40" n.br.	21° 41' 18" v.lgd.
64° 23' 02" n.br.	21° 42' 20" v.lgd.
64° 21' 36" n.br.	21° 39' 10" v.lgd.

b) Í Seyðisfirði á belti, sem takmarkast af línu, sem hugsast dregin þvert yfir fjörðinn í 144° stefnu frá stað, sem liggur 0,2 sjómíliur í 258° stefnu frá flaggstönginni á verzlunarhúsunum á Vestdalseyri, og annari línu, sem hugsast dregin þvert yfir fjörðinn í 134° stefnu frá stað, sem liggur 0,2 sjómíliur í 043° stefnu frá áðurnefndri flaggstöng.

c) Í Eyjafirði á belti þvert yfir fjörðinn, sem að norðan takmarkast af línu, sem hugsast dregin milli Arnarnesnafa og Laufáskirkju, og að sunnan af línu, sem hugsast dregin milli Hjalteyrarvita og bryggju framundan bænum Nollu.

d) Í Hrutafirði á belti þvert yfir fjörðinn, sem takmarkast að norðan af línu, sem hugsast dregin í rétt austur og vestur frá norðurenda Hruteyjar, og að sunnan af línu, sem hugsast dregin í rétt austur frá Kjørseyrartanga.

Enn fremur tilkynnir herstjórnin, að hindrun hafi verið lögð þvert yfir Hvalfjörð, hér um bil í 317° stefnu frá suðurenda Hvaleyrar í Hvalfirði. Hindrunin er merkt með duflum, og er hættuleg skipum.

Sem stendur má þó sigla yfir hindrunina milli dufla, en skip, sem sigla yfir línuna, ættu að gera það á stefnunum ANA—VSV, eftir seguláttum.

Skip verða að hlýða sérhverri bendingu, sem þau kunna að fá frá nálægum gæzluskipum.

139  
21. maí

## REGLUR

### um raffangaprófun.

Rafmagnseftirlit ríkisins tilkynnir hér með, að það hefir samkvæmt heimild í 148. gr. reglugerðar nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki, til nánari skilgreiningar á ákvæðum 132. og 133. greina reglugerðarinnar, sbr. einnig reglugerð um breytingar á þeirri reglugerð, dags. 4. apríl 1940, sett eftirfarandi

## REGLUR

### um raffangaprófun rafmagnseftirlits ríkisins.

#### 1. gr.

Rafmagnseftirlitið ákveður á hverjum tíma hvaða tegundir raffanga, þar með taldar rafvélar og raftæki, er skylt að senda því til prófunar og viðurkenningar, og auglýsir það í Lögbirtingablaðinu, og má ekki flytja þau rafföng til landsins eða gera innanlands, selja þau eða afhenda til notkunar, fyrr en viðurkenning rafmagnseftirlitsins er fengin, nema sérstakt leyfi þess komi til í hvert sinn.

Um viðurkenninguna gilda eftirfarandi reglur.

#### 2. gr.

Rafmagnseftirlitinu skulu jafnan send eigi færri en tvö sýnishorn hverrar gerðar, en fleiri, ef þörf er vegna rannsóknarinnar. Auk þess teikningar, lýsingar og tengimyndir, ef þess er óskað. Hverju sýnishorni skal fylgja og vera fastur við það merkiseðill, þar sem fram er tekið verksmiðjuheiti, nafn viðurkenningarbeiðanda, verðlistanúmer hlutarins, gerð hans, málraun og málsþenna. Skrifleg viðurkenningarbeiðni skal og fylgja.

## 3. gr.

139

Rafmagnseftirlitið lætur fara fram þá prófun og rannsókn á sýnishornum, sem það telur þurfa og kostur er á að framkvæma. 21. maí

Að lokinni rannsókn á sýnishorni, er felldur úrskurður um viðurkenningu þeirrar gerðar raffanga. Til að dæma um það, hvort sýnishornið skuli teljast hæft til viðurkenningar eða ekki, kveður forstöðumaður rafmagnseftirlitsins sér til aðstoðar einn fulltrúa fyrir rafveitur til almenningsþarfa og einn fulltrúa fyrir starfandi rafvirkja, meistara og sveina. Tilnefnir hann þá til eins árs í senn, að fengnum tillögum frá félagi eða sambandi rafveitnanna og landssambandi rafvirkja, ef félag þessi eða sambönd eru til og eru viðurkennd af rafmagnseftirlitinu.

Rafmagnseftirlitið tilkynnir viðurkenningarbeiðanda skriflega úrskurðinn.

## 4. gr.

Rafmagnseftirlitið heldur af öllum rafföngum einu sýnishorni af hverri gerð, nema um verðmikla hluti sé að ræða. Þau sýnishorn, sem rafmagnseftirlitið ekki heldur, verða afhent aftur í því ástandi, sem þau eru í eftir prófun eða rannsókn. Skulu þau vera sótt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því úrskurður um þau er felldur. Rafmagnseftirlitið ber ekki ábyrgð á sýnishornunum.

## 5. gr.

Sú viðurkenning hvernar gerðar raffanga, sem veitt er, þegar sýnishorn hennar er samþykkt, gildir einungis hluti, sem eru alger eftirmynd sýnishornsins. Ef verksmiðja óskar að gera einhverjar breytingar á þeirri gerð, hvort heldur væri að efni, fyrirkomulagi eða frágangi, verður að leita samþykkis á þeim breytingum. Ef brotið er í bág við þetta, afturkallar rafmagnseftirlitið viðurkenninguna og séu hlutir af viðurkenndri gerð gerðir lakari að gæðum, en sýnishornið er, getur rafmagnseftirlitið afturkallað viðurkenninguna án fyrirvara.

## 6. gr.

Rafmagnseftirlitið afturkallar viðurkenningu, ef gerð raffanga, sem viðurkenningu hafa hlotið, reynist í nokkru ófullnægjandi að gæðum eða öryggi, eða fullnægir ekki nýjum reglum, er settar verða, en veittur er þá hæfilegur fyrirvari.

## 7. gr.

Rafmagnseftirlitinu skal vera heimilt að taka síðar án endurgjalds hjá verksmiðjum, umboðsmönnum, verzlunum eða rafvirkjum ný sýnishorn viðurkenndra raffanga, til þess að rannsaka hvort þau eru eins og sýnishorn þau, er viðurkenninguna hlutu. Í stað þeirra hluta, sem í þessum tilgangi eru teknir í verzlun eða hjá rafvirkja, skulu viðkomandi verksmiðja eða umboðsmaðurinn afhenda þeim aðra eftir tilvísun rafmagnseftirlitsins, en verksmiðjan eða umboðsmaðurinn skulu fá sýnishornið afhent að lokinni rannsókn, ef það stentz hana.

## 8. gr.

Þeir, sem gera rafföng hér á landi, skulu mánaðarlega senda rafmagnseftirlitinu skýrslu um magn (eintakafjölda, lengd, þunga o. s. frv., eftir því sem við á) og andvirði (söluverð frá verksmiðju) þeirra viðurkenningarskyldra raffanga (sbr. 1. gr.), sem seld hafa verið næsta mánuð áður. Rafmagnseftirlitið getur þó einnig krafizt, að skýrslur séu gefnar á annan hátt og á öðrum tímum. Því skal og heimilt að láta löggiltan endurskoðara rannsaka, hvort skýrslur eru réttar.



139

21. maí

Rafmagnseftirlitið varast að láta upplýsingar þær, er það fær samkv. 8. gr., svo og aðra vitneskju um rekstur, framleiðsluaðferðir o. þh., sem það fær vegna raf-fangaprófunarinnar, berast til annara, og skuldbindur starfsmenn sína til að halda leynd um þær.

10. gr

Rafmagnseftirlitið birtir svo oft, sem þurfa þykir, skrá yfir viðurkennd rafföng.

Rafmagnseftirlit ríkisins, 21. maí 1940.

Jakob Gíslason.

140

20. júní

## AUGLÝSING

### um ýmsar tegundir raffanga.

Af neðantöldum tegundum raffanga er skylt að senda rafmagnseftirliti ríkisins sýnishorn til prófunar og viðurkenningar, og má ekki flytja þau rafföng til landsins eða gera þau innanlands, selja þau eða afhenda til notkunar, fyrr en viðurkenning rafmagnseftirlitsins er fengin, nema sérstakt leyfi þess komi til í hvert sinn, sbr. reglur um raffangaprófun rafmagnseftirlits ríkisins, dags. 21. maí 1940.

1. Raflagningar- og línuefni fyrir lágspennu, eins og nánar greinir hér á eftir:
  - Einangraðar raftaugar allt að 50 mm<sup>2</sup> að gildleika.
  - Vir í loftnet fyrir útvarpstæki, ber og einangraður.
  - Raflagnapípur og búnaður þeirra.
  - Bræðivör allt að 200 amp málstraum og allt, sem þeim tilheyrir.
  - Rofar allt að 200 amp málstraum, þar með taldir snarar, hnappar, hvers konar sjálfvirkir rofar, hitastillar og aðrir liðar, sem notaðir eru við neyzluveitur, o. s. frv.
  - Tenglar, þar í taldir allir tengilhutar, falir, kvíslar, greinitenglar o. s. frv. af hvers konar gerð.
  - Lampahöldur, stórar og smáar, af hvers konar gerð.
  - Þéttar og spólur til truflanadeyfinga.
  - Allur annar búnaður raflagna, t. d. tengi- og greinidósir og -kassar, kúpur, einangrarar og vólur, klemmur, strengskór, inntök, gegntök o. s. frv.
  - Búnaður loftneta við útvarpsviðtæki.
2. Rafmagnsáhöld og vélar:
  - Lampar, svo sem handlampar, baðherbergislampar, eiddússlampar, allir vatnsþéttir lampar, saumavélalampar, ennislampar og aðrir lampar til sérstakrar notkunar o. fl. þk., en ekki stofulampar, ljósakrónur o. þk. Þó skulu rafföng í þeim lömpum vera af viðurkenndri gerð.
  - Eldunaráhöld hvers konar.
  - Bökunarofnar.
  - Ofnar til húshitunar.
  - Vatnshitunaráhöld, þar í taldir rafmagnsmiðstöðvarkatlar.
  - Þvottavélar, þvottavindur, þvottakefli o. þk.
  - Strokvélar og strokjárn.
  - Alls konar handáhöld með rafmagnshitun eða rafhreyflum.

Rafmagnsáhöld til heimilisnotkunar, sem ekki eru þegar talin.  
Hárþurrrkur og áhöld til hárliðunar.  
Spennar til að lækka spennu í hættulausa spennu fyrir hringingarlagirnir, leikföng o. þk.

140  
20. júní

Rafmagnseftirlit ríkisins, 20. júní 1940.

**Jakob Gíslason.**

## REGLUR

141  
9. júlí

### um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenskum skipum.

Með tilliti til ástandsins í landinu eru hér með settar eftirfarandi reglur um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenskum skipum:

1. Öll samtöl við einstaklinga í landi eru bönnuð.
2. Öll viðskipti við land, hvort sem er frá talstöðvum eða loftskeytastöðvum, fari fram í skeytaformi og afrit af skeytum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll samtöl milli skipa fari aðeins fram á 188 metra öldulengd, en þó skal 181,8 metra öldulengd notuð til þess, og einungis til þess, að kalla upp aðrar stöðvar og til neyðarþjónustu.
4. Samtöl milli skipa mega aðeins innihalda nauðsynlegustu tilkynningar er varða beinlínis fiskveiðarnar eða siglingu skipsins.
5. Samtöl, er fela í sér dulmál, eru stranglega bönnuð, svo og samtöl á öðrum tungumálum en íslenzku.
6. Dulmál og símnefni í loftskeytum og talskeytum eru bönnuð.
7. Fullt nafn sendanda skal vera undir hverju skeyti.
8. Öll innbyrðis loftskeytaviðskipti, nema neyðarþjónusta og uppköllun annara stöðva, skal fara fram á 800 metra öldulengd, en talskeytaviðskipti á 188 metra öldulengd. Hins vegar á að nota 600 metra öldulengd og 181,8 metra öldulengd til neyðarþjónustu og til þess að kalla upp aðrar stöðvar, en einungis til þess. Í viðskiptum við strandarstöðvar ákveður strandarstöðin hvaða öldulengd skipið skuli nota í hverju einstöku tilfelli.
9. Í hvert skipti sem skipatalstöð kallar á annað skip eða strandarstöð, skal hún nefna greinilega nafn skipsins, sem hún er í og umdæmisbókstafi og tölu.
10. Brot gegn þessum reglum hefir í för með sér tafarlausa lokun stöðvarinnar, endurköllun leyfisbréfs og starfskírteinis, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.
11. Framangreindar reglur ganga þegar í stað í gildi.

Póst- og símamálastjórnin, 9. júlí 1940.

**Guðmundur Hlíðdal.**

G. Briem.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil, nr. 35 16. apríl 1934.

#### 1. gr.

Inn í reglugerðina bætist ný grein, er verði 15. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Noti fjáreigandi upprekstrarland á utansveitarafrétti, en innan sýslunnar, ber honum að vinna þar fjárskil af hendi fyrir þann fjárfjölda, er hann hefir á afréttinn rekið, eftir þeim reglum, sem þar gilda. Þó hefir hreppsnefnd þess hrepps, er hann býr í, rétt til þess að leggja á hann fjárskil í heimasveit sinni. Þó má samalögð tala fjárskiladagsverka hans ekki vera hlutfallslega hærri en annarra fjáreigenda í þeim hreppi, samkvæmt þeim reglum, sem þar gilda um niðurröðun fjárskiladagsverka.

Noti fjáreigandi afrétt utan sýslu og geri þar fjallskil, má gera honum fjárskil í heimasveitinni eftir sömu reglum og gilda hér að ofan.

#### 2. gr.

Fyrri málsgrein 16. gr., sem verður 17. gr., orðist þannig:

Nú á einhver að gera fjárskil í öðrum hreppi en hann er búsettur í. Skal hann þá um leið og hann rekur á afréttinn gefa hlutaðeigandi eiganda eða umráðamanni afréttarins upp fjártölu þá, er hann hefir þangað rekið, en umráðamanni afréttar er aftur á móti skylt að gefa hlutaðeigandi hreppsnefnd í tæka tíð sundurliðaða skýrslu um fjártölu þá, er á afréttinn var rekin.

#### 3. gr.

Fyrri málsgrein 18. gr., sem verður 19. gr., orðist svo:

Löggöngur skulu þrennar á hausti hverju. Fyrsti gangnadagur skal vera 20. september og skal síðan gengið með viku millibili. Oddviti sýslunefndar getur þó, eftir beiðni hreppsnefnda úr einum eða fleiri hreppum, ákveðið aðra gangnadaða fyrir viðkomandi hrepp eða hreppa, ef fullgildar ástæður liggja til.

#### 4. gr.

Við 20. gr., sem verður 21. gr., bætist svo hljóðandi viðauki:

Heimilt er þó hreppsnefnd að veita leyfi til þess að fjallsöfn séu rekin inn í heimaréttir til sundurdráttar í öðrum og þriðju göngum, ef hlutaðeigandi gangnaforingi samþykkir.

#### 5. gr.

24. gr., sem verður 25. gr., orðist svo:

Aðalréttir og aukaréttir skulu vera þær sömu og nú eru. Þyki þörf á því að fjölga réttum eða færa þær úr stað, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leggja það fyrir almennan sveitarfund og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum. Sé um aðalrétt að ræða, þarf samþykki sýslunefndarinnar til breytingarinnar.

Kostnaður við viðhald og byggingu skilarétta greiðist úr sveitarsjóði.

Skyldur er hver að leggja til land undir fjárrétt og hleðsluefni í hana, valdi það ekki skemmdum á yrktu landi. Samngjarna þóknun úr sveitarsjóði ber að greiða hlutaðeiganda fyrir jarðrask og átroðning eftir mati tveggja óvilhallra manna, er sýslumaður útnefndur, hafi samkomulag ekki náðst.

6. gr.

142

25. gr. falli niður.

12. ágúst

7. gr.

Síðari málsgrein 27. gr. orðist svo:

Enginn má reka burt úr rétt fyrr en úrtíningur er upp dreginn, nema fjárskilastjóri leyfi. Ekki má heldur hleyppa fé úr dilki fyrr en búíð er að kanna það af mönnum, er réttarstjóri kveður til þess.

Fjárskilastjóri hefir einn öll umráð á réttar- og dilkrúmi aðalréttardaga. Öll óhlýðni og þrjózka við fjallskilastjóra varðar sektum.

8. gr.

Fyrsta málsgrein 33. gr. orðist svo:

Viku eftir að löggöngum er lokið skal hver hreppsnefnd láta gera eftirleit á öllum afréttum hreppsins.

9. gr.

35. gr. orðist svo:

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna svo oft, sem þurfa þykir og útbýta henni eftir þörfum.

Þeir, sem flytja inn í sýsluna eða taka upp ný mörk milli þess sem markaskrá er prentuð, skulu auglýsa þau fyrir fjárskilastjórum.

Þeir, sem vanrækja að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við að farið verði með fé þeirra sem óskilafé.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. september 1940.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. ágúst 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

143

um breyting á reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík,  
nr. 101 23. september 1936.

13. ágúst

Samkvæmt lögum nr. 100 23. júní 1936, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Síðasta málsgrein 2. gr. reglugerðarinnar falli burt.

2. gr.

3. gr. verði svo hljóðandi:

Hverri kennsludeild skal skipta í kennslubekki, ef þörf krefur. Í hverjum kennslubekk mega að jafnaði ekki vera fleiri en 20 nemendur. Þetta ákvæði gildir þó eigi þegar fyrirlestrar eru fluttir.

Engin kennsludeild verður starfrækt með færri en 3 nemendum, nema leyfi atvinnumálaráðuneytisins komi til.

13. ágúst

9. gr. verði svo hljóðandi:

Aðgang að skólanum geta nýir nemendur ekki fengið eftir að kennsla er byrjuð. Þó má skólastjóri, þegar sérstaklega stendur á, veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Nú sannar umsækjandi með prófi, að hann hafi þá kunnáttu, sem fyrsti bekkur farmannadeildar veitir, og má þá setja hann í annan bekk hins meira fiskimannaprófs, eða í annan bekk farmannadeildar, eftir því sem við á.

Í janúarlok ár hvert, skulu nemendur í fyrstu bekkjum farmanna- og fiskimannadeilda ganga undir próf í íslenzku og stærðfræði. Próf þetta skal haldið af kennurum skólans, og þeir einir, sem það standast, verða fluttir í eldri deild að hausti. Þegar sérstaklega stendur á, og kennurum ber saman um að nemandi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólastjóri þó veitt honum undanþágu frá þessu prófi. Til að standast prófið, þarf einkunnina 4 í skriflegri stærðfræði og í íslenzkri ritæfingu, enda sé miðað við sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

13. ágúst

## REGLUGERÐ

### um eyðingu refa í Árnessýslu.

#### 1. gr.

Grenja skal leita á vori hverju, einu sinni eða oftár, ef þurfa þykir, bæði í afréttum og heimalöndum sýslunnar, er að afrétti liggja, eða svo nærri afrétti, að refa getur verið von. Sameiginlegur oddvitafundur Skeiða- og Flóahreppa sér um grenjaleitir á Skeiða- og Flóamannaafrétti. Geta þeir aðiljar kosið þrjá menn úr sínum hópi til að fara með þessu mál. Hreppsnefndir úr öðrum hreppum sjá um leitir á sínum afréttum og heimalöndum.

#### 2. gr.

Þeir, sem sjá um grenjaleitir samkvæmt 1. gr., skulu ráða grenjaskyttur til starfsins og leggja þeim til svo marga aðstoðarmenn sem þurfa þykir, og í samráði við þær.

#### 3. gr.

Finnist gren utan leitar, skal ekki yfirgefa það ef kostur er. En finni það einn maður, er honum skylt að forðast öll afskipti af því, en flýta för sinni til byggða og tilkynna skotmanni eða hreppsnefnd, sem sér um, að farið verði á grenið þegar í stað.

#### 4. gr.

Eitra skal fyrir refi að hausti og vetri, er henta þykir, bæði í heimalöndum og afrétti, þar sem þeirra er helzt von. Séu rjúpur eitradar, skal annar vængur þeirra stýfður um miðju, til auðkennis. En hirða ber að vori þær leifar, er eftir kunna að vera og grafa þær eða urða niður svo rækilega, að hundar eða aðrar skepnur nái ekki til þeirra. Þetta sé falið hinum trúverðugustu mönnum. Grenjaskyttur skulu hafa með sér eitir og eitra fyrir yrðlinga, ef þeir nást eigi á annan hátt.

## 5. gr.

Heimilt er þeim, sem sjá um refaveiðar samkvæmt 1. gr., að verja fé til tilrauna með refaveiðar á vetrum frá skothúsi eða með dýraboga eða á annan hátt.

144

13. ágúst

## 6. gr.

Gælumenn grenja, skotmenn og þeir, er grenja leita, skulu fá kaup eftir því sem um semur í hvert sinn. Auk dagpeninga fær skotmaður verðlaun, er greiðist úr sýslusjóði, 4 kr. fyrir fyrra dýrið, er við gren vinnst, en 12 kr. fyrir hið síðara, og 1 króna fyrir hvern yrðling. Fyrir hlaupadýr greiðist 15 kr. Skotmaður skal færa sönnur á, að hann hafi unnið til verðlaunanna.

## 7. gr.

Til grenjavinnslu má þá eina ráða, er kunna með skotvopn að fara, svo og önnur áhöld, sem við grenjavinnslu eru notuð. Skotmaður leggur sér til byssu og yrðlinga-söx, en þeir, er leitina kosta, leggja til dýraboga og útvega eitur og greiðist eitrið úr sýslusjóði. Skotmaður má ekki yfirgefa gren fyrr en eftir 7 dægur, nema alunnið sé. Verði þeir, er til grenjavinnslu eru ráðnir, uppvisir að því að vanrækja starf sitt, skulu þeir missa kaup sitt fyrir að liggja við það gren.

## 8. gr.

Öll dýr og yrðlingar, sem veidd eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru eign þeirra sveitafélaga, er veiðina kosta, nema öðruvísi um semjist.

## 9. gr.

Þeir, er sjá um refaveiðar samkv. 1. gr., láti semja skrá um öll þekkt gren í af-rétti og heimalöndum, gera lýsingu af þeim og tölusetja þau. Hvert gren skal merkja svo að auðfundið sé. Fjallkóngar brýni fyrir leitarmönnum að taka eftir nýjum grenjum og setja merki við, svo glögg, að auðfundin séu.

## 10. gr.

Kostnaður við refaveiðar greiðist úr fjallskila- eða sveitarsjóði þeirra sveitar-félaga, er refaveiðar annast samkv. 1. gr., nema eitur. En fari kostnaður einhvers sveitarfélags fram úr 6 kr. á hvern búanda í hreppnum, greiðir sýslusjóður helming af því, sem fram yfir er.

## 11. gr.

Skýrslur um refaveiðar skulu sendar sýslumanni fyrir febrúarlök ár hvert.

## 12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, 20 kr. til 5000 kr., er renni í sýslusjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

## 13. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Árnæssýslu um grenja-leitir og refaveiðar frá 5. nóv. 1914, svo og reglugerð um viðauka við hana frá 17. febrúar 1926.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Árnæssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, til þess að öðlast gildi 1. september 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

145  
27. ágúst

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Flateyrarkauptún.

### I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

#### 1. gr.

Flateyrarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Hólsnesi á Hvilftarströnd yfir fjörðinn í Ófæruklett innanverðan, og línu frá Flateyrarvita hornrétt á fyrrnefnda línu.

### II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

#### 2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Flateyrarkauptúns og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til leiðbeininga við innsiglinguna.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps kys þriggja manna hafnarnefnd til fjögurra ára í senn, og hefir hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

#### 3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim starfsreglur.

### III. KAFLI

Um almenna reglu.

#### 4. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

#### 5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum, sem þar eru framkvæmd.

## 6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Áliti hafnarnefnd, eða starfsmaður hennar, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarnefndar.

## 7. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þetta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarnefndar og með þeim skilmálum, sem hún ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarnefndar eða umsjónarmanns.

## 8. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina. Hafnarnefnd getur einnig bannað að kastað sé í höfnina fiskúrgangi hvers konar og öllu öðru, er óþrifum kann að valda.

Innan hafnartakmarkanna má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnar- og hreppsnefndar komi til.

## IV. KAFLI

## Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

## 9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo í höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að og frá. Skip eða bátar mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða aðrar festar, að tálmi umferð. Festar skipa má aldrei leggja yfir alfaraleið.

## 10. gr.

Skipum þeim og bátum, er liggja við sérstök legutæki á höfninni, má ekki leggja svo, að hindri eða tefji umferð um höfnina. Hafnarnefnd getur ákveðið, hvar og hvernig legutækjum skipa og báta skuli lagt.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri við að hlýða boðum hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur þá hafnarnefnd látið gera það á ábyrgð og kostnað eiganda.

## 11. gr.

Í sérhverju skipi (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.



145

27. ágúst

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða hafnarbakkanum. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast, að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bakka eða bryggju ef krafizt er.

12. gr.

13. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypta vatni á bryggjur eða hafnarbakka að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það, að álitum hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningskostnaðinum ef nauðsyn krefur.

## V. KAFLI

### Um notkun hafnarbryggjunnar.

15. gr.

Meðan hafnarnefnd ákveður ekki annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðnum ferðaáætlunum og flytja póst, hafa rétt til að fá afgreiðslu við bryggju, þótt önnur skip séu þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, sé þess krafist. Enn fremur er hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar heimilt að vísa skipum frá bryggjunni sé það álitum nauðsynlegt vegna veðurs.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á þjálka-brúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þess ekki gætt, getur hafnarnefnd eða starfsmenn hafnarinnar stöðvað verkið unz bætt hefir verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarnefnd eða umsjónarmaður vísar til.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu og affermingu, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notað hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarnefnd sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiðir allan kostnað, sem af því leiðir.

## 19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hún krefst þess.

145

27. ágúst

## VI. KAFLI

## Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

## 20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfnina skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp ef það sekkur eða láti sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskipis með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að eigi stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þó það sé mannaust, og er honum þá leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skyld er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Ljós skulu tendrast á skipum þessum, þegar hafnarnefnd krefst þess.

## 21. gr.

Meðan skip liggur mannaust á höfninni skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, er lagt er í lægi á höfninni.

## VII. KAFLI

## Um hafnargjöld.

## 22. gr.

Öll skip 12 smálestir brúttó og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Flateyrarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda og skip, er leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land. Hafnargjöld greiðist af nettó stærð skipa og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

## 23. gr.

- A) Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið eða skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, 25 aura af hverri smálest, þó ekki minna en 10 krónur á ári, með gjalddaga 1. júlí ár hvert.
- B) Fiskiskip greiða 4 aura af smálest hverri, þó ekki oftari en 5 sinnum á ári.
- C) Innlend strandferðaskip greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Flateyrarhöfn, 20 aura af smálest hverri í hafnargjald, en ekkert, þó þau komi aftur á því ári.
- D) Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, og hafa samband við land, greiða 4 aura af smálest hverri í hvert skipti, er þau koma á Flateyrarhöfn.

## 24. gr

Skip, sem lagt er við föst legutæki á höfninni greiða árlega fyrir það, sem hér segir:

- a. Ef þau eru skrásett í Flateyrarkauptúni og eru að öllu leyti eign manna búsettra við hafnarsvæðið, greiða opnir bátar 5 krónur, vélbátar með þilfari 10 krónur, en stærri skip 15 krónur. Gjaldalagi er 1. október ár hvert.
- b. Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

## VIII. KAFLI

## Um bryggjugjald.

## 25. gr.

## 1. Gjöld af bryggju hafnarsjóðs.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettó stærð skipsins talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hverjar 24 klukkustundir eða minna. Varðskip eru þó undanþegin bryggjugjaldi.

Gjöldin greiðast sem hér segir:

- a. Af farþega-, póst- og flutningaskipum: 6 aurar af nettó smálest skipsins.
  - b. Af togurum greiðast 25 krónur í hvert sinn, af línuveiðaskipum yfir 50 smálesta 15 krónur og af öðrum skipum yfir 25 smálesta 5 krónur.
  - c. Af öllum öðrum aðkomuskipum greiðast 7 aurar af nettó smálest skipsins, þó eigi minna en 2 krónur í hvert sinn, sé skipið 5 brúttó smálestir eða stærra, en 1 króna í hvert sinn af minni skipum.
  - d. Bátar heimilisfastir á Flateyri greiða: Bátar 5 smálesta, brúttó, eða stærri greiða 20 krónur á ári, bátar, sem eru minni en 5 brúttó smálestir greiða 5 krónur á ári. Gjaldalagi er 1. júlí ár hvert.
2. Gjald af bryggjum og geymsluskipum einstakra manna og félaga.

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, meðan þau stunda fiskveiðar frá Flateyri og leggja upp við bryggjur þeirra. Flutningaskip og önnur gjaldskyld skip, sem leggjast að slíkum bryggjum, greiða í hafnarsjóð hálf bryggjugjald það, sem tilgreint er í 1. tölul. þessarar greinar. Reglur þær, sem greinir í þessum tölulið, gilda einnig um skip þau, er liggja við geymsluskip.

## IX. KAFLI

## Um vörugjald.

## 26. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og af skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

## 27. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé það ákveðið samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert vörugjald.

## 28. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.
- b. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

## 29. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-einingu telst gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar ástæða til, getur hún hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hentugast þykir. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá.

145

27. ágúst

## 30. gr.

## Vörugjaldskrá.

Vörugjald skal greiða svo sem hér segir:

1. Kol, salt, sement, 15 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
2. Steinolía og aðrar oliur, 20 aura fyrir hvert fat.
3. Tómar tunnur, uppsettar og óuppsettar 2 aura fyrir hverja.
4. Timbur, 4 aura fyrir hvert teningsfet.
5. Þur bein, 15 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
6. Þur fiskur, 35 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
7. Saltfiskur, 25 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
8. Frystur fiskur, 40 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
9. Nýr fiskur, 10 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
10. Blaut bein, 4 aura fyrir hver 100 kg eða minna.
11. Kjöt, 75 aura fyrir hverja tunnu.
12. Síld, 25 aura fyrir hverja tunnu.
13. Ull, 50 aura fyrir hver 50 kg eða minna
14. Gærur, 7 aura fyrir hvert bindi (ca. 7 kg).
15. Hestar og nautgripir, 50 aura fyrir hvern grip.
16. Kindur, 15 aura fyrir hverja kind.
17. Bátar og bifreiðar, 200 aura fyrir hvern bát eða bifreið.
18. Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd: 40 aura fyrir hver 100 kg eða minna, þó 20 aura hvert einstakt stykki, ná það ekki 65 kg þunga.

## X. KAFLI

## Um ýms gjöld til hafnarinnar.

## 31. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 5 aura af hverri smálest af nettó stærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem eiga heima á Flateyri.

## 32. gr.

Fyrir geymsluskip, sem lögð eru í lægi á höfninni samkv. 20. gr., greiði eigandi 20 aura árgjald af hverri brúttó smálest.

## 33. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 2 aura fyrir hvert stykki allt að 100 kg, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir

145 hverjar 24 stundir eða brot úr þeim. Um gjald fyrir stærri stykki fer eftir sam-  
27. ágúst komulagi.

34. gr.

Fyrir kjölfestu, tekna á landi hafnarinnar, greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

## XI. KAFLI

### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

35. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

36. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu allra gjalda, sem innheimta skal samkvæmt reglugerð þessari. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipinu, unz gjöldin eru greidd. Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

37. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur um í 33. gr., greiði eigandi eða umboðsmaður hans og hefir hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslum. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldanna. Vörugjald fellur í gjalddaga við fermingu eða affermingu vörunnar.

38. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## XII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

39. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki viðkomið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupp-  
hæðinni verður ekki breytt meir en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjalds-  
upphæð.

Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

40. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglu-  
gerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

41. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýri-  
manni, ef skipstjóri er ekki í skipi. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa ein-

hverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði sjálfur fengið skipunina. 145  
27. ágúst

## 42. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

## 43. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

## 44. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett til að öðlast gildi 1. september 1940 og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Flateyrarkauptún frá 12. apríl 1933, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við reglugerð þessa.

Þetta birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. ágúst 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Vígfús Einarsson.*

## R E G L U G E R ð

146

27. ágúst

um breyting á reglugerð um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld,  
nr. 89 29. júní 1938.

## 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll matjessíld, sem út er flutt, skal vera söltuð í hreinar, lagarheldar, vel bentar og ógallaðar tunnur, er uppfylla þær kröfur, sem settar eru í lögum og reglugerð um síldartunnur. Undir matjessíld má ekki nota tunnur, sem í hefir verið saltað árið áður, en tunnur, sem hefir verið saltað í á sömu vertið, má nota, hafi þær verið vel þrifnar utan og innan og séu að öðru leyti góðar. Gamlar tunnur, þó ónotaðar séu, sem eru orðnar vatnssósa, eða tunnur úr efni, sem þækill getur seitleð gegnum, eru óhæfar umbúðir.

## 2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll matjessíld, sem út er flutt, skal merkjast eins og hér segir:

Á efri botn:

1. Efst á botninum beint eða í boga orðin „ISLAND MATJES“ með stafahæð 2,8 til 3 cm á  $\frac{1}{4}$  tunnu og 2,5 cm á  $\frac{1}{2}$  tunnu.
2. Þar fyrir neðan skal, ef síldin er flokkuð eftir stærð, merkja með orðum, er tákna stærðarflokkinn.
  - I. EXTRT LARGE, II. LARGE, III. MEDIUM, allt í 2 cm stafahæð á  $\frac{1}{4}$  tunnu og 1,8 cm á  $\frac{1}{2}$  tunnu. Leyfilegt er að merkja tunnur, er ætlaðar eru til sölu í Evrópu með framan greindum merkjum, á máli þess lands, er varan er ætluð til.
3. Þar fyrir neðan merkist vörumerki saltandans (söltunarstöðvar) eða fullt nafn hans.

Vörumerkið má vera greinilegt fangamark eða mynd og fangamark. Vörumerkinu er ætlaður staður á bilinu frá  $\frac{1}{4}$  af hæð botnsins og upp að  $\frac{3}{4}$  af hæðinni, talið neðan frá.

4. Fyrir neðan vörumerkið merkist í beinni línu tölustafir, er tákni söltunartölu og mánaðardag þann, er síldin er söltuð, t. d. ef 12. söltun fer fram 18. ágúst, merkist þannig: 12—18—8.

Söltunartölu og mánaðardag skal ávallt merkja áður eða um leið og tunn-um er lokað við fyrstu söltun.

5. Neðst á botninn komi í boga nafn verstöðvarinnar, svo sem SIGLUFJÖRÐUR, HRÍSEY o. s. frv.
6. Á tunnur, sem senda á til Bandaríkja Ameríku, skal merkja þannig:  
„Matjes herring cured in salt brine. Siglufjörður“, (eða önnur verstöð, þar sem síldin er söltuð), „Iceland“.

Þessi framangreind orð séu merkt í boga yzt á botninum og sé nafn verstöðvarinnar og landsins sett neðst í hringnum.

Efst á botninum, innan í framangreindum bókstafahring, séu merktir í beinni línu stærðarflokkar, samanber 2. tölulið hér að ofan. Þar fyrir neðan orðin „Packed by“, í beinni línu. Þar fyrir neðan fullt nafn saltandans eða firmanafn hans, í einni eða tveim línunum, eftir því sem fyrir verður komið. Þar fyrir neðan vörumerki saltandans, og neðst söltunartala og dagsetning, sbr. 4. tölul.

Stærð vörumerkis skal miða við rúm það á botninum, er afgangs verður, þegar öllum hér upp töldum orðum hefir verið ætlað svo stórt rúm, að þau séu greinileg og læsileg.

Skokzverkaða síld frá Faxaflóa skal merkja með orðinu „FAXA“ í stað „Matjes“, en að öðru leyti eins og að ofan greinir.

Um stærð og gerð stafa og merkja á tunnur, sem sendar eru til Bandaríkjanna og hér er ekki fram tekið, skal í hvert sinn fara eftir leiðbeiningum síldarmatsstjóra.

#### Á neðri botn:

Á þeirri síld, sem flutt er til Norðurlanda og Mið-Evrópu skal merkja sem hér segir:

1. Þríhyrningur, lengd grunnlínu 28 cm og hæð 14 cm ( $\frac{1}{2}$  tunnu 24—12 cm). Innan í þríhyrningnum stafirnir S I M með stafahæð S og M 5 cm, en I 6,5 cm ( $\frac{1}{2}$  tn. S og M 4 cm I 5,8). Breidd strikanna, er marka þríhyrninginn 1 cm (á  $\frac{1}{2}$  tn.  $\frac{1}{2}$  cm).
2. Þar fyrir neðan orðin: ISLAND MATJES, í einni línu, stafahæð 4,2 cm ( $\frac{1}{2}$  tunnu 3 cm).
3. Þar fyrir neðan orðið: ORIGINAL. Stafahæð 2,6 cm.
4. Þar fyrir neðan orðið: LANDSALZUNG. Stafahæð 2,6 cm ( $\frac{1}{2}$  tunnu 2 cm).

Á síld, sem flutt er til Ameríku, merkist á neðri botn:

Efst á botninn: Merki það, er Síldarútsvegsnefnd hefir látið löggilda fyrir Amerikusíld, eða önnur merki, er seljendur telja hentugt eða nauðsynlegt til aðgreiningar. Þar undir í tveimur línunum orðin: NORTHERN ICELAND CURED HERRING, með stafahæð 2 cm á  $\frac{1}{4}$  tn., en 1,7 cm á  $\frac{1}{2}$  tn. Neðst á botninn á að merkja í tveim línunum: PRODUCE OF ICELAND, net weight 250 lbs. á  $\frac{1}{4}$  tn. og 125 lbs. á  $\frac{1}{2}$  tn. Stafahæð á  $\frac{1}{4}$  tn. 2 cm, á  $\frac{1}{2}$  tn. 1,7 cm. Milli linanna CURED HERRING og PRODUCE OF ICELAND er autt bil 8 cm breitt á  $\frac{1}{4}$  tunnu, en 6,5 cm á  $\frac{1}{2}$  tunnu. Bil þetta er ætlast til að matsmenn noti fyrir gæðaflokka- og aðra matsstimpla.

Auk þeirra merkja, sem að framan eru talin, skulu matsmenn brennimerkja allar tunnur, er þeir telja til þess hæfar, sbr. 3. gr., með upprunamerkjunum

„BRANDED IN ICELAND“ eða „IN ISLAND EINGEBRANNT“, ásamt ártölum, og 146  
 auk þess, ef kaupandi eða útflytjandi óskar eftir, með gæðaflokksmerkjum. Skulu 27. ágúst  
 gæðaflokksmerkin vera eins og hér er sýnt, og á að merkja þau á sponsstafinn, ofan  
 til við neðri gjörð tunnanna.

### 3. gr.

3. gr. orðist þannig:

Matjessild skal merkja til þriggja gæðaflokka eins og hér segir:

A. Afbragðsflokkur, merki SUN.

I. Góð, jöfn ágúst-sild, merki SIM.

II. Snemmveidd, en góð júlísild, og sild síðar veidd, en blönduð að gæðum,  
 merki NORTHERN LIGHT.

Merki SUN. Til þessa flokks má eingöngu telja sild af heztu tegund og jafna  
 að gæðum, sem er blæfalleg, fallega löguð, þykk, feit og bragðgóð, hvít á fiskinn,  
 með heilan, óskemmdan kvið, rétt og þétt raðað, vandlega hreinsuð og vel unnin  
 að öllu leyti, hæfilega og jafnt áþökkuð og með upprunalegum blóðþækli laus  
 við súr, sætu og þráa og aðrar skemmdir, og hafa útlit fyrir að vera haldgóð, með  
 þækilstyrkleika 18—20° fullsöltuð, þækilstyrkleiki seinveiddrar síldar má vera allt  
 að 23°.

Merki SIM. Til þessa flokks skal telja ágúst-sild og síðar veidda, sem þótt hún  
 ekki geti talizt til SUN-flokks, vegna þess að hún er að einhverju leyti blönduð illa  
 löguðum síldum, verður að vera feit og bragðgóð, og yfirleitt fallega löguð og jöfn  
 að stærð og gæðum, án áberandi rýrra og lítilla sílda, laus við horsild og að öllu  
 leyti vel verkuð og óskemmd. Í hverri tunnu, sem tekin er til skoðunar af SIM-  
 flokki, mega ekki vera fleiri síldar en 5% samanlagt þannig gallaðar, að ætla má  
 að þær séu verðminni eða áberandi rýrar eða smáar. Til SIM-flokks skal að öllu  
 öðru leyti en tegundargæða gera sömu kröfu og til SUN-flokks.

Merki NORTHERN LIGHT. Til þess flokks skal meta hina venjulegu júlí-sild,  
 þer þó frekar að miða við síldargæðin en tímabilið, sem síldin er veidd á. Hér er  
 átt við síld, sem ekki er vel löguð, og fitan ekki orðin vel föst í fiskinum. Síldin á  
 þó að vera feit og bragðgóð og má ekki vera blönduð nýhrygndum síldum eða hor-  
 síldum. Til þessa merkis skal líka telja ágúst-sild, eða seinna veidda síld, sem er  
 blönduð áberandi rýrum eða smáum síldum, eða ekki er yfirleitt nógu feit til að  
 geta talizt til merkjanna SUN og SIM.

Í hverri tunnu, sem tekin er til skoðunar, mega ekki vera í flokknum  
 NORTHERN LIGHT fleiri áberandi rýrar eða smáar, eða á annan hátt gallaðar  
 síldar, en 20% samanlagt.

Til NORTHERN LIGHT skal telja alla síld, þótt annars hefði lent í betri gæða-  
 flokki, ef hún hefir misst upprunalegan blóðþækil, eða hefir glæran þækil eða  
 óhreinan, eða er áberandi illa unnin, eða er óþrifaleg, en er þó að öðru leyti góð  
 og óskemmd vara.

Að öðru leyti en hér er fram tekið, skal gera sömu kröfur til NORTHERN  
 LIGHT og SIM.

Nú er síld svo blönduð áberandi rýrum síldum eða smáum eða gölluðum,  
 að meiru nemi en 20%, og skal þá ekki brennimerkja þær tunnur eða aðrar með  
 sömu söltunartölu, hvorki með upprunamerki eða gæðaflokksmerki, en gefa má  
 um hana matsvottorð, þar sem þess er getið, að hún sé óskemmd vara.

### 4. gr.

Aftan við 4. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ef síld er umpökkuð, skal merkja þær tunnur á efri enda með orðunum  
 „REPACKED“ eða „UMGEPACKT“.



8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Áður en mat fer fram skal sildin vera komin í öruggt ástand, þ. e. gegnsölt og útséð um, að hún skemmist ekki vegna saltleysis.

Matið skal að jafnaði framkvæmt rétt áður en útskipun fer fram, eða eins skömmum tíma áður og við verður komið. Ef útskipun dregst lengur en ráð var fyrir gert, skal matsmaður fullvissa sig um, að sildin á þeim tíma hafi ekki orðið fyrir skemmdum eða breytt, svo að varan sé í ósamræmi við áður gefið skoðunarvottorð. Skulu útflytjendur þegar þannig stendur á tilkynna matsmanni með hæfilegum fyrirvara, hvenær flytja eigi sildina út.

Matsvottorð skulu útgefin af matsmanni og samþykkt af matsstjóra. Ef matsstjóri getur ekki vegna fjarveru samþykkt matsvottorð, má hann fela matsmanni að gefa út og afhenda fullkomið matsvottorð.

Sild sú, er meta skal samkvæmt skoðunarbeiðni, skal vera aðskilin frá annari sild og raðað þannig, að matsmaðurinn geti fengið glöggt yfirlit yfir það, er meta á, og komist hindrunarlaust að hvaða tunnu sem er.

Raða skal hverri söltun sér, og ef flokkað er í stærðir, þá hverjum stærðarflokki sér.

Saltandi skal hafa til taks, þegar mat fer fram, nægilegt aðstoðarfólk og nauðsynleg áhöld, eftir því sem matsmaður telur þurfa. Skal saltandi sjá um, að matsmaður geti óhindraður og óáreittur framkvæmt starf sitt, og bægja frá öllu óviðkomandi fólki.

Þegar að loknu mati skal matsmaður afhenda skoðunarbeiðanda viðurkenningu um, að matið hafi farið fram, og um úrslit þess.

Fullkomið matsvottorð skal, nema sérstaklega standi á, ekki afhendast fyrir en við útskipun sildarinnar.

Matsvottorð afhendist útflytjanda gegn yfirlýsingu um, að þau verði látin fylgja hinni metnu sild, til viðtakanda ytra.

9. gr. orðist þannig:

Matið fer þannig fram, að opna skal 15% af þeim tunnnum, sem meta á, og skulu þær teknar á við og dreif. Matsmaður lætur tæma alveg 2% og velur til þess tunnur, sem hann álitur að sé helzt galla von í.

Síðan skoðar hann að minnsta kosti 3% af tunnunum með því að tæma þær til hálf, og síðar skoðar hann 10% á þann hátt, sem honum þykir við þurfa til að geta fellt öruggan dóm um sildina.

Þetta eru lágmarkskröfur við skoðun, ef gæði og ásigkomulag sildarinnar bendir á að um tvo flokka geti verið að ræða. Ef einsýnt þykir hvaða gæðaflokki sildin tilheyri, þarf ekki að tæma eins margar tunnur og að framan segir. Ef tunnur eru tæmdar aðeins til hálf, eða að nokkru leyti, skal ýmist skoða í efri eða neðri enda tunnanna.

Ef einhverjir gallar, sem bægja sild frá matsvottorði, koma í ljós við skoðun, en sem hægt er að ganga úr skugga um með því að opna allar tunnur, sem hafa sömu söltunartölu, t. d. þrái, misjöfn pökkun og því um líkt, getur saltandi krafizt að matsmaður skoði allar tunnurnar og eftir að hinar gölluðu tunnur eru frá teknar, fengið merkingu og matsvottorð fyrir þær ógölluðu.

Matsmenn skulu gæta þess að vandlega sé lagfært það, sem raskast hefir í tunnunum við skoðunina. Ef mikið hefir þurft að hreyfa sildina við skoðun, skulu matsmenn taka tillit til þess við ákvörðun í gæðaflokka, eins og um umpakkaða sild væri að ræða. Heimilt er að taka aukagjald fyrir skoðun og merkingu, ef saltandi vanrækir undirbúning undir skoðun eða merkingu, eða á annan hátt brýtur í bág við

reglugerð þessa, þannig að skoðun, merking eða eftirlit matsmanna þess vegna tekur 146 óeðlilega langan tíma. Saltendum skal í hvert sinn tilkynnt hve miklu þetta auka- 27. ágúst gjald nemur, og annast Sildarmat ríkisins innheimtu þess.

7. gr.

Á eftir 16. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, svo hljóðandi:

Sildarmatsstjóri skal gera sér far um að kynna útlendum kaupendum gæða- flokkun sildarmatsins, meðal annars með því að útbýta lögum og reglugerð um sildar- mat, sem í þessu skyni skulu þýdd á helztu tungumál kaupendanna.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftir- breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 197 25. október 1939.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. ágúst 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

## BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

fyrir notkun rafmagns í Ólafsfjarðarkauptúni.

147

28. ágúst

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa um mæli er fyrst um sinn kr. 1.10 fyrir hverja kíló- wattstund. Þó skal vera lágmarksgjald fyrir ljósatímann yfir veturinn, kr. 7.50 fyrir hvert íbúðarherbergi eða eldhús, sem notar raforku.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjald þetta um allt að 20%, eftir því sem þarf, til þess að rekstur stöðvarinnar beri sig.

Hreppsnefnd ákveður verð á rafmagni til gatna- og hafnarlýsingar og til hleðslu rafgeyma fyrir útvarpstæki. Verð á raforku til ljóslækninga ákveðst með samn- ingi.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að rafmagn handa sjóhúsum og peningshúsum skuli selt herra verði en rafmagn til annara ljósa.

Óski einhver að stöðin sé rekin utan venjulegs ljósatíma skal hann greiða kr. 5.00 aukagjald fyrir hverja klukkustund, sem vélar stöðvarinnar eru í gangi þess vegna.

Mælisleiga er kr. 5.00 fyrir ljósatímabilið og greiðist hún með fyrsta mánaðar- gjaldinu á hverju ljósatímabili.

2. gr.

Gjald fyrir rafmagn um mæli greiðist mánaðarlega um leið og lesið er af mælinum.

Sé gjaldið fyrir rafmagn eigi greitt innan viku frá gjalddaga, má slíta sam- bandi við hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyrr en þrem dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis er afhent honum, eða afhent í húsnæði því, sem lögnin er í.

3. gr.

Nú verður uppvíst að einhver notar rafmagn utan mælis eða notar óleyfileg vör og skal þá tafarlaust lokað fyrir strauminn til þess notanda. Skal hreppsnefnd þá áætla raforkunotkun hans og verður ekki opnað aftur fyrir strauminn fyrr en notandinn hefir greitt þrefalt gjaldskrárgjald fyrir hina áætluðu raforkunotkun.

Gjöld öll fyrir raforku má taka lögtaki.

5. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Verð á rafmagni til almenningsnota í Siglufjarðarkaupstað er sem hér segir:  
Til ljósa 100 aura fyrir kwst.  
Til suðu 15 aura fyrir kwst.  
Til orku 50 aura fyrir kwst.

2. gr.

Rafmagn er Siglufjarðarkaupstaður notar sjálfur til götulýsingar og til eiginþarfa yfirleitt, skal greiðast með 30 aur. hver kwst.

3. gr.

Verðákvæði 1. og 2. gr. getur h.f. Skeiðsfoss með samþykki bæjarstjórnar hækkað eða lækkað um allt að 20%, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

4. gr.

Þegar um sölu á rafmagni til fyrirtækja er að ræða, sem nota 50 HA eða meira, verður gerður sérstakur samningur í hvert sinn.

5. gr.

Gjald fyrir rafmagn fellur í gjalddaga þegar er lesið hefir verið af og reikningur afhentur.

Rafmagnsgjöld má taka lögtaki.

6. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Gjaldskrá 25. nóvember 1922 um notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað með síðar áorðnum breytingum er úr gildi fallin.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*

# LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Dalasýslu.

149

28. ágúst

## I. KAFLI

### Um reglur og velsæmi á almannafæri.

#### 1. gr.

Á almannafæri mega uppbot, óspektir og ölaðislæti ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem: leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

#### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa, eða annara samkomuhúsa, eða annars staðar þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

#### 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjar reglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

#### 4. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbúendur.

#### 5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum, eða þar sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

#### 6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skambyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi, né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimnum efnum eða sprengiefnum og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjóköglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmir verkið og þer hæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.

Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar þar, sem hætta stafar af.

Í aðalkaupþíðum haust og vor er algerlega bannað að skjóta fugla í kaupþúnunum, svo og í fjörunni framundan þeim.

149

28. ágúst

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímu-dansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennt reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum, eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

7. gr.

Druknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum öläðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt og má setja þá í varðhald ef þörf krefur, og skulu þeir enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

8. gr.

Druknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum öläðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt og má setja þá í varðhald ef þörf krefur, og skulu þeir enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kaптúnanna eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfnum að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hlutaðeigandi hreppsjóður á aðgang að hinum seka.

## II. KAFLI

### Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum þar, sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

13. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig að opið viti upp. Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotið af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búð, að engin hætta geti stafað af.

14. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kaптúnanna, eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalda. Fáist slíkt leyfi skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka

verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur, á kostnað þess, er verkið átti 149 að framkvæma. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi við alfaravegi eftir að 28. ágúst dimmt er orðið.

## 15. gr

Hvarvetna þar, sem girðingarhlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo hátt sé undir, að öruggt sé að riðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingahlið á vegum og girðingar meðfram vegum skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

## III. KAFLI

## Umferð um vegi.

## 16. gr.

Þeir, sem riða eða aka á almannafæri, skul gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður, eða annar vel hæfur maður, gæti hestsins.

## 17. gr

Það er með öllu bannað að riða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum, eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafi fullan þrótt.

## 18. gr.

Riðandi mönnum, lestimönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum og bifreiðum er þeir mæta, ef vagninn eða bifreiðin kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

## 19. gr

Það er bannað að riða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim ef unnt er eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

## 20. gr.

Slökkviliðið er undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því, svo fljótt sem auðið er. Sama gildir um sjúkragagna.

## 21. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað þar, sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar til hinir komast fram hjá henni.

## 22. gr

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í bifreiðum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

## 23. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20

- 149 km hraða þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni  
28. ágúst eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan kílómetra í einu.

## 24. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, svo bifreiðin geti komist fram hjá.

## 25. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru, eða settar verða, samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

## 26. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera hjalla, sem gefur hvellt hljóð, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólunum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð er þeir eru á ferð, frá því er skyggja tekur að kveldi og þar til hjart er orðið að morgni.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim sem slasast hefir, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem er yngri en 14 ára.

## 27. gr.

Á götum kaupúnanna má ökuhraði á hjólum ekki vera meiri en 18 km á klukkustund. Sé for eða bleyta á götunni, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur né á gangstéttir.

## IV. KAFLI

## Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

## 28. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta og slátrunarstaða, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Dalasýslu frá 17. ágúst 1923 og breytinga við hana frá 12. maí 1930 og 4. júní 1934 eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, nautpenings, hrossa og annara gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnnum, ökrum og matjurtagörðum annara. Umráðamaður peningsins bæti skaðann ásamt áföllnum kostnaði. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða búfé, eða elta stjórnlaust skepnur í högum, eru rétttrápir hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða

umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum eða köttum, ef enginn vill hirða þá. 149 28. ágúst

Skylt er mönnum að sjá um, að hundar fylgi þeim hvorki til kirkju né til heimila þar, sem jarðarfararathöfn fer fram, eða samkomustaða annara en fjár- rétta og þess háttar.

## V. KAFLI

### Um friðun almenningseigna o. fl.

#### 29. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um viðvarpsútbúnað einstakra manna

#### 30. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

#### 31. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, tünnum, engjum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla og hvergi skilja eftir opið hlið, sem lokað verður.

#### 32. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað án leyfis landráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit og berjatöku til neyzlu á staðnum um stundarsakir á óræktuðu landi meðan á áningu eða hvíld stendur.

#### 33. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvilíku áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gróf eða gjótu eða flytja það burtu.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt.

## VI. KAFLI

### Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

#### 34. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lög-



149 reglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veit-  
28. ágúst ingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

35. gr.

Á almennum veitinga- og samkomustöðum og í réttum má enginn hafa í frammi óþarfa hávaða eða ósæmilega hegðun og er húsráðanda, forstöðunefnd eða réttarstjóra skylt að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að afstýra því að nokkuð það fari fram á þessum stöðum, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

36. gr

Þeir, sem hafa á hendi gistihúshald, eða fengið hafa leyfi til veitinga almennt, skulu hafa lokað kl. 11½ á kvöldin og gestir, sem hafa þar ekki næturstað, skulu vera farnir burtu kl. 12. Þó getur lögreglustjóri framlengt tímann í einstökum tilfellum þegar sérstaklega stendur á.

37. gr.

Eigi má halda fleiri almennar dans- og skemmtisamkomur, sem aðgangur er seldur að í hverjum hreppi sýslunnar á ári, en sex. Þó getur sýslunefnd ákveðið lægri tölu um eitt ár í senn. Skal þeim samkomum, sem haldnar eru frá 1. júlí til 15. september, slitið eigi síðar en kl. 11 að kvöldi, ef virkur dagur fer í hönd, en á öðrum tíma árs eigi síðar en kl. 3 að nóttu, nema hreppstjóri telji ófært veður.

38. gr.

Enginn má halda opinberar samkomur nema með leyfi hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem samkoman skal haldast. Skal hreppstjóri hlutast til um að skipta leyfðum samkomum sem jafnast niður á starfandi félög í hreppnum. Leyfi fyrir almennar héraðssamkomur, svo og til hlutaveltu, skulu veitt af lögreglustjóra. Forstöðunefnd samkomu skal gæta þess, að hún komi eigi í bága við almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Umsóknir og leyfi skulu jafnan skrifleg vera.

39. gr.

Hreppstjóra er skylt, ef þess er æskt skriflega af áfengisvarnanefnd eða öðrum hreppsþúum, að vera sjálfur — eða hafa fulltrúa — á hverri opinberri skemmtisamkomu í hreppnum og gæta þar reglu. Skal forstöðunefnd skemmtunar greiða honum kr. 2.00 fyrir hverja klukkustund, þó ekki yfir kr. 14.00 fyrir eina samkomu. Fari nokkuð það fram á samkomu, sem brýtur í bága við reglu eða velsæmi, er hreppstjóra heimilt að láta slíta samkomunni. Ákvæði þessarar greinar gilda um lögreglustjóra þegar um héraðsmót er að ræða.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

40. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af ónæðinu.

41. gr.

Þegar skemmtanir eru haldnar innanhúss, að kvöldi dags og fram á nótt, skulu forstöðumenn skemmtananna gæta þess eftir föngum, að ekki stafi brunahætta af eldfærum þeim, sem notuð eru í húsinu. Banna má reykingar í samkomusal.

## VII. KAFLI

## Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

149

28. ágúst

## 42. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum, að nokkur hætta sé á að neyzluvatn saurgist af.

## 43. gr.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim, og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur. Skylt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús innan kaupfélanna og á hverju býli í sveitum, enn fremur skal skytt að hafa salerni við hvert samkomu- og verzlunarhús, sem gestum er heimill aðgangur að.

Vanræksla ákvæða þessarar málsgreinar, að því er snertir sveitabýli, varðar ekki sektum, ef fyrir máli hennar eru komin til framkvæmda innan tveggja ára frá gildistöku samþykktarinnar.

## 44. gr.

For, slor og annað þvilíkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

## 45. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki á blóðvöllinn og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll þegar slátrað er sauðfénaði.

Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

## 46. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmeið og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellinginum ílát, með loki, undir sulli og innanmeið. Að lokinni hverri slátrun skal annaðhvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau minnst fullan metra í jörð niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

## 47. gr.

Heilbrigðisnefndir, þar sem þær eru, hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

149  
28. ágúst

VIII. KAFLI  
Um brunamál og eldsvoða.

48. gr.

Að því er snertir eldstæði skal fara eftir gildandi lögum og reglum.

49. gr.

Enginn má kveikja í sinu nema fyrri hluta dags og með samþykki þeirra, sem hlut geta átt að máli.

IX. KAFLI  
Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

50. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Dalasýslu.

51. gr.

Hreppstjórar skulu hver í sínum hreppi hafa gætur á að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppsjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

X. KAFLI  
Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

52. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

53. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefir maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

54. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari, eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

55. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefir verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann **149**  
úr sýslusjóði. 28. ágúst

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. ágúst 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## G J A L D S K R Á

**150**

fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

31. ágúst

### 1. gr.

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

- a) Um hemil fyrir kr. 150.00 hvert kílóvatt um árið.  
Rafveitan selur eigi minna afl um hemil en  $\frac{1}{2}$  kílóvatt.
- b) Um mæla, þar sem hver tetgund notkunar er mæld sérstaklega:
 

1. Til ljósa .....	fyrir 55 aura hver kwst.
2. — næstu 44xh kwst. á hverjum mánuði greiðist 8 aurar fyrir hverja kwst.	
3. — herbergjahitunar .....	— $3\frac{1}{2}$ — — —
4. — vélareksturs og iðnaðar .....	— 17 — — —
- c) Um mæli til heimilisnotkunar (ljós, suðu, herbergishitunar í íbúðum) mæld um einn mæli:
  1. Fyrir fyrstu 6xh kwst. á hverjum mánuði greiðist 55 aurar fyrir hverja kwst.
  2. — næstu 44xh kwst. á hverjum mánuði greiðist 8 aurar fyrir hverja kwst.
  3. — það, sem notað er þar fram yfir, greiðist  $3\frac{1}{2}$  aurar fyrir hverja kwst.  
Merkir þá h fjölda íbúðarherbergja.
- d) Þeir notendur, sem festa kaup á 20 kw a. m. k. til heils árs skulu geta fengið það afl, er þeir nota fram yfir fastaafli, gegn kwst.gjaldi:
  1. Til iðnaðar eða vélareksturs fyrir  $9\frac{1}{2}$  aura hverja kwst.
  2. — upphitunar húsa eftir sérstökum samningi, þar sem tekið er tillit til þess á hvaða tíma dags orkan er notuð.
- e) Um sérstaka notkun, sem ekki fellur undir lið a—d, fer eftir samningi milli rafveitustjórnar og hlutaðeiganda. Gjöld þessi má hækka og lækka um 10% ef yfirstjórn samþykkir.

### 2. gr.

Fyrir leigu á mælitækjum skulu rafnotendur greiða:

1. Fyrir hemil kr. 1.50 fyrir hvern ársfjórðung.
2. — venjulegan tvífasa mæli 50 aura á mánuði.
3. — samsett mælitæki kr. 1.00 á mánuði.

### 3. gr.

Heimtaugagjald skal hver húseigandi eða húsráðandi greiða í eitt skipti fyrir öll, er hann fær lagða heimtaug að húsum sínum.

- 150 Upphæð heimtaugagjalds miðast við fasteignamat hússins eða húsanna, sem orku  
31. ágúst fá úr heimtaug, og skal vera 1% af því og innheimtast ársfjórðungslega á 2 árum með  $\frac{1}{8}$  í hvert sinn.

## 4. gr.

Fast árgjald skal goldið fyrirfram að fjórðaparti í senn, fyrir hvern ársfjórðung, og er gjalddagi 2. jan., 1. apríl, 1. júlí og 1. október.

Gjald eftir tölu kílóvattstunda skal greitt mánaðarlega eftir á, undir eins og krafist er.

Þó skal gjald eftir tölu kílóvattstunda samkv. d-lið 1. gr., greitt eftir á við lok hvers ársfjórðungs.

## 5. gr.

Gjald fyrir raforku má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. október 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu frá 22. febrúar 1934.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

151

31. ágúst

## REGLUGERÐ

fyrir Austur-Skaftafellssýslu, um fjallskil, meðferð á óskilafé, refaveiðar o. fl.

### I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

## 1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum frá 31. maí 1927 hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

### II. KAFLI

Um upprekstur.

## 2. gr.

Allir þeir, er afrétt eiga eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til upprekstrar fyrir fé sitt. Þar, sem engan afrétt er hægt að fá, má nota heimalönd til sumarbeitar.

Þar, sem tveir eða fleiri menn eiga eða hafa afgirt sameiginlegt beitiland, getur annar eða einn ekki tekið gripi til beitar af öðrum, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeiganda. Geti einhver í sameignarlandi afstaðið beit eða beitiland, er honum skylt að bjóða meðeigendum sínum fyrst afnot af beitilandinu, áður en hann gefur það falt við aðra.

Ef enginn af meðeigndum hans þarf landsins með, má hann taka gripi af öðrum að því leyti, sem hann hefir þá færri í beitilandinu en meðeigendur hans, samanborið við landstærð hvers þeirra. En þess skal þó gætt, að heimahögum sé ekki íþyngt um of.

Í ógirt samliggjandi beitolönd og afréttarlönd má ekki taka inn gripi, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeigenda. 151

Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í afréttarlönd, þar sem því verður við komið. 31. ágúst

### 3. gr.

Hreppsnefnd hefir vald til að segja fyrir, hvernig haga skuli rekstrum í afrett, og um að reka það fé aftur til afréttar, sem fram rennur að sumrinu.

## III. KAFLI

### Um lögsöfn.

#### 4. gr.

Þrjú skulu lögsöfn hvert haust. Ákveður hreppsnefnd hvenær þau skuli fram fara. Ef veður bannar safn eða ónýtir á réttum safndögum, skal taka næsta dag, er veður leyfir.

Fjórða lögsafn mega hreppsnefndirnar fyrirskipa, ef þurfa þykir. Enginn fjáreigandi, sem fjallskil á að gera, getur skorazt undan að inna þau af hendi, eftir ákvörðun hreppsnefndar.

#### 5. gr.

Allir búendur, húsmenn og lausamenn, sem hafa til umráða 10 sauðkindur að lömbum meðtöldum, skulu skyldir að leggja til lögsafna, eftir því sem hreppsnefnd fyrirskipar. Heimilt skal hreppsnefnd að jafna niður fjallskilum á þann hátt að leggja tíma þann, er venjulega gengur til lögsafna, niður í dagsverk, og jafna síðan niður á fjáreigendur í réttu hlutfalli við fjártölu hvers eins, að undanskildum málnytupeningi, og eftir þörfum, svo fjárheimtum verði fullnægt svo vel sem unnt er. Rétt er, eftir því sem við verður komið, að hver leggi þangað til safns, er hann á helzt fjárvon.

Aðfinningar við niðurlögnun fjallskila skal bera upp bréflega fyrir oddvita hreppsnefndarinnar áður en fjallskilum er lokið, og fer um þær eftir sömu reglum og gefnar eru í 15. gr. sveitarstjórnarlaga frá 31. maí 1927.

#### 6. gr.

Hreppsnefndir boði með fjallskilaseðli, með nægilegum fyrirvara, fyrsta lögsafn, hvernig leitum skuli haga og hverjir skuli fara í utansveitarréttir.

#### 7. gr.

Hreppsnefndinni ber að ráða umsjónarmann einn eða fleiri við afréttarsmölun (fjallkóng), hefir hann eða þeir öll ráð og fyrirsögn á hendi á afréttinum, skipar í leitir, og ræður sérhverju öðru, er við kemur smöluninni, allt þangað til safnið er komið til lögréttar, og er leitarmönnum skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur. Einnig skal hann sjá um, að leitin gangi eigi inn í annara afrétt. Allar leitir fari samhliða fram, svo að eigi leynist eða renni fé á milli.

#### 8. gr.

Sérhver leitarmaður skal vera með fullri greind og heilsu, og forsvaranlega útbúinn að hestum, nesti, fötum, skóleðri og tjaldrúmi. Hreppsnefndin skal haga svo til, að hinir marklöggestu sem völ er á, séu sendir í utansveitarréttir.

#### 9. gr.

Ef fjallkóngur, með 2 tilkvöddum leitarböndum, sem bezt eru til fallnir, gerir einhvern leitarman afturreka fyrir einhvern brest á því, sem áður er talið, eða

- 151 fyrir óhlýðni, ber að álíta sem hlutaðeigandi búandi hafi engin fjallskil gert, en  
31. ágúst skjóta má hann úrskurði fjallkónsins til hlutaðeigandi hreppsnefndar til endan-  
legra úrslita.

## 10. gr.

Haga skal fjallgöngum, þar sem því verður við komið, svo eigi verði misgöngur hreppa á milli. Skulu hreppsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, koma sér saman um, hvernig því verði hagað.

Hver búandi er skyldur að safna heimaland ábýlisjarðar sinnar, ef það er eigi stærra en svo, að það sé notað fyrir búsmala frá heimili manns, og reka skilvíslega til rétta allan þann fénað, sem þar finnst og hann á ekki sjálfur, eftir nánari ráðstöfun hreppsnefndarinnar.

## IV. KAFLI

## Um réttir.

## 11. gr.

Lögréttir og aukaréttir skulu vera í hverjum hreppi, þar sem verið hafa eða hreppsnefnd ákveður með ráði búenda. Þær réttir skulu byggja og þeim viðhalda þeir hreppsþúar, sem þær nota helzt og þeim eru næstir, eftir fyrirmælum hreppsnefndar. Þegar lögrétt eða aukarétt skal byggja eða bæta, kveður hreppsnefnd með seðli til þeirra starfa þá menn, sem þeirri rétt eiga uppi að halda og svo marga, sem menn ætla til þurfa.

Réttarbóndi skal stýra þeim verkum, eða sá er hreppsnefndin ákveður.

Nú vilja allir búendur heldur borga fyrir réttarhleðslu, en vinna að henni, og skal þá hreppsnefnd kaupa menn til starfa, en jafna kostnaði niður á réttarbúendum, eftir fénaðarfjölda hvers þeirra. Dilka skal byggja hjá lögréttum öllum þar sem hreppsnefnd þykir þurfa.

## 12. gr.

Réttarstjóri skal vera við hverja rétt, þá dregið er, og skipar hann nægilega marga menn til að draga úr óskilafé. Hann skal hreppsnefnd velja og setja. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipun hans, varðar það sektum. Svo skal og ætíð einn af hreppsnefndarmönnum eða valinn maður af þeim vera við réttir sveitarinnar á réttardögum, til þess að gæta nauðsynlegrar reglu með réttarstjóra og hafa gætur á, að fénaður sé eigi rangdreginn í dilkana.

## V. KAFLI

## Um eftirleitir.

## 13. gr.

Hreppsnefnd má fyrirskipa eftirleitir, þá er henni þykir þurfa.

## 14. gr.

Fari einhverjir í eftirleit að afloknum þeim eftirleitum, sem hreppsnefndin fyrirskipar, samkvæmt þessari reglugerð, skulu þeir fá einn fjórða verðs eftir mati hreppsnefndar af því sauðfé, sem þeir finna í innfjöllum eftir að liðnar eru 6 vikur af vetri.

## VI. KAFLI

151

## Um meðferð á óskilafé.

31. ágúst

## 15. gr.

Allt það fé, markað og ómarkað, sem ekki finnast eigendur að, skal reka til lögréttar, bæði í fjallasöfnum og byggðasöfnum, og skal réttarstjóri sjá um, að allt slíkt fé sé dregið í dikk sér. Síðan skal leiða ær að ómerkingum, sem og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrétt sinn með óbrigðulum einkennum eða með tveimur samhljóða vottum. Enginn getur þó helgað sér kind af fjárbragði einu saman. Haldi einhver slíku fé, er hér um ræðir, frá réttum án leyfis hreppsnefndar, eða dragi sér úr rétt án leyfis réttarstjóra með launung eða ofriki, hefir hann fyrirgert hinni sömu kind, þótt síðar geti sannað eignarrétt eða móðir helgi sér ómerking. Enginn má blóðmarka fé í réttum að hausti til nema í viðurvist tveggja valinkunnra manna, og skulu þeir, ef krafizt verður, geta gert grein fyrir hvaða mark hafi áður á verið.

## 16. gr.

Ómerkinga þá, er enginn getur helgað sér, sbr. 15. gr., skal selja að afloknum lögsöfnum, og skal andvirði þeirra renna í sveitarsjóð. Kalineyrt og eyrnalaust fé, og ómarkað fé, sem ekki finnast eigendur að, skal selja hlutaðeigandi sveitarsjóði til inntektar, ef enginn getur helgað sér það eftir brennimörkum eða hornmörkum.

## 17. gr.

Úr fyrsta og öðru lögsafni skal óskilafé sleppt í byggð, en í 3. rétt skal það afhent hlutaðeigandi hreppstjóra, sem þá tekur það í gæzlu, sér um að reglulegar lýsingar gangi á því í næstu hreppa, og síðan skal það selt við fyrirfram auglýst opinbert uppboð, ef eigendur hafa eigi leitt sig að því.

## 18. gr.

Til næstu fardaga á eftir á eigandi aðgang að söluverði hveftrar kindar, en borgi allan löglegan áfallinn kostnað. Hafi þá enginn eigandi gefið sig fram, tilfellur andvirðið þeim hreppi, þar sem óskilaféð er selt.

## 19. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og auglýst mark eða önnur óræk sönnunargögn, svo sem brennimörk.

## 20. gr.

Yfir höfuð skal farið eftir skrásettum eyrnamörkum og brennimörkum, en því aðeins eftir óskrásettum eyrnamörkum, brennimörkum eða hornmörkum, að auglýst hafi verið, eða eigandi færi fullar sönnur á eignarrétt sinn.

## VII. KAFLI

## Um fjárrekstra bæja á milli.

## 21. gr.

Þeir, sem taka við rekstrum hjá haustréttum, skulu reka þá þangað, sem réttarstjóri mælir fyrir, og eins og hann ákveður.

## 22. gr.

Hverja rétt skal byrja með því að draga úr fé annara bæja og reka það til lögréttar.



151

31. ágúst

23. gr.

Þegar rekstur kemur á bæ, skal bóndi eða annar í hans stað rannsaka kindurnar og seðla er fylgja, og taka úr, ef rangdregið er, og stefna í rétta átt. Nú er enginn rekstrarfær maður heima, er rekstur kemur á bæ, og skal þá rekstrarmaður skilja úr fé, er eftir skal verða, en reki svo rekstur áfram til næsta rekstrarfærs manns, það sem áfram skal halda, skal reka tafarlaust til næsta bæjar, ef féð er hvorki þreytt né hungrað, ella skal beita því eða gefa því hey. Þannig skal reka og fara með það þangað til hver eigandi fær sitt. Eina kind er ekki skylt að reka. Skal bóndi geyma hana sem sitt fé, og láta eiganda vita. Fari annar rekstur í sömu átt, skal hann koma kindinni í hann, ef þess er kostur.

24. gr.

Það skal verða aðalregla um meðferð á rekstrum, að hver fari svo vel með þá sem hann eigi, reki hvorki hart, meiði eða ofþreyti, sveltí eigi, láti eigi standa inni í vondum húsum, eða úti í fárviðri.

25. gr.

Enginn má sleppa rekstrum eða týna af þeim.

26. gr.

Rekstrum á utansveitarfé ráðstafar hreppsnefndin eftir málavöxtum.

27. gr.

Þegar áfelli dettur á milli lögsafna, eða eftir lögsafn, svo hýsa þurfi eða gefa utansveitarfé, sem er í hreppnum, þá skal hirða, sem það er statt, þegar áfelli dettur á, nema hreppsnefnd skipi öðruvísi fyrir, þangað til kostur verður á að koma því til eiganda. Borgun hjúkrun þess fjár greiði eigandi við móttöku fjárins, eftir mati hreppsnefndar.

## VIII. KAFLI

### Um sauðfjármörk.

28. gr.

Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa glögg mark Einkenni á öllu sínu fé. Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir sýsluna 5. eða 10. hvert ár. Skal sérhver markeigandi skyldur að koma marki sínu í hana, og borga fyrir það í prentkostnað, sem sýslunefndin ákveður, en hvert heimili skal ókeypis fá 1 eintak af markaskránni. Auk þess skal prenta allmörg eintök til útbýtingar utan sýslu.

29. gr.

Fé skal dregið eftir skrásettum eyrnamörkum og brennimörkum. Markið helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema lögfull sönnun komi fyrir að annar eigi.

Kind, sem ekki ber mark manns, brennimark eða eyrnamark, er heimildarlaust að draga sér, þótt lítið eitt vanti á fullt mark, nema maður geti sannað eignarrétt sinn á henni með vitnum.

30. gr.

Enginn má taka upp nýtt fjármark, nema hann tilkynni það hreppsnefndaroddivita fyrir 6. júní það ár, er hann tekur það upp. Einnig skal það tilkynnt oddvitum í næstu hreppum, skulu þeir þá innfæra það í markaskrár sínar. Eigi má taka upp fjármark eða nota, er annar sýslubúi hefir. Sá, sem tekur upp nýtt fjármark, greiði

fyrir það auglýsingarkostnað til oddvita hreppsins, er aftur greiðir það til sýslusjóðs, með tilkynningu um, hver sé eigandi marksins. Hið sama gildir og, er mark er flutt inn í sýsluna. 151 31. ágúst

## 31. gr.

Önnur mörk en þau, sem prentuð eru í markaskrá sýslunnar eða auglýst og borgað fyrir samkv. 30. gr., er ekki leyfilegt að nota. Skal með þannig markað fé farið sem óskilafénað.

## IX. KAFLI

## Um vorsmölun.

## 32. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir til að smala heimalönd sín á vorin. Þar, sem heimalönd eru viðáttumikil og liggja þannig, að margir úr hreppnum eiga þar fjárvon, mega hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrannar og aðrir, sem þar eiga helzt fjárvon, hjálpi til við smölunina eftir því, sem hreppsnefndum þykir sanngjarnt.

## 33. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun geldfjár á vorin, þegar hentugast þykir, skal réttað á sama degi úr þeim löndum, er fé getur gengið saman í. Einnig getur hún látið göngur fram fara í afréttum ef þörf gerist. Hið sama gildir um smölun til fráferna. Að afstöðnum rýingum skulu búendur, þar sem því verður við komið, reka allt rúið fé, sem ekki er mályntupeningur, úr heimahögum til afreftar.

## 34. gr.

Nú finnst fé, er sloppið hefir úr höndum eigenda eða kemur fyrir fjærri eigendum, þegar rúning er afstaðin, er finnandi skyldur til ef honum er unnt, að rýja það og marka ómörkuð lömb. Geri hann eiganda full skil á ullinni og greini fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind, er hann rýir eða markar. Fyrir ómak sitt ber finnanda borgun, sem eigi má þó fara yfir 50 aura fyrir að rýja kind og 25 aura fyrir að marka lamb.

## X. KAFLI

## Um rekstur á sölufé.

## 35. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir rekstrarmenn, duglegir og vel útbúnir. Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal einn ávallt vera yfirmaður. Skal hann bera ábyrgð gagnvart öðrum á öllu því, er rekstrinum viðvikur. Hann skal ætíð geta gert nákvæma grein fyrir tölu rekstrarfjárins.

## 36. gr.

Allt fé í sölufjárrekstrum skal vera merkt með skýru rekstrarmerki á horn eða haus, er sé svo glögg, að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af þó votviðri gangi.

## 37. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að þeim, er lönd þau eiga, sem um er rekið eða áð er í. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrr en svo hjart er, að rekstrarmerki sjáist.

151

31. ágúst

Nú ber svo til, að öðru fé lendi saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum, og gæta þess vandlega, að engin kind verði eftir, sem eigi á í honum að vera. Skal þá sem endranær, er viðstaða verður, telja rekstrarféð. Yfirmanni rekstrarins ber að sjá um, að fé það, er saman við hefir komið, komist í átt Haga sína eigendum kostnaðarlaust.

38. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því, að reka fé annarra manna heimildarlaust, skal rekstrarstjóri bæta eiganda það að fullu, eftir samkomulagi, eða mati óvilhallra manna, er sýslumaður til kveður ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert af ásetningi eða skeytigarleysi, varðar það sektum eftir reglugerð þessari, nema þyngri hegning liggja við að lögum.

39. gr.

Yfirmaður sölufjárrekstrar skal annast um, að rekstrarreglum þessum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kærir, en á aftur aðgang að samrekstar-mönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

40. gr.

Sölufé telst einnig það fé, sem rekið er í kaupstað til slátrunar. Sömu reglur gilda og um fé þeirra manna, er flytja búferlum.

## XI. KAFLI

### Um eyðing refa, grenjaleitir og grenjavinnslu.

41. gr.

Refir eru óhelgir hvarvetna, og skal eyða þeim með eitri og skotum og hverjum helzt hætti sem unnt er. Þó má eigi bræla gren né rífa, nema þá er það eigi verður unnið með öðru móti.

42. gr.

Hvar sem refa vart verður, skal hreppsnefndum skylt að sjá um, að eitrad sé fyrir refi á vetrum, þá er mest eru harðindi, og skulu 3 hinir kunnustu menn í hverjum hreppi til taka, hvar og hve víða eitra skuli. Hreppsnefndin skal sjálf velja menn þessa, og séu þeir einkum valdir, er bezt skyn bera á refaveiðar.

Hirða skal að vori leifar þess, sem eitrad hefir verið og grafa eða urða. Þegar rjúpur eru eitradar, skal stýfa af öðrum væng þeirra um miðju, til auðkennis

43. gr.

Búendur í hverjum hreppi, þar sem grenja er von, skulu skyldir að gera grenjaleitir í löndum sínum og þar, sem menn hafa upprekstur fyrir sauðfé sitt. Nú rekur einhver fjáreigandi ekki fé sitt á fjall, en á það innan sveitar, utan girðinga, skal hann þá jafn skyldur að taka þátt í grenjaleit á vori hverju, þá og þar, er hreppsnefndin álitur þess helzt þörf, og kveður þá til þessa með nægum fyrirvara, milli fardaga og Jónsmessu. Skal hún fela einum manni eða fleirum að ráða yfir leitinni. Ef einhver þeirra, er kvaddur er, mætir eigi á ákveðnum tíma, verður álitid sem hann hafi hvergi farið, og varðar það 15 króna sekt, nema hann sanni lögleg forföll. Geti einhver bóndi eigi látið menn í leitina, verður hann að fá til mann annars staðar, en geri hann það eigi, skal leitarforingi fá þann mann á kostnað búanda.

44. gr.

## 45. gr.

Hreppsnefnd ber í tæka tíð ár hvert að hafa ráðið skotmann, einn eða fleiri, til að vinna greni í hreppnum. Enginn skotmaður má án gildra orsaka skorast undan að vinna gren innan hrepps. Hreppsnefnd skal annast um að útvega mann með skyttunni á grenið. Skotmaður skal fá 8 krónur fyrir fyrra dýrið, er hann vinnur á greni, 16 krónur fyrir hið síðara dýrið og 2 krónur fyrir hvern yrðling, er hann getur sannað að hann hafi náð á greni.

Í kaup fær hann ávallt 10 krónur um hvern sólarhring, sem hann liggur við greni, og sama kaup fær viðlegumaður. Báðir skulu fæða sig og leggja sér til hesta, án sérstaks endurgjalds.

## 46. gr.

Hvar sem gren finnst, skal þess gætt, þar til skotmaður kemur, annars skal þar enga umgöngu hafa og engin verksummerki gera, fyrr en skotmaður er kominn. Nú finnst gren þó ekki sé í leit, og skal sá er finnur tafarlaust skýra hreppsnefnd frá eða skotmanni, ef hann er nær.

## 47. gr.

Sýni skotmaður eða vökumaður skaðlega vanrækslu um vinnslu grens, og það verður sannað, missa þeir af kaupi eftir málavöxtum, eftir því sem hreppsnefndin ákveður. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir atkvæði sýslunefndar.

## 48. gr.

Hver, sem vinnur dýr utan dýraleitar, fær 8 krónur fyrir hvert dýr, er hann vinnur á þennan hátt, og greiðist gjaldið úr sýslusjóði.

## 49. gr.

Hverjum þeim, er elur yrðlinga eða refi heima hjá sér og sleppir þeim úr gæzlu, varðar það sekt til sýslusjóðs, ekki minni en 200 krónur fyrir hvert dýr, nema hann geti sannað, að refurinn hafi náðst aftur og verið drepinn. Skyldar eru hreppsnefndir að senda sýslunefndinni ár hvert greinilegar skýrslur um grenjaleitir, refaveiðar og eitrun, hver í sínum heppi.

## 50. gr.

Kostnað allan til eitrunar og refaveiða skal greiða úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. (Sbr. þó 48. gr.)

## XII. KAFLI

## Um brot og ágreining.

## 51. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 25—100 króna sekt, nema þyngri hegning liggja við eftir öðrum lögum. Sektir allar renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

## 52. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál, þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endanlegra úrslita sýslunefndar.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð fyrir Austur-Skaptafellssýslu um notkun afrétta, fjallskil o. s. frv. frá 14. janúar 1909.

- 151 Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefir samið og sam-  
31. ágúst bykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927, til  
að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að  
máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. ágúst 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

- 152  
6. sept.

## AUGLÝSING

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum til 14. maí 1943,  
samkvæmt lögum nr. 39 28. janúar 1935.

### 1. Reykjavíkurkaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 600.00	á ári
— — 7 — — —	505.00	— —
— — 15 — — —	600.00	— —
— — 16 — — —	300.00	— —

### 2. Hafnarfjarðarkaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 505.00	á ári
— — 7 — — —	410.00	— —
— — 15 — — —	505.00	— —
— — 16 — — —	250.00	— —

### 3. Gullbringusýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 480.00	á ári
— — 7 — — —	385.00	— —
— — 15 — — —	480.00	— —
— — 16 — — —	240.00	— —

### 4. Kjósarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 360.00	á ári
— — 7 — — —	295.00	— —
— — 15 — — —	360.00	— —
— — 16 — — —	180.00	— —

### 5. Borgarfjarðarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 325.00	á ári
— — 7 — — —	265.00	— —
— — 15 — — —	325.00	— —
— — 16 — — —	160.00	— —

### 6. Mýrasýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 325.00	á ári
— — 7 — — —	265.00	— —
— — 15 — — —	325.00	— —
— — 16 — — —	160.00	— —

**7. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	325.00	á	ári
— — 7 — — —		265.00	—	—
— — 15 — — —		325.00	—	—
— — 16 — — —		160.00	—	—

**8. Dalasýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	325.00	á	ári
— — 7 — — —		265.00	—	—
— — 15 — — —		325.00	—	—
— — 16 — — —		160.00	—	—

**9. Austur-Barðastrandarsýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	325.00	á	ári
— — 7 — — —		265.00	—	—
— — 15 — — —		325.00	—	—
— — 16 — — —		160.00	—	—

**10. Vestur-Barðastrandarsýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	325.00	á	ári
— — 7 — — —		265.00	—	—
— — 15 — — —		325.00	—	—
— — 16 — — —		160.00	—	—

**11. Norður-Ísafjarðarsýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	325.00	á	ári
— — 7 — — —		265.00	—	—
— — 15 — — —		325.00	—	—
— — 16 — — —		160.00	—	—

**12. Vestur-Ísafjarðarsýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	325.00	á	ári
— — 7 — — —		265.00	—	—
— — 15 — — —		325.00	—	—
— — 16 — — —		160.00	—	—

**13. Ísafjarðarkaupstaður.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	505.00	á	ári
— — 7 — — —		410.00	—	—
— — 15 — — —		505.00	—	—
— — 16 — — —		250.00	—	—

**14. Strandasýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	325.00	á	ári
— — 7 — — —		265.00	—	—
— — 15 — — —		325.00	—	—
— — 16 — — —		160.00	—	—

**15. Vestur-Húnavatnssýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	325.00	á	ári
— — 7 — — —		265.00	—	—
— — 15 — — —		325.00	—	—
— — 16 — — —		160.00	—	—

152  
6. sept.

### 16. Austur-Húnavatnssýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 325.00	á ári
— — 7 — — —	265.00	— —
— — 15 — — —	325.00	— —
— — 16 — — —	160.00	— —

### 17. Skagafjarðarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 325.00	á ári
— — 7 — — —	265.00	— —
— — 15 — — —	325.00	— —
— — 16 — — —	160.00	— —

### 18. Eyjafjarðarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 325.00	á ári
— — 7 — — —	265.00	— —
— — 15 — — —	325.00	— —
— — 16 — — —	160.00	— —

### 19. Akureyrarkaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 420.00	á ári
— — 7 — — —	360.00	— —
— — 15 — — —	420.00	— —
— — 16 — — —	210.00	— —

### 20. Siglufjarðarkaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 505.00	á ári
— — 7 — — —	410.00	— —
— — 15 — — —	505.00	— —
— — 16 — — —	250.00	— —

### 21. Norður-Þingeyjarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 325.00	á ári
— — 7 — — —	265.00	— —
— — 15 — — —	325.00	— —
— — 16 — — —	160.00	— —

### 22. Suður-Þingeyjarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 325.00	á ári
— — 7 — — —	265.00	— —
— — 15 — — —	325.00	— —
— — 16 — — —	160.00	— —

### 23. Norður-Múlasýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 360.00	á ári
— — 7 — — —	295.00	— —
— — 15 — — —	360.00	— —
— — 16 — — —	180.00	— —

### 24. Seyðisfjarðarkaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 385.00	á ári
— — 7 — — —	325.00	— —
— — 15 — — —	385.00	— —
— — 16 — — —	190.00	— —

**25. Suður-Múlasýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	360.00	á ári
— — 7 — —	—	295.00	— —
— — 15 — —	—	360.00	— —
— — 16 — —	—	180.00	— —

152

6. sept.

**26. Neskaupstaður.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	385.00	á ári
— — 7 — —	—	325.00	— —
— — 15 — —	—	385.00	— —
— — 16 — —	—	190.00	— —

**27. Austur-Skaftafellssýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	325.00	á ári
— — 7 — —	—	265.00	— —
— — 15 — —	—	325.00	— —
— — 16 — —	—	160.00	— —

**28. Vestur-Skaftafellssýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	325.00	á ári
— — 7 — —	—	265.00	— —
— — 15 — —	—	325.00	— —
— — 16 — —	—	160.00	— —

**29. Rangárvallasýslu.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	325.00	á ári
— — 7 — —	—	265.00	— —
— — 15 — —	—	325.00	— —
— — 16 — —	—	160.00	— —

**30. Vestmannaeyjakaupstaður.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	505.00	á ári
— — 7 — —	—	410.00	— —
— — 15 — —	—	505.00	— —
— — 16 — —	—	250.00	— —

**31. Árnessýsla.**

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	360.00	á ári
— — 7 — —	—	295.00	— —
— — 15 — —	—	360.00	— —
— — 16 — —	—	180.00	— —

Félagsmálaráðuneytið, 6. september 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.



153

10. sept.

## AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, lög nr. 88 11. júní 1938 og lög nr. 111 30. maí 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

## SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

## 1. gr.

Við 19. gr. bætist ný mgr., er verði 1. mgr., svo hljóðandi:

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem eiga ekki brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni, frá kl. 20—8, á tímabilinu 1. október til 1. maí, en frá kl. 22—8, á tímabilinu 1. maí til 1. október.

## 2. gr.

Við 19. gr. bætist ný mgr., er verði 5. mgr., svo hljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á, getur bæjarstjórnin sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna og unglunga allt að 16 ára.

## 3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. september 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

154

10. sept.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Náms- og ellistryktarsjóð starfsmanna Félagsprentsmiðjunnar h.f., útgefin 10. sept. 1940 á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Náms- og ellistryktarsjóð starfsmanna Félagsprentsmiðjunnar h.f., Rvík.

## 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Félagsprentsmiðjunni h./f. í Reykjavík, á 50 — fimmtíu — ára starfsafmæli hennar, og nemur framlag prentsmiðjunnar kr. 5000.00 — fimm þúsund krónum.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal ávaxta í banka, eða með því að kaupa fyrir það banka-vaxtabréf eða ríkistryggð skuldabréf, eða aðra slíka tryggja verðpappira.

154

10. sept.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega starfsmenn Félagsprentsmiðjunnar h./f. til framhaldsnáms í öllu því, er lýtur að prentiðni, sem og að veita ellistyrk þeim prenturum, er starfað hafa lengi í prentsmiðjunni.

Þeir, sem stundað hafa nám í prentsmiðjunni og lokið því þar, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir styrk til framhaldsnáms, en gera má þó undantekningu, að því er starfsmenn snertir, er lengi hafa verið í þjónustu prentsmiðjunnar.

## 4. gr.

Sjóðnum skal afla tekna á hvern þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur heppi-  
legan og viðeigandi.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 2 — tveir — menn af hálfu eigenda prentsmiðjunnar, enda sé annar þeirra prentsmiðjustjórinn, og 2 — tveir — menn kosnir af starfsmönnum prentsmiðjunnar, en auk þess er formaður prentsmiðjustjórnar sjálfkjörinn í sjóðstjórnina og formaður hennar.

## 6. gr.

Enginn getur verið í stjórn sjóðsins, nema því aðeins að hann sé einn af eigendum Félagsprentsmiðjunnar h./f., eða starfsmaður hennar. Stjórn skal kjósa til þriggja ára.

Stjórnin hefir á hendi reikningsfærslu sjóðsins og ber ábyrgð á fé hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Endurskoðendur skulu vera tveir. Kís stjórn Félagsprentsmiðjunnar h./f. annan þeirra, en hinn skal kosinn af starfsmönnum.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, og færa í hana skipulagsskrána, styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

## 8. gr.

Allar þær tekjur, sem sjóðnum áskotnast, þar á meðal vextir af stofnfé, skulu lagðar í sjóðinn til ávöxtunar.

## 9. gr.

Stjórninni er heimilt að verja helmingi vaxta sjóðsins til styrkveitinga, samkv. 3. gr., þegar hann nemur minnst kr. 10000.00 — tíu þúsund krónum —, en  $\frac{3}{4}$  vaxtanna, þegar hann nemur kr. 15000.00 — fimmtán þúsund krónum —, og öllum vöxtunum, nemi hann kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónum — eða meir, ef stjórnin telur það heppilegt.

Þó má, áskotnist sjóðnum aðrar tekjur en vextir, veita styrk úr honum, sem þeirri fjárhæð nemur, hver sem eign sjóðsins er.

## 10. gr.

Hætti rekstur Félagsprentsmiðjunnar h./f., skal fé sjóðsins varið til eflingar prentlistar í landinu, eftir nánari ákvörðun síðustu stjórnar Félagsprentsmiðjunnar h./f. og sjóðstjórnarinnar.

154

10. sept.

11. gr.  
Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi eigenda Félagsprentsmiðjunnar h/f hinn 1. maí 1940.

Reykjavík, 30. ágúst 1940.

Félagsprentsmiðjan h/f.

P. P. J. Gunnarsson. Þór. Kristjánsson. Kristján Guðlaugsson.

155

11. sept.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Fiskrættar- og veiðifélagið Blöndu,  
nr. 14 5. marz 1930, sbr. auglýsingu nr. 53 27. marz 1939.

Í stað „Hnjúkur, 180 einingar“ og „Blönduós, 200 einingar“, komi: Blönduós-hreppur 700 einingar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. september 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

156

13. sept.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Guðrúnar Einarsdóttur og Sigurðar Hafsteinssonar“ útgefin á venjulegan hátt 13. september 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðrúnar Einarsdóttur og Sigurðar Hafsteinssonar  
búenda í Öxl í Austur-Húnavatnssýslu, árin 1862—1884.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður hjónanna Guðrúnar Einarsdóttur og Sigurðar Hafsteinssonar búenda í Öxl í Austur-Húnavatnssýslu árin 1862—1884. Er hann stofnaður af syni þeirra, Hafsteini Sigurðssyni, sparisjóðsgjaldkera á Blönduósi. Stofnfé sjóðsins er krónur 6000.00 — sex þúsund krónur —, í skuldabréfum Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga (með vaxtamiðum frá 1. jan. 1940).

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða hliðstæðum jafntryggum verðbréfum, en laust fé sjóðsins skal jafnan ávaxta í Sparisjóði Húnavatnssýslu.

## 3. gr.

156

13. sept.

Öllum vöxtum sjóðsins, eftir að hann tekur til starfa, en það skal vera á árinu 1941, má fyrst um sinn verja til styrktar Sigurði Jónssyni á Litlu-Giljá eða konu hans og börnum þeirra undir 16 ára aldri, ef þau hafa við vanheilsu að búa, og ekki fá verulega hjálp annars staðar (svo sem beinan sveitarstyrk).

Að þessu loknu skal  $\frac{1}{4}$  hluti vaxta sjóðsins lagður árlega við höfuðstólinn, en  $\frac{3}{4}$  hlutum vaxtanna skal verja til styrktar fátækum sjúklingum, sem þurfa á sjúkrahúsvist eða læknishjálp að halda í Austur-Húnavatnssýslu, og njóta ekki opinbers styrks. Ættingjar fyrr nefndra hjóna ganga fyrir með styrk. Þar næst koma til greina þeir aðrir sjúklingar, sem eiga heimili í Sveinsstaðahreppi eða þeim hluta, sem Sveinsstaðahreppur nú nær yfir. Styrknum má eigi skipta meir en svo, að hann komi að sem beztum notum fyrir hvern styrkþega og má aldrei vera minni til hvers einstaklings en kr. 100.00. Berklasjúklingum, sem nýkomnir eru af heilsuhælum, má veita styrk.

Álitlett ekki þörf eitthvert ár að úthluta styrk, leggst það, sem úthluta ber einnig við höfuðstólinn.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi sýslumaður Austur-Húnavatnssýslu, presturinn í Þingeyrarsókn og hreppstjóri Sveinsstaðahrepps. Ætlast er til þess, að stjórn sjóðsins starfi kauplaust, en útlagðan kostnað skal greiða af því fé, sem úthluta ber.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda bók yfir eignir hans, árlegar tekjur og gjöld, og færa inn í hana ársreikning sjóðsins, en reikningsárið er almanaksárið. Ennfremur haldi sjóðstjórnin gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk og styrkveitingar og ástæður fyrir þeim og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

## 6. gr.

Endurskoðun ársreikninga sjóðsins skal framkvæmd af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu og reikningurinn framlagður á aðalfundi nefndarinnar til úrskurðar.

## 7. gr.

Að fimmtíu árum liðnum frá því sjóðurinn tók til starfa má breyta skipulagsskrá hans í samræmi við breytta tíma, en þó má aldrei breyta nafni sjóðsins og ætíð halda áfram hjálparstarfsemi líkt og þeirri, sem nú er gert ráð fyrir, og skal fá ríkisstjórnarstaðfestingu á sjálfri breytingunni.

## 8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

- 157 Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð hjúkr-  
15. sept. unarfélagsins „Hjálpar“ á Patreksfirði, útgefin á venjulegan hátt 15. september 1940  
af dóms- og kirkjumálaráðherra. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaheimilissjóð hjúkrunarfélagsins „Hjálpar“ á Patreksfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Barnaheimilissjóður hjúkrunarfélagsins Hjálpar“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 300 króna gjöf frá hjúkrunarfélaginu „Hjálpar“ á Patreksfirði, á 10 ára afmælisdegi félagsins, þann 9. des. 1938, og er nú að upphæð kr. 422.72.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

- a. 100 króna árlegt framlag frá hjúkrunarfélaginu „Hjálpar“ á afmælisdegi félagsins.
- b. Arður af eignum sjóðsins.
- c. Áheit og gjafir til sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma upp sumarheimili í sveit fyrir börn úr Patreksfjarðarkauptúni, sérstaklega veikluð börn, og reka slíkt heimili, þegar það er komið upp.

5. gr.

Sjóðurinn ávaxtist í sparissjóðum eða bönkum og með kaupum á bankavaxta-  
bréfum eða öðrum tryggum verðbréfum. Vextir leggjast óskertir við höfuðstólinn,  
þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00.

Sjóðurinn má ekki reka lánastarfsemi.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000.00 krónur, skal stjórn hans hefja framkvæmdir um stofnun barnaheimilis í sveit og rekstur þess.

7. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn hjúkrunarfélagsins „Hjálpar“, meðan það starfar. Leggist félagið niður, renna allar eignir þess til sjóðsins, og skal þá stjórn hans skipuð þrem mönnum, er jafnan séu þessir: Skólastjóri barna-  
skólans á Patreksfirði, héraðslæknirinn á Patreksfirði og ein kona kosin af hrepps-  
nefnd Patreksahrepps.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er tekinn til starfa, skulu reikningar hans lagðir árlega fyrir hreppsnefnd Patreksahrepps og endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum hreppsins.

9. gr.

Sjóðstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, fundar-  
samþykktir og annað, sem varðar rekstur sjóðsins og hag. Ársreikninga og efna-  
hagsreikninga sjóðsins skal innfæra í gerðabókina.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

158

17. sept.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 48 3. maí 1929,  
og reglugerð frá 15. desember 1939.

29. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

1. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg saltfiskur og is.
2. flokkur: 30 aurar fyrir hver 100 kg kol, salt, sement, síld, ísfiskur, freðfiskur, kornvara, sykur, kartöflur og rófur.
3. flokkur: 40 aurar fyrir hver 100 kg lýsi, fiskimjöl, síldarmjöl, olíur og járn.
4. flokkur: 8 aurar af teningsfeti trjáviður og aðrar vörur reiknaðar eftir rúm- máli.
5. flokkur: 15 aurar hvert stykki tómar tunnur.
6. flokkur: 50 aurar fyrir hver 100 kg allar aðrar vörur.
7. flokkur: Stórgripir kr. 3.00 fyrir hvern grip.
8. flokkur: Sauðkindur kr. 0.50 fyrir hverja kind.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

159

18. sept.

um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939 og lögum nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Frá 18. sept. 1939 að telja, er bannað að selja rúgbrauð og hveitibrauð, rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitimjöl, hafragrjón, haframjöl, hrisgrjón, matbaunir, bankabygg og aðrar kornvörur nema fóðurbygg, hafra og fóðurmaís, enn fremur kaffi og sykur, nema gegn seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

Óheimilt er verzlunum og brauðgerðarhúsum að taka við öðrum eða fleiri matvælaeðlum eða reitum af þeim, en þær afgreiða samtímis vörur út á.

2. gr.

Ríkisstjórnin sendir öllum hreppsnefndum og bæjarstjórnnum skömmtunarseðla, miðað við mannfjölda á hverjum stað, og skulu þær úthluta seðlum til allra heimila þannig, að hverjum heimilismanni sé ætlaður einn seðill. Úthlutunin fer fram á þann hátt, að móttakendur skulu kvaddir saman eða heimilisfeður í þeirra stað.

Kostnað við prentun og útsendingu seðlanna til hreppsnefnda og bæjarstjórna ber ríkissjóður, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn á hverjum stað annan kostnað við úthlutunina.

159

18. sept.

Þá er úthlutun seðlanna fer fram í fyrsta sinn, skulu viðtakendur þeirra undirrita drengskaparvottorð um hve mikinn forða þeir eiga af vörutegundum, er seðlarnir hljóða um, á þar til gerð eyðublöð. Skal forðinn dreginn frá við fyrstu eða aðra úthlutun og hinar síðari, þar til honum er lokið, með því að klippa af seðlunum sem svarar því vörumagni, er forðanum nemur. Eru allir heimilisfeður skyldir, að viðlögðum sektum, að mæta eða láta mæta til slíkrar skýrslugjafar, jafnt þótt þeir eigi nægar birgðir og þurfi því eigi seðla fyrst um sinn.

## 4. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skömmtnunarskrifstofu, sem hefir yfirumsjón með matvælaúthlutun samkvæmt þessari reglugerð og öðrum hliðstæðum ráðstöfunum, eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar.

## 5. gr.

Þá er úthlutun hefir farið fram, skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir senda skömmtnunarskrifstofunni símléiðis skýrslu um hve miklar birgðir hafi verið samtals á heimilum, hve mikið af seðlum hafi orðið afgangs og hve miklu magni afklippingarnir hafa numið. Ónotaðir seðlar og afklippingar skulu sendir skömmtnunarskrifstofu með fyrstu póstferð, en geyma skal drengskaparyfirlýsingar um birgðir til athugunar við næstu úthlutanir. Skömmtnunarskrifstofan getur leyft, að ónotaðir seðlar verði að einhverju leyti eftir í vörzlum hreppsnefnda eða bæjarstjórna, til aukaúthlutunar, ef þörf krefur.

## 6. gr.

Allir, sem verzla með framangreindar vörutegundir, öll iðnfyrirtæki, sem nota þær til framleiðslu sinnar, svo og skipaafgreiðslur, skulu hvenær sem þess er krafizt, gefa skömmtnunarskrifstofu ríkisins skýrslu um fyrirliggjandi birgðir af þeim.

Heildarskýrslu um birgðir í hverjum hreppi eða kaupstað skal senda skömmtnunarskrifstofu símléiðis, ef hún telur þess þörf.

## 7. gr.

Seðlaúthlutun fer þannig fram, eftir að fyrstu úthlutun er lokið, að í lok hvers mánaðar eru afhentir seðlar fyrir næsta mánuð til þeirra, sem skila stofnum af eldri seðlum, með áritun nafns og heimilisfangs, og enn fremur til þeirra, sem fært geta sönnur á, að þeir hafi ekki fengið seðla við fyrri úthlutanir. Hreppsnefndum er heimilt að gefa sveitaheimilum, sem vegna staðháttá geta ekki dregið að sér matvæli mánaðarlega á vetrinum, ávísanir um afhendingu á skömmtnunarvörum hjá kaupmanni þeim eða kaupfélagi, sem þau skipta við. Jafngildi ávísananna sé síðan klippt af seðlum heimilismanna áður en þeir eru afhentir og sent skömmtnunarskrifstofu ríkisins.

Skömmtnunarskrifstofu ríkisins er heimilt, í samráði við ríkisstjórnina, að ákveða úthlutun á matvæla-seðlum til lengri tíma en eins mánaðar í einu, og getur skrifstofan þá gert þær formbreytingar á seðlunum, sem nauðsynlegar eru.

Enn fremur er skömmtnunarskrifstofunni heimilt, ef hún telur þess þörf, að leyfa hreppsnefndum að veita þeim sveitaheimilum, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar, ávísanir á skömmtnunarvörur yfir sumarmánuðina með sama hætti og slíkt er heimilað að vetrinum.

## 8. gr.

Úthlutun til hvers manns skal mánaðarlega vera sem hér segir: 250 g brennt eða 300 g óbrennt kaffi, 1750 g sykur og 6400 g kornvörur, en til þeirra teljast þær kornvörur, sem samkvæmt 1. gr. er óheimilt að selja án matvæla-seðla.

Hveitibrauð og rúgbrauð skal selja gegn afhendingu kornvöruseðla, þannig að fyrir 250 g af hveitibrauði komi 200 g af kornvörum og fyrir 750 g af rúgbrauði komi 500 g af kornvörum 159  
18. sept.

Matvæleseðlunum skal skipt í reiti eftir því sem skömmtunarskrifstofa ríkisins telur best henta. Má klippa seðlana í sundur, og skal reitunum skilað jafnóðum og afhending vöru fer fram, en stofninn skal geyma þar til næst er úthlutað matvæleseðlum. Skal stofninum þá framvísað og verða nýir matvæleseðlar aðeins afhentir gegn eldri stofni, sem áritaður sé með fullu nafni og heimili eiganda.

Heimilt er ríkisstjórninni með auglýsingu, sem birt sé í Lögbirtingablaðinu, að breyta úthlutunarmagni því, er um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

#### 9. gr.

Auk hinnar venjulegu skömmtunar er leyfð aukaskömmun á rúgmjöli til notkunar í slátur. Er sláturskammturinn 2 kg rúgmjöl í hvert dilksslátur, 3 kg í hvert slátur af fullorðnu fé, og 16 kg í hvert stórgripaslátur, sem matbúið er. Skulu þeir, sem kaupa slátur, sýna skilríki frá seljanda, eða þeim, sem annast slátrunina, um hve mörg slátur þeir hafi flutt heim, en þeir, er slátra heima, skulu gefa drengskaparyfirlýsingu um það, hve mörg slátur þeir hafi tekið þar og fá síðan skilríki til innkaupa hjá hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

Heimilt er að veita sjómönnum, sem skráðir eru í skipsrúm, aukaskammt af kaffi, sykri og kornvörum, sem svarar 30 g af óbrenndu kaffi, 200 g af sykri og 500 g af kornvörum á mann fyrir hverja viku, er þeir eru á sjó.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir veita aukaleyfi fyrir skammti þessum. Séu leyfi þessi veitt til viku eða hálfsmánaðar í einu fyrir alla skipshöfnina og afhent matsevni, ef hann er á skipinu, ella skipstjóra. Slík aukaleyfi skulu skráð á sérstök úthlutunarkort skipanna.

#### 10. gr.

Skömmtunarskrifstofan afhendir brauðgerðarhúsum ávísanir til innkaupa á þeim skömmtunarvörum, er þeim kann að verða leyft að nota í annað en hveitibrauð og rúgbrauð eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur henni. Á sama hátt afhendir skömmtunarskrifstofan öðrum iðnfyrirtækjum ávísanir til innkaupa á þeim skömmtunarvörum, sem þau kunna að nota.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir afhenda matsöluhúsum, sjúkrahúsum og öðrum svipuðum stofnunum ávísanir til innkaupa á þeim skömmtunarvörum, sem þau kunna að nota. Skömmtunarskrifstofu ríkisins er heimilt að ákveða, ef ástæða þykir til, hve mikið skuli úthluta af skömmtunarvörum á hverjum tíma til þessara stofnana í hlutfalli við fyrri notkun.

#### 11. gr.

Eigi má selja út á seðil eftir að mánuður sá (mánuðir þeir), sem seðillinn er fyrir, er á enda.

Hinn 1. dag hvers mánaðar skulu smásöluverzlanir (og brauðgerðarhús) afhenda hreppsnefndum og bæjarstjórnnum þá skömmtunarseðla, er þær hafa fengið fyrir seldar skömmtunarvörur í næsta mánuði á undan, og fá í staðinn vottorð um það hve miklu þær hafa skilað. Frá sama tíma eru eldri seðlar ógildir. Vottorð þessi, eitt eða fleiri, sem jafnframt eru leyfi til innkaupa, skulu þeir láta fylgja pöntunum sínum til heildsöluverzlana. Hafi smásöluverzlun eigi fengið nægilegt seðlamagn til þess að fá þær vörur, er hún þarf, sökum þess að hún hefir upphaflega haft of litlar vörubirgðir, er hreppsnefndum og bæjarstjórnnum heimilt að gefa út innkaupsleyfi fyrirfram, en leyfi þessi skulu þær bókfæra og gæta þess vandlega, að seðlunum sé síðan skilað fyrir þeim.



159 Ef smásöluverzlun er innflytjandi, má eigi afhenda henni skömmunarvörur til  
18. sept. sölu frá afgreiðslu skipsins eða annari geymslu, sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn samþykkir og hefir eftirlit með, nema með samþykki hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, sem þær gefa eigi nema smásöluverzlunin hafi skilað samsvarandi seðla-magni, eða svo stendur á, sem hér segir á undan. — Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu síðan senda skömmunarskrifstofunni seðlana, ásamt skýrslum um innkaupsleyfi þau, sem þær hafa gefið út.

## 12. gr.

Ef smásöluverzlanir eða neytendur þykjast órétti beittir af hreppsnefnd eða bæjarstjórn geta aðiljar áfrýjað gerðum hennar til skömmunarskrifstofunnar, sem síðan úrskurðar málið í samráði við ríkisstjórnina.

## 13. gr.

Heildsöluverzlunum er bannað að afgreiða skömmunarvörur til smásöluverzlana nema gegn innkaupsleyfi hreppsnefnda, bæjarstjórna eða skömmunarskrifstofu. Þær skulu framkvæma birgðatalningu þegar skömmunarskrifstofan óskar og senda henni skýrslu um hana og enn fremur um öll innkaup sín jafnóðum. Innkaupsleyfi smásöluverzlana, útgefin af hreppsnefndum eða bæjarstjórnnum, skulu þeir senda skömmunarskrifstofunni er þeir hafa afgreitt pantanir þær, sem voru sendar með.

## 14. gr.

Nú telur skömmunarskrifstofan nauðsynlegt að flytja einhverja vöruhegund, er reglugerð þessi fjallar um, frá einum landshluta til annars, en eigendur varanna vilja eigi láta þær lausar, er ríkisstjórninni þá heimilt að taka vörur þessar eignarnámi og selja þær aftur á þeim stað, er skömmunarskrifstofan telur nauðsynlegt.

## 15. gr.

Skömmunarskrifstofan reiknar smásöluverzlunum frádrátt á seðlum þeim, er þær skilja, fyrir venjulegri rýrnun á skömmunarvörum vegna flutnings og sölu, og enn fremur hafi vara farizt eða skemmt svo að hún er ekki söluhaf til mannelis, enda verði sönnun færð á þetta, sem skömmunarskrifstofan tekur gilda.

## 16. gr.

Skömmunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, rannsakað birgðir heildsöluverzlana, smásöluverzlana og iðnfyrirtækja af þeim vörum, sem ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar taka til. Skulu starfsmenn skrifstofunnar sjálfrar framkvæma slíkar birgðatalningar og talningu skömmunarseðla eða innkaupsleyfa þar sem því verður við komið. Skrifstofan getur þó látið oddvita eða starfsmenn úthlutunarskrifstofu, hverja í sínu umdæmi, annast rannsókn á birgðunum eða aðstoða við hana.

Sá, sem talningu á vörubirgðunum framkvæmir, skal hafa meðferðis frá skömmunarskrifstofunni skilríki, er sýni að hann hafi heimild til að gera talninguna.

## 17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum. Þá er og heimilt að leggja við allt að 100 króna dagsektir, ef einstakir menn eða félög ekki skila á tilsettum tíma skýrslum þeim um vörubirgðir sínar og vöruþörf, er nauðsynlegar eru til framkvæmda þeim ráðstöfunum, sem ræðir um í reglugerð þessari.

Ríkisstjórnin ákveður dagsektir þessar í ábyrgðarbréfi til aðilja og skal þar tekið fram frá hvaða tíma þær falla á.

Nú er manni gert að greiða dagsektir samkvæmt framansögðu, en hann innir ekki greiðsluna af hendi og skal þá beita ákvæðum hinna almennu hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940, um afplánun sekta. 159 18. sept.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

#### 18. gr.

Með reglugerð þessari eru numdar úr gildi reglugerð nr. 164 9. sept. 1939, um sölu og úthlutun á matvörutegundum, reglugerð nr. 178 19. sept. 1939, um breyting á henni, reglugerð nr. 185 9. okt. 1939, um sama efni, reglugerð nr. 194 23. okt. 1939, um sama efni og reglugerð nr. 83 6. maí 1940, um sama efni.

#### 19. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 18. september 1940.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

## F Y R I R M Æ L I

160

18. sept.

### um niðurskurð sauðfjár og fjárskipti til útrýmingar garnaveiki í Skagafjarðarsýslu.

#### 1. gr.

Á öllum þeim heimilum í Skagafjarðarsýslu, þar sem vart varð með vissu við garnaveiki í sauðfé á síðastliðnum vetri eða síðar, skal slátra öllu sauðfé haustið 1940 áður en það kemur í hús.

#### 2. gr.

Nú verður veikinnar vart að aflokinni haustslátrun eða síðar við rannsókn eða á annan hátt, og skal þá tafarlaust slátra öllu sauðfé á því heimili, eða einangra það á tryggan hátt og slátra því í næstu sláturtíð á eftir.

#### 3. gr.

Fjáreigendum er heimilt að kaupa ásetningslömb þegar á þessu hausti, og flytja heim til sín, þegar hreinsun afrétta og heimalanda, slátrun sauðfjár og sótt-hreinsun húsa er lokið. Mæðiveikinefnd ákveður hvenær flutningur líflamba megi hefjast. Hún ákveður einnig úr hvaða sveitum lömbin megi kaupa, um merkingu þeirra og gæzlu fyrst um sinn. Fjáreigendur kosta rekstur líflamba heim til sín, en ríkissjóður kostar flutning þeirra á bifreiðum eða skipum, þar sem nauðsynlegt er. Mæðiveikinefnd leggur til mann, sem hefir umsjón með lambakaupum, flutningi lambanna og merkingu.

#### 4. gr.

Á þeim heimilum, þar sem fjárskipti fara fram, skal sóttgreinsa öll fjárhús, og önnur hús, sem sauðfé hefir komið í, áður en sauðfé kemur aftur á bæinn. Bannað er að láta sauðfé í hús þessi áður en sóttgreinsun fer fram.

#### 5. gr.

Hver fjáreigandi má kaupa jafnmörg lömb og sauðfé hans, veturgamalt og eldra, var, er slátrað var hjá honum, en ætlazt er til þess, að hver um sig kaupir þegar á þessu hausti að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  þeirrar tölu.

160

18. sept.

6. gr.

Haustið 1941 verða greiddar bætur fyrir afurðatjón til þeirra fjáreigenda, er skorið var hjá haustið 1940. Bótum skal haga þannig, að miðað sé við brúttó-afurðaverð af hverri á, eftir mati mæðiveikinefndar á því hausti. Bætur nema helmingi af afurðaverði þeirrar tölu áa, sem lömb voru keypt fyrir haustið 1940, og greiðast ekki frekari bætur vegna þeirrar fjártölu. Það, sem skortir á að full tala, samkv. 5. gr., sé keypt haustið 1940, skal bæta með  $\frac{2}{3}$  afurðaverðs. Þó fari sá hluti aldrei yfir  $\frac{1}{3}$  af fjártölu, samkv. 5. gr.

Haustið 1942 verða greiddar bætur fyrir afurðatjón, sem nema helmingi afurðaverðs af þeim hluta fjártölunnar, sem ekki voru keypt líflömb upp í haustið 1940, og greiddar fullnaðarbætur fyrir haustið 1941. Þó verða aldrei greiddar bætur á meira en  $\frac{1}{3}$  upphaflegrar fjártölu, samkv. 5. gr.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd niðurskurðarins, sóttþreinsun húsa, útvegum líflamba og aðrar öryggisráðstafanir til þess að útrýming garnaveikinnar á þessu svæði megi takast, verða sett með reglugerð.

8. gr.

Brot á ákvæðum þessum varða sektum allt að 10000 kr. eða fangelsi. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

Fyrirmæli þessi eru hér með sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 14 frá 15. maí 1939, um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýming hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. september 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

161

18. sept.

## REGLUGERÐ

**um framkvæmd á niðurskurði sauðfjár og fjárskipti til útrýmingar garnaveiki í Skagafjarðarsýslu.**

1. gr.

Haustið 1940 skal slátra öllu sauðfé í Skagafjarðarsýslu á þeim bæjum, er vissa er fyrir að garnaveiki hefir orðið vart veturinn 1939—1940 samkvæmt skýrslu skoðunarmanna og rannsóknarstofu Háskólans. Sauðfé á þessum bæjum skal slátra án þess að framkvæmd sé Johnin-prófun.

2. gr.

Slátra skal enn fremur haustið 1940 öllu sauðfé á þeim bæjum, þar sem vissa fæst fyrir því með Johnin-prófun að veikin sé og, ef með þarf, með líffæraskoðun á rannsóknarstofu Háskólans. Rannsóknir skulu framkvæmdar eins fljótt og auðið er, svo að unnt verði að útvega hlutaðeigandi fjáreigendum líflömb á sama hausti.

3. gr.

Finnist veikin við síðari rannsóknir, skal öllu sauðfé á þeim bæjum, er sannast að veikin sé á, slátrað eða einangrað til næstu sláturtíðar, ef hagkvæmara þætti og hægt er að koma einangrun við.

## 4. gr.

Smölun fjár í Hóla-, Viðvíkur- og Hofshreppi innan Grafarár, skal framkvæmd undir eftirliti þar til skipaðra manna og hagað á þann hátt, sem umboðsmaður mæðiveikinefndar ákveður í samráði við þá.

161

18. sept.

## 5. gr.

Fullkominni hreinsun afréttar og heimalanda þeirra heimila, er um getur í 1. gr., svo og slátrun sauðfjár, skal lokið eigi síðar en 5. október, nema leyfi framkvæmdarstjóra garnaveikivarnanna komi til.

## 6. gr.

Fullorðnu fé á þeim bæjum, er fjárskipti verða höfð á, skal slátra á Hofsósi, nema því, er slátrað verður heima. Sláturfé þetta má reka til Hofsóss, ef það er rekið þangað eftir þjóðveginum, án viðstöðu í Hofshreppi og undir eftirliti. Heimilt er þó, ef nauðsyn krefur, að framkvæma slátrun á nokkru af fénu á Sauðárkróki, ef það er flutt undir sérstaklega öruggri gæzlu frá Austurvátunabru til Sauðárkróks og án viðstöðu á því svæði. Garnir úr fénu má leggja inn í verzlun til útflutnings, en að öðrum kosti skulu þær grafnar ásamt öllu gori og ristlum. Vambir og mör af ristlum mega fjáreigendur hirða, en ekki selja, og garnmörseitla skal brenna.

## 7. gr.

Bannað er að láta fé í fjárhús í Hólahreppi, Viðvíkurhreppi og Hofshreppi innan Grafarár, þar til slátrun þess fjár er lokið á þeim bæjum, er um getur í 1. gr., og á öðrum bæjum innan þessa svæðis, er sannast í haust að veikin sé á, og hús sóttthreinsuð, þar sem veikinnar hefir orðið vart.

Hreppstjórar í hlutaðeigandi sveitum loka fjárhúsum og skal engum leyfilegt að ganga um húsinn nema sóttthreinsunarmönnum, þar til eftirlitsmaður leyfir.

## 8. gr.

Sóttthreinsun skal framkvæmd eftir fyrirætlum rannsóknarstofu Háskólans. Skal ríkissjóður leggja til lyf og vinnu við sóttthreinsunina, en ábúanda er skylt að aðstoða við hreinsun á taði og rusli úr króm og gördum, og að þekja garða og krær ef með þarf, eftir fyrirsögn sóttthreinsunarmanns.

## 9. gr.

Mæðiveikinefnd ákveður úr hvaða sveitum líflömb eru keypt. Fulltrúi frá henni skal, ásamt fulltrúum hlutaðeigandi bænda, annast um kaup á lömbunum, val þeirra, merkingu, skrásetningu, gæzlu, flutning og skiptingu.

Skal vigta lömbin við móttöku og skrá tölumerki og þunga, og sé það haft til hliðsjónar við skiptingu.

## 10. gr.

Mæðiveikinefnd ákveður hvernig líflömb eru flutt. Ríkissjóður greiðir kostnað við flutning líflamba á bifreiðum eða skipum, allt að þeirri tölu sauðfjár, er slátrað var hjá hverjum fjáreiganda af veturgömlu fé og eldra, enda séu þau keypt á sama ári og slátrun fór fram.

## 11. gr.

Líflömb, sem keypt hafa verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að þau hafa verið flutt inn á hið sýkta eða grunaða svæði, svo að engin hætta sé á, að grunað eða sjúkt fé komi saman við það.

Nú kemur sjúk eða grunuð kind saman við áður greind líflömb, og skal þess þá gætt, að hún verði ekki rekin í hús með þeim.

**161** Hýsi fjáreigandi sjúkt eða grunað fé með aðkeyptum liflömbum, missir hann  
18. sept. rétt til allra bóta vegna fjárskiptanna.

Nú komast aðflutt liflömb saman við fé á bæjum, sem ekki hefir verið skorið niður á, og skal þess þá gætt, að þau séu ekki rekin í hús. Sé það gert, skal sá, er það gerir, sæta sektum og auk þess bæta eiganda lambanna þau að fullu, en eiganda er óheimilt að taka þau heim.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum allt að 10000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 14 15. maí 1939, um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýmingu hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. september 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

**162**

19. sept.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 73 31. desember 1937, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

1. gr.

Í stað orðanna: „eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna“ í lok 1. mgr. 5. greinar, komi: Greiðslum erlendis í þarfir bankanna eða greiðslum erlendis fyrir vörum, sem heimilt er að flytja til landsins án leyfis gjaldeyris- og innflutningsnefndar, samkvæmt 8. og 9. lið 1. greinar, enda séu bönkunum afhent innflutningsvottorð um vörur þessar staðfest af tollstjóra, nema um sé að ræða greiðslur gegn farmskírteinum.

2. gr.

- Eftir 7. lið í 12. grein, koma tveir nýir liðir, 8. liður og 9. liður, svo hljóðandi:
8. Rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitigrjón (semiliugrjón), hveitimjöl, hafragrjón, hrísgrjón, hrísmjöl, sagógrjón, sagómjöl, bankabygg, matbaunir, kartöflumjöl, sítrónur, kol, salt, brennsluolíur, smurningsolíur, benzín, hessian, tóma strigapoka, prentaðar bækur, blöð og timarit.
  9. Fóðurmjöl, maisenamjöl, hveitistöngla (maccaroni).  
Kaffi, the, cacao, sykur, sykurkvoðu (syrop).

**Eftirtaldar smávörur til fata:**

Tvinna, hnappa, tölur, krókapör, smellur, nálar, prjóna, teygjubönd, bendla. Skófatnað úr gúmmi og striga.

Timbur, húsaplötur, sement, kalk, þakjárn, þakhellur, steypustyrktarjárn, smíðajárn, stál, galvaniserað slétt járn, blikk, látun, blý, zink (í plötum og stöngum), miðstöðva- og hreinlætistæki til bygginga, vatnsleiðslutæki og vatnsdælur, saum, skrúfur, rúðugler, linoleum, gúmmi á stiga, veggfóður, panelpappa,

maskínupappír, þak- og gólfpappa, fernisolíu, kitti, lím, kolaeldavélar, eldfastan stein og leir, kolaofna, þvottapotta með eldstæði, tjöru, bik, terpentínu, þurrk-efni. Fiskinet allskonar, netagarn, netasteina, netakúlur, netakork, fiskilínur, öngla, öngultauma, hamp, hampgarn, kaðla, snæri, fiskábreiður (presenningar), seglastriga (canvas), fiskikörfur, vélatvist, veiðarfæralit, tómar tunnur og hluti í þær, vitisóða, akkeri og önnur legufæri skipa, togvíra, veiðarfæralása og blakkir, áttavita, skriðmæla, björgunarhringa, björgunarbelti.

162  
19. sept.

Kjötpoka, merkimiða, plóga, herfi, ljái, ljáblöð, brýni og hverfisteina, baðlyf, blástein, hóffjaðrir, skilvindur og strokka, girðingarnet, girðingavír, girðingastólpa.

Mótorvélar, dekkspil, varahluti í mótórvélar og dekkspil, varahluti í bifreiðar og vagna, vélareimar, sauma- og þrjónavélar og varahluti í þær.

Skóflur, kvíslar, jarðhaka, bátshaka, oliulampa, oliuvélar, oliuluktir og tilheyrandi, brúsa, fötur, katla (til suðu), potta (til suðu), pönnur, þvottabala.

**Eftirtaldar efnivörur til smjörlíkisgerðar:**

Kokosfeiti, jarðhnetuolíu, soyuolíu, baðmullarfræsolíu, pálmafeiti, herta hvalfeiti.

**Eftirtaldar efnivörur til sápugetta:**

Sóða, kalí, kokosfeiti, paraffinvax, pottösku, soyuolíu, línolíu.

Chicoriurætur til kaffibætisgerðar.

Hjartarsalt, natron, kremortartari, saltþétur.

Þvottasóða, línsterkju, taubláma.

Prentpappír, umbúðapappír, smjörpappír, pergamentpappír til fiskumbúða.

Raflagingaefni, rafmagnsperur, rafhlöður.

Lyfjavörur, sem taldar eru í skrá í Stjórnartíðindum 1940 B-deild, 11. apríl, nr. 74, sáraumbúðir.

Litunarefni, kolsýru, ammoniak.

Þær vörur, sem taldar eru í þessum lið er þó því aðeins heimilt að flytja til landsins án leyfis gjaldeyris- og innflutningsnefndar, að þær séu fluttar inn frá Bretlandi og eigi að greiðast í sterlingspundum.

3. gr.

Með reglugerð þessari eru numdar úr gildi reglugerð nr. 69 15. maí 1939, um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl. og reglugerð nr. 145 4. ágúst 1939, um breyting á sömu reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 19. september 1940.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

163  
30. sept.

## BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

### um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum.

Með tilliti til þess ástands, sem nú ríkir, er hér með sett eftirfarandi reglugerð samkvæmt 7. gr. bráðabirgðalaga, um fjarskiptavirki, frá 5. júlí 1940, sbr. og 3. gr. laga nr. 31 frá 1936.

#### 1. gr.

Á siglingu milli Íslands og Stóra Bretlands eða samveldislanda þess mega íslensk skip fyrst um sinn því aðeins hafa meðferðis loftskeytastöð eða talstöð (en ekki hvorttveggja), að stöðin sé innsiglið af póst- og símamálastjórninni, og má ekki brjóta innsiglið né nota stöðina í millilandasiglingu nema í neyð.

Við strendur Íslands mega íslensk fiskiskip ekki heldur nota loftskeytastöðvar nema í neyð, enda séu þær innsiglaðar af póst- og símamálastjórninni. Hins vegar mega þau nota talstöðvar sínar, ef þær hafa verið leystar úr innsiglið af póst- og símamálastjórninni, og þó aðeins til nauðsynlegra tilkynninga, er varða fiskveiðarnar, samkvæmt reglum í tilkynningu útgefinni af póst- og símamálastjórninni 9. júlí 1940.

#### 2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða útilokun frá frekari siglingum og sektum allt að 10000 krónum.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 30. september 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Guðmundur Hliðdal.*

164  
2. okt.

## REGLUGERÐ

### um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögum nr. 3 frá 4. apríl 1923.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 33 frá 9. jan. 1935, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um sölu og veitingu áfengra drykkja, er um ræðir í nefndum lögum og lögum nr. 3 frá 1923:

#### 1. gr.

Áfengisverzlun ríkisins hefir aðsetur sitt í Reykjavík og útibú í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði, svo og í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, eftir því sem ríkisstjórnin kann að ákveða, eftir að fullnægt hefir verið skilyrði því, er um ræðir í 9. gr., 2. mgr., áfengislaganna nr. 33 frá 1935.

#### 2. gr.

Áfengisverzlun ríkisins má ein flytja áfenga drykki hingað til lands. Þó er henni óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

## 3. gr.

164

Áfengisverzlunin selur áfengið eftir því, sem nánara er ákveðið í reglugerð 2. okt. þessari og gildandi lögum.

## 4. gr.

Áfengisverzlunin selur áfengið þeim, er hér segir:

1. Veitingastað, sem öðlazzt hefir heimild til veitinga áfengra drykkja.
2. Læknum, sem rétt hafa til lyfjasölu, og lyfsölum, þó aðeins það áfengi, sem talið er í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja, og í samræmi við reglugerð, er sett hefir verið samkvæmt 10. gr., 1. tölul., 2. mgr., áfengislaganna.
3. Þeim, sem rétt hafa til að fá keyptan vínanda til iðnþarfa, efnarannsóknna, náttúrugripasafna og annara verklegra nota, svo og þeim, sem rétt hafa til sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, hvorttveggja í samræmi við það, er fyrir er mælt í reglugerð, er sett var samkvæmt 10. gr., 3. tölulið, áfengislaganna.
4. Alþingi, ríkisstjórn og bæjarstjórnnum til risnu.  
Óheimilt er áfengisverzlun ríkisins að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

## 5. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnum tillögum forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, útsöluverð áfengisins með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Álagning á vín þau, er um ræðir í lögum nr. 3 frá 1923, verður að vera innan þeirra takmarka, er þau lög setja.

## 6. gr.

Allt það áfengi, sem áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverðið.

## 7. gr.

Fjármálaráðuneytið ræður forstöðumenn útibúanna og ákveður kjör þeirra. Söluun þeirra mega ekki vera hærri en hér segir:

- a. Útsala í Reykjavík:  
Fyrir sölu vína, er nema að útsöluverði allt að 800 þús. kr., 4% af útsöluverði.  
Fyrir næstu 200 þús. kr. útsöluverðs 2%.
- b. Útsölu utan Reykjavíkur:  
Fyrir sölu vína, er nema að útsöluverði allt að 70 þús. kr., 15% af útsöluverði.  
Fyrir næstu 30 þús. kr. útsöluverðs 7%.

Fyrir það, er salan kann að fara fram yfir 100 þús. kr. 2½%.

Heimilt er fjármálaráðherra að kveða öðruvísi á um launakjör forstöðumanna útibúanna að fengnum tillögum forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins.

## 8. gr.

Forstöðumenn útibúanna skulu fara nákvæmlega eftir ákvæðum þessarar reglugerðar, gildandi lögum og þeim frekari ákvæðum, er stjórnarráðið og Áfengisverzlun ríkisins kann að setja um söluun yfirleitt eða sérstaklega fyrir hvern stað. Forstöðumaður Áfengisverzlunar ríkisins skal í samráði við fjármálaráðuneytið mæla fyrir um hvernig bókfærslu og skilum útibúanna skuli hagað.

## 9. gr.

Útsölustöðum Áfengisverzlunar ríkisins er óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.



164

2. okt.

Útsölastaðirnir skulu vera lokaðir frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag.

10. gr.

11. gr.

Óheimilt er Áfengisverzlun ríkisins og útibúum hennar að afhenda áfengi öðrum einstaklingum en þeim, sem fengið hafa áfengisbók. Dómsmálaráðuneytið sér um útgáfu áfengisbóka og ákveður gerð þeirra og verð.

12. gr.

Hver sá einstaklingur, sem óskar að fá rétt til áfengiskaupa, skal senda hlutað-eigandi lögreglustjóra, í Reykjavík sakadómara, umsókn um áfengisbók. Lögreglustjóri (sakadómari) afhendir þeim einum áfengisbók, er á lögheimili í umdæmi hans og uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Er 21 árs eða eldri.
2. Hefir ekki gerzt sekur um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.
3. Hefir ekki með dómi verið bannað að kaupa eða neyta áfengis, sbr. 64. gr. hegningarlaganna.

Lögreglustjórum og dómurum skal skylt að tilkynna Áfengisverzlun ríkisins og næsta útibúi hennar þegar í stað, ef einhver gerist brotlegur á nefndan hátt, en áfengisverzlunin tilkynnir útibúum sínum, svo og veitingahúsum þeim, er vinnsluleyfi hafa.

Lögreglustjórar geta veitt erlendum ríkisborgurum, sem dveljast hér um stundarsakir, áfengisbækur eftir sömu reglum og íslenskum ríkisborgurum.

Áfengisbækur gilda um eitt ár í senn, í fyrsta sinn til ársloka 1941.

Misnotkun áfengisbókar veldur missi hennar, minnst 6 mánuði, enda liggja ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Hver lögreglustjóri heldur skrá í því formi, sem ráðuneytið ákveður, yfir þá, sem fengið hafa áfengisbók í umdæmi hans, og lætur Áfengisverzlun ríkisins og áfengisvarnarnefndum afrit af þeim í té.

13. gr.

Áfengisbækur skulu hljóða á nafn, og er óheimilt að framselja þær öðrum. Í þeim skal vera sýnishorn af rithönd eiganda (fullt nafn) er hann ritar á skrifstofu lögreglustjóra eða hreppstjóra við móttöku bókarinnar, en þeir votta undirskriftina.

Sá, sem dvelst utan lögheimilis síns og ekki hefir fengið áfengisbók, á rétt á, að lögreglustjórinn þar, sem hann á lögheimili, gefi út handa honum áfengisbók og sendi hana til lögreglustjórans á dvalarstað hans, þar sem hann ritar nafn sitt í bókina, veitir henni viðtöku og vottar þá lögreglustjórinn á dvalarstaðnum undirskriftina.

Kvitta skal fyrir móttöku áfengisbóka.

Karlmaður, sem fengið hefir áfengisbók, öðlast rétt til kaupa á mánuði hverjum sem svarar 4 — fjórum — hálfflöskum af sterkum drykkjum, eða 4 — fjórum — heilflöskum af heitum vínnum, eða 8 — átta — heilflöskum af borðvínnum.

Er hér samkvæmt málvenju með heilflösku átt við  $\frac{3}{4}$  lítra flösku, en með hálfflösku  $\frac{3}{8}$  lítra flösku.

Áfengisbækur veita kvenmönnum rétt til kaupa á helmingi þessa áfengismagns.

Í áfengisbókum karla skulu vera fjórir afhendingarseðlar fyrir hvern mánuð, en í áfengisbókum kvenna tveir, og skal kaupandi undirrita þá sjálfur í áfengisútsölnni með fullu nafni og heimilisfangi og taka á móti áfenginu persónulega gegn sýningu áfengisbókarinnar og afhendingu seðlanna, þó má því aðeins afhenda vín gegn seðlum þessum að þeir séu fastir í áfengisbókinni þegar henni er framvisað í áfengisútsölu. Skriflega pöntun má afgreiða, ef kaupandi býr utan lögsagn-

arumdæmis sem áfengisútsala er í, enda fylgi henni áfengisbók með undirrituðum 164  
afhendningarseðlum. Allar slíkar pantanir skal jafnaðarlega afgreiða sem póstsendingar eða um skipaafgreiðslur til kaupanda sjálfs. Áfengisvarnarnefndir hafa rétt 2. okt.  
til að fylgjast með slíkum áfengissendingum. Áfengisseðlarnir falla úr gildi, séu þeir ekki notaðir í þeim mánuði, er þeir gilda fyrir. Ekki má afgreiða fyrirfram út á áfengisseðla í lögsagnarumdæmi útsölustaða, og ekki nema til 3 mánaða í senn til þeirra, sem fjær búa.

Útsölumenn skulu halda saman öllum afhendingarseðlum, sem þeir taka á móti, og senda mánaðarlega aðalskrifstofu áfengisverzlunarinnar.

#### 14. gr.

Veitingar áfengis, þ.e. sölu til neyzlu á staðnum, má aðeins hafa um hönd af þeim, sem dómsmálaráðuneytið veitir heimild til þess, og aðeins í þeim húsakynnum, er ráðuneytið samþykkir. Skyldur er veitingasali að fara í öllu eftir ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum þeim, er ráðuneytið setur honum í veitingaleyfi eða á annan hátt.

#### 15. gr.

Veitingar áfengis mega aðeins fara fram á tímabilinu frá kl. 12 á hádegi til kl. 2½ síðdegis, og frá kl. 7 til 11½ síðdegis. Þó má veita áfengi í lokuðum samkvæmum eftir kl. 11½ síðdegis, en þó aldrei lengur en til kl. 4 f. h. Ekki má vín vera á borðum gesta lengur en ½ klukkutíma, eftir að liðinn er sá tími, er áfengi má veita.

#### 16. gr.

Heimilt er Áfengisverzlun ríkisins að selja áfengi til veitingahúss 10% herra verði en áfengið er selt í áfengisútsöllum. Veitingastað skal leyfð verðframsæsla, sem nemur allt að 35% af kaupverði hans á áfenginu, þegar neytendum er selt vín á hálfum og heilum flöskum. En auk þess má veitingahús hækka verðið um allt að 25% frá þessu verði, þegar sala fer fram á annan hátt. Áfengisverzlun ríkisins skal semja verðskrár yfir útsöluverð vína á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

#### 17. gr.

Sala áfengis á veitingahúsi má einungis fara fram með fullkominni máltíð.

Engum má selja meira en 18 cl af sterkum drykkjum eða 36 cl af heitum vínnum, eða 72 cl af borðvínnum með hverri máltíð. Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um lokuð samkvæmi, enda liggja fyrir í hvert sinn leyfi lögreglustjóra fyrir samkomunni.

#### 18. gr.

Enginn má hafa með sér vín í veitingahús eða hafa það með sér þaðan. Veitingamanni er skylt að gæta þess, að ekki sé brotið gegn þessu.

#### 19. gr.

Óheimilt er veitingastöðum að selja vín:

1. Þeim, sem yngri eru en 21 árs.
2. Þeim, sem eru bersýnilega ölváðir, þegar þeir beiðast kaupa.
3. Þeim, sem sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

#### 20. gr.

Engum er heimilt að auglýsa áfengi né einstakar áfengistegundir.

#### 21. gr.

Hver, sem notar eftirmynd af merkjum Áfengisverzlunar ríkisins, eða misnotar þau á nokkurn hátt, sæti refsingu að lögum.

164

2. okt.

22. gr.

Lögreglustjórar geta ekki neytt heimildar þeirrar til að leyfa, að áfengi sé um hönd haft í félagsskap, sem ræðir um í 17. gr. 2. mgr. áfengislaganna, nema í veizlum, samsætum og öðrum slíkum samkvæmum, þar sem sýnt er, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafa ekki fjárhagslegan hagnað af. Slík leyfi má ekki veita skemmtifélögum.

Ekki má heldur veita slík leyfi til vinnautnar í samkvæmum, sem haldin eru á veitingastöðum, ef ætla má að til þeirra sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitingahúsið.

Slík leyfi verða aðeins veitt innan lögsagnarumdæmis, þar sem Áfengisverzlun ríkisins hefir útsölu.

Þegar leyfi er fengið samkvæmt framansögðu, lætur Áfengisverzlun ríkisins, eða útsölur hennar utan Reykjavíkur, annast um veitingu vína í samkvæmum, og skal veitingaverð áfengis vera hið sama og í veitingahúsi, er öðlæzt hefir rétt til áfengisveitinga.

Leyfi samkvæmt 17. gr., 2. mgr. áfengislaganna skulu vera skrifleg, og skal þess getið í þeim, hvert tilefni leyfisins sé og hvar samkvæmið verði haldið. Samrit af leyfinu skal hlutaðeigandi lögreglustjóri tafarlaust senda til dómsmálaráðuneytisins.

23. gr.

Lögreglustjórum skal heimilt að loka útsölu eða veitingastað áfengis um einn eða fleiri daga, ef óeirðir eru byrjaðar eða yfirvofandi á staðnum eða önnur slík tilefni gefast, er hafa það í för með sér, að sérstök hættu geti stafað af vinnautnanna. Jafnan skal hlutaðeigandi lögreglustjóri tilkynna dómsmálaráðuneytinu símleiddis, ef unnt er, en ella við fyrsta tækifæri, þegar slík lokun á sér stað og tilefni hennar.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 25 kr. nema þyngri refsing liggir við samkvæmt áfengislagunum nr. 33 frá 1935 eða öðrum lögum.

25. gr.

Reglugerð þessi gengur þegar í gildi og er jafnframt úr gildi numin reglugerð nr. 10 frá 30. jan. 1935 og reglugerð frá 21. okt. 1938, um viðbót við þá reglugerð.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. október 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

165

7. okt.

### um sérstaka friðun rjúpna.

Með því að rjúpum hefir fækkað í landinu að undanfögnu, verður ekki hjá því komizt að friða rjúpur alveg þetta ár.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 1924 skipar ráðuneytið svo fyrir, að rjúpur, sem annars eru að lögum friðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október, skuli á þessu ári einnig vera friðaðar frá 15. október til ársloka.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. október 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

166

7. okt.

### um breyting um stundarsakir á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 22 frá 1. apríl 1936.

1. gr.

Vörugjald samkvæmt 39. gr. hafnarreglugerðarinnar innheimtist þannig meðan styrjöld sú stendur yfir, sem nú geysar í Evrópu:

#### Vörugjaldsskrá.

a. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:  
Alls konar vefnaðarvörur, skófatnaður, leirvörur, glysvarningur, tóbak, eldspýtur og þess konar léttar vörur. — Alls konar ávextir, vínföng, lyfjavörur, niðursuðuvörur, nýlenduvörur og slíkar vörur, sem reiknast eftir þyngd (ekki sykur).
3. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:  
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 150 kg nettó:  
Steinolia og aðrar oliur.
5. flokkur. Gjald 4 aurar fyrir tunnu:  
Tómar tunnur, uppsettar og óuppsettar.
6. flokkur. Gjald 6 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Trjáviður.
7. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir stykkið:  
Sauðfé.
9. flokkur. Gjald 1 kr. fyrir stykkið:  
Hestar og nautgripir.

166

## b. Brottluttar vörur:

7. okt. 1. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:  
Ull, ullarvörur, dúnn, fiður, hert skinn og sundmagi.
2. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg:  
Aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.
3. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir tunnu:  
Kjöt.
4. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir tunnu:  
Sild.
5. flokkur. Gjald 4 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
6. flokkur. Gjald 1 króna fyrir stykkið:  
Hestar og nautgripir.
7. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir stykkið:  
Sauðfé.

Þó skal lægsta gjald í öllum flokkum af að- og brottfluttum vörum aldrei minna vera en 10 aurar, en aldrei tekið tvisvar gjald af sömu vöru. Hafnarnefndinni heimilast að undanþiggja vörugjaldi innlendir afurðir, sem fluttar eru að eða frá bænum í smærri stíl.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 34 19. júní 1922, sbr. lög nr. 88 3. maí 1935, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. október 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

167

## REGLUGERÐ

9. okt.

um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

## 1. gr.

Öll skip, sem koma hingað frá útlöndum og ætla að taka hér aðrar hafnir en Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Seyðisfjörð og Siglufjörð, skulu á leiðinni frá útlöndum taka höfn í einhverri þessara hafna, til þess að fá þar fyrstu afgreiðslu, nema þau þurfi að leita annara hafna í neyð, enda sannist það í sjóprófi, að um neyðarhöfn hafi verið að ræða.

Öll skip, sem fara héðan til útlanda, skulu láta síðast úr einhverri ofangreindra hafna, nema íslensk skip, svo og erlend skip, sem leigð eru íslenskum ríkisborgurum til flutninga til Bretlands á frystum og ísvörðum fiski og frystu kjöti, sem mega láta síðast úr einhverri eftirgreindra hafna:

Reykjavík,  
Akranesi,  
Stykkishólmi,  
Patreksfirði,  
Bíldudal,

Ísafirði,  
Hólmavík,  
Siglufirði,  
Ólafsfirði,  
Akureyri,

Húsavík,  
Raufarhöfn,  
Seyðisfirði,  
Neskaupstað,  
Eskifirði,

Fáskrúðsfirði,  
Hornafirði,  
Vestmannaeyjum,  
Keflavík,  
Hafnarfirði.

## 2. gr.

167

Öll flugför, sem koma hingað frá útlöndum og ætla að lenda hér annarsstaðar en í Reykjavík, skulu á leiðinni frá útlöndum lenda í Reykjavík, til þess að fá fyrstu afgreiðslu hér, nema þau þurfi að lenda annarsstaðar í neyð, enda sannist það fyrir lögreglurétti, að um neyðarlending hafi verið að ræða.

9. okt.

Þá skulu öll flugför, sem fara héðan til útlanda, leggja síðast upp héðan frá Reykjavík.

## 3. gr.

Til sönnunar því, að skip og flugför hafi fengið í ferð sinni að landinu tilskilda fyrstu afgreiðslu hér á höfnum þeim og hafnarstöðum, sem getur í 1. og 2. gr. hér að framan, skulu þau fá hjá tollyfirvöldunum á þessum stöðum skirteini þar að lútandi, sem ber að leggja fyrir tollyfirvöld hér, ef krafizt verður.

Skipum og flugförum er óheimilt að leggja af stað héðan til útlanda fyr en þau hafa fengið tollvegabréf frá tollyfirvöldunum á höfnum þeim og hafnarstöðum, sem getur í 1. og 2. gr. hér að framan.

## 4. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum, enda sé undanþágu beiðst svo timanlega, að ráðuneytið geti gert nauðsynlegar öryggisráðstafanir, og skal fullnægt skilyrðum, sem ráðuneytið kann að setja fyrir slíkum undanþáguveitingum.

## 5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1.—4. gr. hér að framan varða skipstjóra eða flugfarstjóra sektum, allt að kr. 100000.00.

Nú tekur skip, sem í ferð sinni hingað hefir ekki fengið áður afgreiðslu hér á landi, höfn annarsstaðar en á höfnum þeim, sem taldar eru í 1. mgr. 1. gr. hér að framan, og skulu þá ekki leyfðar samgöngur við slíkt skip og því tafarlaust vísað til einhverrar þessara hafna, nema það sé í nauðum statt. Sama gildir um flugför, sem lenda í öðrum hafnarstöðum en í Reykjavík.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 63, 31. desember 1937, um tollheimtu og tollaftirlit, lögum um breyting á þeim lögum nr. 59 30. desember 1939 og bráðabirgðalögum frá 24. júní 1940, um sama efni.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin 28. gr. reglugerðar nr. 123 25. nóvember 1938, um tollheimtu og tollaftirlit, og reglugerð nr. 113 25. júní 1940, um sama efni og þessi reglugerð.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 9. október 1940.*

**Jakob Möller.**

*Magnús Gíslason*

## AUGLÝSING

### um löggilding nokkurra sérlyfja.

Eftirfarandi sérlyf löggildast hér með samkvæmt ákvæðum tilskipunar nr. 112 20. ágúst 1938, um gerð og afgreiðslu sérlyfja:

1. **Atrokol.**  
Verkandi efni: Methylatropini bromidum 0,2 mg. Carbo medicinalis 50 cg í 1 grammi.
2. **Atrokol fortior.**  
Verkandi efni: Methylatropini bromidum 0,4 mg. Carbo medicinalis 50 cg. í 1 grammi.
3. **Aurisan.**  
Verkandi efni: Cocaini hydrochloridum 10 g. Phenolum liquidum 1 g. Adrenalini hydrochloridum 2 cg. Glucosum 25 g. í 100 grömmum.
4. **Citropepsin.**  
Verkandi efni: Pepsinum 1:3000 10 g. í 100 grömmum.
5. **Eupakol granulat.**  
Verkandi efni: Methylatropini bromidum 0,6 mg. Papaverini hydrochloridum 6 mg. Carbo medicinalis 50 cg. í 1 grammi.
6. **Ferribrom.**  
Verkandi efni: Ferrum 2 g. Natrii bromidum 5 g. í 100 grömmum.
7. **Ferribrom comp.**  
Verkandi efni: Ferrum 2 g. Natrii bromidum 5 g. Liquor valerianae conc. 30 g. í 100 grömmum.
8. **Granulatum calcii gluconatis bromatum.** (Glu-Ca-Brom granulat).  
Verkandi efni: Calcii bromidum 17,15 g. Calcii gluconas 22,85 g. í 100 grömmum.
9. **Granulatum calcii gluconatis ferratum.** (Glu-Ca-Fer granulat).  
Verkandi efni: Ferrosi tartras 6,5 cg. Calcii gluconas 19,5 cg. í 1 grammi.
10. **Trochisci calcii gluconatis cum ferro.** (Glu-Ca-Fer Trochisci).  
Verkandi efni: Ferrosi tartras 12,5 cg. Calcii gluconatis 37,5 cg. í 1 tölu.
11. **Hepaticum.**  
Verkandi efni: Strychnini phosphas 5 mg. Natrii monomethylarsinas 12 cg. Hepatopson liquid 6,25 g. Liquor vitamini B. 20% 6,875 g. í 100 grömmum.
12. **Hepaticum cum ferro.**  
Verkandi efni: Strychnini phosphas 5 mg. Natrii monomethylarsinas 12 cg. Hepatopson liquid 6,25 g. Liquor vitamini B. 20% 6,875 g. Ferrum 5 cg. í 100 grömmum.
13. **Kresocol.**  
Verkandi efni: Calcii cresolsulfonas 3 g. í 100 grömmum.
14. **Oleum calciferoli.**  
Verkandi efni: Vitamin D 5000 I. E. í 1 ccm.
15. **Oleum calciferoli fortior.**  
Verkandi efni: Vitamin D 15000 I. E. í 1 ccm.
16. **Solarsen comp.**  
Verkandi efni: Arseni trioxydum 1 mg. Strychnini nitras 0,5 mg. í 1 ccm.
17. **Tablettaa D-Vitakalk.**  
Verkandi efni: Vitamin D 100 I. E. Calcii phosphas 35 cg. Calcii gluconas 35 cg. í 1 tölu.

18. **Tablettaa Salcotheobromini barbituricae.** (Tablettaa Salcotheobromini cum phenemalo). 168  
11. okt.  
Verkandi efni: Acidum phenylaethylbarbituricum 2 cg. Theobromino calcii salicylas 50 cg. í 1 tölu.
19. **Tablettaa Salcotheobromini cum rhodano.**  
Verkandi efni: Theobromino calcii salicylas 50 cg. Kalii thyocyanas 10 cg. í tölu.

Nákvæm fyrirsögn um innihald og gerð ofangreindra lyfja er í forskriftasafni Lyfsalafélags Íslands, „Disp. Isl.“ 1938.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 11. október 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

169

14. okt.

um skemmtanaskatt í Suðurfjarðahreppi í Bíldudal í Barðastrandarsýslu.

### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Suðurfjarðahreppi og aðganga er seld að.

### 2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur. a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
  - b. Sjónleikir.
  - c. Fyrirlestrar og upplestrar.
  - d. Kappléikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
  - e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
2. flokkur. a. Dansleikir.
  - b. Danssýningar.
  - c. Loddara- og fjölleikasýningar.
  - d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar sérstaklega.

### 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem undir fyrsta flokk heyra, skal greiða 10% af aðgöngueyri og af þeim, sem taldar eru í öðrum flokki 25%.

Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

### 4. gr.

Undantekningar frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum eða til styrktar þörfum félagsskap sveitarinnar o. s. frv.

### 5. gr.

Hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps hefir eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefir eftirlit með skemmtunum, ef þurfa þykir.



169 Getur hún ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftir-  
14. okt. litsmaður skemmtana.

## 6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun sem aðganga er seld að, skal tilkynna hreppsnefndaroddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær skemmtunin skal haldin. Afhendir þá hreppsnefnd stimplaða aðgöngumiða, svo marga, er ætla megi að nægi. Gerð miðanna ákveður hreppsnefnd og kostnaður við þá greiðist af skatttekjum.

Þegar samkomu er lokið, skal sá er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, er notaðir hafa verið.

## 7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

## 8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en hreppsnefnd skal þó halda fé þessu í sérstökum sjóði, sem skal vera undir stjórn hreppsnefndar og skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum. Fé sjóðsins skal varið til styrktar samkomuhúsbyggingu á Bíldudal í Suðurfjarðahreppi.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000 krónum. Sé brotinu þannig háttáð, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr. Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 14. október 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

170

16. okt.

um breyting á bráðabirgðareglugerð 30. sept. 1940, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum.

## 1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með innsíglun skal fylgja yfirlýsing (á ensku) þess, er innsiglaði, um hvernig innsiglið sé merkt, hvaða dag hafi verið innsiglað og á hvern hátt stöðin hafi verið gerð óstarfhæf undir innsíglinu. Yfirlýsing þessi skal færð inn í dagbók skipsins og undirrituð þar af þeim, er innsiglaði. Sá, sem leysir stöð úr innsíglun, skal undirrita yfirlýsingu (á ensku) í dagbók skipsins, þar sem tekið skal fram, hvaða dag innsiglið hafi verið rofið, hvernig það hafi verið merkt, svo og ástæðuna fyrir því, að senditækin eru leyst úr innsíglun.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 7. gr. bráðabirgðalaga um fjarskipti frá 5. júlí 1940, öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðherra, 16. október 1940.*

Ólafur Thors.

*Guðmundur Hlíðdal.*

## AUGLÝSING

171

21. okt.

um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefir samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júlí 1940 sett eftirfarandi ákvæði um hámarksálagningu á eftirgreindum reiðhjólahlutum:

Dekk, slöngur, sæti, stýri, pedalar, gjarðir, friðhjól, framná, bjöllur, bretti, luktir, lásar, handföng og keðjur.

Álagningin má ekki vera hærri en hér segir:

1. Í heildsölu .....	20 %
2. Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	35 %
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	55 %

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða allt að 10000 kr. sektum, auk þess sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 21. október 1940.*

Eysteinn Jónsson.

*Jón Guðmundsson.*

172

24. okt.

## AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um breyting á reglugerð nr. 206 1939, um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

### REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 206 1939, um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

1. og 2. mgr. 6. greinar hljóði svo:

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 8 síðdegis á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og eftir kl. 11 síðdegis á tímabilinu 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. október 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

173

24. okt.

## REGLUR

fyrir fiskibáta á Akureyri og við Eyjafjörð undir 80 tonnum, sem stunda vilja fiskveiðar á myrkvunartímanum.

#### 1. gr.

Nöfn bátanna, númer og tala áhafna á bátunum ber að afhenda brezka hafnar-  
eftirlitsmanninum. Skrá með þessum upplýsingum á stjórn sjómannafélagsins að gefa yfir alla þá báta, sem líklegir eru að stunda fiskveiðar vetrarlangt. Skráin afhendist brezka hafnareftirlitsmanninum fyrir 21. þ. m.

Formennirnir á bátnum sjái um að hafnareftirlitsmanninum brezka sé skýrt frá því, ekki seinna en einni klukkustund fyrir myrkvunartímann, ef þeir ætla til sjóróðra og skal sérstaklega tekið fram, ef þeir ætla út fyrir línuna, (Hjalteyrarviti rétt austur), því enginn bátur má koma aftur inn fyrir línuna, á myrkvunartímanum, ef hann hefir ekki tilkynnt þetta.

Tilkynning þessi, um ferðir bátanna, skal látin í bréfkassa í norður-anddyri hússins nr. 90 í Hafnarstræti.

#### 2. gr.

Myrkvunartímann fá menn að vita um á skrifstofu lögreglustjóra.

#### 3. gr.

Á Oddeyri er brezkur hervörður, hefir hann ljósaútbúnað og bregður ljósi yfir bátana, svo númer þeirra sjáist. Ber bátunum að sigla eins nálægt Oddeyrinni og þeir geta.

Bátar, sem þekkjast á númerunum, fá að halda áfram, en hinir verða stöðvaðir. **173**  
Til þess að tryggja, að númer sjáist, verða einkennisstafir og númerin að vera 24. okt.  
eitt fet á hæð.

## 4. gr.

Bátar þeir, sem greindir eru hér að framan, mega á daginn fiska þar sem þeir vilja, en á myrkvunartímanum verða þeir að halda sig 200 metra frá landi.  
Þetta ákvæði gildir þar til öðruvísi verður ákveðið.

Þetta tilkynnist öllum og eru reglur þessar þegar komnar til framkvæmda.

Lögreglustjórinn á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu, 24. október 1940.

Sig. Eggerz.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Hallormsstaðarskóla“, útgefin á venjulegan hátt 25. október 1940 af dóms- og kirkjumála- **174**  
ráðherra. 25. okt.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Hallormsstaðarskóla.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Hallormsstaðarskóla og er stofnaður á aðalfundi Sambands íslenzkra samvinnufélaga á Hallormsstað 1938.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —.

Stofnandi sjóðsins er Samband íslenzkra samvinnufélaga.

## 2. gr.

Sjóðurinn er afhentur húsmæðraskólanum á Hallormsstað til fullrar og ótakmarkaðrar eignar og umráða.

Hann er afhentur í peningum.

Sjóðinn skal ávaxta á öruggan hátt eða eins og stjórn hans telur hagkvæmast.

Næstu 10 árin skal  $\frac{1}{4}$  vaxtanna árlega lagður við höfuðstólinn. Má ekki skerða höfuðstólinn þann tíma. Að 10 árum liðnum skal skipulagsskráin endurskoðuð og þá ákveðin meðferð höfuðstóls og vaxta eftir því, sem henta þykir. Sjá þó 3. gr.

## 3. gr.

Sjóðurinn skal ávallt starfa sem menningarsjóður húsmæðraskólans á Hallormsstað.

Skal árlega verja  $\frac{3}{4}$  vaxta hans til híbýlaprýði og annara umbóta innanhúss næstu 10 ár. Sjá 2. gr.

Fyrsta vaxtaúthlutun fer fram 1940 af ársvöxtum 1939 og 1940.

## 4. gr.

Skólaráð húsmæðraskólans á Hallormsstað hefir á hendi yfirumsjón sjóðsins, en að öðru leyti hefir forstöðukona skólans ráðsmennsku hans.

Reikningur sjóðsins skal árlega birtur á þann hátt, sem skólaráðið telur hentugast.

174

25. okt.

Verði húsmæðraskólinn á Hallormsstað lagður niður, ákveður stjórn skólans um leið og búi hans er ráðstafað, hvernig starfsemi sjóðsins skuli háttað í framtíðinni

5. gr.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fullgerð að Egilsstöðum á Völlum, 24. janúar 1940.

Forstöðukona húsmæðraskólans á Hallormsstað

**Sigrún P. Blöndal.**

Í skólaráði húsmæðraskólans á Hallormsstað

**Guðrún Pálsdóttir. Björn Hallsson. Margrét Pétursdóttir.**

**Jón Kjerúlf. Páll Hermannsson.**

175

30. okt.

## REGLUGERÐ

### um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Tímareikningur sá, sem gilt hefir á Íslandi frá 25. febrúar s.l., samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 24. febrúar 1940, breytist aftur í íslenzkan meðaltíma kl. 2 eftir miðnætti 3. nóvember næstkomandi þannig, að kl. 2 eftir núgildandi tímareikningi færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður 1.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. október 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

176

5. nóv.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Ræktunarsjóð Birtingaholts“ útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra 5. nóvember 1940. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Ræktunarsjóð Birtingaholts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður Birtingaholts. Hann er stofnaður 17. okt. 1907 af Ágúst Helgasyni, bónda í Birtingaholti, og er nú að upphæð kr. 760.00. Ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bæta og prýða jörðina Birtingaholt í Árnessýslu.

## 3. gr.

Vextir leggjast allir við höfuðstólinn, þar til að ársvextir nema kr. 200.00 — tvö hundruð krónum —. Frá þeim tíma falla til útborgunar  $\frac{3}{4}$  — þrjú fjórðu — hlutar vaxtanna árlega, þar til að þeir nema kr. 300.00 — þrjú hundruð krónum —. Úr því falla til útborgunar  $\frac{1}{5}$  — fjórir fimmtu — hlutar vaxtanna. Þá er ársvextir nema kr. 400.00 — fjögur hundruð krónum — falla til útborgunar  $\frac{1}{5}$  — fimm sjöttu — hlutar þeirra.

176

5. nív.

## 4. gr.

Þá er sá tími kemur, að vextir falla til útborgunar, skal greiða ábúanda Birtingaholts þann hluta þeirra, sem útborga má ár hvert, gegn vottorði stjórnar sjóðsins um að bóndinn hafi næsta ár á undan varið a. m. k. jafnmiklu fé til að auka hið ræktaða land í Birtingaholti. Fáir bóndinn opinberan styrk í sama skyni, skal draga styrkuppþæðina frá kostnaðarverði framkvæmdarinnar og leggja upphæðina, sem þá er eftir, til grundvallar móti styrk úr sjóðnum. Úr því að ársvextirnir nema kr. 300.00, skal helming þess sem útborga má, varið svo sem áður segir, en hinum helmingnum skal varið til skógræktar, blómaræktar eða á annan hátt til þess að prýða jörðina. Útborgast sá hlutinn einnig til ábúanda jarðarinnar, gegn samskonar vottorði og skilyrðum, sem áður er talið. Verði hið áskilda verk eigi unnið eitthvert ár, skal fresta útborguninni það ár. Hafi ábúandinn þá næsta ár unnið áskilið verk tveggja ára, skal greiða honum útborgun þá, sem frestað var að borga, ella leggst hún við höfuðstólinn.

## 5. gr.

Verði ábúendur í Birtingaholti fleiri en einn í einu, skulu útborgaðir vextir greiddast til þeirra beggja, eða allra, í réttu hlutfalli við framkvæmdir þeirra ár hvert og fer um það að öðru leyti eftir fyrirmælum 4. greinar.

## 6. gr.

Ef til þess kæmi að hið útborgunarskylda fé sjóðsins yrði það mikið að réttara væri, að dómi sjóðstjórnar, að verja því sum árin til varanlegra húsabóta á jörðinni eða til rafvirkjunar, eða til annars þess, sem stjórn sjóðsins telur jörðinni til bóta og fegrunar, er henni heimilt í því efni að breyta frá ákvæðum 4. greinar, þó þannig, að hið upphaflega markmið sjóðsins, sbr. 2. gr., verði látið sitja í fyrirrúmi, svo sem verða má.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins sé skipuð 3 mönnum: Formanni Búnaðarfélags Hrunamannahrepps, hreppsnefndaroddvita Hrunamannahrepps og manni, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir. Skal hann vera formaður stjórnarinnar og færa bækur sjóðsins.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hann skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar rekstur og hag sjóðsins. Sjóðstjórninni ber einnig að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans og ársreikninga og sjá um að verk þau, er styrkt verða úr sjóðnum, séu vel af hendi leyst.

## 9. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skal reikningurinn gerður fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Ársreikning sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu.

176

5. nóv.

Aldrei má með kaupbréfi né byggingarbréfi, né á annan hátt gera ráðstafanir, sem koma í bága við þessa skipulagsskrá.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Fellur þá úr gildi skipulagsskrá sjóðsins frá 17. okt. 1907, þinglesin 13. janúar 1908.

177

5. nóv.

## AUGLÝSING

**um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Borgarneskaupúni.**

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

### REGLUGERÐ

**um barnavernd í Borgarneskaupúni.**

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Borgarness er bannað að selja eða afhenda börnum eða unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Leiksyningar og myndir, sem ætlast er til að börnum og unglingum innan 16 ára aldurs sé seldur aðgangur að, skulu áður sýndar barnaverndarnefndinni, eða þeim, sem hún felur að dæma um þær. Getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað að börn og unglingar fái aðgang að þeim. Um aðrar opinberar skemmtanir gildir hið sama, að barnaverndarnefnd skal tilkynnt, hvað þar á að fara fram, og ræður hún þá, hvort börnum innan 14 ára aldurs skuli leyfður aðgangur eða ekki.

3. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega aldrei dvelja lengur en til miðnættis á dansleikjum eða öðrum opinberum skemmtunum, nema með sérstöku leyfi barnaverndarnefndar.

4. gr.

Börn innan 12 ára aldurs mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 7 á kvöldin á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og ekki eftir kl. 9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með aðstandendum sínum, eða þeim fullorðnum, sem þeir hafa falið gæzlu barnanna.

Börn 12 til 14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og ekki eftir kl. 10 á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með aðstandendum sínum, eða þeim fullorðnum, sem þeir hafa falið gæzlu barnanna.

Börn 14 til 16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með aðstandendum sínum, eða þeim fullorðnum, sem þeir hafa falið gæzlu barnanna.

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um, **177**  
að ákvæðum þessum sé framfylgt. 5. nóv.

## 5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skál farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

## 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. nóvember 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## S A M Þ Y K K T

178

6. nóv.

**um forkaupsrétt og forleigurétt Ólafsfjarðarhrepps í Eyjafjarðarsýslu á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirtöldum fasteignum í Ólafsfjarðarkauptúni:

1. Lóðarspildu Kaupfélags Eyfirðinga sunnan bátabryggjunnar í Ólafsfirði ásamt mannvirkjum.
2. Svokallaðri Höepfnerslóð norðan bryggjunnar ásamt mannvirkjum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*



179

7. nóv.

## VIÐAUKAREGLUGERÐ

við reglugerð frá 2. október 1940 um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögum nr. 3 frá 4. apríl 1923.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu brezka setuliði hér á landi.

2. gr.

Þeim, sem leyfi fá til framleiðslu slíks öls, er óheimilt að veita, selja eða láta ölið af hendi til annara en umboðsmanna yfirstjórnar brezka setuliðsins hér á landi.

3. gr.

Fyrst um sinn, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, greiðist framleiðslutollur af öli þessu samkvæmt 4. kafla 3. töluliðs 2. greinar laga nr. 60 1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum og fer um innheimtu gjaldsins samkvæmt tédum lögum, sbr. reglugerð nr. 9 1935.

4. gr.

Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipa sinn manning hvor til að hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

5. gr.

Fyrir brot gegn ákvæðum laga 29. október 1940 og ákvæðum þessarar reglugerðar skal refsa samkvæmt 15. grein laga nr. 33 9. janúar 1935, sbr. 33. gr. sömu laga.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt bráðabirgðalögum frá 29. október 1940 um breyting á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, öðlast þegar gildi.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. nóvember 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

180

11. nóv.

## REGLUR

um viðskipti talstöðva í landi (og í eyjum).

Mið tilliti til ástandsins í landinu eru hér með settar eftirfarandi bráðabirgðareglur um viðskipti milli talstöðva í landi (og í eyjum), hvort heldur eru landsmástöðvar eða einkastöðvar:

1. Öll samtöl við einstaklinga eða talstöðvar í landi (og í eyjum) eru bönnuð.
2. Öll viðskipti slíkra talstöðva fari fram í skeytaformi og afrit af skeytunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll viðskipti frá slíkum talstöðvum fari aðeins fram á 188 metra öldulengd.
4. Dulmál og símnafni í einkatalskeytum eru bönnuð.

5. Í viðskiptunum mega talstöðvarnar ekki gefa neinar upplýsingar um veður nema í hinum umsömdu veðurathugunarskeytum til veðurstofunnar. 180  
11. nóv.
6. Fullt nafn sendanda skal vera undir hverju einkaskeyti.
7. Í hvert skipti, sem talstöð kallar, skal hún nefna greinilega nafn staðarins, sem hún er á, t. d. Flatey á Breiðafirði, Horn o. s. frv.

Póst- og símamálastjórnin, 11. nóvember 1940.

Guðmundur Hlíðdal.

G. Briem.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Hjónasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps“, útgefin á venjulegan hátt 13. nóv. 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra. 181  
13. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjónasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Hjónasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps og er heimili hans og varnarping í Bólstaðarhlíðarhreppi.

### 2. gr.

Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun og má aldrei blanda honum saman við sveitar-sjóðinn né nokkurn annan sjóð eða stofnun. Skal hann ávaxtast í sparisjóði Húnavatnssýslu eða öðrum jafntryggjum stað. Ákvæðum þessarar greinar má aldrei breyta.

### 3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru börn hjónanna Þorkels Þorkelssonar og Engilráðar Sigurðardóttur frá Barkarstöðum.

Upphæð sjóðsins var við árslok 1936 kr. 1257.42.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að ræktun nytjajurta í Bólstaðarhlíðarhreppi.

### 5. gr.

Verja skal árlega vöxtum til verðlauna til þeirra manna, sem tilraunir gera með hvers konar kornrækt eða ræktun annara nytjajurta, sem miða til að auka heimafengið fóður, hvort heldur er handa mönnum eða skepnum, þar með skal telja drykkjurtir, sem geta komið í stað erlendra drykkjurtu, svo sem kaffis og tegrasa.

Ef um engar slíkar tilraunir er að ræða innan hreppsins, má veita verðlaun fyrir trjárækt, hvort heldur er heima við bæi eða utan garða og runna, er gefa af sér holl og heilnæm ber.

Virðist stjórn sjóðsins ekki ástæða til að veita slík verðlaun, leggjast vextirnir við höfuðstólinn.

181

13. nóv.

Aldrei má veita verðlaun nema tilraunirnar séu vel og vandvirknislega af hendi leystar og skal sá, er verðlaun hlýtur, skuldbinda sig til að halda tilraunum áfram að minnsta kosti í þrjú ár samfleytt.

Trúnaðarmaður Búnaðarsambands Austur-Húnavatnssýslu skal gefa stjórn sjóðsins glögga skýrslu um tilraunirnar og væntanlegan árangur þeirra.

Ekki má veita sama manni verðlaun oftár en þrjú ár í röð, nema það hafi verið samþykkt á fundi Búnaðarfélags Bólstaðarhlíðarhrepps og trúnaðarmaðurinn mælir með því til að fá fullvissu um, hvort það geti borgað sig að rækta það, sem tilraunin fæst við, á þeim stað.

## 7. gr.

Heimilt er hverjum, sem finnur köllun hjá sér, að leggja fé í sjóðinn, hvort sem er til minningar um foreldri, aðra ástvini eða sjálfan sig. Skal þá heimilt að breyta nafni sjóðsins, ef ástæða þykir til.

Í viðauka við skipulagsskrá þessa má gefandi ákveða nánar hvernig vöxtum af gjafafé sínu skuli varið, en þó skal það ákvæði í samræmi við 4. grein hér að framan.

## 8. gr.

Búnaðarfélag Bólstaðarhlíðarhrepps kýs þrjá menn í stjórn sjóðsins. Kosningin skal fara fram á aðalfundi félagsins ár hvert.

Stjórnin skal starfa kauplaust, en ritfangakostnaður skal greiddur af vöxtunum.

## 9. gr.

Skylt er stjórninni að halda bók, er innihaldi skýrslur um allar tilraunir, sem verðlaunaðar eru samkvæmt skipulagsskránni, enn fremur reikninga sjóðsins og skýrslu um eignir. Skal stjórnin árlega senda sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu glöggan reikning um allar fjárreiður sjóðsins.

Sýslunefndin hefir yfirumsjón með sjóðnum, að hann ekki tapist eða rýrni og að verðlaunum og styrkjum sé varið samkvæmt skipulagsskránni. Enn fremur sendi sjóðstjórnin Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um árangur allra tilraunanna, sem gerðar eru samkvæmt 5. grein, til birtingar í einhverju búnaðarriti.

## 10. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.  
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 11. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá og birta hana í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þuríðar 182 Ólafsdóttur, Ögri“, útgefin á venjulegan hátt 16. nóvember 1940 af dóms- og kirkju- 16. nóv. málaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þuríðar Ólafsdóttur, Ögri.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þuríðar Ólafsdóttur, Ögri, og má aldrei breyta nafninu. Sjóðurinn er stofnaður á 100 ára fæðingardegi Þuríðar, 20. febrúar 1940, af dóttur hennar, Ragnhildi Jakobsdóttur í Ögri, og er stofnféð 1000 — eitt þúsund — krónur.

### 2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands á Ísafirði, eða annari peningastofnun með ríkisábyrgð á innstæðum, ef Landsbankinn hættir starfsemi á Ísafirði.

### 3. gr.

Styrk úr sjóðnum skal veita í fyrsta sinn 20. febrúar 1950 og síðan fimmta hvert ár, sama dag. Skal styrkurinn nema  $\frac{3}{4}$  — þrem fjórðu — þeirra vaxta, sem sjóðurinn fær fyrir umliðin, fyrst tíu og síðar fimm ár. En þegar sjóðurinn er orðum tíu þúsund krónur, má veita styrki annaðhvort ár, og þá er hann er orðinn 25 þúsund krónur, má veita styrki árlega.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja konur, ógiftar og giftar, fullra 16 ára að aldri, til þess að nema húsmæðrafræðslu. Skulu styrkþegar vera búsettir í Ögurhreppi, eins og hreppurinn er nú að takmörkum eða kann að verða, verði hreppnum síðar skipt. Skal ávallt miða við þau takmörk, er hreppurinn nú hefir, að því er búsetu styrkhæfra umsækjenda snertir. Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu ávallt vera skriflegar.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Oddviti Ögurhrepps, og er hann formaður sjóðstjórnar og annast reikningshald hans. Meðan kvenfélag er í hreppnum skal kjósa eina konu í sjóðstjórnina, svo skal og stofnandi sjóðsins vera í stjórninni meðan hún óskar þess. Leggist kvenfélagið niður skal hreppsnefnd Ögurhrepps kjósa eina konu í stjórnina, og þegar stofnandinn ekki vill eða getur verið lengur í stjórninni, skal hreppsnefnd Ögurhrepps kjósa konu eða karlmann í hennar stað. Skal stjórnin ávallt vera skipuð Ögurhreppsþúum.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, færa í hana skipulagsskrá þessa, nöfn þeirra, er sækja um styrk úr sjóðnum í hvert sinn, styrkveitingar og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

### 7. gr.

Reikningur sjóðsins skal ávallt lagður fyrir sýslunefnd Norður-Ísafjarðar-sýslu eða annarar stofnunar, er koma kann í stað sýslunefndar, til reikningslegrar endurskoðunar og samþykktar.

### 8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## S A M Þ Y K K T

## um lendingarsjóði í Norður-Ísafjarðarsýslu.

## 1. gr.

Af öllum skipum, er ganga til fiskveiða á veiðistöðvunum Ytri-Snæfjallaströnd með Skarði, skal greiða í lendingarsjóð eina krónu af hverjum vertíðarhlut, og í veiðistöðvunum Ögurnesi og Ögurvik tvær krónur af hverjum vertíðarhlut.

## 2. gr.

Tvær eru vertíðir, haust og vetrar og vor og sumar. Fyrir skemmri tíma en mánuð skal ekkert gjald greiða.

## 3. gr.

Hreppsnefnd innheimtir gjald þetta. Greiðir formaður það af óskiptum afla áður en hann lýkur vertíð í þessum veiðistöðvum. Gjaldið skal greitt í peningum. Innheimtumaður fær 2% í innheimtulaun. Taka má gjald þetta lögtaki, sé það eigi greitt á réttum tíma.

## 4. gr.

Hreppsnefndaroddviti semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða, og sendir hann oddvita sýslunefndarinnar skýrslu þessa ásamt gjaldupphæðinni fyrir báðar vertíðirnar fyrir lok októbermánaðar ár hvert.

## 5. gr.

Gjald hvernar veiðistöðvar skal ávaxtað í sérstökum sjóði. Kallast sjóðir þessir Lendingarsjóður Ytri-Snæfjallastrandar og Lendingarsjóður Ögurhrepps. Sýslunefndin annast um að sjóðir þessir séu ávaxtaðir á sem tryggastan og haganlegastan hátt.

## 6. gr.

Fé sjóðanna skal varið til að bæta lendingar í hlutaðeigandi veiðistöðvum. Sýslunefndin ákveður hvenær byrjað er að veita fé úr sjóðunum til lendingarbóta.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917, til að öðlast gildi 1. desember 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 108 30. nóvember 1907 um téðan lendingarsjóð.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

184

21. nóv.

### um rannsókn banameina og kennslu í meina- og líffærafræði.

#### 1. gr.

Yfirlæknum á sjúkrahúsum skal vera heimilt, eftir því sem þeim þykir ástæða til, að rannsaka sjálfir eða láta sérfræðing í meinafræði rannsaka með krufningu og á annan hátt banamein sjúklinga þeirra, er þar deyja.

#### 2. gr.

Þeim yfirlæknum og meinafræðingum, sem hér um ræðir og jafnframt eru kennarar við læknadeild háskólans, skal vera heimilt að notfæra þessar krufningar og rannsóknir, eftir því sem við verður komið, til stuðnings kennslunni í meina- og líffærafræði við læknadeildina.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi reglugerð nr. 71 16. júlí 1932 um rannsókn banameina og kennslu í meina- og líffærafræði.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 21. nóvember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

185

22. nóv.

### um nokkrar vörur úr kjöti.

Um pylsur og bjúgu, sem venju samkvæmt eru aðallega búin til úr kjöti, svo og kæfu, lifrarkæfu og kjötfars, skulu gilda eftirfarandi reglur til bráðabirgða:

1. Kjöt, sem notað er í framangreindar vörur, skal vera nýtt, fryst eða saltað, óskemmt og hreinlega meðfarið. Ef notað er kjöt af öðrum dýrum en nautgripum, sauðfé eða svínum, skulu þær auðkenndar á fullnægjandi hátt með tilliti til þess.
2. Til rotvarnar má eigi nota önnur efni en talin eru í 8. grein í almennum reglum nr. 49, 19. júlí 1936, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Þó er heimilt að nota natriúmtrít ( $\text{NaNO}_2$ ), blandað venjulegu matarsalti, enda sé í blönduninni ekki meira en 0,6% af natriúmtríti og ekki jafnframt notaður saltpétur. Ef notaður er saltpétur, má saltpétursinnihaldið — miðað við kalíumítrat — aldrei nema meiru en 1 hlut á móti 99 hlutum matarsalts.
3. Nota má krydd og kryddvörur til bragðbætis. Sama gildir um lauk og önnur svipuð efni.
4. Sem bindiefni má einungis nota þau efni, sem talizt geta til kjöts, og auk þess ný, óskemmd egg. Í kjötfars og pylsur, sem eingöngu eru gerðar úr kjötfarsi, má þó nota mjöl, grjón, kartöflur, kartöflumjöl eða annað sterkjumjöl eða brauð, enda sé ekki meira en 5% af sterkju í fullgerðri vörunni.
5. Óheimilt er að nota vatn við tilbúning á framangreindum vörum, nema óhjákvæmilegt sé við vinnsluna, enda sé vatnsmagnið, er þannig bætist við, aldrei

185  
22. nóv.

meira en 10% af fullgerðri vörunni. Í kjötfarsi, lifrakæfu og pylsum, sem eingöngu eru gerðar úr kjötfarsi, má það þó nema 40%. Í staðinn fyrir vatn má einnig nota mjólk.

6. Hangibjúgu (spegepylsur) og salamípylsur má lita með óskaðlegum litum. Óheimilt er að lita aðrar af þessum vörum. Þó er heimilt að lakka pylsur með óskaðlegu lituðu eða litlausu lakki, enda gangi það ekki inn í kjötið.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936 og ganga ákvæði hennar í gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 22. nóvember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

186  
22. nóv.

## AUGLÝSING

um nokkrar vörur úr fiski.

Um fiskbollur, fiskpylsur og fiskfars skulu gilda eftirfarandi reglur til bráða-  
birgða:

1. Fiskur, sem notaður er í framan greindar vörur, skal vera nýr, óskemmdur og hreinlega meðfarinn.
2. Til rotvarnar má eigi nota önnur efni en talin eru í 8. grein í almennum reglum nr. 49, 19. júlí 1936, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.
3. Nøta má krydd og kryddvörur til bragðbætis. Sama gildir um lauk og önnur svipuð efni, enn fremur smjör og annað feitmeti.
4. Sem bindiefni má einungis nota eggjarauðu eða eggjahvítu úr nýjum, óskemmdum eggjum og þurrmjólk. Enn fremur má nota mjól, grjón, kartöflur, kartöflumjól eða annað sterkjumjól eða brauð, enda sé ekki meira en 5% af sterkju í fullgerðri vörunni.
5. Óheimilt er að nota vatn við tilbúning á framan greindum vörum, nema óhjákvæmilegt sé vegna vinnslunnar, enda sé vatnsmagnið, er þannig bætist við, aldrei meira en 40% af fullgerðri vörunni. Í staðinn fyrir vatn má einnig nota mjólk.
6. Óheimilt er að lita þessar vörur.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og ganga ákvæði hennar í gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 22. nóvember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

187

23. nóv.

### um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá þessum degi allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 5% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 29. apríl 1940, um blöndun smjörs í smjörlíki.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. nóvember 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

**Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Eftirlauna- og styrktarsjóð lyfjafræðinga“,** útgefin á venjulegan hátt 28. nóvember 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra. 188 28. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Eftirlauna- og styrktarsjóð lyfjafræðinga.

#### 1. gr.

Tilgangur sjóðsins er: 1) að veita lyfjafræðingum eftirlaun, er þeir hætta störfum vegna elli eða eru frá störfum án launa vegna veikinda, 2) að veita efnalitlum ekkjum og börnum lyfjafræðinga árlegan fjárstyrk og 3) að styrkja efnilega lyfjafræðinga til framhaldsnáms og vísindastarfa.

#### 2. gr.

Rétt til að gerast meðlimir í styrktarsjóði lyfjafræðinga, hafa allir þeir, er lokið hafa fyrri hluta lyfjafræðiprófs og eru meðlimir í Lyfjafræðingafélagi Íslands. Skulu þeir, sem óska að gerast meðlimir sjóðsins, senda skriflega inntökubeiðni ásamt yfirlýsingu um, að þeir skuldbindi sig til að hlíta reglum og samþykktum, sem sjóðurinn starfar eftir á hverjum tíma.

Óski meðlimur sjóðsins að segja sig úr honum og losna undan skuldbindingum sínum við hann, skal hann tilkynna sjóðstjórn það bréflega, og losnar hann þá við greiðsluskyldu sína og aðrar skuldbindingar, sem sjóðsmeðlimur, sex mánuðum eftir að úrsögnin barst í hendur stjórnarinnar. Greidd iðgjöld eru ekki afturkræf.

#### 3. gr.

Sjóðnum skal afla tekna sem hér segir:

1. Meðlimir sjóðsins greiði honum mánaðarlega (1%) af launum sínum. Tillag þetta greiðist aðeins af launum meðlima sjóðsins vegna starfa þeirra sem lyfjafræðinga. Skal það reiknað út og greitt mánaðarlega eftir á. Er stjórn sjóðsins heimilt að krefja tillag þetta hjá þeim atvinnurekanda, sem greiða á viðkomandi sjóðsmeðlim laun, og hafi stjórnin tilkynnt atvinnurekanda, að hún óski eftir, að tillagið sé greitt af launum starfsmannsins beint til sjóðsins, þá er launþega óheimilt að veita viðtöku þeim hluta launa sinna, sem þarf til að greiða tillagið.



- 188 2. Aukagjöld fyrir næturafgreiðslu í lyfjabúðum, að svo miklu leyti sem heimilað  
28. nóv. er af ríkisstjórninni.
3. Gjafir og styrkir og annað, sem sjóðnum kann að berast.
4. Vextir af eignum sjóðsins skulu lagðir við höfuðstól hans.

## 4. gr.

Eignir sjóðsins skulu geymdar í banka, sem ríkisábyrgðar nýtur fyrir spari-  
fjarinnstæðum, eða ávaxtaðar í skuldabréfum, sem út eru gefin af ríkinu, veðdeild  
Landsbanka Íslands eða tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, kosnum til 5 ára, sem hér segir: 2 skulu  
kosnir við almenna skriflega kosningu allra sjóðsmeðlima, en hinn 3. skal tilnefndur  
af heilbrigðisstjórn. Skipun sjóðstjórnar skal fara fram strax eftir að samþykkt  
þessi hefir verið staðfest, og sér Lyffræðingafélag Íslands um þá kosningu, en síðar  
annast fráfarandi stjórn hverju sinni um hina almennu kosningu.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

## 6. gr.

Aðalfund skal stjórn sjóðsins halda einu sinni á ári hverju, í janúarmánuði.  
Til fundarins skal boða með tilkynningu í útvarpi, auglýsingu í blöðum, bréfflega  
til meðlima sjóðsins eða á annan hátt, sem treysta má, að allir meðlimir fái nægilega  
snemma vitneskju um, hvar og hvenær fundurinn skuli haldinn.

Á aðalfundi skulu kosnir endurskoðendur sjóðsins. Skulu þeir vera 2 og annar  
þeirra löggiltur endurskoðandi, nema fundurinn telji slíkt of kostnaðarsamt fyrir  
sjóðinn. Skal gerð ályktun um það hverju sinni, ef hvorugur endurskoðandi á að  
vera löggiltur.

Á aðalfundi skal leggja fram endurskoðaða reikninga sjóðsins frá næsta ári á  
undan, og skal fundurinn taka afstöðu til reikninganna. Á fundinum skal stjórnin  
gefa skýrslu um starf sjóðsins á undanfögnu ári.

## 7. gr.

Stjórnin hefir í sínum vörzlum eignir sjóðsins og sér um, að þær séu ávaxt-  
aðar og geymdar samkvæmt samþykkt þessari. Hún annast og um innheimtu á tekj-  
um sjóðsins, úthlutun á styrkjum úr sjóðnum og allan daglegan rekstur og fram-  
kvæmdir í sambandi við sjóðinn.

## 8. gr.

Styrkir úr sjóðnum til meðlima hans, ekkna þeirra eða barna geta verið sem  
hér segir:

1. **Ellilaun.** Sérhver meðlimur sjóðsins, 65 ára eða eldri, getur fengið greidd elli-  
laun, er hann er 65 ára að aldri, enda sé hann ekki starfandi lyfjafæðingur er  
ellilaunin eiga að greiðast.
2. **Veikindastyrkur.** Sérhver meðlimur sjóðsins, sem hefir verið frá störfum vegna  
veikinda lengur en tvo mánuði án launa, getur fengið sjúkrastyrk úr sjóðnum.
3. **Ekknastyrkur.** Ekkjur meðlima sjóðsins geta fengið styrk úr sjóðnum. Réttur  
til ekknastyrks er háður eftirfarandi takmörkum:
  - a. Hjónaband ekkjunnar og hins látna sjóðsmeðlims má ekki vera stofnað á  
meðan maðurinn lá banaleguna, eða á þeim tíma, sem ætla má að maðurinn  
hafi vitað að hann gengi með ólæknandi sjúkdóm.
  - b. Hjónaband má ekki vera stofnað eftir að maðurinn varð 50 ára.
  - c. Hjónin mega ekki vera skilin að borði og sæng eða að lögum, er maðurinn lézt.

d. Ekkjan má ekki hafa átt sök á dauða mannsins að álitu dómstólanna. Ekkjan 188  
an missir rétt til ekknastyrks ef hún giftist á ný. 28. nóv.

4. **Barnastyrkur.** Börn látins sjóðsmeðlims geta fengið styrk úr sjóðnum þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, ef þau hafa erfðarétt eftir hann.

5. **Náms- og vísindastyrkur.** Meðlimir sjóðsins geta fengið styrk til framhaldsnáms og vísindaiðkana í lyfjafræði.

#### 9. gr.

Allar tekjur sjóðsins skulu fyrst um sinn ávaxtaðar og engu af þeim varið til greiðslu styrkja, en þegar aðalfundur álitur, að eignir sjóðsins séu nægilega miklar, getur fundurinn samþykkt að verja allt að þrem fjórðu hlutum af árstekjum sjóðsins til greiðslu styrkja, en að minnsta kosti einum fjórða hluta vaxtanna skal ætíð hætt við höfuðstólinn.

#### 10. gr.

Styrkveitingum skal haga þannig, að þeim einum, sem sótt hafa skriflega um styrk úr sjóðnum fyrir 1. desember árið áður en styrkurinn á að greiðast, geta komið til greina við úthlutun. Skal skipta þeirri upphæð, sem greiðast skal hverju sinni þannig, að  $\frac{1}{4}$  þess, sem greitt verður af vöxtunum, skal verða styrkur til náms og vísindaiðkana, en  $\frac{3}{4}$  styrkur samkv. öðrum ákvæðum 8. gr. Séu ekki fyrir hendi fullnægjandi umsóknir, sem sjóðstjórn vill verða við, fellur styrkveiting að því leyti niður.

#### 11. gr.

Óheimilt er skuldheimtumönnum styrkþega að gera fjárnám, lögald, lögtak eða nokkurs konar aðför í styrkjum þeim, sem veittir verða úr sjóðnum, og ef styrkþegi deyr, áður en styrkurinn er greiddur honum úr sjóðnum, fellur greiðsluskylda sjóðsins niður, nema sjóðstjórn taki ákvörðun um að greiða erfingjum styrkþega féð.

#### 12. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## G J A L D S K R Á

### fyrir rafveitu Akureyrar.

189

29. nóv.

#### I. Raforka.

Rafveita Akureyrar skal selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

- Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:
1. Á heimilum má selja um kílóvattstundamæli (um kwst.-mæli) samkvæmt gjaldskrárlíð B 2, þótt orkan sé eingöngu notuð til ljósa.
  2. Um kwst.-mæli á 60 aura hver kílóvattstund (kwst.).

##### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til suðu eða hitunar í heimilum, má selja hana:

1. Um tvenna mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósamælinn reiknast ljósa gjald samkvæmt A 2, en á hinn mælinn á 10 aura. Suðu- og

189  
29. nóv.

- hitunartæki skulu vera fasttengd. Þó má tengja eldavél um sérstakan 25 amp. eldavélatengil og hafa einn tengil að auki í eldhúsinu fyrir suðutæki, strok-járn o. þ. h.
2. Um einn kilóvattstundamæli fyrir alla notkun á heimilinu á 60 auru hverja kwst. fyrstu 2,5 kwst. á ári á hvern m<sup>2</sup> gólfplatlar íbúðarherbergja, en á 10 auru hverja kwst. fyrir næstu notkun, þannig reiknað:
- 30 kwst./m<sup>2</sup> á ári fyrstu 50 m<sup>2</sup>  
10 kwst./m<sup>2</sup> á ári næstu 50 m<sup>2</sup>
- Notkun umfram þetta greiðist með 6 auru hver kwst.
- Rafveitustjórn er heimilt að takmarka ákvæði gjaldliðs þessa þannig, að gólfplötur heimilis reiknist eigi yfir 20 m<sup>2</sup> á hvern mann á heimilinu. Þó skal til þessa koma leyfi rafveitustjórnar í hvert sinn. Við útreikning gólfplatlar skal tekið tillit til, ef um súðarherbergi eða því líkt er að ræða. Til íbúðarherbergja teljast eldhús, en eigi gangar, baðherbergi eða geymslur.
3. Um einn kwst.-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 10 auru hver kwst. fyrir fyrstu notkun þannig reiknað: 2,75 kwst. á ferm. á mán. á fyrstu 50 ferm., 1 kwst. á mán. á næstu 50 ferm. Notkun umfram þetta greiðist með 6 auru hver kwst. Auk þess greiðist fastagjald kr. 1.20 á ári af hverjum fermetra gólfplatlar og innheimtist það mánaðarlega með jöfnum upphæðum.
- Um ákvörðun gólfplatlar gilda sömu ákvæði sem í B 2

#### C. Vélar.

Þar, sem orkan er seld til vélareksturs, skal hún seld:

- Um kwst.-mæli á 25 auru hver kwst. Þó skal minnsta árgjald vera kr. 50.00 á hvert kw. í málaun vélanna.
- Um mæli á kr. 240.00 kw. mesta notaðs afls á árinu og auk þess 3 auru á notaða kwst.
- Um tvígjaldsmæla, ef um meira en 10 kw. afl er að ræða og ársnotkunartíminn er meira en 500 klst. á 50 auru hver kwst. af þeirri notkun, er fram fer á tímum frá kl. 11—12, en á 16 auru á öðrum tímum.

Ef ársnotkun um einn mæli er meiri en 5000 kwst., má veita afslátt á notkun utan tíma mesta álags, þannig:

Fyrir fyrstu	5000 kwst.	utan tíma mesta álags ÷				afslátt	0 %
— næstu	10000	—	—	—	—	÷	— 10 —
— —	30000	—	—	—	—	÷	— 20 —
— —	60000	—	—	—	—	÷	— 30 —
— —	100000	—	—	—	—	÷	— 40 —
og notkun þar yfir		—	—	—	—	÷	— 50 —

#### D. Hitun.

Þar, sem orkan er notuð til hitunar, má selja:

- Til upphitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins:
  - Um sérmæli fyrir hitalögnina á 6 auru hverja kwst.
  - Um sérmæli fyrir hitalagnir á 4 auru hverja kwst., enda hafi rafveitan rétt til þess að rjúfa strauminn af hitalögninni frá kl. 10½ f. h. til kl. 12 á hádegi.
  - Um sérmæli á 2,5 auru hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn af hitalögninni frá kl. 10½—12½ og enn fremur 2 klst. seinni hluta dags, þegar álag rafveitunnar er mest.
  - Um tvígjaldsmæli fyrir hitalagnir á 1,5 auru hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8, en á 3 auru frá kl. 8 til kl. 23. Strauminn megi þá rjúfa á sömu tímum og við D 1 c.

- e) Um sama mæli, sem til annarar heimilisnotkunar samkv. gjaldskrárlið B 2, 189 þannig, að verð á umframnotkun lækki úr 6 aurum í 4 aura, ef fullnægt er skilyrðum liðs D 1 b, í 2,5 aura, ef fullnægt er skilyrðum D 1 c, og í 3 aura, ef fullnægt er skilyrðum D 1 d, og reiknast þá öll næturnotkun á 1.5 aura. 29. nóv.
- f) Um kwst.-mæli á 1,25 aura hverja kwst., er fram fer frá kl. 23 til kl. 8, enda sé notað eingöngu, eða því nær eingöngu, næturrafmagn til upphitunar hússins.

Sala samkvæmt gjaldskrárlið D 1 til fullrar húshitunar er bundin því skilyrði, að nægilegt afl sé fyrir hendi og að götulinur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Enn fremur skulu öll hitunartæki vera fasttengd, og gerð hitalagna og hitunartækja háð samþykki rafveitustjóra. Hann ákveður hvort setja skuli sjálfvirkan klukkurofa eða annan útbúnað til að tryggja, að rofinn sé straumur til hitunartækja á tilteknum tímum. Má skylda notanda hitalagnarinnar til að sjá um, að straumurinn sé rofinn á réttum tíma, og liggja sektir við, ef vanrækt er, sem nemi 1 eyri á hvert kw. í málraun hitunartækjanna fyrir hverja mínútu, sem dregst að rjúfa fram yfir tilsettan tíma. Notandi skal kosta tengingu sjálfvirks klukkurofa fyrir hitalögnina og greiða leigu fyrir hann samkv. sömu reglum, sem gilda um leigu mæla.

2. Til hitunar á iðnaði, við handiðn eða atvinnurekstur:

- a) á 5 aura hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 10000 kwst. á ári.
- b) um tvígjaldsmæli á 4 aura hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8 og 10 aura frá kl. 8 til kl. 23.
- c) um hemil eða hemil-mæli á kr. 240.00 árskw. og 10 aurar á kwst. fyrir alla umframnotkun. Rafveitustjóri ákveður stillingu hemils. Við sölu samkvæmt gjaldskrárliðnum D 2, a, b og c má bæta því skilyrði, að afslátt megi veita sem því nemi, að raforkunotkun verði eigi dýrari en sambærileg notkun með kolum. Skal þá reikna út afsláttinn um hver áramót eftir á.

**E. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.**

Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.

F. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjórn, í samráði við rafveitustjóra, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

G. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar.

**II. Mælaleiga.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem greiða skal leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Ársleiga í kr.			
	Upp að 5 amp.	5—30 amp.	35—75 amp.	yfir 75 amp.
Einfasa mælar .....	3.00	7.20	„	„
Einfasa frádráttarmælar .....	12.00	„	„	„
Þrífasa mælar .....	„	12.00	18.00	24.00
Tvígjalds mælar .....	„	18.00	24.00	30.00
Lausar skiptiklukkur .....	„	6.00	„	„

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í töflunni, skal leigan vera að minnsta kosti 15% af mælisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforkuna.

**III. Ýmis gjöld.****1. Opnunargjöld.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar komi fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, 2 krónur.

**2. Sekt fyrir óleyfileg vör.**

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefir greitt tveggja króna gjald á skrifstofu rafmagnsveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og er jafnframt úr gildi felld gjaldskrá fyrir rafveitu Akureyrar nr. 100 14. okt. 1932.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**REGLUGERÐ**

**fyrir rafveitu Akureyrar.**

**A. Stjórn og rekstur.****1. gr.****Markmið rafveitunnar.**

Rafveita Akureyrar er fyrirtæki, sem Akureyrarkaupstaður starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annara þarfa. Rafveitan er eign Akureyrarbæjar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Akureyrar.

**2. gr.****Verksvið og orkuveitusvæði.**

Rafveita Akureyrar kaupir raforku af orkuveitu frá Laxárvirkjuninni eða öðrum, vinnur orku sjálf í orkuveri sínu hjá Glerá eða í öðrum orkuverum, er síðar kunna að verða reist á orkuveitusvæði hennar, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar og sá hluti nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður og atvinnumálaráðherra samþykkir.

Rafveita Akureyrar hefir einkarétt til sölu á raforku til notenda á orkuveitusvæði sínu.

**3. gr.****Stjórn rafmagnsmála. Rafveitustjóri.**

Yfirstjórn rafmagnsmála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmdarstjórnin sé falin rafveitunefnd ásamt bæjarstjóra og rafveitustjóra, sem bæjar-

stjórnin skipar, að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann vera rafmagns- **190**  
 verkfræðingur eða rafmagnsiðnfræðingur. Bæjarstjórnin setur honum erindisbréf. **29. nóv.**  
 Rafveitustjóri er framkvæmdarstjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 5 menn kosnir af bæjarstjórn, enn fremur bæjarstjóri og rafveitustjóri. Bæjarstjóri og rafveitustjóri eiga þar þó ekki atkvæðisrétt.

#### 4. gr.

##### Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefir á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar samtímis ársreikningum bæjarsjóðs.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem bæjarstjórn skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar eftir því, sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orku-kaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra rafmagnsmála bæjarins.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn rafveitunnar og vikur þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum rafveitunefndar, en rafveitunefnd setur þeim erindisbréf.

#### 5. gr.

##### Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefir umsjón með rafmagnslagningu í bænum, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar auk hinna föstu starfsmanna.

#### 6. gr.

##### Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Akureyrar hefir sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvilandi skuldum, vöxtum og reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar bæjarstjórn.

Reikningshald rafveitunnar og varzla sjóðs hennar er í höndum framkvæmdarstjórnar hennar, og getur bæjarstjórn sett um hvorttveggja nánari reglur eftir tillögum rafveitunefndar.

#### 7. gr.

##### Löggilding rafvirkja.

Rafveitunefnd löggildir þá menn til lagninga á húsveitum, er fullnægja löggildingarskilyrðum, er bæjarstjórn setur, enda hafi þeir áður hlotið löggildingunum rafmagnseftirlits ríkisins til rafvirkja starfa. Þeir menn, sem rafveitunefnd hefir löggilt, nefnast löggiltir rafvirkjar og skal rafveitunefnd setja reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, ekki kröfuminni um kunnáttu rafvirkjanna en skilyrði rafmagnseftirlitsins. Engir aðrir en þeir, sem löggiltir

**190** eru, mega taka að sér lagningu á húsveitum, uppsetningu tækja, eða framkvæma á 29. nóv. sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar.

Bæjarstjórn getur, þegar henni þykir ástæða til, ákveðið verðlag á efni og vinnu rafvirkja, svo og ákveðið í gjaldskrá greiðslur fyrir verk þau, sem rafveitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

## B. Söluskilmálar.

### 8. gr.

#### Sala raforku.

Rafveita Akureyrar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar, sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og í gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu.

### 9. gr.

#### Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

### 10. gr.

#### Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugagjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugagjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar, án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla orku að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitunefnd heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

### 11. gr.

#### Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í regl-

um um raflagningu á Akureyri, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum. **190**

29. nóv.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu í fyrsta sinni eftir úttekt.

Sé út af þessu brugðið varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

## 12. gr.

### Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega, eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, er svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimilt án leyfis rafveitunnar.

## 13. gr.

### Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerð rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss hvenær, sem nauðsynlegt er til að skoða húsveitu eða hluta hennar, eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess, að titringi valdi eða truflunum á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi undir- eins á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta löggiltan rafvirkja gera við gallana á sinn kostnað.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við gallana á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum rafveitu Akureyrar.



## 14. gr.

## Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu svo og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og hefir sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar að mælitæki sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé  $+/-5\%$  eða minna, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagns-effirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en  $+/-5\%$ , en rafveitan annars.

Hafi kwst.-mælir sýnt  $+/-5\%$  skekkju eða meira, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefir rafveitan rétt til að neita um hemil, og skal notandi þá skyldur til að breyta um taxa.

4. Ef notandi hefir aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist, að notkun hefir orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða að raskað hefir verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefir verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá, fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa sambandið við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendum þeim, sem brotlegur hefir gerzt.

## 15. gr.

**Ábyrgð.**

190

29. nív.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvisri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað orkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

## 16. gr.

**Gjald fyrir raforku.**

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnaði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafid er um greiðslu. Nánari reglur um gjalddaga má setja í gjaldskrá.

## 17. gr.

**Lokun fyrir veitu.**

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt, þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnaði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnaði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

- a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefir ekki greitt reikning, sem fallinn er í gjalddaga,
- b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina,
- c. þegar notandi hefir gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir strauminn af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Ef notandi veitu óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um nokkurn tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir endurofnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem veitan hefir veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna óleyfilega straumnotkun, samkv. 14. gr.

## 18. gr.

**Reksturstruflanir.**

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefir ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgjaldi þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

**190** Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgidögum, á þeim tímum, sem heimilisnotkun er minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður bæjarstjórn, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá  $\frac{1}{300}$  hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

#### 19. gr.

##### Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu á notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann, að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefir samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynningu um flutning notanda úr einni íbúð í aðra skal afhenda á innheimtu-skrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkun veitunnar og hefir sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefir til uppsagnar, samkv. reglugerð þessari.

#### 20. gr.

##### Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og atvinnumálaráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafmagnsstjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningur verði lagður undir úrskurð bæjarstjórnar.

### C. Almenn ákvæði.

#### 21. gr.

##### Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

22. gr.  
Málsókn.

190  
29. nóv.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir rafveitu Akureyrar, nr. 5 4. janúar 1923, og reglugerð nr. 99 14. október 1932, um breytingu á þeirri reglugerð.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögunum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

191

### um afnám blöndunar smjörs í smjörliki.

7. des.

Frá þessum degi og þangað til öðruvisi kann að verða ákveðið, er ekki skylt að blanda smjöri í smjörliki, sem framleitt er hér á landi, né í erlent smjörliki, sem flutt kynni að verða til landsins.

Auglýsing, dags. 23. nóvember 1940, um blöndun á islenzku smjöri í smjörliki, er jafnframt úr gildi fallin.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Davíðs Sch. Thorsteinsson lækni“, útgefin á venjulegan hátt 9. desember 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

192

9. des.

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Davíðs Sch. Thorsteinsson lækni.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður Davíðs Sch. Thorsteinsson lækni.

2. gr.

Stofnfé er kr. 200.00 — tvö hundruð krónur — sem ekkja Davíðs Sch. Thorsteinsson hefir gefið kvenskátafélaginu í Reykjavík.

192

3. gr.

9. des. Tilgangur sjóðsins er að reisa sumarskála til afnota fyrir kvenskátafélagið í Reykjavík.

4. gr.

Tilgangi þessum er sjóðnum ætlað að ná með sölu minningarspjalds um D. Sch. Thorsteinsson, auk þess tekur hann við gjöfum og tillögum, er kunna að berast.

5. gr.

Þegar stjórn sjóðsins telur nægilegt fé hafa safnast, skal þegar hafizt handa um skálabygginguna.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð: 3 skátaforingjum úr kvenskátafélaginu í Reykjavík og 2 meðlimum úr K. S. S. Í.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

193

## REGLUGERÐ

12. des.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskaupþún nr. 23 1. apríl 1936.

Á eftir VI. kafla reglugerðarinnar komi inn nýr kafli, sem verður VII. kafli, og tala kafla og greina breytist samkvæmt því. Kafllinn er svo hljóðandi:

### VII. KAFLI

#### Um hafnsögu á innri höfn Stykkishólmskaupþúns.

25. gr.

Undanþegin hafnsögugjaldi eru herskip og varðskip, skemmtiferðaskip, vitaskip ríkisins, öll skip sem heima eiga í Stykkishólmi og sömuleiðis öll íslensk fiskiskip, nema þau noti hafnsögumann.

26. gr.

Takmörk innri hafnarinnar er bein lína úr Fálkakletti í austurhorn Súgandis-eyjar, og þaðan bein lína í Svartatanga.

27. gr.

Hvert það skip, sem ætlar til Stykkishólms, og ber að taka hafnsögumann, gefi merki um að það óski hafnsögumanns, og skal þá hafnsögumaður fara út í skipið, svo fljótt sem unnt er.

28. gr.

Ekkert skip, sem er stærra en 30 smálestir brúttó, má sigla inn eða út úr innri höfninni, leggja að eða frá bryggju, né flytja sig til á höfninni, nema undir stjórn hafnsögumanns.

29. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá af brúttó smálest.

## Fyrir leiðsögu til hafnarinnar og frá:

					Inn	Út
Fyrir skip frá	30 til	200 smálestir	kr.	15.00	kr.	10.00
— — —	200 —	300 —	—	20.00	—	15.00
— — —	300 —	500 —	—	25.00	—	20.00
— — —	500 —	1000 —	—	30.00	—	25.00
— — —	1000 smálestir	og yfir	—	40.00	—	30.00

193

12. des.

Þessi taxti gildir jafnt sumar og vetur. Ekki skal reikna djúpristugjald af skipum á þessari leið.

30. gr.

Hinn lögskipaði leiðsögumaður skipa í Stykkishólmi skal annast þessa hafnsögu og rennur hafnsögugjaldið til hans, en sjálfur sér hann sér fyrir farkosti til og frá skipi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. desember 1940.*

Ólafur Thors.

---

*Páll Pálmason.*

## G J A L D S K R Á

194

rafmagnsveitu Reykjavíkur.

12. des.

## I. Raforka.

Rafmagnsveita Reykjavíkur skal selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

## A. Lýsing.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

- Um kílóvattstundamæli (kWh-mæli) fyrir 46 aura hver kílóvattstund (kWh). Við þessu gjaldi skal selja hvers konar rafmagnsnotkun, sem kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- Um hemla og hemilmæla (umframorkumæla) á 60 kr. hvert hektóvatt (hW). Hemilstillingin skal vera samkv. eftirfarandi skrá eingöngu:

Wött	Wött	Wött
50	600	3300
75	800	4000
100	1000	5000
150	1200	6000
200	1500	8000
300	1800	10000
400	2200	o. s. frv.
500	2700	

Samkvæmt þessari skrá má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.

194  
12. des.

- Sé hemilmælir notaður, skal umframorkan seld samkvæmt gjaldskrárlið A 1. Þó má selja umframnotkun á 12 auru hverja kWh, ef hemilstillingin er meiri en samanlagt afl ljósanna og umframnotkunin stafar af suðu eða hitun.
3. Í skrifstofur, verzlunir og verkstæði má selja lýsingu um kWh-mæli fyrir 12 auru á kWh, auk fastagjalds af hverjum ferm. gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, er reiknast þannig:

55 kr. á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> og kr. 1.65 fyrir hvern m<sup>2</sup> þar fram yfir.

Fullt fermetragjald skal greiða fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3,5.

A<sub>3</sub>D. Þar, sem upphitun er notuð í skrifstofum, verzlunum og verkstæðum, og raforkan er keypt eftir gjaldskrárlið A<sub>3</sub>, má reikna fyrstu 15 kWh á ári á hvern fermetra gólfplatar á 12 auru, en það, sem umfram er, á 5 auru hverja kWh.

4. Um tvígjaldsmæla, ef um meira en 5 kW afl er að ræða og notkunartíminn er meiri en 500 klst. á ári, á 46 auru á kWh á ljósatíma, en 12 auru á kWh utan ljósatíma.

Ljósatími skal talinn þessi:

Í apríl frá kl. 20½ til kl. 22.

Í sept. og marz frá kl. 19 til kl. 22.

Í okt. og febr. frá kl. 17½ til kl. 22.

Í nóv. og jan. frá kl. 16 til 22.

Í des. frá kl. 15 til 22.

Ef ársnotkun er meiri en 20000 kWh, má veita afslátt á notkun utan ljósatíma, samkv. ákvæðum gjaldskrárliðs C<sub>4</sub>. Heimilt er að nota einfalda ljósamæla undir þessum gjaldskrárlið, og skal þá reikna 8 kWh ársnotkun á hvern fermetra gólfplatar, sem notkun á ljósatíma, en alla notkun umfram það, sem notkun utan ljósatíma, eins og ákveðið er hér að ofan.

5. Útilýsingu, auglýsingaljós o. þ. h. lýsingu má selja gegnum kWh-mæli á 25 auru hverja kWh fyrir alla notkun, er samsvarar 600 stunda notkunartíma og 12 auru fyrir hverja kWh þar fram yfir.

### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til suðu eða hitunar í heimilum, má selja hana:

1. Um tvenna mæla, annan til ljósa, hinn til suðu eða hitunar. Á ljósamælinn reiknast ljósgjald samkv. A 1, á hinn mælinn 12 auru á kWh.
2. Um einn kWh-mæli fyrir alla notkun á heimilinu, er greiðist með 9 auru á kWh, þannig reiknað:

1	herbergi án eldhúss	600 kWh á ári			
1	— og eldhús	900	—	—	—
2	— — —	1200	—	—	—
3	— — —	1500	—	—	—
4	— — —	1600	—	—	—
5	— — —	1700	—	—	—
6 og 7	— — —	1800	—	—	—
8 o. fl.	— — —	1900	—	—	—

en öll notkun umfram greiðist með 5 auru á hverja kWh, og auk þess skal greiða fastagjald, kr. 15.00 á ári á hvert íbúðarherbergi heimilisins.

Skilyrði fyrir sölu samkvæmt þessum gjaldskrárlið er, að notandi ábyrgist minnstu ársnotkun með 9 auru gjaldi, eftir stærð íbúðar, eins og að ofan er talið.

3. Um einn kWh-mæli fyrir alla notkun í heimilinu á 8 auru hver kWh, og auk þess fastagjald kr. 18.00 á ári fyrir hvert íbúðarherbergi heimilisins.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til suðu til veitingahúsa, gistihúsa og annarra slikra staða, sem ekki verða taldir heimili, enda sé rafmagnið þá selt um sérmæli og leiga goldin af mælinum, en herbergjagjald ekki reiknað. **194** 12. des.

Ársleigan af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu eftir taxa samkv. B 2 og B 3.

- Um hemilmæla á 360 krónur hvert árskW og auk þess 9 auro á kWh fyrir umframnotkun.

Þar, sem veruleg upphitun er notuð, eftir þessum gjaldskrárlið, má reikna fyrir hemla stillta frá 500—1000 wött, 750 kWh á 9 auro, en það sem þar er fram yfir, á 5 auro kWh. Við hærri stillingu hækki dýru kWh um 250 kWh fyrir hver 500 wött eða minna, sem hemilstillingin hækkar. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

Þennan gjaldskrárlið, B 4, má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlanager og verkstæði, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla, og skal þá miða stillingu hemilsins við 50 wött fyrir fyrstu 25 m<sup>2</sup> gólfplatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 m<sup>2</sup> eða minna, og skal m<sup>2</sup> reiknaður út eftir sömu reglum og settar eru fyrir gjaldskrárlið A 3.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús, baðherbergi, göng og geymslur.

Borðstofueldhús skal telja sem herbergi. Herbergi minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

Þó má, þar sem ástæða þykir til og meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, reikna með þeirri meðalstærð á herbergi. Fyrir þær íbúðir, er hafa taxa B 2 og B 3 og B 4 gildi fyrri ákvæði út yfirstandandi taxaár, en breytist síðan eftir íbúðarstærð samkvæmt hinum nýju ákvæðum.

### C. Vélar.

Þar, sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

- Um kWh-mæla á 25 auro á kWh. Hafi vélarinnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá 36 til 60 kr. á hvert uppsett kW vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforku til barna- og unglíngaskóla, sjúkrahúsa, kirkna og annarra þess háttar opinberra stofnana.

- Um mestumæla fyrir mesta notaða afl á árinu, þannig:

120 kr. á árskW fyrir fyrstu	5 kW
110 — — — —	næstu 10 —
100 — — — —	— 15 —
90 — — — —	— 20 —
80 — — — —	— 25 —
70 — — — —	— 30 —
60 — — — —	hvert kW meira afl, og auk þess skal greiða

5 auro á hverja notaða kWh.

Ef ársnotkunin er meiri en 20000 kWh, má veita afslátt á notkunargjaldinu, þannig:

Fyrir fyrstu	20 000 kWh afsláttur	0
— næstu	20 000 —	10 %
— —	60 000 —	20 —
— —	100 000 —	30 —
— —	300 000 —	40 —
og notkunar þar yfir	—	50 —



- 194 3. Um hemilmæla á 240 kr. á árskW og 10 aura á kWh öll umframnotkun. Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemil-mælisins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.
12. des. 4. Um tvígjaldsmæla, ef um meira en 5 kW er að ræða, og notkunartíminn er meira en 500 klst. á ári, á 46 aura á kWh á dýra tímanum, en 12 aura á kWh á ódýra tímanum. Dýri tíminn skal talinn frá kl. 10.45 til kl. 12.00.

Ef ársnotkun er meiri en 20 000 kWh, má veita afslátt á notkun utan dýra tímans, þannig:

Fyrir fyrstu	20 000 kWh á ódýra tímanum	afsláttur	0
— næstu	20 000	— — — —	10 %
— —	60 000	— — — —	20 —
— —	100 000	— — — —	30 —
— —	300 000	— — — —	40 —
— notkun þar yfir	— — — —	— — — —	50 —

#### D. Hitun.

Þar, sem orkan er notuð til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri, má selja:

- Um kWh-mæli á 5 aura á kWh, enda sé þá minnsta notkun 10 000 kWh á ári.
- Um hemil-mæli samkv. gjaldskrárlið C 3.
- Um tvígjalds-mæla á 3,5 aura á kWh frá kl. 23 til kl. 8, og 12 aura kWh frá kl. 8 til kl. 23.

Selja má rafmagn samkv. þessum gjaldskrárlið til véla, sem annars uppfylla skilyrði fyrir gjaldskrárlið C<sub>4</sub>, ef straumur er rofinn af lögninni frá kl. 10.45 f. m. til kl. 12 á hádegis og skal notandi kosta tengingu klukkurofa og greiða leigu fyrir hann eftir reglum, sem gilda um leigumæla.

Þar, sem vélaafl, götulinur og spennubreytar leyfa, að dómi rafmagnsstjóra, má selja raforku til hitunar í íbúðum með eftirfarandi skilyrðum:

- Hitalagnir, þar með talin öll tæki, skulu vera gerðar eftir fyrirælum rafmagnsveitunnar. Ofnar skulu vera fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillum (Thermostat), að minnsta kosti á aðaliveruherbergjum.
  - Rafmagnsveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn af hitalögninni frá kl. 10.45 f. m. til kl. 12 á hádegis (1¼ klst.) og 2 klst. á eftirmiðdaginn á tímabilinu 3—7, og skal húseigandi kosta tengingu klukkurofa og greiða leigu fyrir hann eftir reglum, sem gilda um leigumæla.
- Sé þessum skilyrðum fullnægt, má selja raforkuna:
- Um tvígjaldsmæla á 5 aura á kWh frá kl. 8 að morgni til kl. 11 að kvöldi. Á 2 aura á kWh frá kl. 11 að kvöldi til kl. 8 að morgni.
  - Sameina má þenna taxa við B<sub>2</sub>, þannig að næturverðið sé 2 aurar á kWh, en notkun frá kl. 8 að morgni til kl. 23, reiknast eftir B<sub>2</sub>.
  - Um venjulegan mæli á 3 aura á kWh, allan sólarhringinn, og má sameina hitanotkunina heimilistaxta B<sub>2</sub> á sama hátt og undir lið b.

#### E. Afgangsorka.

Afgangsorku má selja þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra hvenær, sem þarf, að dómi rafmagnsstjóra:

Fyrir 100 kW afl eða meira um kWh-mæli á 6 aura hverja kWh fyrir 50 000 kWh ársnotkun.

Fyrir næstu 50 000 kWh ársnotkun má veita afslátt, er nemur 10% og fyrir

næstu 50 000 kWh 20% afslátt o. s. frv. allt upp að 50% afslátt fyrir alla notkun umfram 200 000 kWh. 194  
12. des.

F. Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

G. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn, eftir tillögum bæjarráðs.

H. Ef íslensk króna hækkar eða lækkar í hlutfalli við Bandaríkja-dollar, frá því, sem nú er, að 651.65 ísl. kr. jafngilda 100 Bandaríkja-dollarum, er heimilt að lækka eða hækka verð raforkunnar um 0,5% fyrir hvert 1% hlutfallsbreytingu gjaldeyr-  
isins.

Fyrir hverja 5% dýrtíðaruppbót, sem ákveðið er að greiða skuli til starfsmanna rafmagnsveitunnar umfram þau 19,3%, sem nú er í 3. flokki, er heimilt að leggja 1% álag á raforkureikninga rafmagnsveitunnar.

## II. Mælaleiga.

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu, samkv. eftirfarandi skrá.

	Ársleiga í krónum		
	upp að 30 amp.	35—75 amp.	yfir 75 amp.
Einfasa mælar, einfasa hemilmælar og hemlar . . . . .	6.00	„	„
Þrífasa eingjaldsmælar, þrífasa hemilmælar, einf. frádráttarmælar, lausir . . . . .	12.00	18.00	24.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar . . . . .	18.00	24.00	30.00
Lausar skiptiklukkur, einar sér . . . . .	6.00	„	„

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í töflunni, skal leigan vera sem næst 15% af mælisverðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. Ýmislegt.

### 1. Opnunargjöld.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar komi fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, 2 krónur.

### 2. Sekt fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefir greitt tveggja króna gjald á skrifstofu rafmagnsveitunnar.

### 3. Hækkun eða lækkun gjalda.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og

**194** skal verðlag á rafmagni samkvæmt gjaldskránni gilda um notkun á rafmagni eftir af-  
12. des. lestur rafmagnsmæla um mánaðamótin desember 1940—janúar 1941. Birtist gjald-  
skráin til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og fellur, jafnframt því, er  
hún kemur til framkvæmda, úr gildi gjaldskrá um sama efni, útgefin 1. nóv. 1937.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**195**  
16. des.

## SAMÞYKKT

### um lokunartíma sölubúða í Borgarneshreppi.

#### 1. gr.

Alla virka daga skulu sölubúðir í Borgarneshreppi eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis og lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis. Aðfangadagskvöld jóla, gamlaárskvöld, laugardag fyrir páska og laugardag fyrir hvítasunnu, skal þó öllum búðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla og gamlaárskvöld, skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis

Á tímabilinu frá 15. júní til 15. september, skal á laugardögum loka sölubúð-  
um eigi síðar en kl. 3 síðdegis.

#### 2. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, frídag verzlunarmanna og 1. desember, mega engar sölubúðir vera opnar.

Ákvæði þetta nær ekki til lyfjabúða.

Enn fremur eru undanskildar ákvæði þessu búðir þær, sem eingöngu verzla með brauð og mjólk, þær mega vera opnar frá kl. 9 árdegis til kl. 1 e. h., áður greinda daga.

#### 3. gr.

Eftir lokunartíma er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á götum og torgum eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarlýfis. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum, svo og lyf eftir lyfseðlum lækna.

#### 4. gr.

Menn, sem eru komnir inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

#### 5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum frá 20—500 krónum og renna sektirnar í hreppssjóð Borgarneshrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Borgarneshrepps hefir gert samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

### um verðlagsákvæði.

196

16. des.

Verðlagsnefnd hefir, samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júní 1940, sett eftirfarandi ákvæði um hámarksálagningu:

#### Nýir ávextir:

Í heildsölu .....	15%
Í smásölu .....	45%

#### Þurrkaðir ávextir:

Í heildsölu .....	12%
Í smásölu .....	38%

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða sektum allt að 10000 krónum, auk þess sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 16. desember 1940.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

## GJALDSKRÁ

197

23. des.

### fyrir rafveitu Eskifjarðar.

#### 1. gr.

Rafveita Eskifjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um kwst.-mæli fyrir kr. 1.00 hverja kwst.
2. Án mælingar á kr. 0.75 yfir árið fyrir hvert ástimplað watt þeirra raftækja, sem tengd eru við rafveituna.

Rafveitustjórn hefir heimild til að hækka eða lækka gjöld þessi um allt að 25%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins

#### 2. gr

Gjalddagi rafmagnsgjaldanna er við álestur mæla, þar sem raforkan er mæld. Þar, sem orkan er ekki mæld, greiðist gjaldið mánaðarlega, fyrirfram, og er gjalddaginn 1. hvers mánaðar.

#### 3. gr.

Hafi gjald, samkv. gjaldskrá þessari, ekki verið greitt hálfum mánuði eftir gjalddaga, má rafveitan loka fyrir veitu hlutaðeiganda, án frekari fyrirvara. Er starfsmönnum rafveitunnar heimill aðgangur til þess, hvenær sem nauðsyn krefur. Ef framkvæma þarf slíka lokun, þar sem eru fleiri en einn rafmagnskaupandi í sama húsi, skal starfsmönnum rafveitunnar einnig heimill aðgangur að lögnum þeirra rafmagnsnotenda, sem ekki þarf að loka hjá, ef þeim er það nauðsynlegt til að framkvæma starf sitt.

197  
23. des.

4. gr.

Hafi gjald, samkvæmt gjaldskrá þessari, ekki verið greitt, svo að til lokunar komi fyrir veitu, skal taka gjald við endurofnun veitunnar, 2 krónur.

5. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Eskifjarðar, frá 19. júní 1936.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1941 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

198  
24. des.

## REGLUGERÐ

**um tryggingu sjómanna fyrir slysum af völdum ófriðar.**

1. gr.

Tryggja skal alla þá sjómenn, sem slysatryggðir eru samkvæmt 8 gr., 1. mgr., tölulíð 1 a., laga nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, fyrir slysum af völdum ófriðar, og nær trygging þessi til allra íslenzkra skipa 12 rúmlestir eða stærri.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 66 7. maí 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Vigfús Einarsson.*

199  
28. des.

## REGLUR

**um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenskum skipum.**

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, og samkvæmt reglugerð frá 28. desember 1940, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenskum skipum:

1. Öll samtöl við einstaklinga í landi eru bönnuð.
2. Öll viðskipti við land, hvort sem er frá talstöðvum eða loftskeytastöðvum, fari fram í skeytaformi, og afrit af skeytunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll samtöl milli skipa fari aðeins fram á 188 metra öldulengd, en þó skal 181,8 metra öldulengd notuð til þess, og einungis til þess að kalla upp aðrar stöðvar og til neyðarþjónustu.

4. Samtöl milli skipa mega aðeins innihalda nauðsynlegustu tilkynningar, er varða **199** beinlínis fiskveiðarnar. Er stranglega bannað að gefa nokkrar upplýsingar um **28. des.** veður gegnum talstöðvar skipanna, hvort heldur er í viðskiptum milli skipa eða við strandarstöð.
- Ef skip verður vart við tundurdufl utan hinna auglýstu bannsvæða og veit um nálæg skip, er þó heimilt að aðvara þau gegnum talstöð skipsins með orðunum: „Fiskveiðar eru hættulegar“ á hinu tiltekna svæði, en bannað er að ræða þetta efni frekar við skipin. Hins vegar skal skipið tafarlaust tilkynna einhverri af strandarstöðvum landssímans um tundurduflið gegnum talstöð sína og geta þess, hvenær og hvar duflið sást, með svo nákvæmri staðarákvörðun, sem tók eru á, og lýsa duflinu, svo sem stærð þess og lit, hornafjölda, taka fram, hvort það hafi verið á reki eða marað í kafi o. s. frv.
5. Samtöl, er fela í sér dulmál, eru stranglega bönnuð, svo og samtöl á öðrum tungumálum en íslenzku.
6. Dulmál og símnafni í loftskeytum og talskeytum eru bönnuð.
7. Fullt nafn sendanda skal vera undir hverju skeyti.
8. Öll innbyrðis loftskeytaviðskipti, nema neyðarþjónusta og uppköllun annarra stöðva, skal fara fram á 800 metra öldulengd, en talskeytaviðskipti á 188 metra öldulengd. Hins vegar á að nota 600 metra öldulengd og 181,8 metra öldulengd til neyðarþjónustu og til þess að kalla upp aðrar stöðvar, en einungis til þess. Í viðskiptum við strandstöðvar ákveður strandarstöðin, hvaða öldulengd skipið skuli nota í hverju einstöku tilfalli. Loftskeytaviðskipti koma þó aðeins til greina hjá þeim skipum, er fengið hafa undanþágu frá því að loftskeytasendirinn sé undir lokunarinnsigli, shr. 1. gr. reglugerðar frá 28. des. 1940, um notkun loftskæptastöðva og talstöðva í íslenskum skipum.
9. Í hvert skipti, sem skipatalstöð kallar á annað skip eða strandarstöð, skal hún nefna greinilega nafn skipsins, sem hún er í og umdæmisbókstafi og tölu.
10. Brot gegn þessum reglum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Enn fremur getur sá, er brotlegur hefir reynzt, átt á hættu endurköllun leyfisbréfs og starfsskirteinis, og synjun til siglinga til útlanda.
11. Framan greindar reglur ganga þegar í stað í gildi. Jafnframt falla úr gildi tilkynningar um sama efni, útgefnar af póst- og símamálastjórninni 9. júlí 1940 og 2. október 1940.

Póst- og símamálastjórnin, 28. desember 1940.

Guðmundur Hlíðdal.

G. Briem.

## REGLUGERÐ

um notkun loftskæptastöðva og talstöðva í íslenskum skipum.

200

28. des.

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, er hér með sett eftirfarandi reglugerð samkvæmt bráðabirgðalögum um fjarskipti frá 5. júlí 1940 og bráðabirgðalögum um radio-senditæki frá 17. ágúst 1940.

1. gr.

Í siglingum milli Íslands og Stóra-Bretlands eða samveldislanda þess, mega íslensk skip fyrst um sinn því aðeins hafa meðferðis loftskæptastöð eða tal-

200 stöð (en ekki hvorttveggja), að stöðin sé þannig innsiglið af póst- og símamála-  
28. des. stjórninni, að ekki sé unnt að nota senditækin án þess að brjóta innsiglið (lokunar-  
innsigliun), en það má ekki gera nema í neyð. Póst- og símamálastjórnin getur  
þó veitt einstökum farþega- og flutningaskipum og eftirlits- og björgunarskipum  
undanþágu frá innsigliun.

Við strendur Íslands mega íslensk fiskiskip ekki heldur nota loftskeyta-  
stöðvar nema í neyð, enda séu þær undir lokunarinnsigli póst- og símamála-  
stjórnarinnar. Hins vegar mega þau nota talstöðvar sínar, ef þær hafa verið leystar  
úr lokunarinnsigliun af póst- og símamálastjórninni, en verið innsiglaðar aftur  
þannig, að þær geta aðeins sent út frá sér á tveim tilteknum bylgjulengdum  
(bylgjulengdainnsigliun). Þó mega þau aðeins nota talstöðvarnar samkvæmt þeim  
reglum og takmörkunum, sem póst- og símamálastjórnin setur þar um.

Með innsigliun skal fylgja yfirlýsing (á ensku) þess, er innsiglaði, um hvernig  
innsiglið sé merkt, hvaða dag hafi verið innsiglað og hvernig sendirinn hafi verið  
innsiglaður. Yfirlýsing þessi skal færð inn í dagbók skipsins og undirrituð af þeim,  
er innsiglaði. Sá, sem leysir stöð úr innsigliun, skal undirrita yfirlýsingu (á ensku)  
í dagbók skipsins, þar sem tekið skal fram, hvaða dag innsiglið hafi verið rofið,  
hvernig það hafi verið merkt, svo og ástæðuna fyrir því, að senditækin eru leyst  
úr innsigliun.

#### 2. gr.

Engir aðrir en þeir, sem leyfisbréf hafa til þess frá póst- og símamálastjórn-  
inni, mega stofna eða starfrækja radio-senditæki á Íslandi eða í íslenskri land-  
helgi, eða á íslenskum skipum eða öðrum farartækjum, eða hafa í vörzlum sínum  
radio-senditæki eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í slík tæki.

Ennfremur er bannað að breyta slíkum tækjum eða flytja þau úr þeim stað,  
sem leyfisbréfið er miðað við, t. d. flytja þau í land til viðgerðar eða geymslu,  
nema skrifleg heimild eða ósk frá landssímanum komi til í hvert skipti.

#### 3. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari fyrirmæli um notkun radio-sendi-  
tækja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur, og má ákveða sektir við broti  
gegn þeim fyrirmælum.

#### 4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10000 krónum, nema  
þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Ennfremur geta hlutaðeigendur átt á  
hættu, að í skipi, sem brot hefir verið framið í, verði stöðinni tafarlaust lokað,  
leyfisbréf og starfskirteini afturkallað, og sé um alvarlegt eða ítrekað brot að  
ræða, að skipinu verði synjað um leyfi til siglinga til Bretlands og samveldis-  
landa þess.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi bráðabirgða-  
reglugerð frá 30. september 1940 um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í  
íslenskum skipum, svo og bráðabirgðareglugerð frá 16. október 1940 um breytingu  
á bráðabirgðareglugerð 30. sept. 1940.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 28. desember 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Guðmundur Hliðdal.*

**S A M Þ Y K K T**

201

13. des.

**fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.**

## 1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Laxár. Heimili þess og varnarþing er á Hólmavaði í Aðaldal.

## 2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxgengd í vötn fiskihverfisins og arð af laxveiði með því:

1. að vinna að fiskrækt;
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir;
3. að afnema veiðiaðferðir, sem hættulegar eru fiskstofninum, og að eyða veiðivargi.

## 3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum veiðirétti í þessum vötnum: Laxá að Brúarfossnum, Daufhyl, Reykjakvísl að fossum í Þverárgljúfrum, Eyvindarlæk, Vestmannsvatni, Reykjadalssá og Mýrará.

Félagsmenn eru allir ábúendur og eigendur þessara jarða: Laxamýrar, Skarða og Einarstaða, Skóga og Dýjakots, Heiðarbótar, Þverár og Holtakots í Reykjahreppi; Núpa, Knútsstaða, Árbótar, Tjarnar, Jarlsstaða, Ness, Austurhaga, Haga, Hólmavaðs, Ytrafjalls, Syðrafjalls, Mýlaugsstaða, Lindahlíðar, Sýrness, Fagraness, Fagranesskots, Hellulands, Grímshúsa, Norðurhlíðar, Múla, Kraunastaða, Aðalbóls, Grenjaðarstaðar, Staðarhóls, Brúa, Presthvamms, Klambra, Hrauns, Miðhvamms og Yztahvamms í Aðaldælahreppi; Hólkots, Höskuldsstaða, Helgastaða, Hamra, Glaumbæjar, Vallakots, Einarstaða, Jaðars, Breiðumýrar, Halldórsstaða, Akra, Öndólsstaða, Stórulauga, Laugavalla, Laugaskóla, Litlulauga, Hóla, Laugabóls, Daðastaða, Lyngbrekku, Hjalla, Narfastaða, Hallbjarnarstaða, Brúnar, Viða, Máskots, Stafns (3 býli) og Laugasels í Reykdælahreppi.

## 4. gr.

Óheimilt er öllum öðrum en félaginu að veiða lax í vötnum þeim, sem talin eru í 3. gr., nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar eða framkvæmdarstjóra. Skal þar tekið fram um veiðitíma, veiðitaki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Heimil er félagsmönnum silungsveiði, en skylt er þeim að hlíta reglum, er félagið setur um þá veiði.

## 5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs í senn, nema lögmætur félagsfundur samþykki, og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

## 6. gr.

Nú hefur félagið samveiði. Er þá stjórninni heimilt að ráða mann til að standa fyrir veiðinni og er hann framkvæmdarstjóri félagsins. Hefur hann aðgang að veiðivötnum þess, þar sem samþykkt hefur verið að stunda félagsveiði, hvenær sem er, á meðan veiðitími stendur yfir. Heimil er honum öll nauðsynleg aðstaða við veiðina, en skylt er að félagið greiði landeiganda skaðabætur fyrir spjöll, er verða kunna á arðbærum eignum, eftir samkomulagi, eða mati, ef ekki næst samkomulag.



- 201 Framkvæmdarstjóri annast um framkvæmd félagsveiðinnar, sér um verkun og sölu aflans og færir alla reikninga þar að lútandi. Hann hefur umsjón með því, að samþykktir félagsins séu haldnar og gerir leigusamninga, allt í samráði við félagsstjórn.

## 7. gr.

Félagið vinnur að aukinni laxgengd í vötn fiskihverfisins með því, að afnema skaðlegar veiðiaðferðir, með því að stuðla að eyðingu fiskianda og annars veiðivargs, með friðun einstakra veiðivatna eða hluta af þeim, ef ástæða þykir til, með klaki eða öðrum þeim aðgerðum, er hentastar þykja og framkvæmanlegar eru. Auk þess vill félagið stuðla að opnun nýrra gönguleiða fyrir lax innan vatnahverfis Laxár.

## 8. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður og 4 meðstjórnendur og 3 til vara. Skulu stjórnarmenn kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Skal einn þeirra að minnsta kosti vera búsettur í Reykjahreppi, einn í Aðaldælahreppi og einn í Reykdælahreppi og jafnmargir varamenn úr sömu hreppum. Ganga menn úr stjórninni til skiptis, þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur ganga úr eftir tvö ár með hlutkesti. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu í stjórn, nema lögmæt forföll séu, eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

## 9. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins. Hún ræður framkvæmdarstjóra, sbr. 6. gr., og gerir við hann samning um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þann samning. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum þess og fjárreiðum öllum. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

## 10. gr.

Aðalfundur heldur félagið í janúarmánuði ár hvert.

Aðalfundur er lögmætur, ef hann er boðaður skriflega og sé fundarefnis getið í fundarboði, má eigi boða hann með minni fyrirvara en þremur dögum. Nú mætur minna en  $\frac{1}{3}$  félagsmanna á fundi, er fundur þá að vísu ályktunarfær, en boða má aftur til fundar samkvæmt 11. gr. og getur sá fundur upphafið samþykktir hins fyrri, enda sé hann haldinn innan eins mánaðar og eigi minna en helmingur félagsmanna mættur.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess næsta ár. Þar leggur hún og fram reikninga félagsins endurskoðaða og úrskurðar fundurinn um þá.

Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur og tvo til vara. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

## 11. gr.

Aðra félagsfundu heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

## 12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 13. gr.

Arður af samveiði og af leigu skiptist milli félagsmanna eftir arðskrá, er lögmætur félagsfundur samþykkir,  $\frac{2}{3}$  félagsmanna hafa undirritað og ráðherra staðfest.

Gildir hún til fimm ára í senn. Þó er þeim, sem vanhaldinn telur sig um skiptingu arðs, heimilt að krefjast mats samkvæmt 64. gr., sbr. 83. gr. laga um lax- og silungsveiði. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að liðnum fimm árum, gildir gamla arðskráin áfram, þar til ný arðskrá er samþykkt. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sama hlutfalli og þeir taka arð.

## 14. gr.

Stjórnin heldur fund með sér í desembermánuði í síðasta lagi og úthlutar arði til félagsmanna samkv. 13. gr., að svo miklu leyti sem fært þykir, en fullnaðaruppgerð fer fram þegar reikningar félagsins eru fullgerðir.

## 15. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og þarf  $\frac{2}{3}$  atkvæða með breytingunni.

Félaginu má slíta ef tillaga um það er samþykkt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða á tveimur fundum í röð.

## 16. gr.

Brot gegn samþykktum þessum varða sektum til sýslusjóðs allt að 1000 krónum og öðrum viðurlögum samkvæmt XIV. kafla laga nr. 61 23. júní 1932.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. desember 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## REIKNINGUR

202

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Vestmannaeyja árið 1939.

## Tekjur:

1. Eign frá f. ári .....	kr. 26668.43
2. Útdregin 3 skuldabréf hafnarsjóðs Vestmannaeyja .....	— 300.00
3. Styrkur úr ríkissjóði Íslands .....	— 800.00
4. Styrkur úr bæjarsjóði Vestmannaeyja .....	— 800.00
5. Afborgun af skuldabréfi Guðl. Br. Jónssonar .....	— 300.00
6. Vextir:	
a. Af skuldabréfi Guðl. Br. Jónssonar .....	kr. 108.00
b. — kreppulánasjóðsbréfum .....	— 176.00
c. — veðdeildarbréfum .....	— 610.00
d. — ríkisskuldabréfum .....	— 220.00
e. — hafnarsjóðsbréfum .....	— 126.00
f. — skuldabréfum bæjarsjóðs Vestmannaeyja .....	— 40.00
g. — innstæða á innlánsbók nr.1903 við Útvegsbanka Íslands h/f, Vestmannaeyjum .....	— 132.96
	— 1412.96
7. Ágóði af keyptum veðdeildarbréfum (3500 kr. brj.) .....	— 300.00

Kr. 30581.39

202

## Gjöld:

1. Móti tekjulið 2 .....	kr.	300.00	
2. Móti tekjulið 5 .....	—	300.00	
3. Styrkur veittur ekkjum og börnum .....	—	1240.00	
4. Burðargjald, símkostnaður o. fl. ....	—	8.30	
5. Eignir:			
a. Skuldabréf bæjarsjóðs Vestmannaeyja .....	kr.	2400.00	
b. Ríkisskuldabréf .....	—	4000.00	
c. Veðdeildarbréf .....	—	13700.00	
d. Hafnarsjóðsbréf .....	—	1800.00	
e. Kreppulánasjóðsbréf .....	—	3200.00	
f. Skuldabréf Guðl. Br. Jónssonar .....	—	1500.00	
g. Innstæða á innl.bók nr. 1903 við Útvegsbanka Íslands h/f, Vestmannaeyjum .....	—	2133.09	
			— 28733.09

Vestmannaeyjum, 31. desember 1939.

Kr. 30581.39

Sveinn P. Scheving,  
formaður.Sig. Guttormsson,  
gjaldkeri.

203

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Vestur-Skaftafellsprófastsdæmis árið 1939.

## T e k j u r :

1. Hörgslandshreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938 .....	kr.	1480.32	
Vextir 1939 .....	—	76.98	
			kr. 1557.30
2. Kirkjubæjarhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938 .....	kr.	759.29	
Vextir 1939 .....	—	39.48	
			— 798.77
3. Leiðvallarhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938 .....	kr.	604.56	
Vextir 1939 .....	—	31.44	
			— 636.00
4. Skaftártunguhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938 .....	kr.	368.22	
Innlagt kr. 70.00, vextir 1939 kr. 20.77 .....	—	90.77	
			— 458.99
5. Álftavershreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938 .....	kr.	706.08	
Innlagt kr. 30.00, vextir 1939 kr. 37.41 .....	—	67.41	
			— 773.49
6. Hvamshreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938 .....	kr.	563.39	
Vextir 1939 .....	—	29.30	
			— 592.69

Flyt kr. 4817.24

		Flutt	kr. 4817.24	203
7. Dyrhólahreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1938	kr.	271.46		
Vextir 1939	—	14.12		
			—	285.58
				Kr. 5102.82

## Gjöld:

1. Hörgslandshreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1939	kr.	1557.30		
2. Kirkjubæjarhreppsdeild:				
Styrkur veittur af ársvöxtum 1939	kr.	29.61		
Í sjóði 31. des. 1939	—	769.16		
			—	798.77
3. Leiðvallarhreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1939	—	636.00		
4. Skaftártunguhreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1939	—	458.99		
5. Álftavershreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1939	—	773.49		
6. Hvammshreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1939	—	592.69		
7. Dyrhólahreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1939	—	285.58		
				Kr. 5102.82

Vík, 28. ágúst 1940.

Jón Þorvarðsson. Gísli Sveinsson.

## REIKNINGUR

204

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1939.

## Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári	kr.	4536884.37
2. Bætt við innstæður vaxtaeigenda:		
a. Innlög á árinu	kr.	194004.76
b. Vextir, lagðir við höfuðstól	—	186363.75
		— 380368.51
3. Borgun fyrir viðskiptabækur, dráttarvextir o. fl.	—	3903.37
4. Ágóði af innleystum verðbréfum	—	1983.00
5. Vextir af útlánum	—	242748.73
6. Vextir fyrir 1939, geymdir til útborgunar	—	28968.54
7. Höfuðstóll, geymdur til útborgunar	—	2574.37
		Kr. 5197430.89

## Gjöld:

1. Vextir vaxtaeigenda fyrir árið 1939:			
a. Ársvextir, 5,2% .....	kr.	214195.00	
b. Dagvextir, 4,7% .....	—	1137.29	
			kr. 215332.29
2. Kostnaður .....	kr.	10745.84	
Afskriftir af skrifstofugögnum .....	—	1240.00	
Afskriftir af verðbréfum .....	—	1200.00	
Flutt úr varasjóði í aðaldeild .....	—	150000.00	
			— 163185.84
3. Vextir fyrir 1938, er biðu útborgunar .....			— 27067.72
4. Höfuðstóll:			
a. er beið útborgunar frá fyrra ári .....	kr.	1285.29	
b. er féll til útborgunar á árinu .....	—	110975.13	
			— 112260.42
5. Sjóður í árslok:			
a. Veðskuldabréf .....	kr.	2870176.72	
b. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga .....	—	307273.18	
c. Veðdeildarbréf, kr. 454600 á 80% .....	—	363680.00	
d. Skuldabréf Kreppulánasjóðs sveitar- og bæj- arfélaga, kr. 454870 á 90% .....	—	409383.00	
e. Jarðræktarbréf, kr. 11000 á 90% .....	—	9900.00	
f. Innanríkislán, kr. 101000 á 97% .....	—	97970.00	
g. 6% lán bæjarsjóðs Reykjavíkur 1931, kr. 27500 á 96% .....	—	26400.00	
h. Skuldabréf ríkissjóðs .....	—	33356.50	
i. Ýms verðbréf, ríkistryggð .....	—	511582.00	
			— 4629721.40
j. Vextir 1939 óinnheimtir, fallnir .....	kr.	4171.97	
k. Vextir 1939 óinnheimtir, ófallnir .....	—	21363.33	
			— 25535.30
l. Skrifstofugögn .....			— 5000.00
m. Innstæður í bönkum í árslok .....	kr.	18116.12	
n. Í sjóði hjá féhirði .....	—	1211.80	
			— 19327.92
			Kr. 5197430.89

Söfnunarsjóður Íslands.

Reykjavík, 15. febrúar 1940.

Vilhj. Briem.

Bjarni Ásgeirsson.

Sig. Ólafsson.

## Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1939.

## Eignir:

1. Veðskuldabréf og verðbréf .....	kr.	4629721.40
2. Óinnheimtir vextir, alls .....	—	25535.30
3. Skrifstofugögn .....	—	5000.00
4. Í sjóði og bönkum .....	—	19327.92
		Kr. 4679584.62

## Skuldir:

204

1. Innstæður vaxtaeigenda:		
a. Aðaldeild .....	kr. 2020726.20	
b. Erfingjarentudeild .....	— 86684.86	
c. Útborgunardeild .....	— 2384207.60	
d. Bústofnsdeild .....	— 7864.73	
		kr. 4499503.39
2. Vextir fyrir 1939, geymdir til útborgunar .....	— 28968.54	
3. Höfuðstóll, geymdur til útborgunar .....	— 2574.37	
4. Varasjóður í árslok .....	— 148538.32	
		Kr. 4679584.62

Söfnunarsjóður Íslands.

Reykjavík, 15. febrúar 1940.

Vilhj. Briem.

Bjarni Ásgeirsson.

Sig. Ólafsson.

## YFIRLIT

205

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1940.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Sparisjóðsdeild .....	kr. 1129328.04	
b. Ræktunarsjóður .....	— 5176853.66	
c. Veðdeild .....	— 1177983.20	
d. Byggingarsjóður .....	— 3314134.76	
e. Viðlagasjóður .....	— 1311549.97	
f. Loðdýralánadeild .....	— 136170.00	
		kr. 12246019.63
2. Verðbréf:		
a. Sparisjóðsdeild .....	kr. 707486.27	
b. Ræktunarsjóður .....	— 439184.81	
c. Byggingarsjóður .....	— 23973.01	
d. Viðlagasjóður .....	— 526978.06	
		— 1697622.15
3. Vixlar .....		— 3186532.53
4. Lán í hlaupareikningi .....		— 79911.97
5. Ýmsir viðskiptamenn:		
a. Sparisjóðsdeild .....	kr. 17070.25	
b. Ræktunarsjóður .....	— 75955.76	
c. Byggingarsjóður .....	— 2700.00	
		— 95726.01
6. Óinnheimtar tekjur:		
a. Ræktunarsjóður .....	kr. 83951.10	
b. Veðdeild .....	— 30784.01	
		— 114735.11
7. Útibú á Akureyri .....		— 668191.13
8. Teiknistofa .....		— 16980.01
		Flyt kr. 18105718.54

205.		Flutt	kr. 18105718.54
9.	Kreppulánasjóður	—	1120248.74
10.	Kreppulánasjóður bæjar og sveitar félaga	—	98797.46
11.	Nýbýlasjóður	—	132842.76
12.	Tryggingar fyrir ábyrgðum	—	1017200.00
13.	Innanstokksmunir	—	19412.75
14.	Sameiginlegur kostnaður allra deilda	—	103348.06
15.	Varasjóður Ræktunarsjóðs	—	407491.00
16.	Fasteignir (Ræktunarsjóðs)	—	1926.95
17.	Bankainnstæða og peningar í sjóði	—	933210.09
			<hr/>
			Kr. 21940196.35

## Skuldir:

1.	Skuld við rikissjóð:		
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 1197463.92	
	b. Byggingarsjóður	— 600000.00	
			<hr/>
			kr. 1797463.92
2.	Innstæða í sparisjóði og á skirteinum	—	4897243.25
3.	Innstæða í hlaupareikningi	—	1211936.33
4.	Innstæða á reikningslánnum	—	2176.57
5.	Ýmsir viðskiptamenn:		
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 6355.54	
	b. Ræktunarsjóður	— 10484.84	
	c. Veðdeild	— 11409.26	
	d. Byggingarsjóður	— 10154.46	
	e. Viðlagasjóður	— 5909.53	
	f. Loðdýralánadeild	— 90000.00	
			<hr/>
			— 134313.63
6.	Jarðræktarbréf í umferð	—	2352800.00
7.	Veðdeildarbréf í umferð	—	1240000.00
8.	Ábyrgðir	—	1017200.00
9.	Skuldir á fasteignum (Ræktunarsjóðs)	—	1926.95
10.	Vextir og aðrar tekjur:		
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 235978.74	
	b. Viðlagasjóður	— 46384.54	
	c. Loðdýralánadeild	— 6222.84	
			<hr/>
			— 288586.12
11.	Skuldlaus eign:		
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 589795.20	
	b. Ræktunarsjóður	— 3960588.88	
	c. Byggingarsjóður	— 1947332.32	
	d. Viðlagasjóður	— 2486606.34	
	e. Loðdýralánadeild	— 12226.84	
			<hr/>
			— 8996549.58

---

 Kr. 21940196.35

Reykjavík, 29. júní 1940.  
BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

## REIKNINGUR

206

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frá Önnu Claessen árið 1939.

## Tekjur:

1. Eignir frá fyrra ári:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00 .....	kr. 4500.00		
b. Innstæða í sparisjóði Sauðárkróks .....	— 284.11		
c. Hjá gjaldkera .....	— 10.00		
			kr. 4794.11
2. Vextir af bankavaxtabréfum .....	kr. 215.00		
Vextir af innstæðu í sparisjóði Sauðárkróks .....	— 17.15		
			— 232.15
			Kr. 5026.26

## Gjöld:

1. Styrkur veittur 4 sjúklingum .....	kr. 145.00		
2. Eign í árslok:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00 .....	kr. 4500.00		
b. Innstæða í sparisjóði Sauðárkróks .....	— 361.26		
c. Hjá gjaldkera .....	— 20.00		
			— 4881.26
			Kr. 5026.26

Sauðárkróki, 7. febrúar 1940.

Álfheiður Blöndal. Helga Guðjónsdóttir. Sigríður Sigtryggisdóttir.

Reikning þenna höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og höfum ekkert við hann að athuga.

Stefanía Arnórsdóttir. Elinborg Jónsdóttir.

## REIKNINGUR

207

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs hins Tíunda og Alexandrine drottningar til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík árið 1939.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 394):			
a. Ríkisskuldabréf .....	kr. 7000.00		
b. Bankavaxtabréf .....	— 6100.00		
c. Bankainnstæða .....	— 268.34		
			kr. 13368.34
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum .....	kr. 305.00		
b. — ríkisskuldabréfum .....	— 192.50		
c. — bankainnstæðu .....	— 23.36		
			— 520.86
			Kr. 13889.20



1940

390

207

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
1. Bankavaxtabréf .....	kr. 6100.00	
2. Ríkisskuldabréf .....	— 7000.00	
3. Bankainnstæða .....	— 789.20	
		kr. 13889.20

Kr. 13889.20

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

Vigfús Einarsson.

208

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteds og frú Steinunnar  
Bjarnadóttur Melsteds árið 1939.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 403) .....	kr. 3538.14
2. Óafhentir trjáræktarsjóðir .....	— 616.33
3. Vextir árið 1939 af aðalsjóðnum .....	— 179.40
4. Vextir árið 1939 af sparisjóðsinnstæðum trjáræktarsjóða .....	— 24.56

Kr. 4358.43

Gjöld:

Í sjóði til næsta árs:

1. Í Söfnunarsjóði .....	kr. 3717.54
2. Í Landsbankanum:	
a. Trjáræktarsjóður Klausturhólakirkjugarðs .....	— 153.31
b. Trjáræktarsjóður Úlfjótsvatnskirkjugarðs .....	— 128.27
c. Trjáræktarsjóður Þingvallakirkjugarðs .....	— 126.01
d. Trjáræktarsjóður Hlíðar í Grafningi .....	— 119.14
e. Trjáræktarsjóður Keldnakots í Stokkseyrarhreppi .....	— 114.16

Kr. 4358.43

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

Vigfús Einarsson.

## REIKNINGUR

209

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Frederiks konungs Áttunda árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 394):		
a. Ríkisskuldabréf .....	kr. 5000.00	
b. Bankavaxtabréf .....	— 7500.00	
c. Veðskuldabréf .....	— 5000.00	
d. Skuldabréf Elliheimilisins Grund .....	— 1000.00	
e. Bankainnstæða .....	— 815.84	
		kr. 19315.84
2. Vextir:		
a. Af veðskuldabréfum .....	kr. 300.00	
b. — bankavaxtabréfum .....	— 330.00	
c. — skuldabréfi Elliheimilisins .....	— 65.00	
d. — ríkisskuldabréfum .....	— 137.50	
e. — bankainnstæðu .....	— 85.39	
		— 917.89
		Kr. 20233.73

## G j ö l d :

1. Styrkur veittur til trjáræktar .....	kr. 350.00	
2. Sjóður til næsta árs:		
a. Ríkisskuldabréf .....	kr. 5000.00	
b. Bankavaxtabréf .....	— 6500.00	
c. Skuldabréf Elliheimilisins Grund .....	— 1000.00	
d. Veðskuldabréf .....	— 4750.00	
e. Bankainnstæða .....	— 2633.73	
		— 19883.73
		Kr. 20233.73

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.

Vigfús Einarsson.

## REIKNINGUR

210

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs Níunda árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 395):		
a. Innritunarskirteini .....	kr. 8600.00	
b. Veðskuldabréf .....	— 1000.00	
c. Bankavaxtabréf .....	— 3600.00	
d. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	— 905.10	
e. Bankainnstæða .....	— 1596.92	
		kr. 15702.02
		Flyt kr. 15702.02

210

		Flutt	kr. 15702.02
2. Vextir:			
a. Af innritunarskirteini	kr.	376.70	
b. — veðskuldabréfum	—	50.00	
c. — bankavaxtabréfum	—	167.00	
d. — Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	47.07	
e. — bankainnstæðu	—	74.28	
			715.05
			Kr. 16417.07

## Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar	kr.	375.00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Innritunarskirteini	kr.	8600.00	
b. Veðskuldabréf	—	800.00	
c. Bankavaxtabréf	—	3600.00	
d. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	952.17	
e. Bankainnstæða	—	2089.90	
			16042.07

Kr. 16417.07

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

**Vigfús Einarsson.**

211

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Gigas's árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1939 B., bls. 396):			
a. Ríkisskuldabréf	kr.	5000.00	
b. Bankavaxtabréf	—	6000.00	
c. Bankainnstæða	—	247.99	
			kr. 11247.99
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	285.00	
b. — ríkisskuldabréfi	—	137.50	
c. — bankainnstæðu	—	20.88	
			443.38

Kr. 11691.37

## Gjöld:

a. Bankavaxtabréf	kr.	6000.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	5000.00	
c. Bankainnstæða	—	691.37	
			kr. 11691.37

Kr. 11691.37

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

**Vigfús Einarsson.**

**REIKNINGUR**

212

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Þórarins Tulinius árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 396):		
a. Bankavaxtabréf .....	kr. 5000.00	
b. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar .....	— 4500.00	
c. Elliheimilisbréf .....	— 2000.00	
d. Í Búnaðarbankanum .....	— 4435.45	
		kr. 15935.45
2. Vextir:		
a. Af bankavaxtabréfum .....	kr. 245.50	
b. — skuldabréfum Reykjavíkurkaupstaðar .....	— 272.50	
c. — elliheimilisbréfum .....	— 130.00	
d. — bankainnstæðu .....	— 188.87	
		— 836.87
		Kr. 16772.32

## G j ö l d :

1. Veittur styrkur .....	kr. 600.00	
2. Sjóður til næsta árs:		
a. Bankavaxtabréf .....	kr. 5000.00	
b. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar .....	— 4500.00	
c. Elliheimilisbréf .....	— 2000.00	
d. Í Búnaðarbankanum .....	— 4672.32	
		— 16172.32
		Kr. 16772.32

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.***Vigfús Einarsson.****REIKNINGUR**

213

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs W. Fiskes til Grímseyinga árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 397):		
a. Bankavaxtabréf .....	kr. 16600.00	
b. Veðskuldabréf .....	— 29500.00	
c. Bankainnstæða .....	— 3896.46	
		kr. 49996.46
2. Vextir:		
a. Af bankavaxtabréfum .....	kr. 747.00	
b. — veðskuldabréfum .....	— 1770.00	
c. — bankainnstæðu .....	— 258.91	
		— 2775.91
		Kr. 52772.37

213

## Gjöld:

1. Styrkur til Grímseyinga .....	kr. 2300.00
2. Sjóður til næsta árs:	
a. Bankavaxtabréf .....	kr. 15600.00
b. Veðskuldabréf .....	— 28000.00
c. Bankainnstæða .....	— 6872.37
	<u>— 50472.37</u>

Kr. 52772.37

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

Vígfús Einarsson.

214

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers árið 1939.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 398):	
a. Innritunarskírteini .....	kr. 20000.00
b. Ríkisskuldabréf .....	— 10000.00
c. Bankavaxtabréf .....	— 7700.00
d. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar .....	— 1000.00
e. Veðskuldabréf .....	— 9150.00
f. Lán Seyðisfjarðarkaupstaðar .....	— 3500.00
g. Bankainnstæða .....	— 1654.67
	<u>kr. 53004.67</u>
2. Vextir:	
a. Af innritunarskírteini .....	kr. 876.05
b. — ríkisskuldabréfum .....	— 275.00
c. — bankavaxtabréfum .....	— 357.50
d. — skuldabréfum Reykjavíkurkaupstaðar .....	— 65.00
e. — veðskuldabréfum .....	— 549.00
f. — láni Seyðisfjarðarkaupstaðar .....	— 175.00
g. — bankainnstæðu .....	— 97.36
	<u>— 2394.91</u>

Kr. 55399.58

## Gjöld:

1. Styrkur veittur .....	kr. 2100.00
2. Sjóður til næsta árs:	
a. Innritunarskírteini .....	kr. 20000.00
b. Ríkisskuldabréf .....	— 10000.00
c. Bankavaxtabréf .....	— 7200.00
d. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar .....	— 1000.00
e. Veðskuldabréf .....	— 8700.00
f. Lán Seyðisfjarðarkaupstaðar .....	— 3500.00
g. Bankainnstæða .....	— 2899.58
	<u>— 53299.58</u>

Kr. 55399.58

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

Vígfús Einarsson.

## REIKNINGUR

215

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1939 B., bls. 399):		
Bankainnstæða .....	kr.	1045.16
2. Vextir .....	—	28.69
		<hr/>
	Kr.	1073.85

## G j ö l d :

1. Styrkur veittur Guðrínu Markúsdóttur .....	kr.	500.00
Sjóður til næsta árs í Landsbankanum .....	—	573.85
		<hr/>
	Kr.	1073.85

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

Vigfús Einarsson.

## REIKNINGUR

216

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1939 B., bls. 399):		
a. Ríkisskuldabréf .....	kr.	7000.00
b. Bankavaxtabréf .....	—	13300.00
c. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar .....	—	1000.00
d. Veðskuldabréf .....	—	2500.00
e. Bankainnstæða .....	—	511.77
		<hr/>
	kr.	24311.77
2. Vextir:		
a. Af ríkisskuldabréfum .....	kr.	192.50
b. — bankavaxtabréfum .....	—	646.25
c. — skuldabréfum Reykjavíkurkaupstaðar .....	—	65.00
d. — veðskuldabréfi .....	—	150.00
e. — bankainnstæðu .....	—	63.45
		<hr/>
	—	1117.20
	Kr.	25428.97

## G j ö l d :

Sjóður til næsta árs:		
a. Ríkisskuldabréf .....	kr.	7000.00
b. Bankavaxtabréf .....	—	12800.00
c. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar .....	—	1000.00
d. Veðskuldabréf .....	—	2500.00
e. Bankainnstæða .....	—	2128.97
		<hr/>
	kr.	25428.97
	Kr.	25428.97

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

Vigfús Einarsson.

217

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta  
í hinu fyrrverandi Suðuramti árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 400):			
a. Veðskuldabréf .....	kr. 5000.00		
b. Bankavaxtabréf .....	— 5000.00		
c. Bankainnstæða .....	— 4695.59		
			kr. 14695.59
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum .....	— 300.00		
b. — bankavaxtabréfum .....	— 245.00		
c. — bankainnstæðu .....	— 206.84		
			— 751.84
			Kr. 15447.43

## G j ö l d :

1. Styrkur veittur .....		kr. 20.00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf .....	kr. 4750.00		
b. Bankavaxtabréf .....	— 5000.00		
c. Í Landsbankanum .....	— 5677.43		
			— 15427.43
			Kr. 15447.43

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

Vigfús Einarsson.

218

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 400):			
a. Ríkisskuldabréf .....	kr. 5000.00		
b. Veðskuldabréf .....	— 2500.00		
c. Bankavaxtabréf .....	— 7500.00		
d. Bankainnstæða .....	— 569.55		
			kr. 15569.55
2. Vextir:			
a. Af ríkisskuldabréfum .....	kr. 137.50		
b. — veðskuldabréfi .....	— 150.00		
c. — bankavaxtabréfum .....	— 365.00		
d. — bankainnstæðu .....	— 39.40		
			— 691.90
			Kr. 16261.45

## Gjöld:

218

Sjóður til næsta árs:

a. Ríkisskuldabréf .....	kr. 5000.00	
b. Veðskuldabréf .....	— 2250.00	
c. Bankavaxtabréf .....	— 7500.00	
d. Bankainnstæða .....	— 1511.45	
		kr. 16261.45

Kr. 16261.45

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

Vigfús Einarsson.

## REIKNINGAR

219

yfir tekjur og gjöld Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar  
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1939 B., bls. 401):

a. Ríkisskuldabréf .....	kr. 5000.00	
b. Bankavaxtabréf .....	— 9400.00	
c. Veðskuldabréf .....	— 2000.00	
d. Bankainnstæða .....	— 293.48	
		kr. 16693.48

2. Vextir:

a. Af ríkisskuldabréfum .....	kr. 137.50	
b. — bankavaxtabréfum .....	— 442.50	
c. — veðskuldabréfum .....	— 120.00	
d. — bankainnstæðu .....	— 36.21	
		— 736.21

Kr. 17429.69

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:

a. Ríkisskuldabréf .....	kr. 5000.00	
b. Bankavaxtabréf .....	— 9300.00	
c. Veðskuldabréf .....	— 1900.00	
d. Bankainnstæða .....	— 1229.69	
		kr. 17429.69

Kr. 17429.69

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

Vigfús Einarsson.



220

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 402):			
a. Í Söfnunarsjóði .....	kr.	14258.02	
b. Í Landsbankanum .....	—	712.50	
			kr. 14970.52
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr.	741.42	
b. — bankainnstæðu .....	—	18.14	
			— 759.56
			Kr. 15730.08

## G j ö l d :

1. Styrkur veittur .....	kr.	470.00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Í Söfnunarsjóði .....	kr.	14505.16	
b. Í Landsbankanum .....	—	754.92	
			— 15260.08
			Kr. 15730.08

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.***Vigfús Einarsson.**

221

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður frá f. á. (Stj.tíð. 1939 B., bls. 405) .....	kr.	30.74	
2. Vextir 1935 .....	—	1.20	
			Kr. 31.94

## G j ö l d :

Sjóður til næsta árs .....	kr.	31.94
----------------------------	-----	-------

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.***Vigfús Einarsson.**

**REIKNINGUR**

222

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebes árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 402):			
a. Bankavaxtabréf .....	kr.	12800.00	
b. Skuldabréf Reykjavíkur .....	—	1000.00	
			kr. 13800.00
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum .....	kr.	594.00	
b. — skuldabréfi Reykjavíkur .....	—	65.00	
			— 659.00
3. Ágóði á kaupum bankavaxtabréfs .....			— 190.00
			Kr. 14649.00

## G j ö l d :

1. Greitt Búnaðarfélagi Íslands .....	kr.	849.00	
2. Sjóður í árslok:			
a. Bankavaxtabréf .....	kr.	12800.00	
b. Skuldabréf Reykjavíkur .....	—	1000.00	
			— 13800.00
			Kr. 14649.00

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.***Vigfús Einarsson.****REIKNINGUR**

223

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígur árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður frá f. á. (Stj.tíð. 1939 B., bls. 405) .....	kr.	2720.02	
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	141.44	
			Kr. 2861.46

## G j ö l d :

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs .....	kr.	2861.46	
--	-----	---------	--

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.***Vigfús Einarsson**

224

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður frá f. á. (Stj.tíð. 1939 B., bls. 404) .....	kr. 722.69
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 37.58
	<hr/>
	Kr. 760.27

## G j ö l d :

Sjóður til næsta árs .....	kr. 760.27
----------------------------	------------

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

Vigfús Einarsson.

225

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar frá Bjargarsteini á Akranesi árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður frá f. á. (Stj.tíð. 1939 B., bls. 404) .....	kr. 3448.54
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 179.32
	<hr/>
	Kr. 3627.86

## G j ö l d :

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs .....	kr. 3627.86
--	-------------

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1940.*

Vigfús Einarsson.

226

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, árið 1939.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1939 B., bls. 403):	
a. Ríkisskuldabréf .....	kr. 7000.00
b. Veðskuldabréf .....	— 52197.50
c. Bankavaxtabréf .....	— 2500.00
d. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar .....	— 1000.00
e. Ógreiddir vextir 1938 .....	— 330.00
f. Bankainnstæða .....	— 3810.07
	<hr/>
	kr. 66837.57
	Flyt kr. 66837.57

		Flutt	kr. 66837.57	226
2. Vextir:				
a. Af ríkisskuldabréfum	kr.	192.50		
b. — veðskuldabréfum	—	2747.85		
c. — bankavaxtabréfum	—	117.50		
d. — skuldabréfum Reykjavíkurkaupstaðar	—	1000.00		
e. — bankainnstæðu	—	187.86		
			—	3310.71
3. Ógreiddir vextir 1939			—	384.00
				Kr. 70532.28

## Gjöld:

1. Styrkur til Búnaðarsambands Austurlands	kr.	1200.00		
2. Styrkur til Hallormsstaðarskóla	—	1000.00		
3. Sjóður til næsta árs:				
a. Ríkisskuldabréf	kr.	7000.00		
b. Veðskuldabréf	—	50696.35		
c. Bankavaxtabréf	—	2500.00		
d. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	—	1000.00		
e. Ógreiddir vextir:				
1938	kr.	237.91		
1939	—	384.00		
			—	621.91
f. Bankainnstæða	—	6514.02		
			—	68332.28
				Kr. 70532.28

*Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 12. júní 1940.*

**Vigfús Einarsson.**

## REIKNINGUR

227

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Jóh. Jóhannessonar  
og Sigurbjargar Guðnadóttur árið 1939.

## Tekjur:

1. Sjóður frá f. á. (Stj.tið. 1939 B., bls. 405):				
a. Fasteignaveðlán	kr.	162000.00		
b. Ríkisskuldabréf	—	35000.00		
c. Bankavaxtabréf	—	57000.00		
d. Skuldabréf Reykjavíkur	—	5000.00		
e. Skuldabréf hafnarsjóðs Reykjavíkur	—	7000.00		
f. Skuldabréf Vestmannaeyja	—	6500.00		
g. Kreppulánasjóðsbréf	—	1800.00		
h. Ógreiddir vextir:				
1937	kr.	335.00		
1938	—	2588.00		
			—	2923.00
i. Í sparisjóði í bönkum	—	13415.90		
				kr. 290638.90
			Flyt	kr. 290638.90

227

		Flutt	kr. 290638.90
2. Vextir:			
a. Af fasteignaveðlánunum .....	kr.	9147.91	
b. — ríkisskuldabréfum .....	—	962.50	
c. — bankavaxtabréfum .....	—	2832.50	
d. — skuldabréfum Reykjavíkur .....	—	325.00	
e. — skuldabréfum hafnarsjóðs Reykjavíkur .....	—	420.00	
f. — skuldabréfum hafnarsjóðs Vestmannaeyja ..	—	390.00	
g. — kreppulánasjóðsbréfum .....	—	81.00	
h. — bankainnstæðu .....	—	523.22	
			— 14682.13
3. Ógreiddir vextir 1938 af fasteignaveðlánunum .....	—	713.00	
4. Ágóði á skiptum vaxtabréfa .....	—	125.00	
			Kr. 306159.03

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:

a. Fasteignaveðlán .....	kr.	181300.00	
43. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að frá og með 18. nóvbr. 1939, að skiptum var lokið í dánarbúi Kristjönu Thorsteinsson, hefur nefnt dánarbúi gengið úr firmanu Geir & Th. Thorsteinsson í Reykjavík. Jafnframt tilkynnist, að við undirritaðir, Þorsteinn Thorsteinsson og Hannes Þórður Thorsteinsson, báðir til heimilis á Skólavörðustíg 45 í Reykjavík, höfum gengið inn í firmað Geir & Th. Thorsteinsson og innborgað kr. 1000.00 hvor um sig, sem samlagsmenn, en berum að öðru leyti enga persónulega ábyrgð á skuldum eða skuldbindingum firmans.

Reykjavík, 27. apríl 1940.

F. h. erfingjanna í dánarbúi

Kristjönu Thorsteinsson

Lárus Fjeldsted.

Geir Thorsteinsson.

F. h. Þorsteins Thorsteinsson og

Hannesar Þ. Thorsteinsson

Geir Thorsteinsson.

Geir Thorsteinsson.

44. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum umboðs- og heildverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Sveinn Björnsson & Co. Firmað ritum við sameiginlega þannig:

Sveinn Björnsson & Co.

Sveinn Björnsson.

Björn Sveinsson.

Prókúruumboð fyrir verzlunina hefur meðundirritaður Sveinn Björnsson og undirritar hann þannig sem prókúruhafi:

pr. pr. Sveinn Björnsson & Co.

Sveinn Björnsson.

Reykjavík, 9. maí 1940.

Sveinn Björnsson. Björn Sveinsson.

- 237 45. Undirrituð stjórn Sambands isl. samvinnufélaga veitir hér með hr. Helga Þorsteinssyni, Sólvallagötu 1, Reykjavík, frá og með deginum í dag prókúruumboð fyrir Samband isl. samvinnufélaga.

Ritar hann nafn sitt þannig:

pr. pr. Samband isl. samvinnufélaga

H. Thorsteinsson.

Reykjavík, 11. maí 1940.

Einar Árnason. Jón Ívarsson. Þórður Pálmason. Skúli Guðmundsson.

46. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég er hætt rekstri firmans „Hattabúðin“ og óskast það strikað út af firmaskránni.

Reykjavík, 14. maí 1940.

Gunnlaug Briem.

47. Ári 1939 þ. 7. október var samþykkt á aukafundi í fiskveiðahlutafélaginu H/F. Fylkir í Reykjavík, að lækka hið almenna hlutafé í félaginu, samtals kr. 270000.00, um 40% eða niður í kr. 162000.00 og þannig, að hlutabréfin, sem hljóða á 5000 kr., 1000 kr. og 500 kr., færast niður í kr. 3000.00, kr. 600.00 og kr. 300.00.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 77 frá 27. júní 1921 um hlutafélög, er hér með skorað á hluthafana í H/F. Fylkir að koma með nefnd hlutabréf sín á skrifstofu félagsins í Ingólfshvoli í Reykjavík, áður en eitt ár er liðið frá birtingu auglýsingar þessarar, til þess að stjórn félagsins geti ritað niðurfærslurnar á hlutabréfin.

Reykjavík, 21. maí 1940.

Stjórn H/F. Fylkir

Hafsteinn Bergþórsson. Þórður Ólafsson. Jón Magnússon.

48. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að hinn 1. maí 1940 hef ég undirritaður selt hr. Oddi Helgassyni, Þingholtstræti 34, Rvík, eign mína í Snyrtivöruverksmiðjunni Vera Simillon, Rvík, og er þar með genginn úr firmanu og eru skuldbindingar firmans mér óviðkomandi frá þeim tíma.

Reykjavík, 23. maí 1940.

Skúli Jóhannsson.

Samkvæmt ofanrituðu tilkynnist, að 1. maí 1940 keypti ég undirritaður af herra Skúla Jóhannssyni, Bárugötu 12, eign hans í Snyrtivöruverksmiðjunni Vera Simillon, Rvík, og afturkallast jafnframt prókúruumboð það, er hann hefur haft fyrir firmað. Firmað rita ég einn þannig:

Snyrtivöruverksmiðjan Vera Simillon

Oddur Helgason.

Reykjavík, 23. maí 1940.

Oddur Helgason.

49. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðar höfum selt herra kaupmanni Kristni Einarssyni, Laugavegi 25 í Rvík, verzlunina og saumastofuna Dyngju í Reykjavík, og eru skuldbindingar firmans frá þeim tíma okkur óviðkomandi.

Reykjavík, 25. maí 1940.

Þórey Þorsteinsdóttir. Sólveig Björnsdóttir.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég undirritaður keypt verzlunina og saumastof-  
una Dyngja í Reykjavík hinn 9. marz 1940 og rek ég hana framvegis með ótak-  
markaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig: 237

Verzlunin Dyngja  
Kristinn Einarsson.  
Reykjavík, 25. maí 1940.  
Kristinn Einarsson.

50. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek umboðs-  
og heildverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu  
Heildverzlun Kr. Benediktsson. Firmað rita ég þannig:

Heildverzlun Kr. Benediktsson  
Kr. Benediktsson.

Prókúruumboð fyrir verzlunina hefur Ragnar Tómas Árnason, Njálsgötu  
94, Rvík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Heildverzlun Kr. Benediktsson

R. T. Árnason.  
Reykjavík, 28. maí 1940.  
Kristrún Benediktsson,  
Njálsgötu 94, Rvík.

51. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum  
járnsmiðju hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Járn-  
smiðja Árna og Guðmundar“. Firmað ritum við hvor fyrir sig þannig:

Járnsmiðja Árna og Guðmundar  
Guðmundur Finnbogason.  
Járnsmiðja Árna og Guðmundar  
Árni Gunnlaugsson.  
Reykjavík, 28. maí 1940.  
Árni Gunnlaugsson, Guðm. Finnbogason,  
Laugav. 71, Rvík. Grettisg. 20 B, Rvík.

52. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Jónína St. Jónsdóttir, Hverf-  
isgötu 37 í Reykjavík, hefur frá og með 2. janúar 1940 að telja gerzt meðeig-  
andi í firma mínu, Verzluninni Rangá. Rekum við verzlunina sameiginlega með  
ótakmarkaðri ábyrgð frá þeim tíma að telja og ritum firmað hvort í sínu lagi  
þannig:

Verzl. Rangá  
Jón Jónsson.  
Verzl. Rangá  
Jónína St. Jónsdóttir.  
Reykjavík, 28. maí 1940.  
Jón Jónsson. Jónína St. Jónsdóttir.

53. Vér leyfum oss hér með að tilkynna til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á  
aðalfundi félagsins 20. júní 1938 var hr. bæjarfulltrúi Guðmundur Ásbjörns-  
son, Fjölnisvegi 9, kosinn í stjórnina í stað Jes heitins Zimsen, konsúls.



237

Stjórnin skiptir þannig með sér verkum, að Halldór Kr. Þorsteinsson, skipstjóri, er formaður félagsins, en varaformaður Aðalsteinn Kristinsson, forstjóri. Guðmundur Ásbjörnsson ritar nafn sitt þannig:

Guðm. Ásbjörnsson.

Reykjavík, 29. maí 1940.

Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f

Brynj. Stefánsson.

54. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum verksmiðju hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Sportvörugerðin. Tilgangurinn er að framleiða alls konar sportfatnað og aðrar slíkar vörur. Firmað ritum við hvor fyrir sig þannig:

Sportvörugerðin

Björn Guðmundsson.

Sportvörugerðin

Helgi Guðlaugsson.

Reykjavík, 3. júní 1940.

Helgi Guðlaugsson, Björn Guðmundsson,

Laugavegi 55.

Laugavegi 58.

55. Á aðalfundi 10. júní 1940 gekk úr stjórn Vikurfélagsins h.f. Höskuldur Baldvinsson. Í stað hans var kosinn varaformaður Jón S. Guðmundsson, Hávalla-götu 13, Rvík, og undirritar hann nafn sitt: Jón Guðmundsson.

Reykjavík, 10. júní 1940.

Jón Loftsson. Einar Einarsson.

56. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi Verzlunarinnar Egils Jacobsen h/f, þann 8. júní 1940, var ný stjórn kosin og hlutu þessir kosningu: Soffía Jacobsen, frú, formaður. Meðstjórnendur: Ungfrú Lillian Teitson og Úlfar Jacobsen, öll til heimilis á Sóleyjargötu 13, Rvík. Framkvæmdastjóri félagsins er frú Soffía Jacobsen og hefur hún prókúruumboð fyrir félagið, en prókúruumboð Guðrúnar Þorkelsdóttur afturkallast hér með.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

p. p. Verzlunin Egill Jacobsen

Soffía Jacobsen.

Reykjavík, 11. júní 1940.

Soffía Jacobsen. Úlfar Jacobsen. Lillian Teitson.

57. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að úr stjórn H/F Faxe hefur gengið hr. Egill Einarsson, Ránargötu 10, Rvík, en í stað hans er kosinn í stjórnina hr. frkv.stj. Oddur Helgason, Þingholtsstr. 34, Rvík.

Reykjavík, 15. júní 1940.

Björn Pétursson. Leifur Zakaríasson. Oddur Helgason.

58. Það tilkynnist hér með, að samþykkt hefur verið að slíta félaginu I. Guðmundsson & Co. h/f. Höfum við undirritaðir verið kosnir í skilanefnd félagsins og fengið löggildingu stjórnarráðsins.

Reykjavík, 24. júní 1940.

Magnús Thorlacius. Árelíus Ólafsson. Eyjólfur Jóhannsson.

59. Við undirritaðir tilkynnum hér með, að við rekum iðnaðar- og verzlunarfyrir- 237  
tæki hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Leó & Co. Firmað  
ritum við sameiginlega þannig:

Leó & Co.  
Ólafur J. Ólafsson.  
Leó Árnason  
frá Víkum.

Hvor okkar fyrir sig hefur prókúruumboð, og ritum við það þannig:

pr. pr. Leó & Co.  
Ólafur J. Ólafsson.  
pr. pr. Leó & Co.  
Leó Árnason  
frá Víkum.

Reykjavík, 5. júlí 1940.

Ólafur J. Ólafsson. Leó Árnason  
frá Víkum.

60. Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir rekum umboðs- og heildverzlun hér  
í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Guðmundur Ólafsson  
& Co.“ Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Guðmundur Ólafsson & Co.  
E. G. Ólafsson.  
Hafliði M. Sæmundsson.

Framkvæmdarstjóri og prókúruhafi er meðundirritaður Ebenezer Guð-  
mundur Ólafsson og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Guðmundur Ólafsson & Co.  
E. G. Ólafsson.

Reykjavík, 9. júlí 1940.

Ebenezer Guðmundur Ólafsson, Hafliði M. Sæmundsson,  
Smáragötu 9. Sjafnargötu 6.

61. Ég undirritaður rek verzlunarstarfsemi hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð  
undir firmanafninu „Medica“. Firmað rita ég einn þannig:

Medica  
Ó. B. Erlendsson.  
Reykjavík, 19. júlí 1940.  
Óskar B. Erlendsson,  
Garðastr. 43, Reykjavík.

62. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að frá og með 20. júlí 1940  
hefur hr. Sæmundur Sæmundsson, Grettisgötu 71, Rvík, prókúruumboð fyrir  
„Kiddabúð“ og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kiddabúð  
Sæmundur Sæmundsson.  
Reykjavík, 20. júlí 1940.  
Kiddabúð  
Kristján Jónsson.

- 237 63. Við undirritaðir rekum saumastofu og verzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Tau & tölur“. Hvor okkar fyrir sig ritar firmað þannig:

Tau & tölur

Elisabet Bjarnason.

Tau & tölur

Guðlaug Jónsdóttir.

Reykjavík, 23. júlí 1940.

Elisabet Bjarnason, Guðlaug Jónsdóttir.  
Lækjargötu 4. Lækjargötu 4, Rvík.

64. Með því að efnalaugin Lindin, hér í bænum, er hætt störfum, óskast hún hér með afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 26. júlí 1940.

Elisabet Jónsdóttir,

Laufásv. 9, Rvík.

65. Við undirritaðir tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við framleiðum kassaumbúðir undir firmanafninu „Fiskkassagerðin“. Atvinnureksturinn ábyrgjumst við ótakmarkað. Firmað ritum við sameiginlega eða hvor í sínu lagi þannig:

Fiskkassagerðin

Ingib. Þorkels.

Þorkell Ingibergsson.

Fiskkassagerðin

Ingib. Þorkels.

Fiskkassagerðin

Þorkell Ingibergsson.

Reykjavík, 6. ágúst 1940.

Þorkell Ingibergsson, Ingibergur Þorkelsson,  
Ljósavallag. 12, Rvík. Bjarkarg. 10, Rvík.

66. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður gef út dagblað á ensku hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu:

„War News“.

Ég einn hef rétt til að skuldbinda blaðið og rita ég firmað þannig:

War News

Þór. B. Guðmundsson.

Reykjavík, 8. ágúst 1940.

Þórarinn B. Guðmundsson,

Sólvallagötu 27, Rvík.

67. Á aðalfundi Umboðs- og raftækjaverzlunar Íslands h/f, 24. ágúst 1940, voru kosnir í stjórn félagsins Þorsteinn Bernharðsson, Laugav. 147 og Ólafur Þorsteinsson, ftr., Austurstræti 9, Rvík, í stað Huxley Ólafssonar og Ingólfs Guðmundssonar, er gengu úr stjórninni. Nöfn sín rita hinir nýju stjórnendur þannig: Þ. Bernharðsson, Ó. Þorsteinsson. Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð Huxley Ólafssonar fyrir félagið.

Reykjavík, 24. ágúst 1940.

Í stjórn Umboðs- og raftækjaverzlunar Íslands h/f  
Björn G. Björnsson. H. Þorsteinsson. Friðrik Þorsteinsson.  
Ó. Þorsteinsson. Þ. Bernharðsson.

68. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Verzlunin Róm, Lúðvík Jónsson“. Ég einn hef rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin Róm  
Lúðvík Jónsson.  
Reykjavík, 26. ágúst 1940.  
Lúðvík Jónsson,  
Mánagötu 14, Rvík.

69. Það tilkynnist hér með, að Hárgreiðslustofa Reykjavíkur hefur verið seld frá Björgu Karlsdóttur, Stýrimst. 16 og rekur hún fyrirtækið eftirleiðis með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað ritar hinn nýi eigandi þannig:

Hárgreiðslustofa Reykjavíkur  
Björg Karlsdóttir.  
Reykjavík, 26. ágúst 1940.  
f. h. Jósefinu Á. Helgadóttur  
Pétur Magnússon. Björg Karlsdóttir.

70. Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir rekum hér í bænum oliuhreinsun með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Oliuhreinsunarstöðin. Firmað ritum við hvor fyrir sig þannig:

Oliuhreinsunarstöðin  
Cæsar Mar.  
Oliuhreinsunarstöðin  
Jón Sigurðsson.  
Reykjavík, 28. ágúst 1940.  
Cæsar Mar, Jón Sigurðsson,  
Grettisg. 68. Framnesv. 16 C.

71. Við undirritaðir höfum selt hr. kaupm. Einari Guðmundssyni, Garðastr. 47, Rvík, Verzlunina Braga, hér í bæ, og eru skuldbindingar firmans okkur óviðkomandi frá 11. júlí 1940.

Reykjavík, 25. júlí 1940.  
Jörgen Þórðarson. Óskar Jörgensson.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég undirritaður keypt Verzlunina Braga í Rvík, og rek hana framvegis með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Bragi  
Einar Guðmundsson.  
Reykjavík, 10. sept. 1940.  
Einar Guðmundsson.

72. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að Hávarður Valdimarsson, Öldugötu 53, hefur gerzt meðeigandi að umboðs- og heildsölufirmanu „Guðmundur Guðmundsson“, Reykjavík. Rekum við verzlunina í sameiningu sem fullábyrgir félagar undir nafninu

Guðmundur Guðmundsson & Co.

237

Firmað ritar hvor okkar þannig:

Guðmundur Guðmundsson & Co.  
G. Guðms.  
Guðmundur Guðmundsson & Co.  
Háv. Valdimarsson.  
Reykjavík, 11. sept. 1940.  
Guðm. Guðmundsson, Hávarður Valdimarsson.  
Ásvallagötu 9.

73. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek smá-söluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Tízku-húsið“. Ég ein hef rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Tízkuhúsið  
Hólmfriður Baldvinsson.  
Reykjavík, 13. sept. 1940.  
Hólmfriður Ó. Baldvinsson,  
Freyjugötu 36, Rv.

74. Við undirritaðir rekum verzlun og þrjónastofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Angora“, Verzlun og þrjónastofa. Meðundirrituð Abelina Gunnarsdóttir ritar ein firmað þannig:

Angora, Verzl. og þrjónast.  
Abelina Gunnarsdóttir.  
Reykjavík, 13. sept. 1940.  
Abelina Gunnarsdóttir, Guðrún Árnadóttir,  
Öldug. 52, Rv. Nýlendug. 11, Rv.

75. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðar höfum lagt niður firmað Hatta- og skermaverzlunina, og óskum eftir að það verði afskráð.

Reykjavík, 14. sept. 1940.  
Hólmfriður Baldvinsson. Ísafold Jónsdóttir.

76. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum fornsölu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Nýja fornsalan“. Firmað ritum við sameiginlega þannig:

Nýja fornsalan  
Lúðvíg Eggertsson.  
Guðm. Danielsson.  
Reykjavík, 16. sept. 1940.  
Lúðvíg Eggertsson, Guðmundur Hjörtur Danielsson,  
Grettisgötu 16. Óðinsgötu 4.

77. Hér með tilkynnist, að vér höfum veitt herra Péttri Eggerz Stefánssyni, Hánefsstöðum í Svarfaðardal, prókúruumboð fyrir firma vort og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. G. Helgason & Melsted h.f.  
P. Eggerz Stefánsson.  
Reykjavík, 18. sept. 1940.  
G. Helgason & Melsted H/F  
Páll Melsted. Erl. Blandon.

78. Ég undirritaður rek umboðs- og heildverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Heildverzlunin Atlas. Firmað rita ég einn þannig: 237

Heildverzlunin Atlas  
M. Guðmundsson.

Prókúruumboð hefur Hjálmtýr Pétursson, Ránargötu 21, og undirritar hann þannig:

p. p. Heildverzlunin Atlas  
Hjálmtýr Pétursson.  
Reykjavík, 21. sept. 1940.  
Magni Guðmundsson,  
Laugav. 11, Rvík.

79. Breyting hefur orðið á stjórn Sælgætis- og efnagerðarinnar Freyju h.f., og skipa hana nú: Magnús Þorsteinsson, Lindargötu 4, formaður. Meðstjórnendur: Sigurjón Guðmundsson, Hringbraut 151 og Fanny Ásgeirsdóttir, Lindargötu 4. Til vara: Ása Jóhannsdóttir, Hringbraut 151 — öll í Reykjavík. Stjórnendur rita nöfn sín: Magnús Þorsteinsson, Sigurj. Guðmundsson, Fanny Ásgeirsdóttir, Ása Jóhannsdóttir.

Reykjavík, 23. sept. 1940.  
Magnús Þorsteinsson. Sigurj. Guðmundsson.  
Fanny Ásgeirsdóttir. Ása Jóhannsdóttir.

80. Ég hef í dag selt hr. Pétri Jónssyni, skrifstm. í Tryggingarstofnun ríkisins, Reykjavík, firmanafnið „Verðbréfabankinn“, Reykjavík, með öllum réttindum, sem téðu firmanafni fylgja. Skuldbindingar firmans eru mér óviðkomandi frá deginum í dag að telja.

Siglufirði, 25. sept. 1940.  
Skúli M. Jóhannsson

Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt firmanafnið „Verðbréfabankinn“ þann 25. sept. 1940, og ber ég ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans frá þeim degi að telja. Firmað rita ég þannig:

Verðbréfabankinn  
Pétur Jónsson.  
Reykjavík, 3. okt. 1940.  
Pétur Jónsson,  
Templarasundi 5, Rv.

81. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að meðundirritaður Ólafur J. Ólafsson er genginn úr fyrirtækinu Leó & Co., og er prókúruumboð hans jafnframt niður fallið.

Reykjavík, 26. sept. 1940.  
Ólafur J. Ólafsson. Leó Árnason frá Víkum.

82. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek smá-söluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Gullabúð. Firmað rita ég þannig:

Gullabúð  
Gunnl. J. Briem.  
Reykjavík, 28. sept. 1940.  
Gunnlaugur J. Briem,  
Barónsstíg 65, Rv.

- 237 83. Hinn 7. sept. 1940 seldi ég undirritaður hr. Magnúsi J. Skaftfells, Njálsgötu 26, verzlunina og saumastofuna Eygló, Laugav. 58, Rvík.  
Reykjavík, 2. okt. 1940.  
Axel Í Dahlsted.

84. Á aðalfundi Prentsmiðjunnar Edda h.f., sem haldinn var 31. marz 1938, var samþykkt heimild til stjórnar félagsins að auka hlutaféð úr kr. 60000.00, í allt að kr. 120000.00. Samkvæmt þessu hefur hlutafé félagsins verið aukið upp í kr. 120000.00 — eitt hundrað og tuttugu þúsundir króna í 250 króna hlutum, og er fé þetta að fullu innborgað.

Reykjavík, 5. okt. 1940.

Prentsmiðjan Edda H/F

E. P. Briem. Sigurður Jónasson. S. Kristinsson.  
Guðbrandur Magnússon. G. Kr. Guðmundsson.

Samkvæmt ofanrituðu keypti ég undirritaður af hr. Axel Í Dahlsted, Tryggvagötu 6, Rvík, verzlunina og saumastofuna Eygló, Laugav. 58, Rv. og afturkallast jafnframt prókúruumboð það, er frú Ingibjörg N. Helgason hefur haft fyrir firmað. En frá sama tíma hefur Óskar Magnússon, Njálsgötu 26, Rv., prókúruumboð fyrir firmað og ritar hann það þannig:

pr. pr. Verzlunin Eygló

Óskar Magnússon.

Magnús J. Skaftfells ritar firmað þannig:

Verzlunin Eygló

Magnús J. Skaftfells.

Reykjavík, 14. okt. 1940.

Magnús J. Skaftfells.

85. Við undirritaðir rekum smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Sighvatur Einarsson & Co. Hvor okkar fyrir sig hefur rétt til að rita firmað og ritum við það þannig:

Sighvatur Einarsson & Co.

Sighvatur Einarsson.

Sighvatur Einarsson & Co.

Sigv. Stefánsson.

Reykjavík, 21. okt. 1940.

Sighvatur Einarsson, Sigvaldi Stefánsson,

Garðastr. 45.

Öldugötu 17.

86. Það tilkynnist hér með, að undirritaður Björn Guðmundsson, Hverfisg. 50, hefur gengið úr firmanu Sportvörugerðinni, og eru skuldbindingar firmans honum með öllu óviðkomandi frá þessum degi.

Jafnframt tilkynnist, að undirritaður Jakob J. Jakobsson, Auðarstræti 7 og Kristján Friðrik Guðmundsson, s.st., hafa gengið inn í firmað, sem fullábyrgir félagar með Helga Guðlaugssyni, Laugavegi 55.

Firmað ritum við tveir saman þannig:

Sportvörugerðin

Jakob J. Jakobsson.

Helgi Guðlaugsson.

Sportvörugerðin

Helgi Guðlaugsson.

Kristján Fr. Guðmundsson.

Sportvörugerðin

Kristján Fr. Guðmundsson.

Jakob J. Jakobsson.

Reykjavík, 24. okt. 1940.

Björn Guðmundsson. Helgi Guðlaugsson. Jakob J. Jakobsson.

Kristján Fr. Guðmundsson.

237

87. Ég undirritaður rek saumastofu og smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Kápúbúðin. Firmað rita ég þannig:

Kápúbúðin

Sigurður Guðmundsson.

Reykjavík, 25. okt. 1940.

Sigurður Guðmundsson,

Laugavegi 11, Rvík.

88. Hér með tilkynnist, að hr. kaupm. Gustav Funk, Nürnberg í Þýzkalandi, er genginn úr firmanu Á. Einarsson & Funk og hefur eignarhluti hans í firmanu að fullu verið gerður upp og dreginn út úr því. Frá 27. þ. m. rekur undirritaður kaupm. Julius Schopka einn firmað Á. Einarsson & Funk sem einkaeigandi og með fullri og ótakmarkaðri ábyrgð eins og hingað til.

Reykjavík, 27. okt. 1940.

Á. Einarsson & Funk

J. Schopka.

89. Ég undirritaður hef selt hr. Páli Andréssyni, Framnesv. 2, firmanafnið Breiðablik þann 4. apríl 1934, eru mér því óviðkomandi skuldbindingar verzlunarinnar frá þeim tíma.

Reykjavík, 29. okt. 1940.

Björn Sveinsson.

Samkvæmt ofangreindu hef ég undirritaður keypt firmanafnið Breiðablik og rek ég verzlun hér í bænum undir því nafni með ótakmarkaðri ábyrgð og rita ég firmað þannig:

Breiðablik

Páll Andrésson.

Reykjavík, 29. okt. 1940.

Páll Andrésson.

90. Ég undirrituð hef selt Eyjólfí Guðmundssyni verzlunina Eyjabúð, Bergstaða-stræti 33.

Reykjavík, 1. nóv. 1940.

Anna Havsteen.



237

Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt verzlunina Eyjabúð, Bergstaðastr. 33, og rek hana með ótakmarkaðri ábyrgð og rita firmað þannig:

Eyjabúð  
Eyjólfur Guðmundsson.  
Reykjavík, 1. nóv. 1940.  
Eyjólfur Guðmundsson,  
Bergstr. 32, Rvík.

91. Við undirritaðir, Halldór Kr. Júlíusson og Halldór Sigfússon, tilkynnum hér með, að við starfrækjum fasteignina Grettisgötu 46, hér í bænum, í félagi, og með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Nýi Grettir. Firmað ritum við sameiginlega þannig:

Nýi Grettir  
H. Kr. Júlíusson.  
Halldór Sigfússon.  
Reykjavík, 1. nóv. 1940.  
H. Kr. Júlíusson, Halldór Sigfússon,  
Melbarði við Sogaveg Grettisg. 46, Rvík.

92. Með því að Ragnar Blöndal h/f í Reykjavík hefur keypt vörubirgðir og úti-standandi skuldir Braunsverzlunar í Reykjavík, og verzlunin þar með hætt störfum, þá óskast nafn verzlunarinnar afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 8. nóv. 1940.  
Ragnar H. Blöndal.

93. Á almennum hluthafafundi í h.f. Korkiðjuni, sem haldinn var þ. 17. nóv. s. l., var samþykkt að auka hlutafé félagsins um 11000 kr. eða upp í kr. 26000.00, í stað kr. 15000.00 áður. Engin forréttindi fylgja hinum nýju hlutabréfum.

Loforð eru fengin fyrir hinu nýja hlutafé, og er það kræft fyrir 31. des. næstkomandi.

Reykjavík, 18. nóv. 1940.  
Í stjórn h.f. Korkiðjunnar  
Óskar Norðmann. Óskar Sveinbjörnsson. Sig. Ingimundarson.

94. Aðalfundur Verksmiðjunnar Venus h.f. var haldinn að Hótel Borg 31. marz 1940. Á þessum fundi gekk úr stjórninni Halldór Jónsson, kaupm., en í stað hans var kosinn Þorsteinn Konráðsson, Njálsgötu 94.

Hann ritar nafn sitt þannig:

Þorst. Konráðsson.  
Reykjavík, 20. nóv. 1940.  
Hjálmtyr Pétursson. Þorsteinn Konráðsson. Sig. Þorsteinsson.

95. Ég undirritaður rek blaðaútgáfu í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Blaðahringurinn“, með eftirtöldum blaðanöfnum „Stundin“, „Hádegisblaðið“, „Daily Post“, „Sunday Post“, „Vikublaðið“. Firmað rita ég einn þannig:

„Blaðahringurinn“  
Sig. Benediktsson.  
Reykjavík, 20. nóv. 1940.  
Sigurður Benediktsson,  
Austurstr. 12, Rv.

96. Við undirritaðar tilkynnum hér með, að við rekum saumastofu og verzlun hér í bænum undir firmanafninu „Kjöllinn“, saumastofa, með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað ritum við báðar í sameiningu þannig:

Kjöllinn, saumastofa

Soffía Þórðardóttir.

Kristín Bogadóttir.

Reykjavík, 20. nóv. 1940.

Soffía Þórðardóttir, Kristín Bogadóttir,

Flóka götu 4. Óðins götu 9.

97. Á hluthafafundi Eimskipafélags Reykjavíkur h/f þann 15. febr. 1934 var stjórninni gefin heimild til að auka hlutafé félagsins úr kr. 51000.00 í kr. 116000.00. Hlutafjár aukning þessi er öll innborguð.

Reykjavík, 21. nóv. 1940.

Harald Faaberg.

Ár 1940, 29. apríl, var samþykkt á aðalfundi Eimskipafélags Reykjavíkur h/f, að lækka hlutafé félagsins úr kr. 116000.00 niður í kr. 66000.00. Einnig var samþykkt að stjórnina skyldu framvegis skipa 3 menn í stað 5 áður, og undirskrift tveggja stjórnenda skuldbindi félagið, í stað þriggja áður.

Hinn 30. apríl 1940 var ný stjórn kosin og hlutu þessir kosningu:

Einar G. Einarsson, Grindavík, formaður

Meðstjórnendur: Rafn A. Sigurðsson, skipstj., Grindavík og Harald Faaberg, skipamiðlari í Reykjavík, og er hann jafnframt framkvæmdastjóri félagsins.

Stjórnarmeðlimir Eimskipafél. Reykjavíkur rita nöfn sín þannig:

Einar G. Einarsson.

R. Sigurðsson.

Harald Faaberg.

Reykjavík, 21. nóv. 1940.

Eimskipafélag Reykjavíkur H/F

Harald Faaberg.

98. Undirrituð stjórn og skilanevnd h.f. Isaf í Reykjavík tilkynnir, að hlutafélaginu er slitið samkvæmt samþykkt hluthafafundar 24. nóv. 1940.

Reykjavík, 24. nóv. 1940.

Bjarni Pálsson. Finnboði Guðmundsson. Kjartan Jónsson.

99. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi h/f Nafta, 14. nóvember 1940 og framhaldsaðalfundi 26. s. m., voru eftirfarandi breytingar gerðar á samþykktum félagsins og stjórn:

2. gr. samþykktanna orðist þannig:

Félagið er stofnað í því skyni, að vera sölufélag um olíur og benzin.

Upphaf 4. gr. samþykktanna orðist þannig:

Hlutafé félagsins skal vera kr. 35000.00.

5. gr. samþykktanna orðist þannig:

Hlutafé félagsins skiptist í 1000 króna hluti.

Breytingar á 19. gr. samþykktanna:

Upphaf greinarinnar orðist þannig:

Stjórn félagsins skal skipuð 3 hluthöfum og einum til vara. Í stað orðanna:

237

Undirskrift formanns og eins meðstjórnanda er skuldbindandi fyrir félagið, komi: Undirskrift tveggja stjórnarmanna er skuldbindandi fyrir félagið.

Hlutafjáraukningin hefur öll verið innborguð.

Kosin var ný stjórn í félaginu og skipa hana: Magnús Sveinsson, Ásvalla-  
götu 69, Reykjavík, formaður og meðstjórnendur Kjartan Sveinsson, s.st. og  
Erling Ellingsen, Víðimel 46, Reykjavík, en til vara Magnús Bl. Jónsson, Skóla-  
vörðustíg 3, Reykjavík.

Firmaritun:

Nafta h/f

Magnús Sveinsson.

Erling Ellingsen.

Nafta h/f

Magnús Sveinsson.

Kjartan Sveinsson.

Nafta h/f

Erling Ellingsen.

Kjartan Sveinsson.

Reykjavík, 6. des. 1940.

Nafta h/f

Magnús Sveinsson. Erling Ellingsen. Kjartan Sveinsson.

100. Með því að slitum samvinnufélagsins „Bjarg“ var lokið 22. febrúar 1935, ósk-  
ar skilanefndin þess, að nafn félagsins verði strikað út af samvinnufélaga-  
skránni.

Reykjavík, 10. des. 1940.

Í skilanefnd

Alexander Jóhannesson.

101. Ég undirritaður rek brauð- og kökugerð hér í bænum, með ótakmarkaðri  
ábyrgð, undir firmanafninu

„Ingólfs-bakarí“.

Ég einn hef rétt til þess að skuldbinda firmað og rita það þannig:

Ingólfs-bakarí

Ingolf Petersen.

Reykjavík, 10. des. 1940.

Ingolf Petersen,

Ingólfsstræti 12, Rvík.

102. Við undirritaðir rekum umboðs- og heildverzlun hér í bænum, með ótakmark-  
aðri ábyrgð, undir nafninu S. Stefánsson & Co. Firmað ritar hvor fyrir sig  
þannig:

S. Stefánsson & Co.

Sæm. Stefánsson.

S. Stefánsson & Co.

Gunnar Friðriksson.

Þó er hvorum fyrir sig óheimilt að skuldbinda félagið fyrir meira en kr.  
5000.00, nema í samráði við hinn, hvort sem um er að ræða kaup, sölu, veðsetn-  
ingu, lántöku eða annað þess háttar.

Reykjavík, 11. des. 1940.

Sæmundur Stefánsson, Gunnar Friðriksson.

Freyjugötu 35.

Hverfisgötu 102

103. Hér með tilkynnist, að ég undirrituð rek hér í bænum framleiðslu á prjónavör- 237  
um og sölu á þeim undir nafninu Prjónastofan Iðunn. Firmað rek ég með ótak-  
markaðri ábyrgð og rita ein firmað þannig:

Prjónastofan Iðunn  
Viktória Bjarnadóttir.  
Reykjavík, 17. des. 1940.  
Viktória Bjarnadóttir,  
Miðstræti 8 B, Rvík.

## 2. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Við undirritaðir, Leó Eyjólfsson, bifreiðarstj., til heimilis að Efranesi á Akra-  
nesi, og Helgi Eyjólfsson, bifreiðarstj., til heimilis á Laugavegi 86 í Reykjavík,  
tilkynnum hér með til firmaskrár Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að við rekum  
á Akranesi bifreiðastöð undir nafninu „Bifreiðastöð Akraness“. Bifreiðastöð  
þessa rekum við í félagi og eigum hana að hálfu hvor og berum ábyrgð á skuld-  
bindingum hennar, annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Firmað ritum við báðir. Undirskrift beggja okkar er nauðsynleg til að  
skuldbinda firmað. Firmaritunin er þannig:

Bifreiðastöð Akraness  
Leó Eyjólfsson.  
Helgi Eyjólfsson.  
Bifreiðastöð Akraness  
Helgi Eyjólfsson.  
Leó Eyjólfsson.

Akranesi, 28. febrúar 1940.

Leó Eyjólfsson. Helgi Eyjólfsson.

2. Ég undirritaður, Jón Jónsson, kaupmaður, Ásbyrgi á Akranesi, tilkynni hér  
með til firmaskrár Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að ég hef í dag selt hr. verzl-  
m. Óðni St. Geirdal, Ásbyrgi á Akranesi, vefnaðarvöruverzlun mína á Akranesi,  
sem ég að undanfögnu hef rekið undir firmanafninu „Verzlun Jóns Jónssonar,  
Akranesi“. Verzlunina hef ég selt með öllum réttindum, vörulager og útistand-  
andi skuldum, enda ber ég enga ábyrgð á skuldbindingum hennar frá þessum  
degi að telja.

Akranesi, 3. marz 1940.

Jón Jónsson.

Samkvæmt framanskráðri tilkynningu hef ég undirritaður keypt Verzlun  
Jóns Jónssonar, Akranesi, og rek hana áfram á eigin ábyrgð undir firmanafn-  
inu: „J. Jónsson & Geirdal, Akranesi“. Verzlunin verður rekin eftirleiðis sem  
vefnaðarvöruverzlun og með svipuðu sniði eins og að undanfögnu.

Firmað rita ég þannig:

J. Jónsson & Geirdal, Akranesi  
Óðinn S. Geirdal.

Akranesi, 3. marz 1940.

Jón Jónsson. Óðinn S. Geirdal.

3. Það tilkynnist hér með, að ekkjan Elin Ásmundsdóttir hefur gengið úr firmanu  
Bjarni Ólafsson & Co. Að öðru leyti verður það rekið eins og áður.

Akranesi, 30. ágúst 1939.

Ól. B. Björnsson. Niels Kristmannsson.

## 3. Barðastrandarsýsla.

1. Nafn sjóðsins: Sparisjóður Arnfirðinga. Samþykktir hans eru dagsettar 17. desember 1910 og 9. nóvember 1916. Starfsemi sjóðsins er venjuleg sparisjóðsstarfsemi samkvæmt lögum nr. 44 frá 1915. Heimili sjóðsins og skrifstofa er á Bildudal í Arnarfirði. Tala ábyrgðarmanna er 25 og skal minnst vera 24. Hver ábyrgðarmaður ábyrgist allt að 100 krónum.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir 3 menn:

Samúel Pálsson, kaupmaður, formaður, Ágúst Sigurðsson, afgreiðslumaður og Jón S. Bjarnason, kaupmaður, allir til heimilis á Bildudal.

Stjórnendur skuldbinda sjóðinn með undirskrift sinni þannig:

Sparisjóður Arnfirðinga

Samúel Pálsson.

Ág. Sigurðsson.

Sparisjóður Arnfirðinga

Samúel Pálsson.

Jón S. Bjarnason.

Sparisjóður Arnfirðinga

Ág. Sigurðsson.

Jón S. Bjarnason.

Bildudal, 23. nóvember 1939.

Samúel Pálsson. Ág. Sigurðsson. Jón S. Bjarnason.

2. Nafn sjóðsins er Eyrasparisjóður. Samþykktir hans eru dagsettar 28. marz 1929 og staðfestar af fjármálaráðherra þann 22. apríl 1929.

Starfsemi sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 44 3. nóv. 1915 og reglugerð stjórnarráðsins nr. 19 5. maí 1917.

Heimili sjóðsins og skrifstofa er á Patreksfirði. Tala ábyrgðarmanna er aldrei færri en tuttugu menn, búsettir á Patreksfirði, og ábyrgist hver kr. 100.00 — eitt hundrað krónur —.

Stjórnendur sjóðsins eru: Formaður Jónas Magnússon og meðstjórnendur: Ásmundur B. Ólsen, Einar Sturlaugsson, Hallgrímur Guðmundsson og Páll P. Christiansen, allir til heimilis á Patreksfirði. Núverandi starfsmenn sjóðsins eru: Jónas Magnússon féhirðir og Ásmundur B. Ólsen bókarari.

Undirskrift formanns og eins meðstjórnanda er skuldbindandi fyrir sjóðinn. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn og gefa kvittun fyrir, án þess að aðrir stjórnarmenn meðundirriti kvittanirnar, svo og greiða fé úr sjóðnum samkvæmt ákvörðunum stjórnarinnar.

Patreksfirði, 7. desember 1939.

Jónas Magnússon. Ásmundur B. Ólsen.

3. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar í Barðastrandarsýslu, að þann 14. maí 1939 breytti Kaupfélag Flateyjar, Flatey, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmenn bera að eins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðum sínum og þar að auki með kr. 300.00.

Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sam-anber þó 2. mgr. 13. gr. samvinnulaga nr. 46 frá 1937.

Stjórn félagsins skipa:  
 Guðmundur Einarsson, Hergilsey.  
 Friðrik Salómonsson, Flatey.  
 Óskar Nielsson, Flatey.  
 Bergsveinn Skúlason, Múla.  
 Hjörtur Lárusson, Rauðsdal.

Flatey, 20. marz 1940.  
 p. p. Kaupfélag Flateyjar  
 Sigfús H. Bergmann.

237

4. Það tilkynnist hér með, að á fundi, sem haldinn var í Pöntunarfélagi Suðurfjarðahrepps þann 25. febrúar s. l., var samþykkt, að félagið skuli héðan af bera nafnið Kaupfélag Arnfirðinga.

Jafnframt tilkynnist, að stjórn félagsins hefur ráðið hr. Loft Jónsson, Bildudal, fyrir framkvæmdastjóra og veitir honum hér með prókúruumboð fyrir Kaupfélag Arnfirðinga, með réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.

Loftur Jónsson ritar firmað þannig:  
 pr. pr. Kaupfélag Arnfirðinga  
 Loftur Jónsson.

Bildudal, 16. maí 1940.

Í stjórn Kaupfélags Arnfirðinga  
 (Áður Pöntunarfélag Suðurfjarðahrepps)

Jens Hermannsson (formaður). B. Hannesson. Guðjón Jónsson.

#### 4. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 10. ágúst 1939 breytti Kaupfélag Ísfirðinga á Ísafirði samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjarreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og að auki með kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnulaga nr. 46/1937.

Stjórn félagsins skipa nú þessir menn:

Formaður: Guðmundur G. Hagalín, rithöfundur, Ísafirði.

Meðstjórnendur: Jón H. Sigmundsson, trésmiðameistari, Ísafirði og Jón H. Fjalldal, bóndi, Melgraseyri.

Ísafirði, 28. nóvember 1939.

p. p. Kaupfélag Ísfirðinga  
 K. Guðm.

2. Á aðalfundi loðdýraræktarfélagins „H.f. Mörður“, Ísafirði, sem haldinn var á Ísafirði 7. marz síðastl., varð sú breyting á stjórn þess, að í stað fráfarandi form. Jens Hólmeirssonar, var herra forstjóri Sigurður Guðmundsson, Ísafirði, kosinn formaður fyrir yfirstandandi ár og meðstjórnandi Ketill Guðmundsson, kaupfélagsstjóri.

Samkvæmt lögum félagsins er formaður prókúruhafi, og ritar hann firmað þannig:

p. p. H.f. Mörður  
Sig. Guðmundsson.  
Ísafirði, 6. apríl 1940.

Sig. Guðmundsson. Ketill Guðmundsson. Jónas Tómasson.

3. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 4. júní 1938 breytti Kaupfélag Dýrfirðinga, Þingeyri, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og að auki með kr. 300.00 — þrjú hundruð krónum —. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnulaganna 46/1937.

pr. pr. Kaupfélag Dýrfirðinga  
E. Þorsteinsson.

4. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 14. júní 1940 breytti Samvinnuútgærd Dýrfirðinga, Þingeyri, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni og að auki með kr. 300.00 — þrjú hundruð krónum.

Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnufélagalaganna frá 13. júní 1937.

pr. pr. Samvinnuútgærd Dýrfirðinga  
E. Þorsteinsson.

5. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Ísafjarðarsýslu, að Sparisjóður Vestur-Ísafjarðarsýslu er lagður niður, en í hans stað tekur til starfa Sparisjóður Þingeyrarhrepps.

Reglugerð fyrir sjóðinn er staðfest af viðskiptamálaráðuneytinu þann 6. júní 1940.

Sparisjóðurinn rekur venjulega sparisjóðsstarfsemi samkvæmt lögum nr. 44 3. nóv. 1915 og l. nr. 86 26. apr. 1935.

Heimili sjóðsins og skrifstofa er á Þingeyri í Dýrafirði. Tala ábyrgðarmanna er minnst 20 og ábyrgðarupphæð hvers 100 kr.

Stjórnendur sjóðsins eru: Gunnlaugur Þorsteinsson, héraðslæknir, Þingeyri, formaður, Ólafur Ólafsson, skólastjóri, s.st., féhirðir, og Angantýr Arngrímsson, verkstjóri, s.st., meðstjórnandi.

Undirskriftir sjóðsins eru þannig:

Sparisjóður Þingeyrarhrepps  
Gunnl. Þorsteinsson.  
Ól. Ólafsson.

Sparisjóður Þingeyrarhrepps  
Gunnl. Þorsteinsson.  
Ang. Arngrímsson.

Sparisjóður Þingeyrarhrepps  
Ang. Arngrímsson.  
Ól. Ólafsson.

Þingeyri, 1. júlí 1940.

Gunnl. Þorsteinsson. Ól. Ólafsson. Ang. Arngrímsson.

6. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrárinnar að á aðalfundi H/F. Varðar í Hnífsdal, haldinn 30. maí s.l., var kosin stjórn fyrir félagið og skipa hana nú: Elías Ingimarsson, formaður, Ingimar Bjarnason og Alfons Gíslason, meðstjórnendur, allir til heimilis í Hnífsdal.

Í forföllum formanns gegnir Ingimar Bjarnason formannsstörfum.

Varastjórn skipa: Pétur Njarðvík, Grænagerði, og Stefán Sigurðsson, Góustöðum.

Hnífsdal, 22. júlí 1940.

p. p. h/f. Vörður

Elías Ingimarsson.

7. Frá deginum í dag afturkallast prókúruumboð það, sem Jón J. Fannberg hefur haft fyrir h.f. Huginn. Jafnframt veitist núverandi framkvæmdarstjóra félagsins Jóhanni Þorsteinssyni, procuraumboð fyrir félagið og ritar hann firmanafnið þannig:

pr. pr. h.f. Huginn

Jóh. Þorsteinsson.

Stjórn félagsins skipa nú: Jóhann J. Eyfirðingur, formaður, Arngrímur Fr. Bjarnason, ritari, Jón Auðunn Jónsson, Indriði Jónsson og Finnbjörn Finnbjörnsson.

Ísafirði, 3. október 1940.

f. h. stjórn h/f. Huginn

Jóh. J. Eyfirðingur.

8. Samkvæmt aðalfundargerð h/f Andvara, Súðavík, haldinn 20. febr. 1940, var fyrir tekið undir lið III. Stjórnarkosning, aðalmenn. Úr stjórninni gekk Friðrik Friðriksson, í hans stað kosinn Jakob Eliasson, varamenn í stjórn Benóný Magnússon og Kristóbert Kristóbertsson. Á stjórnarfundi h/f Andvara höldnum 13. okt. 1940 var kosinn framkvæmdarstjóri Grímur Jónsson, í stað Jakobs Eliassonar.

Á hluthafafundi h/f Andvara höldnum 13. okt. 1940 var samþykkt meðal annars að auka hlutfé úr kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónum upp í kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur.

Súðavík, 5. nóv. 1940.

Í stjórn h.f. Andvara, Súðavík

Grímur Jónsson. Jakob Eliasson. Áki Eggertsson.

9. Undirrituð stjórn Pöntunarfélagsins Hvöt, Bolungavík, veitir hér með hr. Guðjóni Bjarnasyni, Bolungavík, prókúruumboð fyrir P/f Hvöt, með réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkv., en hann er ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins frá 1. jan. þ. á.

Jafnframt afturkallast framkvæmdastjóraumboð og prókúruumboð það, er herra Þórður Hjaltason hefur haft.

Guðjón Bjarnason ritar firmað þannig:

pr. pr. P/f Hvöt

Guðjón Bjarnason.

Bolungavík, 10. apríl 1940.

Í stjórn P/f Hvöt

Páll Sólmundarson (form.). Benóný Sigurðsson.

Sveinn Halldórsson.



- 237 10. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar, að í Bolungavík í Hólshreppi starfar sparisjóður undir nafninu: „Sparisjóður Bolungavíkur“.

Núgildandi lög sparisjóðsins voru samþykkt 30. okt. 1932 og á þeim gerð breyting 18. apríl 1938.

Ábyrgðarmenn eru 17 og ábyrgist hver þeirra 200 krónur.

Sparisjóðurinn rekur venjulega sparisjóðsstarfsemi samkv. lögum um sparisjóði nr. 44 frá 1915.

Heimili sparisjóðsins og skrifstofa er í Bolungavík.

Stjórn sjóðsins skipa: Árni E. Árnason, formaður, Bárður Jónsson og Bjarni Eiríksson kaupmaður, meðstjórnendur, allir til heimilis í Bolungavík.

Undirskriftir stjórnarinnar eru þannig:

Sparisjóður Bolungavíkur

Árni E. Árnason.

Bjarni Eiríksson.

Sparisjóður Bolungavíkur

Árni E. Árnason.

Bárður Jónsson.

Sparisjóður Bolungavíkur

Bjarni Eiríksson.

Bárður Jónsson.

Formaður sjóðsins, Árni E. Árnason, annast nú daglega afgreiðslu og undirritar hann einsamall kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi er fyrir sjóðinn. Hann hagar undirskrift þannig:

Sparisjóður Bolungavíkur

Árni E. Árnason.

Bolungavík, 28. apríl 1940.

Sparisjóður Bolungavíkur

Árni E. Árnason. Bjarni Eiríksson. Bárður Jónsson.

##### 5. Strandasýsla.

1. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 20. maí 1940 breytti Verzlunarfélag Hróttfirðinga, Borðeyri, samþykktum sínum þannig, að félagið heitir eftirleiðis: Kaupfélag Hróttfirðinga, og ábyrgðir félagsmanna eru eftirleiðis bundnar við kr. 300.00, auk stofnsjóðseigna. Samþykktunum er síðan aðeins breytt að orðalagi í samræmi við þetta.

Borðeyri, 21. maí 1940.

pr. pr. Kaupfélag Hróttfirðinga

P. Sigfússon.

2. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að á aðalfundi Kaupfélags Steingrímsfjarðar á Hólmavík, 15. júní 1940, varð sú breyting á stjórn félagsins, að úr stjórninni gekk Guðbrandur Björnsson, bóndi, Heydalsá, en í hans stað var kosinn Benedikt Grímsson, bóndi á Kirkjubóli.

Stjórn félagsins skipa nú þessir menn: Benedikt Grímsson bóndi, Kirkjubóli, formaður, Alfreð Halldórsson, bóndi á Stóra-Fjarðarhorni, Guðbjörn Bjarnason, verkamaður á Hólmavík, Guðmundur Jóhannsson, bóndi á Kleifum, og Magnús Gunnlaugsson, bóndi á Ósi.

Hólmavík, 9. júlí 1940.

pr. pr. Kaupfélag Steingrímsfjarðar

Guðbrandur Magnússon.

## 6. Húnavatnssýsla.

237

1. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 10. maí 1939 breytti Kaupfélag Vestur-Húnavetninga, Hvammstanga, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og að auki með kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnufélagalaga 46/1937.

Stjórn félagsins er skipuð þessum mönnum: Guðjón Jónsson, Búrfelli, formaður, Skúli Guðmundsson, Hvammstanga, Axel Guðmundsson, Valdarási, Guðmundur Guðmundsson, Þorfinnsstöðum, og Halldór Jóhannsson, Haugi.

Hvammstanga, 13. sept. 1939.

Guðjón Jónsson. Axel Guðmundsson. Halld. Jóhannsson.  
Guðm. Guðmundsson. Skúli Guðmundsson.

2. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 9. júní 1938 breytti Kaupfélag Húnavetninga, Blönduósi, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og að auki með kr. 300.00 — þrjú hundruð krónum.

Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnulaga nr. 46/1937.

Stjórn félagsins er skipuð þessum mönnum:

Runólfur Björnsson, Kornsá, formaður, meðstjórnendur, sr. Þorsteinn B. Gíslason, Steinnesi, Bjarni Ó. Frímansson, Efrimýrum, Jón Jónson, Stóradal, Tryggvi Jónasson, Finnstungu.

Prókúruumboð hefur framkvæmdarstjóri félagsins Pétur Theódórs.

Blönduósi, 17. okt. 1939.

pr. pr. Kaupfélag Húnavetninga  
Pétur Theódórs.

3. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 30. apríl 1939, breytti Kaupfélag Skagstrendinga, Skagaströnd, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og að auki kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnulaga 46/1937.

Stjórn félagsins er skipuð þessum mönnum:

Gunnar Grímsson, formaður, Sigurjón Jóhannsson og Björn Þorleifsson, meðstjórnendur.

Skagaströnd, 16. des. 1939.

pr. pr. Kaupfélag Skagstrendinga  
Gunnar Grímsson.

4. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að á aðalfundi Kaupfélags Vestur-Húnavetninga á Hvammstanga, 8. maí 1940, varð sú breyting á stjórn félagsins, að úr stjórninni gekk Skúli Guðmundsson, kaupfélagsstjóri, en í hans stað var kosinn í stjórn Steinbjörn Jónsson, bóndi á Syðri-Völlum.

237

Stjórn félagsins skipa nú þessir menn:

Halldór Jóhannsson, bóndi, Haugi, formaður, Axel Guðmundsson, bóndi, Valdarási, Guðjón Jónsson, bóndi, Búrfelli, Guðmundur Guðmundsson, bóndi, Þorfinnsstöðum og Steinbjörn Jónsson, bóndi, Syðri-Völlum.

Hvammstanga, 9. maí 1940.

pr. pr. Kaupfélag Vestur-Húnvetninga  
Skúli Guðmundsson.

### 7. Siglufjarðarkaupstaður.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðar, að ég undirritaður, Jón Valfells, Fitjakoti, Kjalarnesi, Gullbringusýslu, rek á Siglufirði með ótakmarkaðri ábyrgð vefnaðarvöruverzlun undir firmanafninu Vöruhús Siglufjarðar.

Firmað rita ég þannig:

Vöruhús Siglufjarðar.

Prókúruhafi firmans er frú Dagmar Þórhallsson, Siglufirði, og ritar hún firmað þannig:

pr. pr. Vöruhús Siglufjarðar

Dagmar Þórhallsson.

Fitjakoti, 30. okt. 1939.

Jón B. Valfells.

2. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að ég undirritaður hef veitt hr. verkstjóra Gunnlaugi Guðjónssyni, Aðalgötu 27, hér á staðnum, prókúru mín vegna, með öllum réttindum prókúruhafa samkvæmt gildandi lögum. Prókúruhafi ritar nafn sitt þannig:

p. p. Ingvar Guðjónsson

Gunnl. Guðjónsson.

Siglufirði, 3. febr. 1940.

Ingvar Guðjónsson.

3. Undirritaðir nefndarmenn Sildarútvegsnefndar staðfesta hér með að hafa á fundi sínum þann 3. október 1939 samþykkt að ráða hr. alþm. Erlend Þorsteinsson, Siglufirði, sem framkvæmdarstjóra Sildarútvegsnefndar frá 1. júlí 1939 að telja. Jafnramt staðfestum vér, að hafa frá sama tíma veitt nefndum Erlendi Þorsteinssyni prókúruumboð fyrir Sildarútvegsnefnd og hefur hann öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Sildarútvegsnefnd

Erl. Þorsteinsson.

Í Sildarútvegsnefnd

Finnur Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson. Jakob Frimannsson.

Sig. Kristjánsson. Óskar Jónsson.

4. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að þann 3. febr. 1940 höfum við selt Kjötþúð Siglufjarðar, Siglufirði, verzlunina Nýja Kjötþúðin, hér, og eru okkur óviðkomandi skuldbindingar verzlunarinnar frá þeim tíma.

Siglufirði, 19. apríl 1940.

Í stjórn Verzlunarfélags Siglufjarðar, h.f.

Alf. Jónsson. Þorst. Pétursson.

Samkvæmt ofanrituðu tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að þann 3. febrúar síðastl. keyptum vér verzlunina Nýja Kjötbúðin í Siglufirði. 237

Siglufirði, 19. apríl 1940.  
pr. pr. Kjötbúð Siglufjarðar  
Ragnar Jóhannesson.

5. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að ég hef í dag selt herra Páli Einarssyni, Suðurgötu 10, Siglufirði, firma mitt, Fatapressun Siglufjarðar og rekur hann það hér eftir á sína ábyrgð.  
Siglufirði, 9. maí 1940.  
Sigurjón Sigurjónsson.

Samkvæmt ofanrituðu tilkynnist, að ég undirritaður rek sem einkaeigandi Fatapressun Siglufjarðar frá deginum í dag að telja.  
Firmað rita ég þannig:

Fatapressun Siglufjarðar  
Páll Einarsson.  
D. u. s.  
Páll Einarsson.

6. Á hluthafafundi, sem haldinn var í dag í hlutafélaginu H/F Olaf Henriksen, Siglufirði, var frú Sigrúnu Henriksen, Siglufirði, falið að fara með framkvæmdavald og prókúruumboð félagsins fyrst um sinn meðan hinn reglulegi framkvæmdastjóri og prókúruhafi þess, Olaf Henriksen, er af stríðsástæðum teptur erlendis.

Siglufirði, 19. ágúst 1940.  
Óskar Guðlaugsson. Jón Hjálmarsson.  
Guðlaugur Sigurðsson. Sigrún Henriksen.

#### 8. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, að aðalfundur H/f Ásgeir Pétursson & Co., Akureyri, haldinn 26. sept. 1939, samþykkti að flytja heimilisfang og varnarþing félagsins frá Akureyri að Knararbergi í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Akureyri, 13. des. 1939.  
F. h. stjórnar H/F Ásgeir Pétursson & Co.  
Samkvæmt umboði  
Jón Sveinsson.

2. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að með samningi dags. 9. jan. 1940 hefur undirrituð stjórn Kaupfélags Eyfirðinga á Akureyri ráðið hr. fulltrúa Jakob Frimannsson, Þingvallastræti nr. 2, Akureyri, til að vera framkvæmdarstjóra félagsins frá 1. janúar 1940 að telja.

Kaupfélag Eyfirðinga  
Einar Árnason. Þór. Kr. Eldjárn. Bernh. Stefánsson.  
Kristján Sigurðsson. Ingimar Eydal.

- 237 3. Hinn 21. jan. s.l. gerði Pöntunarfélag Verkalýðsins, Akureyri, eftirtaldar breytingar á lögum sínum:

1. Ábyrgð hvers félagsmanns er kr. 300.00, en takmarkast þó við stofnsjóðsinnstæðu viðkomanda, þar til hún hefur náð kr. 300.00.
2. Inngöngueyrir er kr. 10.00.
3. Myndaður er stofnsjóður, sem fær árlega 3% af seldum vörum til félagsmanna, enn fremur  $\frac{1}{2}$  — helming — af úthlutuðum arði.

Akureyri, 15. febr. 1940.

Pr. Pr. Pöntunarfélag Verkalýðsins, Akureyri,  
Björn Grímsson.

4. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Akureyrar, að á aðalfundi Flugfélags Akureyrar, miðvikudaginn 13. marz s.l., var samþykkt að breyta nafni félagsins í Flugfélag Íslands, samkvæmt fengnu leyfi ríkisstjórnarinnar. Sömu leiðis ákveðið að gefa stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé félagsins upp í kr. 150000.00.

Akureyri, 27. marz 1940.

Jakob Frimannsson. G. Karl Pétursson. Kr. Kristjánsson.

5. Hér með tilkynnist, að vér höfum veitt herra Jóni Kr. Guðmundssyni, Bjarmastíg 11, Akureyri, prókúruumboð fyrir firma vort, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Axel Kristjánsson h/f

Jón Guðmundsson.

Akureyri, 17. ágúst 1940.

Axel Kristjánsson h/f

Axel Kristjánsson. Þorvaldur Stefánsson.

6. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu, að stjórn H/f. Ásgeir Pétursson & Co. er breytt þannig:

Úr stjórn félagsins hefur gengið Guðmundur Pétursson, Brekkugötu 27, Akureyri. Í hans stað var kosinn Jón W. Ásgeirsson, Hlíðarveg 4, Siglufirði, og skipa því stjórnina nú:

Ásgeir Pétursson, Kaupmannahöfn, Sigurður Kristjánsson, Siglufirði, og Jón W. Ásgeirsson, s. st.

Hinn nýi stjórnandi skrifar nafn sitt þannig:

Jón W. Ásgeirsson.

Það tilkynnist einnig, að vér höfum gefið Jóni W. Ásgeirssyni, Hlíðarveg 4, Siglufirði, prókúruumboð fyrir H/F. Ásgeir Pétursson & Co. og hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. H/F. Ásgeir Pétursson & Co.

Jón W. Ásgeirsson.

p. t. Siglufirði, 23. ágúst 1940.

H/F. Ásgeir Pétursson & Co.

Ásgeir Pétursson. Sig. Kristjánsson.

## 9. Neskaupstaður.

237

1. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 9. febrúar 1940 breytti Kaupfélagið Fram, Norðfirði, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og að auki með kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnul. 46/1937.

Stjórn félagsins er skipuð þessum mönnum:

Niels Ingvarsson, forstjóri, Neskaupstað, Sigurður Hinriksson, útg., s. st., Bjarni Jónsson, hreppstjóri, Skorrastað, Norðfirði, Guðjón Hermannsson, oddviti, Skuggahlíð, Norðfirði, Jón Sveinsson, útvegsbóndi, Tröllanesi, Neskaupst. pr. pr. Kaupfélagið Fram  
Guðröður Jónsson.

2. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 4. febr. 1940 breytti Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni og að auki með kr. 300.00 — þrjú hundruð krónum. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnulaga nr. 46/1937.

Stjórn félagsins er skipuð þessum mönnum:

Ármann Magnússon, Tindar, Neskaupstað, Ásmundur Guðmundsson, Skuld, Neskaupstað, Benedikt Benediktsson, Bjarni, Neskaupstað.

Neskaupstað, 9. febrúar 1940.

f. h. Samvinnufélags útgerðarmanna  
Jón L. Baldursson.

3. Undirritaðir eigendur verzlunar Jóns Ísfelds, Neskaupstað, tilkynna hér með, að herra Kjartan Guðnason fer með prókúruumboð verzlunarinnar frá og með deginum í dag um óákveðinn tíma. — Jafnframt afturkallast prókúruumboð Jóns Sigurðssonar.

Neskaupstað, 29. apríl 1940.

Jón Sigurðsson. Ásgerður Guðmundsdóttir.

## 10. Skaftafellssýsla.

1. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 14. maí 1940 breytti Kaupfélag Skaftfellinga, Vík, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og að auki með kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnul. 46/1937.

Stjórn félagsins er skipuð þessum mönnum:

Lárus Helgason, bóndi, Kirkjubæjarklaustri, formaður, Ólafur H. Jónsson, bóndi, Eystri-Sólheimum, Ólafur Grimsson, bóndi, Skeiðflöt, Sveinn Sveinsson, bóndi, Fossi, Sigurjón Árnason, bóndi, Pétursey.

Prókúruumboð hefur framkvæmdarstjóri félagsins Sigurjón Kjartansson.

Vík í Mýrdal, 20. júlí 1940.

pr. pr. Kaupfélag Skaftfellinga  
S. Kjartansson.

- 237 2. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 6. dag maímánaðar 1938 breytti Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, Höfn, Hornafirði, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og að auki með kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnulaga 46/1937.

Stjórn félagsins er nú skipuð þessum mönnum:

Þorleifur Jónsson, Hólum, formaður, Gunnar Jónsson, Höfn, Kristján Benediktsson, Einholti, Sigurður Jónsson, Stafafelli, Steinþór Þórðarson, Hala. Höfn, 31. ágúst 1939.

pr. pr. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga  
Jón Ívarsson.

### 11. Vestmannaeyjar.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Vestmannaeyjakaupstaðar, að ég undirritaður Tómas M. Guðjónsson, hef í dag veitt syni mínum, Martin Tómassyni, prókúruumboð fyrir verzlun mína og hefur hann öll réttindi prókúruhafa.

Prókúruhafinn undirritar þannig:

pr. pr. Tómas M. Guðjónsson  
M. Tómasson.

Vestmannaeyjum, 5. febr. 1940.  
T. M. Guðjónsson.

2. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Vestmannaeyja, að á fundi félagsins Þorst. Johnson h. f., þann 14. febr. s.l., voru kosin í stjórn félagsins Þorst. Johnson, Heimagötu 29, Guðný Jesdóttir, Miðstræti 5, Vestmannaeyjum, í stað Jóns Waagfjörð og Gunnlaugs Loftssonar, er gengu úr stjórninni. Magnús Sveinsson, forstjóri, Ásvallagötu 69, Reykjavík, var endurkosinn. Varastjórnandi var kosinn Óskar Johnson, Hilmisgötu 5.

Vestmannaeyjum, 20. marz 1940.

pr. pr. Þorst. Johnson h.f.  
Þorst. Johnson.

### 12. Árnessýsla.

1. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 30. apríl 1938 breytti Kaupfélag Árneseinga, Sigtúnium, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni og að auki með kr. 300.00 — þrjú hundruð krónum.

Enn fremur var sama dag samþykktum félagsins breytt á þá leið, að stjórnin skuli skipuð fimm mönnum í stað þriggja áður.

Stjórn félagsins skipa nú:

Ágúst Helgason, hreppstjóri, Birtingaholti, formaður, Gísli Jónsson, hreppstjóri, Stóru-Reykjum. Bjarni Bjarnason, skólastjóri, Laugarvatni. Guðmundur Guðmundsson, bóndi, Efri-Brú. Páll Hallgrímsson, sýslumaður, Selfossi.

Kaupfélag Árneseinga  
Egill Thorarensen.

## 13. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjörður.

237

1. Nafn sparisjóðsins: Sparisjóðurinn í Keflavík.
2. Samþykktir hans eru dagsettar 7. nóv. 1907.
3. Starfsemi sjóðsins er venjuleg sparisjóðsstarfsemi samkvæmt lögum nr. 44 3. nóv. 1915.
4. Heimili sjóðsins og skrifstofa er í Keflavík í Gullbringusýslu.
5. Tala ábyrgðarmanna er 20.
6. Sameiginleg ábyrgð allra er kr. 2000.00.
7. Stjórnendur sjóðsins eru: Guðmundur Guðmundsson, skólastjóri, formaður, Þorgrímur St. Eyjólfsson, kaupmaður, meðstjórnandi og Stefán Björnsson, gjaldkeri, allir til heimilis í Keflavík.
8. Allir stjórnendur sjóðsins undirskrifa bækur innstæðueigenda í sjóðnum. Ávísanir og kvittanir eru skuldbindandi fyrir sjóðinn með undirskrift féhirðis í umboði sjóðsins.
9. Stjórn sjóðsins undirskrifar þannig:

Sparisjóðurinn í Keflavík  
Guðmundur Guðmundsson.  
Þorgr. St. Eyjólfsson.  
Stefán Björnsson.

Gjaldkeri undirskrifar þannig:

pr. Sparisjóðurinn í Keflavík  
Stefán Björnsson.  
Keflavík, 13. des. 1939.

Guðmundur Guðmundsson. Þorgr. St. Eyjólfsson. Stefán Björnsson.

2. Hér með tilkynnist, að hr. Huxley Ólafsson, verzlunarm., Hverfisgötu 39, Reykjavík, hefur verið ráðinn framkvæmdarstjóri fyrir Keflavík h/f, Keflavík, og hefur hann jafnframt prókúruumboð fyrir félagið. Afturkallast hér með öll eldri prókúruumboð fyrir félagið.

Huxley Ólafsson ritar firmað þannig:

pr. pr. Keflavík h/f  
Huxley Ólafsson.

Keflavík, 17. desember 1939.

Stjórn Keflavík h/f.

G. Kristjánsson. Ólafur Jónsson. Ingvar Vilhjálmsson.

Finnbogi Guðmundsson. Þorlákur Björnsson.

3. Vér leyfum oss hér með að tilkynna til firmaskrárinnar, að herra Loftur Bjarnason hefur verið ráðinn framkvæmdarstjóri fyrir H/F. Marz í Hafnarfirði og hefur hann prókúruumboð fyrir félagið lögum samkvæmt. Prókúruhafi ritar firmað þannig:

p. p. H/F. Marz  
Loftur Bjarnason.

Hafnarfirði, 4. janúar 1940.

H.f. Marz

Tryggvi Ófeigsson. Vilhjálmur Árnason.

4. Hér með tilkynnist til firmaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu, að þann 7. des. 1939 var sett á stofn vörubílastöð í Keflavík undir nafninu:

„Vörubílastöð Keflavíkur“.



237

Aðseturstaður stöðvarinnar er í Keflavík. Tilgangur félagsins er að annast vöruflutninga á bifreiðum í og utan Keflavíkur eftir atvikum. Félagsmenn eru 13. Stjórn félagsins skipa 3 menn. Ábyrgð á rekstri stöðvarinnar er sameiginleg. Rétt til að rita firmað hefur stöðvarstjóri á hverjum tíma. Nú hr. Elentínus Júlíusson. Stjórnina skipa nú: Ólafur Ingibersson, Hafnargötu 15, Friðjón Jónsson, Völlum, Njarðvíkum og Björn Jóhannsson, Suðurgötu 32 í Keflavík. Samlagsmenn eru: Ólafur Ingibersson, Björn Jóhannsson, Jóhann Guðmundsson, Friðjón Jónsson, Hjörtur Gunnarsson, Einar Júlíusson, Ingólfur Magnússon, Sigurður Pálsson, Emil Guðmundsson, Axel Eyjólfsson, Ólafur Auðunnsson, Einar Söring, Halldór Jóhannsson.

Keflavík, 22. janúar 1940.

Friðjón Jónsson. Björn Jóhannsson. Ólafur Ingibersson.

5. Nafn sjóðsins er Sparisjóður Hafnarfjarðar. Samþykktir hans eru dagsettar 22. desbr. 1902. Starfsemi sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 44 3. nóv. 1915, sbr. reglugerð nr. 19 5. maí 1917.

Heimili sjóðsins og skrifstofa er í Hafnarfirði.

Ábyrgðarmenn mega eldrei vera færri en 20, búsettir í Hafnarfirði eða Garðahreppi í Gullbringusýslu og ábyrgist hver þeirra kr. 400.00.

Stjórnendur sjóðsins eru: Þórður Edilonsson, formaður, og meðstjórnendur Emil Jónsson, Ólafur Böðvarsson, Sigurgeir Gíslason og Þorleifur Jónsson.

Til þess að skuldbinda sjóðinn, þarf undirskrift meiri hluta stjórnarinnar.

Ávisanir og kvittanir eru þó skuldbindandi fyrir sjóðinn með undirskrift bókara og féhirðis.

Hafnarfirði, 12. febr. 1940.

Þ. Edilonsson. Emil Jónsson. Þorl. Jónsson. Ólafur Böðvarsson.  
Sigurgeir Gíslason.

6. Á aðalfundi Samvinnuútgerðarfélag Keflavíkur, 21. desember þ. á., varð sú breyting við stjórnarkosningu í félaginu, að skipstjóri Valgarð Þorkelsson kom í stað Haraldar Kr. Magnússonar.

Stjórnina skipa nú:

Daníval Danívalsson, Kristinn Jónsson, Guðni Guðleifsson, Valgarð Þorkelsson, Jón G. Pálsson.

Keflavík, 13. marz 1940.

F. h. Samvinnuútgerðarfélag Keflavíkur  
Daníval Danívalsson, form.

7. Hér með tilkynnist til firmaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu, að Gísli Þorsteinsson, skipstjóri, Ránargötu 29, Rvík, hefur frá 19. marz 1940 að telja, gengið úr Sameignarfélaginu Minkur og eru fjárhagsskuldbindingar félagsins honum óviðkomandi frá þeim tíma. Frú Steinunn Pétursdóttir, Ránargötu 29, Reykjavík og Pétur Gíslason, s. st., reka hér eftir félagið ein, sem sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð þeirra beggja.

Frá 19. marz 1940 hafa þau Steinunn Pétursdóttir og Pétur Gíslason ein rétt til í sameiningu að rita firmað og rita þau það þannig:

Sameignarfélagið Minkur  
Steinunn Pétursdóttir.  
Pétur Gíslason.

Heimild Gísla Þorsteinssonar til að rita firmað afturkallast hér með.  
Reykjavík, 19. marz 1940.

237

Gisli Þorsteinsson. Steinunn Pétursdóttir. Pétur Gíslason.

8. Hér með tilkynnist, að úr stjórn Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps hafa gengið þeir: Hannes Guðbrandsson og Ellert Eggertsson. Í stað þeirra hafa verið kosnir: Ólafur Andrésón, Neðra-Hálsi, og Gestur Andrésón, Hálsi.

Prókúruumboð Ellerts Eggertssonar fellur niður.

Skuldbindingar félagsins undirritar öll stjórnin þannig:

F. h. Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps

Ólafur Andrésón.

Bjarni Ólafsson.

Gestur Andrésón.

P. t. Hálsi í Kjós, 11. apríl 1940.

F. h. Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps

Ólafur Andrésón. Bjarni Ólafsson. Gestur Andrésón.

9. Hér með tilkynnist til samvinnufélagaskrár Hafnarfjarðar, að á aðalfundi Byggingarfélags Alpýðu í Hafnarfirði, sem haldinn var hinn 10. maí s.l., voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins:

Þóroddur Hreinsson, byggingameistari, Páll Sveinsson, kennari, Kristinn Sigurðsson, verkamaður, Steingrímur Bjarnason, byggingameistari, allir til heimilis í Hafnarfirði.

Áður hafði félagsmálaráðherra skipað Óskar Jónsson, framkvæmdarstjóra, Hafnarfirði, formann félagsins.

Hafnarfirði, 21. maí 1940.

Óskar Jónsson, Páll Sveinsson, Kristinn Sigurðsson,  
formaður. ritari. gjaldkeri.

Steingr. Bjarnason. Þóroddur Hreinsson.

10. Árið 1940, hinn 19. nóv., var haldinn aukahluthafafundur í hlutafélaginu Verksmiðja Reykdals, h/f. Allir hluthafar voru mættir. Fundarstjóri var kosinn Gísli Þórðarson og fundarritari Nikulás Jónsson. Var þá tekið fyrir:

1. Samþykkt var framsal á einu 500,00 kr. hlutabréfi til Jósefs Hannessonar, og er hann því löglegur hluthafi. Hafði félagið keypt hlutabréf Páls Böðvarssonar, og er það því nú eigandi að þremur 500.00 kr. hlutabréfum.

2. Samþykkt var að breyta nafni og heimilisfangi félagsins frá og með deginum í dag. Skal félagið heita h/f „Askur“, og heimili þess vera í Hafnarfirði. Var stjórninni falið að tilkynna breytingu þessa til hlutafélagaskráningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Gísli G. Hannesson. Gísli Þórðarson. Guðni Markússon.

Jósep Hannesson. Nikulás Jónsson.

238

## AUGLÝSING

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1940.

Skrás. 1940, nr. 1.

Tilkynnt 7. febrúar 1940, kl. 11 f. h. af H.f. Efnagerð Reykjavíkur, kemisk-teknísk verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 24. s. m.

Orðið:

# Rósól

Merkið er skrásett fyrir konfekt, kakaó, alls konar súkkulaði, marsipan, töggur, alls konar brjóstsykur, sykraða ávexti, ávaxtamauk, kex, hunang, alls konar lakkrís gosdrykki, alls konar öl, edik, edikssýru, matarliti, ávaxtaliti, alls konar dropa til bökunar og matargerðar, tannkrem, hárvötn, hárfæiti, alls konar fegrunarsmyrsl, andlitsduft, ilmvötn og öll önnur fegrunarefni, alls konar sápur, þvottaefni, kerti, skóáburð, alls konar fægilög, fægiduft, dúkáburð, vélaolíur, vagnáburð, sóða, ræstiduft, brons, liti, blek, lakk og olíur, og enn fremur fyrir alls konar landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir.

Ber að skoða orðið „Rósól“ sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1940, nr. 2.

Tilkynnt 18. júní 1940, kl. 10 f. h., af A. Atmanspacher, verksmiðjurekstur, Ehrenfriedersdorf, Sachsen, Þýzkalandi, og skrásett 9. júlí s. á.

Í réttthyrndum, svörtum ramma, er mynd af pardusdýri (panther) á gulum grunni, sitjandi við hliðina á svörtu stígvéli á ljósum fleti, er á er skráð með rauðum bókstöfum orðið PANTHER.



Samkvæmt tilkynningu 23. október 1925 er merkið skrásett í Berlín 19. marz 1926 fyrir skófatnað.

Skrásetningin er síðast endurnýjuð 23. október 1935.

## Skrás. 1940, nr. 3.

238

Tilkynnt 23. júlí 1940, kl. 11 f. h., af Southwell Fabrics Limited, verksmiðju-  
rekstur og verzlun, Manchester, Englandi, og skrásett 21. september s. á.

Orðið:

P A R A D E

skrifað með upphafsstöfum.

Merkið er skrásett í Manchester 4. marz 1937, 24. flokki, fyrir litaðar og áprent-  
aðar vefnaðarvörur, framleiddar eingöngu eða að mestu úr baðmull.

## Skrás. 1940, nr. 4.

Tilkynnt 23. júlí 1940, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 21. september s. á.

Orðið:

R O S A M O N D E

skrifað með upphafsstöfum.

Merkið er skrásett í Manchester 23. júní 1938, 24. flokki, fyrir vefnaðarvörur,  
framleiddar eingöngu eða að mestu leyti úr baðmull.

## Skrás. 1940, nr. 5.

Tilkynnt 6. sept. 1940, kl. 11 f. h., af J. & N. Philips & Company, Limited, verk-  
smiðjurekstur og verzlun, Manchester, Englandi, og skrásett 3. október s. á.

Orðið:

P E D E S T A L

skráð með upphafsstöfum.

Merkið er skrásett í Manchester 7. nóvember 1921, 38. flokki, fyrir föt og fataefni.  
Skrásetningin var endurnýjuð 7. nóvember 1935.

## Skrás. 1940, nr. 6.

Tilkynnt 20. september 1940, kl. 10 f. h., af Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis,  
verzlun og iðnaður, Reykjavík, og skrásett 3. október s. á.

Orðið:

# Rekord

Merkið er skrásett fyrir búðingsduft og aðrar efnagerðarvörur, og er orðið  
„Rekord“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

## Skrás. 1940, nr. 7.

Tilkynnt 10. október 1940, kl. 11 f. h., af J. & N. Philips & Company, Limited, verksmiðjurekstur og verzlun, Manchester, Englandi, og skrásett 14. október s. á.

Orðið: DORCAS, skráð með upphafsstöfum.

Merkið er skrásett í Manchester 31. maí 1940, 24. flokki, fyrir allar vefnaðar- og fatnaðarvörur, nema föt búin til eingöngu eða að mestu úr ull, hrosshári eða öðru hári, að undanskildum vatns- og svitaheldum fötum.

## Skrás. 1940, nr. 8.

Tilkynnt 21. október 1940, kl. 10 f. h., af J. F. Schwarzlose Söhne, iðnrekstur og verzlun, Berlín NW 21, Þýzkalandi, og skrásett 26. s. m.

Orðin:

# Rosa Centifolia

Samkvæmt tilkynningu 11. júní 1928, er merkið skrásett í Berlín 11. október 1928 fyrir: Ilmvötn, sápu, kölnarvatn (Eau de Cologne), andlitsduft, höfuðvötn, hörundssmyrsl, hársmyrsl, hárgljáa, raksápu, fegrunarefni.

Skrásetning merkisins hefur verið endurnýjuð 11. júní 1938.

## Skrás. 1940, nr. 9.

Tilkynnt 6. september 1940, kl. 11 f. h., af J. & N. Philips & Company, Limited, verksmiðjurekstur og verzlun, Manchester, Englandi, og skrásett 29. nóvember s. á.

Mynd af ljóni. Fyrir ofan það stendur á bandi í hálfboga orðið: SIMPLEX, skráð með upphafsstöfum. Fyrir neðan ljónið stendur í aflöngum ferhyrningi orðið: UNSHRINKABLE, einnig skráð með upphafsstöfum.



Merkið er skrásett í Manchester 6. október 1932, 38. flokki, fyrir alls konar þrjónlesvörur.

Svo hljóðandi yfirlýsing er rituð í ensku vörumerkjaskrána: Skrásetning þessa vörumerkis veitir engan rétt til einkanothunar á orðinu „Simplex“.

## Skrás. 1940, nr. 10.

Tilkynnt 6. september 1940, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 29. nóvember s. á.

Skjaldarmerki með fremri hluta ljóns fyrir ofan. Á bandi fyrir neðan skjaldarmerkið standa orðin: SIMPLEX MUNDITHIS skráð með upphafsstöfum.



Merkið er skrásett í Manchester 10. september 1938, 24. flokki, fyrir vefnaðarvörur og tilbúna hluti úr vefnaðarvöru, þó ekki fatnað.

Skrás. 1940, nr. 11.

Tilkynnt 2. september 1940, kl. 11 f. h., af Árna Jónssyni, heildverzlun, Reykjavík, og skrásett 14. desember s. á.

Orðið:


# MILO

Merkið er skrásett fyrir sápur og alls konar snyrtivörur.

Skrás. 1940, nr. 12.

Tilkynnt 11. desember 1940, kl. 10 f. h., af H.f. Sanítas, gosdrykkja- og aldinsafa-gerð, Reykjavík, og skrásett 16. desember s. á.

Orðið: Sanítas, skráð með upphleyptu skriflettri á öxl glerflaskna.



Merkið er skrásett fyrir gosdrykki, aldinsafa, edik, matarlit, sósulit, fægilög og allar aðrar vörur, sem hlutafélagið framleiðir og selur á flöskum.

Tilkynnt 12. desember 1940, kl. 4 e. h., af Haraldi Böðvarssyni & Co., verksmiðju-  
rekstur, úngerð og verzlun, Akranesi, og skrásett 16. desember s. á.

Mynd af gjósandi eldfjalli í umgerð með bogadregnum hornum, en í umgerðinni  
fyrir ofan gosmyndina standa orðin: Hekla BRAND.



Merkið er skrásett fyrir niðursuðuvörur og sjávarafurðir.

Tilkynnt 16. desember 1940, kl. 3 e. h., af Hinu íslenska steinolíuhlutafélagi,  
verzlun, Reykjavík, og skrásett 27. desember s. á.

Orðið:


# INTAVA

Merkið er skrásett fyrir áburðarolíu, áburðarfeiti, hreyfilseldsneyti, ryðvarnar-  
efni, efni til að hindra frost eða leka, efni til að hindra eða eyða ísingu (deicers).

Skrás. 1940, nr. 15.

238

Tilkynnt 16. desember 1940, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 27. desember s. á.  
Innan umgerðar er mynd af flugvél í frumdráttum og stendur undir henni orðið:  
INTAVA.



Merkið er skrásett fyrir áburðarolíu, áburðarfeiti, hreyfilseldsneyti, ryðvarnar-efni, efni til að hindra frost eða leka, efni til að hindra eða eyða ísingu (deicers).

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið endurnýjuð á árinu:

Skrás. 1920, nr. 3.

Vacuum Oil Company, Inc., New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 16. janúar.

Skrás. 1920, nr. 4.

Vacuum Oil Company, A/S, Kaupmannahöfn, frá 16. janúar.

Skrás. 1920, nr. 6.

Sami, frá 20. janúar.

Skrás. 1920, nr. 12.

Monkhouse & Glasscock, Ltd., Bermondsey, London, Englandi, frá 6. febrúar.

Skrás. 1920, nr. 16.

A/S Bakteriologisk Laboratorium „Ratin“, Frederiksberg, Kaupmannahöfn, frá 30. marz.

Skrás. 1920, nr. 20.

R. J. Reynolds Tobacco Company, Winston-Salem, North Carolina, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 3. apríl.

Skrás. 1920, nr. 21.

Hið íslenska steinolíuhlutafélag, Reykjavík, frá 16. apríl.



238

- Sami, frá s. d. **Skrás. 1920, nr. 22.**
- Sami, frá s. d. **Skrás. 1920, nr. 23.**
- A/S De danske Spritfabrikker, Kaupmannahöfn, frá 5. ágúst. **Skrás. 1920, nr. 31.**
- Virol, Limited, London, Englandi, frá 5. ágúst. **Skrás. 1920, nr. 32.**
- Thermos (1925) Limited, London, Englandi, frá 30. ágúst. **Skrás. 1920, nr. 37.**
- Libby, McNeill & Libby, Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 30. ágúst. **Skrás. 1920, nr. 38.**
- Hood Rubber Company, Inc., Wilmington, Delaware, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 5. nóvember. **Skrás. 1920, nr. 42.**
- Virol, Limited, London, Englandi, frá 5. nóvember. **Skrás. 1920, nr. 43.**
- Lever Brothers, Limited, Port Sunlight, Englandi, frá 25. nóvember. **Skrás. 1920, nr. 47.**
- Dollfus-Mieg & Cie., Soc. an., Mulhouse, (Haute Alsace), Frakklandi, frá 25. nóvember. **Skrás. 1920, nr. 48.**
- American Cigarette and Cigar Company, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 30. nóvember. **Skrás. 1920, nr. 50.**
- Otto Mönsted, A/S, Aarhus & Kaupmannahöfn, frá 21. janúar. **Skrás. 1930, nr. 5.**
- Ferrosan, A/S, Kaupmannahöfn, frá 15. febrúar. **Skrás. 1930, nr. 10.**
- Sami, frá s. d. **Skrás. 1930, nr. 11.**

**Skrás. 1930, nr. 12.**

Société Anonyme Dubonnet, París, Frakklandi, frá 7. marz.

238

**Skrás. 1930, nr. 13.**

Otto Mönsted A/S, Kaupmannahöfn, frá 7. marz.

**Skrás. 1930, nr. 15.**

Telemac, Limited, London, Englandi, frá 27. marz.

**Skrás. 1930, nr. 16.**

Georg Schlicht, A. G., Aussig a. d. Elbe, Tékkóslóvakíu, frá 27. marz.

**Skrás. 1930, nr. 17.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1930, nr. 18.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1930, nr. 19.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1930, nr. 21.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1930, nr. 22.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1930, nr. 24.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1930, nr. 29.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1930, nr. 30.**

Standard Brands Incorporated, Dover, Delaware, Cincinnati, Ohio og New York, N. Y., Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 5. júní.

**Skrás. 1930, nr. 31.**

Hlutafélagið „Shell“ á Íslandi, Skildinganesi, frá 22. júlí.

**Skrás. 1930, nr. 32.**

General Motors Corporation, Detroit í Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 22. júlí.

**Skrás. 1930, nr. 35.**

John Haig & Co., Limited, Markinch, Skotlandi, frá 22. júlí.

Skrás. 1930, nr. 37.

Sveinn Árnason, Seyðisfirði, frá 22. júlí.

Skrás. 1930, nr. 39.

Carnegie-Illinois Steel Corporation, Pittsburg, Pennsylvania, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 16. september.

Skrás. 1930, nr. 40.

Thomas Hedley & Co., Limited, Newcastle, Englandi, frá 16. september.

Skrás. 1930, nr. 41.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1930, nr. 43.

Imperial Chemical Industries, Ltd., London, Englandi, frá 16. september.

Skrás. 1930, nr. 45.

Liggett & Myers Tobacco Company, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 2. október.

Skrás. 1930, nr. 46.

Ilford, Limited, London, Englandi, frá 2. október.

Skrás. 1930, nr. 47.

H/f „Shell“ á Íslandi, Skildinganesi, frá 11. október.

Skrás. 1930, nr. 48.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1930, nr. 50.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1930, nr. 51.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1930, nr. 53.

Dagett & Ramsdell, New York, N. Y., Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 13. október.

Skrás. 1930, nr. 56.

Tide Water Associated Oil Company, New York, N. Y., Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 24. október.

Skrás. 1930, nr. 57.

Larus & Brother Co., Inc., Richmond, Virginia, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 24. október.

Skrás. 1930, nr. 58.

Cooper, McDongall & Robertson, Ltd., Beckhamsted, Hertsfordshire, Englandi, frá 24. október.

**Skrás. 1930, nr. 59.**

238

Libby, McNeill & Libby, Chicago í Illinoís, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 27. október.

**Skrás. 1930, nr. 60.**

Firma Günther Wagner, Hannover, Þýzkalandi, frá 27. október.

**Skrás. 1930, nr. 62.**

A/S De forenede Bryggerier, Kaupmannahöfn, frá 12. nóvember.

**Skrás. 1930, nr. 64.**

Life Savers Corporation, Port Chester, N. Y., Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 12. nóvember.

**Skrás. 1930, nr. 65.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1930, nr. 66.**

British Ropes, Limited, London, Englandi, frá 12. nóvember.

**Skrás. 1930, nr. 68.**

International Harvester Company, Chicago í Illinoís, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 27. nóvember.

**Skrás. 1930, nr. 69.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1930, nr. 70.**

I. G. Farbenindustrie A/G, Frankfurt a. M., Þýzkalandi, frá 27. nóvember.

**Skrás. 1930, nr. 71.**

International Harvester Company, Chicago í Illinoís, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 27. nóvember.

**Skrás. 1930, nr. 72.**

Sami, frá s. d.

**Skrás. 1930, nr. 74.**

Lever Brothers, Port Sunlight, Limited, Port Sunlight, Englandi, frá 28. nóvember.

**Skrás. 1930, nr. 75.**

Ilford Limited, Ilford, Englandi, frá 28. nóvember.

**Skrás. 1930, nr. 76.**

Kooperativa Föbundet Förening u. p. a., Stokkhólmi, Svíþjóð, frá 12. desember.

*Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. desember 1940.*

## REGLUR

### um meðferð á skógum og kjarri.

Samkvæmt lögum um skógrækt nr. 100 frá 14. maí 1940 eru settar eftirfarandi reglur um meðferð á skógum og kjarri.

#### I. Um skógarhögg á ófriðuðu landi.

##### 1. gr.

Lágvaxið kjarr, sem eigi nær 1 metra hæð, en liggur undir beit, má ekki höggva. Þó má hirða kalvið og fúaspæk, en aldrei svo mikið að rjóður myndist.

##### 2. gr.

Útjaðra skóga eða kjarrs má ekki grisja. Í skógarjaðri skal að minnsta kosti vera ógrisjað 8 metra breitt belti. Einstæða runna eða lundi, sem eigi eru 16 metrar í þvermál, má aldrei grisja.

##### 3. gr.

Kjarrskóg, sem er milli 1 og 2 metrar á hæð, og er þéttur og samfelldur á stórum svæðum, má grisja þannig:

Fyrst skulu teknar jarðlægar greinar, gamlar kræklur, feyskjur og kalviður. Þar næst skulu höggnað einstöku greinar og einstök tré, sem þrengja að laufkrónu stærstu og efnilegustu trjáanna. Eyður þær, sem koma í laufbakið við grisjun, mega aldrei nema meiru en hálfum metra í þvermál. Sé hætt á að of stórar eyður myndist við að tré eru höggvin upp, má sníða einstöku greinar af þeim til þess að auka svigrúm beztu trjáanna.

Þar, sem kjarrskógur af þessari hæð vex vart meira en um 3 hestburði af víði á ári á hektara lands, má ekki grisja slíka skóga oft en á 5 ára fresti, og má þá grisjunin ekki fara fram úr 12,5 hestburðum fimmta hvert ár á hverjum hektara skóglendis.

##### 4. gr.

Kjarrskóg, sem er milli 2 og 4 metrar á hæð, og er þéttur og samfelldur á stórum svæðum, má grisja á svipaðan hátt og þann, sem um getur í 3. gr. Þó má viðarhögg hér eigi fara tíðar fram en fimmta hvert ár og viðarmagn í hvert sinn eigi fram úr 25 hestburðum af hektara.

##### 5. gr.

Í skógum, sem náð hafa 4 metra hæð eða meira, skal grisja þannig, að stærstu og fegurstu trén fái notið sin sem bezt. Því skulu hin renglulegu tré, sem misst hafa eðlilegan krónuþroska (en mæða á laufkrónu stærri og betri trjáa og slíta lim þeirra þegar vindur bærisk) vikja fyrir þeim betri. Þó má aldrei höggva meira en eitt tré í senn frá hverju lífvænlegu tré við grisjun. Grisjun má eigi fara oft fram en einu sinni á hverjum 5 árum. Sé um sérstaklega þroskavænlegan skóg að ræða, getur skógarvörður gefið undanþágu frá þessu og leyft tíðari grisjun, en þá skal henni algerlega hagað eftir fyrirmælum hans.

Allt lim og greinar, sem er undir 2 cm að þvermáli, skal höggvið af hinum felldu trjám í skóginum og dreift um skóginn. Má eigi hirða það til eldsneytis eða annars.

## 6. gr.

239

6. des.

Brautarhögg er stranglega bannað nema til vegagerðar eða viðarflutninga úr skógi. Fjarlægð milli brauta má aldrei vera undir 100 metrum. Brautir mega aldrei vera yfir 3 metra á breidd, og má aldrei höggva þær beint upp eftir hliðum eða brattlendi, heldur verður að leggja þær í sneiðingum, svo að vindur og vatn nái ekki að spilla jarðvegi.

## 7. gr.

Í efstu kjarrteygingum í fjallahliðum, í jarðföllum og giljaskorningum, í sauðgárum og uppblástursrofum er með öllu bannað að hirða lausan kalvið eða höggva fallandi feyskjur. Sé þess kostur, er skylt að flytja við og lim í rofin, og koma svo fyrir, að það geti veitt uppblæstri viðnám.

## 8. gr.

Nýgræðing allan, svo og rótarskot, má eigi höggva eða skemma.

## 9. gr.

Skógræktarstjóri og skógarverðir geta sett nánari og strangari ákvæði um meðferð einstakra skóga, ef þörf krefur.

## II. Um friðuð skóglendi.

## 10. gr.

Á landi því, sem nýtur fullkominnar friðunar, má haga grisjun á annan hátt en gildir um ófriðuð svæði, en skógarvörður skal þá segja fyrir um hve mikið og hve títt megi höggva.

## 11. gr.

Þeir, sem fengið hafa upp settar skógargirðingar með styrk þess opinbera, skulu sjá um, að girðingarnar séu ávallt gripheldar. Er þeim skylt að gera við þær til bráðabirgða, ef skemmdir verða á þeim. Jafnframt skulu þeir tilkynna næsta skógarverði eða skógræktarstjóra skemmdir strax er þeirra hefur orðið vart, og gera þeir þá ráðstafanir til þess að bæta úr þeim, að svo miklu leyti, sem hið opinbera ber kostnað af viðgerðunum.

Vanræksla í þessum efnum getur varðað sektum samkvæmt 30. gr. ofanefndra laga.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi fallnar reglur um meðferð á skógum og kjarri frá 16. apríl 1929.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. desember 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Thorkillii-barnaskólasjóðs fyrir árið 1939.

## Tekjur:

1. Sjóðir frá f. ári:			
a. Veðskuldabréf .....	kr.	101217.50	
b. Lán Laugardalshrepps .....	—	7500.00	
c. Önnur verðbréf .....	—	19300.00	
d. Söfnunarsjóður .....	—	2963.44	
e. Ríkisskuldabréf .....	—	12000.00	
f. Sparisjóðsinnstæða .....	—	4544.09	
			kr. 147525.03
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum .....	kr.	6716.16	
b. — láni Laugardalshrepps .....	—	315.00	
c. — öðrum verðbréfum .....	—	1394.40	
d. — Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	—	149.50	
e. — sparisjóðsinnstæðu .....	—	61.50	
f. Ógreiddir vextir .....	—	805.00	
			— 9501.56
			Kr. 157026.59

## Gjöld:

1. Styrkir veittir o. fl. ....	kr.	2586.50	
2. Sjóðir til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf .....	kr.	111317.50	
b. Lán Laugardalshrepps .....	—	7500.00	
c. Önnur verðbréf .....	—	29300.00	
d. Söfnunarsjóður .....	—	3112.94	
e. Sparisjóðsinnstæða .....	—	2404.65	
f. Ógreiddir vextir .....	—	805.00	
			— 154440.09
			Kr. 157026.59

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. september 1940.

Friðgeir Bjarnarson.

## EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

29. desember 1939 var Guðmundur Þorláksson skipaður til þess að vera skólastjóri við barnaskólann á Eyrarbakka frá 1. janúar n. k. að telja.

6. janúar 1940 var Jónatan Hallvarðsson, settur lögreglustjóri í Reykjavík, settur til þess, fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, að gegna sakadómaraembættinu í Reykjavík.

S. d. var Agnar Kofoed-Hansen, flugmálaráðunautur, settur til þess, fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, að gegna lögreglustjóraembættinu í Reykjavík.

15. febrúar var Kristján Steingrímsson, cand. juris, settur til að gegna sýslumannsembættinu í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið.

20. febrúar þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að skipa Brynjólf lækni Dagsson héraðslæknir í Reykdælahéraði frá 1. apríl n. k. að telja.

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að veita Snorra Ólafssyni lækni lausn frá héraðslæknisembættinu í Fáskrúðsfjarðarhéraði frá 1. s. m. að telja.

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að skipa Jónatan Hallvarðsson til þess að vera sakadómari í Reykjavík.

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að skipa Agnar E. Kofoed-Hansen lögreglustjóra í Reykjavík.

11. marz þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að veita Jóni Hallvarðssyni lausn frá sýslumannsembættinu í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

2. apríl var Einar G. E. Sæmundsen, skógarvörður, skipaður til þess að vera skógarvörður á Vöglum frá 1. marz þ. á. að telja.

23. apríl var verzlunarerindreki Vilhjálmur Þór skipaður íslenzkur aðalræðismaður í New York með starfsumboði í öllum Bandaríkjum Norður-Ameríku, ásamt löndum þeirra og nýlendum, þar á meðal landssvæðinu umhverfis Panamaskurðinn og Filippseyjum.

27. apríl var herra cand. jur. Pétur Benediktsson, fulltrúi í London, skipaður íslenzkur sendifulltrúi til bráðabirgða (chargé d'affaires ad interim) í London.

28. maí var Sigurður læknir Sigurðsson skipaður til að vera berklayfirlæknir frá 1. maí að telja.

2. júní var Emil Björnsson skipaður aðstoðarmaður í fjármálaráðuneytinu.

Frá 1. september hefur Gizur Bergsteinsson, hæstaréttardómari, verið kjörinn forseti hæstaréttar.



10. október var Þórarinn Sveinsson, leikfímiskennari, settur til þess að vera kennari við alþýðuskólann á Eiðum um eitt ár, frá 1. s. m. að telja.

11. október var Kristjáni Linnel, bæjarfógeta, veitt lausn frá bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum frá 15. s. m. að telja.

S. d. var cand. jur. Sigfús M. Johnsen, stjórnarráðsfulltrúi, skipaður til þess að vera bæjarfógeti í Vestmannaeyjum frá 15. s. m. að telja.

30. október skipaði ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds, Harald Sigurðsson til þess að vera héraðslæknir í Fáskrúðsfjarðarhéraði frá 1. s. m. að telja.

S. d. skipaði ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds, Axel Th. Dahlmann til þess að vera héraðslæknir í Hesteyrarhéraði frá 1. október að telja.

S. d. var Matthíasi Hreiðarssyni tannlækni veittur réttur til að stunda sjálfstæðar tannlækningar hér á landi.

31. október var ungrú Hjördís Pétursdóttir skipuð skrifari í utanríkismálaráðuneytinu frá 1. nóvember að telja.

6. nóvember var Ingvar kennari Brynjólfsson settur til þess að vera kennari við Menntaskólann í Reykjavík.

8. nóvember var cand. med. Gunnari Cortes veitt leyfi til að stunda almennar lækningar hér á landi.

18. nóvember hefur ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds, veitt Páli Sveinssyni lausn frá embætti sínu sem yfirkennari við Menntaskólann í Reykjavík frá 1. október þ. á. að telja.

21. nóvember var Kristbirni Tryggvasyni lækni veitt leyfi til að starfa sem sérfræðingur í barnasjúkdómum.

10. desember var Guðmundur J. Frimannsson skipaður til að vera forstöðumaður heimangönguskóla Gaulverjabæjarskólahverfis frá 1. sept. þ. á. að telja.

13. desember var Ólafi Þ. Þorsteinssyni veitt sérfræðingsviðurkenning í handlækningum.

S. d. var Gísli Fr. Petersen veitt sérfræðingsviðurkenning í geislalækningum.

S. d. var cand. med. Birni Sigurðssyni veitt ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi.

17. desember var cand. mag. Guðmundur Kjartansson skipaður til þess að vera fastur kennari við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði.

20. desember var herra sendifulltrúi Pétur Benediktsson skipaður íslenskur sendifulltrúi til bráðabirgða (chargé d'affaires ad interim) hjá konunglegu norsku ríkisstjórninni.

## HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Hans hátígn konungurinn hefur allramildilegast sæmt þá heiðursmerki Fálkaorðunnar, sem taldir eru hér á eftir:

### Stórriddarakross með stjörnu:

16. jan. Skáld og sjálfseignarbóndi Gunnar Gunnarsson, Skriðuklaustri í Fljótisdal.

### Stórriddarakross:

- 16. jan. Prófessor dr. phil. Ágúst H. Bjarnason, Reykjavík.
- S. d. Sýslumaður Gísli Sveinsson, Vík í Mýrdal.
- S. d. Kaupmaður og konsúll Gunnar Ólafsson, Vestmannaeyjum.
- S. d. Tollstjóri Jón Hermannsson, Reykjavík.
- S. d. Prófessor dr. theol. Magnús Jónsson, Reykjavík.
- S. d. Fyrrverandi sýslumaður og bæjarfógeti Steingrímur Jónsson, Akureyri.

### Riddarakross:

- S. d. Forstjóri og formaður K. R. Erlendur Pétursson, Reykjavík.
- S. d. Bæjarfulltrúi og konsúll Eyjólfur Jónsson, Seyðisfirði.
- S. d. Fyrrv. pósthfulltrúi Guðmundur Bergsson, Reykjavík.
- S. d. Skipasmiður Gunnar Marel Jónsson, Vestmannaeyjum.
- S. d. Sira Halldór Jónsson, Reynivöllum í Kjós.
- S. d. Yfirvélstjóri Haraldur Sigurðsson, Reykjavík.
- S. d. Héraðslæknir Ingólfur Gíslason, Borgarnesi.
- S. d. Skrifstofustjóri Jón Guðbrandsson, Kaupmannahöfn.
- S. d. Skrifstofustjóri og söngstjóri Jón Halldórsson, Reykjavík.
- S. d. Leikfímiskennari Jón Þorsteinsson, Reykjavík.
- S. d. Söngkona María Markan, Vareham, Darsel, Englandi.
- S. d. Tónskáld og organleikari Páll Ísólfsen, Reykjavík.
- S. d. Slökkviliðsstjóri Pétur Ingimundarson, Reykjavík.
- S. d. Skrifstofustjóri Sigurður Guðmundsson, Reykjavík.
- S. d. Húsasmiðameistari Sigurður Halldórsson, Reykjavík.
- S. d. Tónskáld og söngstjóri Sigurður Þórðarson, Reykjavík.
- S. d. Sjálfseignarbóndi Sigvaldi Guðmundsson, Sandnesi, Strandasýslu.
- S. d. Óperusöngvari Stefán Guðmundsson, Kaupmannahöfn.
- S. d. Hreppstjóri Stefán Þórarinnsson, Mýrum, Skriðdal.
- S. d. Ljós móðir frú Þórdís Carlquist, Reykjavík.
- S. d. Kaupfélagsstjóri Þórhallur Sigtryggsson, Húsavík.
- 20. febr. Aðalforstjóri fyrir George A. Puller Comp., Lou R. Crandell, New York.
- 11. marz. Forstöðumaður fyrir „Fiskeridirektoratet fiskeriökonomiske Forsøgnlaboratorium“ Lektor, cand. polyt. I. A. Svan Deurs, Kaupmannahöfn.
- 18. apríl. Kaptajn A. Chr. Bertelsen, Kaupmannahöfn.
- S. d. Orlogskaptajn A. M. Dam, Kaupmannahöfn.
- S. d. Borgarstjóri, cand. pharm. V. T. G. Fisher, Kaupmannahöfn.

## KONSÚLAR

Þann 20. febr. var George Edward Joseph Hoblyn viðurkenndur brezkur vísikonsúll í Reykjavík.

Þann 26. febr. var kaupmaður Sverrir Ragnars viðurkenndur frakkneskur konsúlsumboðsmaður á Akureyri.

Þann 4. maí var Charles Howard Smith viðurkenndur sérlegur sendiherra og ráðherra með umboði Hans hátignar konungs Stóra-Bretlands í Reykjavík.

Þann 9. maí var kaupmaður Sævaldur Ó. Konráðsson viðurkenndur brezkur vísikonsúll á Norðfirði.

Samkvæmt tilkynningu frá sænska aðalkonsúlnum, hefur þýzka ríkisstjórnin veitt honum umboð til þess að gæta þýzkra hagsmuna hér á landi.

Samkvæmt tilkynningu 17. maí frá brezka sendiherranum í Reykjavík, hefur aðalræðismaður F. M. Sheperd verið skipaður sendisveitarráð við brezku sendisveitina í Reykjavík.

Enn fremur hefur L. S. Fortescue, samkvæmt sömu tilkynningu, verið skipaður 2. ritari við brezku sendisveitina.

Þann 18. júní var herra F. M. Sheperd viðurkenndur brezkur aðalræðismaður á Íslandi, með aðsetri í Reykjavík.

Sama dag var herra A. M. Williams viðurkenndur til bráðabirgða brezkur vararæðismaður í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá brezka sendiherranum í Reykjavík 20. júní hefur Charles Reginald Schiller Harris verið skipaður verzlunarráðunautur við brezka sendiráðið í Reykjavík.

Þann 9. júlí var Bertel E. Kuniholm viðurkenndur ræðismaður Bandaríkja Norður-Ameríku í Reykjavík.

Þann 25. júlí var A. M. Williams viðurkenndur brezkur vararæðismaður í Reykjavík.

Þann 27. júlí var sænski aðalræðismaðurinn í Reykjavík, Otto Johansson, viðurkenndur sendifulltrúi Svíþjóðar (chargé d'affaires) á Íslandi.

Þann 27. júlí var viðskiptafulltrúi Vilhjálmur Finsen skipaður íslenzkur sendifulltrúi í Stokkhólmi.

Þann 1. ágúst var alþingismaður, cand. jur., Thor Thors, skipaður íslenzkur aðalræðismaður í New York með starfsumdæmi í öllum Bandaríkjum Norður-Ameríku, ásamt löndum þeirra og nýlendum, þar á meðal landsvæðinu umhverfis Panamaskurðinn og Filippseyjum.

Þann 29. ágúst var sendiherra August Wilhelm Stjernstedt Esmarch viðurkenndur sérlegur sendiherra og ráðherra með umboði Hans hátignar konungs Norðs á Íslandi.

Sama dag var aðalræðismaður Henry Bay, Reykjavík, viðurkenndur sendifulltrúi Hans hátignar konungs Noregs (Chargé d'affaires) a. i.

Þann 11. september var Dr. John McKenzie Ph.D. viðurkenndur blaðafulltrúi (Press Attaché) við brezka sendiráðið í Reykjavík.

Til viðbótar fyrri tilkynningum um starfslið brezka sendiráðsins hér, tilkynnist hér með, að samkvæmt upplýsingum sendiráðsins starfar eftirtalið fólk við sendiráðið:

Herra A. M. Williams, 2. sendiráðsritari og vísikonsúll

Herra C. E. Hoblyn, vísikonsúll og reikningshaldari.

Ungfrú V. Reyfield, skjalavörður.

Enn fremur eftirtaldir Íslendingar:

Herra E. Benediktsson, prókonsúll.

Ungfrú M. Sigurðsson, vélritari.

Frú Sandholt, vélritari.

Herra H. Kjernsted, sendill.

Samkvæmt tilkynningu brezka sendiherrans hér, 11. desember, hefur G. E. Hoblyn látið af störfum sínum sem vísikonsúll og reikningshaldari við brezka sendiráðið í Reykjavík.

## STYRKVEITINGAR

Úr Styrktarsjóði Þórarins Tuliniusar hefur félagsmálaráðuneytið veitt eftirgreindum mönnum styrki, sem viðurkenningu fyrir björgun manna úr sjávarháská:

Böðvari Jónssyni, 150 kr., Guðjóni Jónssyni, 60 kr., Þórði Bjarnasyni, 70 kr., og Þorsteini Oddssyni, 80 kr., öllum í Reykjavík. Halldóri Brynjólfssyni, Ólafi Jóelsyni og Sigurði Jóakimssyni, öllum í Hafnarfirði, og Kristjáni Jónssyni, Efri-Grund, Grindavík, 60 kr. hverjum.

## EINKALEYFI

Þann 1. febrúar 1940 var Ásgeiri Þorsteinssyni, verkfræðingi, Reykjavík, veitt einkaleyfi nr. 128 á aðferð til framleiðslu á olíum úr fisklifur.

Þann 26. apríl 1940 var Coffarom Aktiengesellschaft, Glarus, Schweiz, veitt einkaleyfi nr. 129 á aðferð til framleiðslu á kaffiuppbótar- og kaffibætisefnum.

Þann 31. október 1940 var Guðmundi J. Breiðfjörð, blikksmíðameistara, Reykjavík, veitt einkaleyfi nr. 130 á miðstöðvarofni.











